


Ársskýrsla 2010

Ársskýrsla 2010



Persónuvernd

Ljósmyndir: Bjarni Eiríksson
Umbrot og prentun: Ísafoldarprentsmiðja 
ISSN 1670-3782.

Formáli forstjóra



Persónuvernd skal vera sjálfstæð í störfum sínum. Í því felst m.a. að hvorki ráðherrar né aðrir geta gefið henni fyrirhæli og að ákvörðunum hennar samkvæmt lögum verður hvorki skotið til ráðherra né annarra stjórnvalda. Þessi krafa um sjálfstæði er í samræmi við evrópskar reglur sem gera ríkar kröfur að því er varðar sjálfstæði persónuverndarstofnana. Til þess að uppfylla þessa kröfu þarf að skapa Persónuvernd svigrúm til að geta starfað á eigin grundvelli að verkefnum sínum.

Stjórnarfarslega heyrir Persónuvernd undir innanríkisráðherra. Hann gerir tillögu til Alþingis um fjárveitingar til stofnunarinnar, hefur eftirlit með fjárreiðum hennar og öðrum stjórnunarlegum atriðum, skipar forstjóra og stjórnarmenn og ákveður laun þeirra. Í því felst að hvað sem líður faglegu sjálfstæði ræður ráðherra miklu um störf Persónuverndar, aðbúnað hennar og umhverfi.

Fleiri mál en nokkurn tíma fyrir berast nú Persónuvernd. Á fyrstu sex mánuðum ársins 2011 bárust alls 774 ný mál, þ.e. fleiri mál en henni bárust á öllu árinu 2006. Til frekari skýringar um stíganda í álagi á starfsemi má nefna að árið 1982 bárust tölvunefnd, forvera Persónuverndar, 59 erindi. Árið 2008 voru ný mál hjá Persónuvernd skráð 985 en árið 2009 voru þau 1156 og á síðasta ári voru þau 1221. Málafjöldi hjá stofnunni hefur þannig aukist mikið.

Á sama tíma hafa fjárveitingar til hennar verið skornar niður. Með bréfi frá dóms- og mannréttindaráðuneytinu, dags. 16. ágúst 2010, var Persónuvernd greint frá því að gert væri ráð fyrir 11 m.kr. lækkun á fjárheimildum hennar af 66,4 m.kr. fjárlögum þess árs, sem var rúm 16%. Að undangengnum fundi forstjóra með ráðherra fékkst þó staðfest að ráðuneytið myndi ekki gera athugasemdir við að nýttur yrði hluti af uppsöfnuðum rekstrarafgangi á næsta ári. Gerði Persónuvernd rekstraráætlun vegna ársins 2011 að teknu tilliti til þess. Sú áætlun var samþykkt af ráðuneytinu og tekið fram að þess yrði óskað við fjármálaráðuneytið að gerð yrði undantekning fyrir Persónuvernd varðandi áætlanir um niðurfellingu uppsafnaðs rekstrarafgangs hjá ríkisstofnunum.


Nú hefur Persónuvernd verið tjáð að fjármálaráðuneytið hafi í huga að fella niður inneignir umfram 10% af fjárveitingu ársins. Í tilfelli Persónuverndar eru 15,9 m.kr. af höfuðstólum í uppnámi af þessum sökum.

Ef svo fer sem fram horfir stefnir í óefni fyrir Persónuvernd. Er málum svo komið að hún á þess engan kost annan en að taka við innkomnum erindum og afgreiða þau með þeim hætti sem hún ræður við. Hún hefur takmarkaða möguleika á að halda sig innan þeirra tímamarka sem málshraðareglur stjórnarsýslunnar setja henni og á mjög erfitt með að rækja eftirlitshlutverk sitt. Þegar hefur mikilvægum verkefnum sem vinna hefði á árunum 2009 og 2010 verið frestað. Er óhjákvæmilegt að auka fjárheimildir hennar til þess að vinna á uppsöfnuðum verkefnum.

Eins og áður segir skal Persónuvernd vera sjálfstæð í störfum sínum. Frekari skerðing á aðbúnaði hennar samrýmist ekki þessari kröfu, sem bæði er í settum lögum og í þeim evrópsku reglum sem Íslandi ber að hlíta samkvæmt EES-samningum. Verði sjálfstæði hennar ekki tryggt býr almenningur í landinu við skert réttaröryggi á þessu sviði.

Í júlí 2011

Sigrún Jóhannesdóttir



Efnisyfirlit

1. Almenn	11
1.1. Persónuvernd	11
1.2. Um stjórn og starfsfólk á árinu 2010	11
1.3. Um starfið árið 2010	11
1.4. Um fjárreiður 2010	13
2. Hlutverk Persónuverndar	15
2.1. Um ýmis verkefni Persónuverndar	15
2.2. Um leyfisveitingar og tilkynningar	16
2.3. Um úttektir	16
3. Nánari umfjöllun um ýmis mál	17
3.1. Veitt leyfi 2010	17
3.1.1. Starfsleyfi	17
3.1.2. Leyfi vegna vísindarannsókna á heilbrigðissviði	17
3.1.3. Önnur leyfi vegna rannsóknarverkefna	30
3.2. Nánar um ýmis mál	31
3.2.1. Fyrirspurn frá Lögmannafélagi Íslands um heimildir félagsins til samkeyrslu upplýsinga um lögmennt, m.a. við upplýsingar um refsidóma og gjaldþrot – mál nr. 2009/1047	31
3.2.2. Athugun á (a) dulköðun persónuauðkenna í gagnagrunnum Hjartaverndar og (b) rekjanleika uppflettinga og skráningar – mál nr. 2008/326	32
3.2.3. Fyrirspurn um það hvort lækni sé heimilt að miðla hluta sjúkraskrár barns til félagsmálayfirvalda með samþykki annars foreldris – mál nr. 2009/889	36
3.2.4. Miðlun upplýsinga frá Læknisfræðilegri myndgreiningu til Sjúkratrygginga Íslands – mál nr. 2009/629	38
3.2.5. Kvörtun yfir stjórnugjöf banka – mál nr. 2009/281 og 2009/894	40
3.2.6. Úrskurður um skoðun á tölvupósti fyrrum starfsmanns Morgunblaðsins – mál nr. 2009/892	43
3.2.7. Fyrirspurn um friðhelgi einkalífs og tjáningarfrelsi á Netinu – mál nr. 2009/922	44
3.2.8. Viðkvæmar persónuupplýsingar birtar í erindi rannsóknarlögreglumanns á Læknadögum – mál nr. 2010/78	46
3.2.9. Úrskurður vegna myndbirtingar á starfsstöð – mál nr. 2009/1033	48
3.2.10. Upplýsingar um viðveru og kennitölu birtar á innra vef – mál nr. 2010/22	50

3.2.11.	Kvörtun yfir að bannmerking í símaskrá hafi ekki verið virt – mál nr. 2009/1054.....	52
3.2.12.	Aðgangsstýringar hjá lögreglunni – mál nr. 2007/621.....	53
3.2.13.	Fiskistofu heimilt að veita LÍÚ aðgang að upplýsingum – mál nr. 2010/154.....	55
3.2.14.	Ferðamálastofu ekki heimilt að birta opinberlega lista yfir þá sem ekki hafa leyfi – mál nr. 2010/51.....	56
3.2.15.	Öryggi persónuupplýsinga hjá ríkissaksóknara – mál nr. 2009/1013.....	57
3.2.16.	Símaónæði í tengslum við markaðssetningu – mál nr. 2009/1115.....	59
3.2.17.	Vinnsla persónuupplýsinga um framhaldsskólanemendur. Miðlun frá skóla til menntamálaráðuneytis – mál nr. 2009/209.....	62
3.2.18.	Heimild vinnuveitanda til að leita í skápum starfsmanna – mál nr. 2010/379.....	63
3.2.19.	Umsögn um frumvarp til laga um rannsókn á fjárhagsstöðu skuldugra heimila – mál nr. 2010/327.....	64
3.2.20.	Framsending á tölvupósti – mál nr. 2010/211.....	66
3.2.21.	Viðkvæmar persónuupplýsingar á heimasíðu ríkissaksóknara – mál nr. 2010/360.....	67
3.2.22.	Óumbeðin fjarskipti, IP-tölur – mál nr. 2010/82.....	69
3.2.23.	Myndavélavöktun hjá Snælands video – mál nr. 2009/946.....	70
3.2.24.	Kennitöluskráning í IKEA – mál nr. 2010/53.....	72
3.2.25.	Kennitöluskráning í Intersporti – mál nr. 2009/661.....	73
3.2.26.	Birting úrskurða siðanefndar Hundaræktarfélag Íslands – mál nr. 2010/523.....	74
3.2.27.	Ákvörðun varðandi öryggi sjúkraskráa á Landspítala – mál nr. 2009/1122.....	75
3.2.28.	Miðlun upplýsinga um uppsögn til allra starfsmanna – mál nr. 2010/417.....	77
3.2.29.	Útreikningur Creditinfo-Lánstrausts á lánshæfi – mál nr. 2010/331.....	78
3.2.30.	Ökuritar í bifreiðum Würth – mál nr. 2010/380.....	80
3.2.31.	Flutningur farþegaupplýsinga til Bandaríkjanna – mál nr. 2010/598.....	81
3.2.32.	Skráning banka á auðkennum viðskiptavina – mál nr. 2010/377.....	82
3.2.33.	Krafa um kennitölu við greiðslu gíróseðils í Landsbankanum – mál nr. 2010/583.....	84
3.2.34.	Framsending yfirmanns á læknavottorði starfsmanns – mál nr. 2010/617.....	87
3.2.35.	Kvörtun yfir myndum Bílastæðasjóðs af stöðubroti – mál nr. 2010/585.....	88
3.2.36.	Afhending á tölvu talin heimil – mál nr. 2010/558.....	89
3.2.37.	Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 15/2005, um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað – mál nr. 2010/622.....	90
3.2.38.	Miðlun upplýsinga úr augnskanna World Class – mál nr. 2010/493.....	92
3.2.39.	Ákvörðun um sameiginlegt sjúkraskrárkerfi á Norðurlandi – mál nr. 2010/707.....	93
3.2.40.	Umsögn um drög að frumvarpi til laga um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði – mál nr. 2010/305.....	96
3.2.41.	Kennitölur á framhliðum vinnustaðaskírteina – mál nr. 2010/712.....	99
3.2.42.	Upplýsingar sem Seðlabanki Íslands vinnur með teljast viðkvæmar að hluta – mál nr. 2010/610.....	100
3.2.43.	Ökuritar í bílum og tækjum Áhaldahúss Kópavogs – mál nr. 2010/708.....	101

3.2.44.	Svikahnappur VÍS – mál nr. 2010/412.....	102
3.2.45.	Könnun í grunnskóla; söfnun viðkvæmra persónuupplýsinga – mál nr. 2010/751.....	106
3.2.46.	Miðlun frá vistheimilanefnd til tengiliðar vistheimila – mál nr. 2010/938.....	108
3.2.47.	Tölvupóstskoðun Skattrannsóknarstjóra – mál nr. 2010/1092	109
3.2.48.	Markpóstur frá Sjálfstæðisflokknum – mál nr. 2010/497	111
3.2.49.	Úthringingar á vegum Frjálsa fjárfestingarbankans – mál nr. 2010/687.....	111
3.2.50.	Synjun um leyfi til að nýta gagnagrunn um geðsjúka – mál nr. 2010/823.....	113
3.2.51.	Miðlun mynda úr eftirlitsmyndavélum Haga hf. talin óheimil – mál nr. 2010/452.....	114
3.2.52.	Miðlun mynda úr eftirlitsmyndavélum Norvík hf. talin óheimil – mál nr. 2010/637.....	116
3.2.53.	Óheimil miðlun skráar frá Umhverfisstofnun – mál nr. 2010/520.....	118
4.	<i>Erlent samstarf</i>	121
4.1.	Samstarf norrænna persónuverndarstofnana	121
4.2.	Samstarf evrópskra persónuverndarstofnana.....	121
4.3.	Alþjóðlegt samstarf.....	121
4.4.	Samstarf á vettvangi Evrópuráðsins.....	121
4.5.	Nánari umfjöllun um einstaka þætti erlends samstarfs sem tilgreint er hér að framan.....	122
4.5.1.	Um fund starfsmanna norrænna persónuverndarstofnana.....	122
4.5.2.	Um fundi starfsmanna evrópskra persónuverndarstofnana	122
4.5.3.	Um starf vinnuhóps samkvæmt 29. gr. tilskipunar 95/46/EB	122
4.5.4.	Um vorkund forstjóra evrópskra persónuverndarstofnana	123
4.5.5.	Um starf Sameiginlegu Schengen-eftirlitsstofnunarinnar – JSA.....	123
4.5.6.	Um Eurodac-fingrafaragagnagrunninn og starf EDPS í tengslum við hann.....	124
4.5.7.	Um starf vinnuhóps um lögreglumál.....	124
4.5.8.	Leiðbeiningar EDPS um vöktun með eftirlitsmyndavélum	125
4.5.9.	Ályktun um varðveislutíma fjarskiptaupplýsinga innan ESB.....	125
4.5.10.	Dómur Evrópudómstólsins um sjálfstæði persónuverndarstofnana	125
5.	<i>Lög og reglur</i>	127
5.1.	Lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.....	127
5.2.	Um stjórnvaldsreglur.....	143
5.2.1.	Auglýsing nr. 228/2010 um flutning persónuupplýsinga til annarra landa.....	143
5.2.2.	Breyting á reglum nr. 712/2008 um tilkynningar- og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga.....	144



Persónuvernd

1. Almenn

1.1. Persónuvernd

Persónuvernd er opinber stofnun sem annast eftirlit með framkvæmd laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, og reglna sem settar hafa verið samkvæmt þeim. Markmið laga þessara er að stuðla að því að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og -reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs og að tryggja áreiðanleika og gæði slíkra upplýsinga og frjálst flæði þeirra á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins.

1.2. Um stjórn og starfsfólk á árinu 2010

Formaður stjórnar var Dr. Páll Hreinsson, hæstaréttardómari. Auk hans sátu í stjórn stofnunarinnar, Haraldur Briem, sóttvarnalæknir, Aðalsteinn E. Jónasson, hæstaréttarlögmaður og dósent, Magnús Hafliðason, formaður Skýrslutæknifélags Íslands, og Ólafur Garðarsson, hæstaréttarlögmaður. Vilhelmína Haraldsdóttir, læknir, var varamaður Haraldar en Sigrún Gunnarsdóttir, varaformaður Skýrslutæknifélags Íslands, var varamaður Magnúsar. Aðrir varamenn voru Kristín Edwald, hæstaréttarlögmaður, Tryggvi Viggósson, héraðsdómslögmaður, og Ástríður Grímsdóttir, dómari.

Forstjóri stofnunarinnar var Sigrún Jóhannesdóttir. Aðrir starfsmenn voru Erla Björgvinsdóttir, fjármála- og skrifstofustjóri, sem lét af störfum í ágúst, og Sigríður Dröfn Ámundadóttir, fjármála- og skrifstofustjóri, sem hóf störf í sama mánuði, Lögfræðingar hjá stofnuninni voru Þórður Sveinsson, Alma Tryggvadóttir, Þórunn Pálína Jónsdóttir, Vigdís Eva Líndal, (hóf störf í apríl), Anna María Káradóttir, (hóf störf í september) og Lárus Sigurður Lárússon, (lét af störfum í júlí).

1.3. Um starfið árið 2010


Skýrsla þessi, sem birt er samkvæmt 7. tölulíð. 1. mgr. 37. gr. l. nr. 77/2000, er tíunda ársskýrsla Persónuverndar.

Stöðug aukning hefur orðið í fjölda innkominna erinda og hafa þau aldrei verið eins mörg og þetta árið. Á árinu 2010 voru til afgreiðslu 176 óafgreidd erindi frá fyrra ári. Ný mál voru hins vegar 1.221 þannig að alls hafði stofnunin til meðferðar 1397 mál á árinu. Höfðu 1207 mál verið afgreidd við árslok.



Eftirfarandi tafla sýnir einstakar tegundir afgreiddra mála 2010 og fjölda þeirra

Tegundir	Fjöldi
Frumkvæðismál	35
Fyrirspurnir/umsagnir/álit	367
Kvartanir/kæur/úrskurðir	135
Kynningar/námskeið/fyrirlestrar	25
Veitt leyfi	149
Mál vegna tilkynninga	407
Erlent samstarf	49
Úttektarmál	25
Annað	15
Alls	1207



Persónuvernd bárust 407 tilkynningar um vinnslu persónuupplýsinga. Eru þær allar birtar á heimasíðu stofnunarinnar.

1.4. Um fjárreiður 2010

Fjárveitingar í fjárlögum til Persónuverndar námu samtals 66,4 millj. kr., en það er lækkun um 1,6 millj. kr. frá árinu 2009. Rekstrargjöld að frádregnum sértekjum á árinu námu samtals rúmlega 61,5 millj. kr. Var tekjuafgangur því tæpar 4,9 millj. kr. Hann má rekja til lækkunar launakostnaðar, auk þess sem önnur rekstrargjöld og eignakaup lækkuðu.

Rekstrarreikningur ársins 2010

Helstu stærðir ársreikningsins eru þessar:

	2010	2009	Fjárheimild
Rekstrarreikningur			
Tekjur samtals.....	1.498.226	821.700	2.500.000
Gjöld samtals.....	63.020.417	57.890.717	68.900.000
Framlag úr ríkissjóði.....	66.400.000	68.000.000	66.400.000
Hagnaður/tap ársins.....	4.877.809	10.930.983	0
Efnahagsreikningur			
Eignir samtals.....	23.578.541	19.307.050	
Skuldir samtals.....	745.776	1.352.094	
Höfuðstóll í árslok.....	22.832.765	17.954.956	
Greiðslustaða við ríkissjóð.....	23.539.550	18.795.852	



2. Hlutverk Persónuverndar

2.1. Um ýmis verkefni Persónuverndar

Helstu verkefni Persónuverndar eru að afgreiða leyfisumsóknir, taka við tilkynningum og gefa fyriræli varðandi tækni, öryggi og skipulag vinnslu persónuupplýsinga. Enn fremur er Persónuvernd ætlað að hafa eftirlit með því að farið sé að lögum og öðrum reglum um vinnslu persónuupplýsinga, fylgjast með þróun á sviði persónuupplýsingaverndar, jafnt á erlendum vettvangi sem innlendum, aðstoða við gerð starfs- og siðareglna og leiðbeina þeim sem ráðgera að vinna með persónuupplýsingar og þróa kerfi fyrir slíka vinnslu.

Persónuvernd úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp koma um vinnslu persónuupplýsinga. Hún getur fjallað um einstök mál að eigin frumkvæði eða samkvæmt erindi þess sem telur að ekki hafi verið unnið með persónuupplýsingar um hann í samræmi við lög nr. 77/2000, reglur settar samkvæmt þeim eða einstök fyriræli. Persónuvernd getur tjáð sig um álitamál varðandi meðferð persónuupplýsinga og veitt umsagnir við setningu laga og reglna er þýðingu hafa fyrir einkalífsrétt manna. Ef kostnaður hlýst af eftirliti Persónuverndar með því að ábyrgðaraðili uppfylli skilyrði laga nr. 77/2000 og reglna sem settar eru samkvæmt þeim, eða ef kostnaður hlýst af úttekt á öryggi vinnslu persónuupplýsinga, getur Persónuvernd ákveðið að ábyrgðaraðili greiði þann kostnað.

Persónuvernd hefur í eftirlitsstörfum sínum án dómsúrskurðar aðgang að húsnæði þar sem vinnsla persónuupplýsinga fer fram eða gögn eru varðveitt. Hún getur óskað liðveislu lögreglu ef einhver leitast við að hindra hana í eftirlitsstörfum sínum. Stofnunin getur mælt fyrir um stöðvun vinnslu persónuupplýsinga, að persónuupplýsingar verði afmáðar eða skráð eytt, í heild eða að hluta, bannað frekari notkun upplýsinga eða lagt fyrir ábyrgðaraðila að viðhafa ráðstafanir sem tryggja lögmæti vinnslunnar.

Ef fram fer vinnsla persónuupplýsinga, sem brýtur í bága við ákvæði laganna eða reglna settra samkvæmt þeim, getur Persónuvernd falið lögreglustjóra að stöðva til bráðabirgða starfsemi viðkomandi aðila og innsigla starfsstöð hans þegar í stað.

Persónuvernd getur mælt fyrir um stöðvun vinnslu persónuupplýsinga, bann við notkun þeirra, eyðingu þeirra og ráðstafanir sem tryggja lögmæti vinnslu þeirra. Hún getur ákveðið að leggja dagsektir á þann sem ekki sinnir fyrirælum hennar.

Brot á ákvæðum laga nr. 77/2000 og reglugerða settra samkvæmt þeim varða fésektum eða fangelsi allt að þremur árum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum. Sama refsing liggur við ef ekki er farið að fyrirælum Persónuverndar. Ef brot er framið í starfsemi lögadila má gera lögadilanum fésekt samkvæmt II. kafla A almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Persónuvernd hefur skrifstofu að Rauðarárstíg 10, 105 Reykjavík. Símanúmer er: 510-9600. Faxnúmer er: 510-9606. Netfang er: postur@personuvernd.is.

Á heimasíðu stofnunarinnar, www.personuvernd.is, er m.a. að finna lög nr. 77/2000, upplýsingar um Persónuvernd, tilkynningareyðublað sem senda má beint af heimasíðunni, reglur sem stofnunin hefur sett, auk ýmislegs er lýtur að starfsemi hennar.

2.2. Um leyfisveitingar og tilkynningar. Leyfisskyld vinnsla

Öll vinnsla persónuupplýsinga verður að styðjast við einhverja þeirra heimilda sem taldar eru upp í 8. gr. laga nr. 77/2000, sem og 9. gr. laganna sé unnið með viðkvæmar persónuupplýsingar. Meðal þessara heimilda má nefna að hinn skráði hafi sjálfur samþykkt vinnsluna eða að sérstök lagaheimild sé fyrir vinnslunni. Ekki er gert ráð fyrir að Persónuvernd meti vinnslu í hverju, einstöku tilviki til þess að skera úr um hvort heimildir séu fyrir henni. Slíkt mat liggur alla jafna hjá ábyrgðaraðilum upplýsinganna en rísi ágreiningur milli aðila um vinnsluna verður sá ágreiningur borinn undir Persónuvernd.

Á ábyrgðaraðila hvílir skylda til að tillkynna Persónuvernd um vinnlu persónuupplýsinga. Tilkynningar eru flestar sendar rafrænt beint af heimasíðu Persónuverndar, www.personuvernd.is. Þær vistast sjálfkrafa í opinberri skrá á vefsíðunni sem almenningur getur skoðað og leitað í.

Feli vinnsla í sér sérstaka hættu á að farið verði í bága við réttindi og frelsi manna getur Persónuvernd ákveðið að hún skuli vera leyfisskyld, sbr. 33. gr. laga nr. 77/2000. Það hefur hún gert með setningu reglna. Núgildandi reglur um tilkynningarskylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga eru nr. 712/2008. Í 4. gr. regnanna eru tæmandi taldar þær tegundir vinnslu sem eru leyfisskyldar samkvæmt ákvæðinu. Þá getur vinnsla verið háð leyfi sé mælt fyrir um það í öðrum lögum, sbr. til dæmis ákvæði í lífsýnalögum nr. 110/2000 og lögum um réttindi sjúklinga nr. 74/1997.

Umsókn um leyfi Persónuverndar þarf að vera rökstudd. Í henni skal m.a. tilgreina hvernig öryggi persónuupplýsinganna verði tryggt. Þá skal rökstyðja sérstaklega hvers vegna nauðsynlegt sé að vinna með upplýsingarnar á persónugreinanlegu formi. Umsókn má skila á þar til gerðu umsóknareyðublaði sem finna má á vefsíðu stofnunarinnar, www.personuvernd.is.

Við afgreiðslu umsókna um aðgang að sjúkraskrárum vegna aftursýnna vísindarannsókna fer Persónuvernd að verklagsreglum nr. 340/2003.


2.3. Um úttektir

Samkvæmt 2. tl. 3. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000 er það eitt af hlutverkum Persónuverndar að hafa eftirlit með því að aðilar, sem bera ábyrgð á vinnslu persónuupplýsinga, fari að lögum og öðrum reglum sem um vinnsluna gilda og tryggja eiga að fyllsta öryggis sé gætt.

Til þess að Persónuvernd geti rækt það eftirlitshlutverk sem á stofnuninni hvílir lögum samkvæmt getur verið nauðsynlegt að gera úttekt á fyrirkomulagi öryggismála hjá ábyrgðaraðilum persónuupplýsinga. Ákvörðun um úttekt þarf þó ekki að fela í sér að Persónuvernd telji að öryggiskerfi viðkomandi ábyrgðaraðila sé að einhverju leyti ábótavant. Gert er ráð fyrir að úttektir af þessu tagi fari fram í góðri samvinnu Persónuverndar og ábyrgðaraðila. Markmiðið er að sannreyna að öryggiskerfi ábyrgðaraðila sé í samræmi við þær öryggiskröfur sem Persónuvernd gerir til vinnslu viðkomandi persónuupplýsinga.

Úttektir eru oftast framkvæmdar í tveimur áföngum. Fyrri hlutinn felst í því að kalla eftir og fara yfir skrifleg gögn frá ábyrgðaraðila, sbr. 11. gr. fyrrgreindra laga. Seinni hlutinn er skoðun á þeim stað eða stöðum þar sem vinnsla persónuupplýsinga fer fram á vegum ábyrgðaraðila. Það er gert í þeim tilgangi að bera fyrirkomulag og ástand öryggiskerfis saman við framlögð gögn ábyrgðaraðila þar að lútandi. Persónuvernd lýkur svo úttektinni með ákvörðun um hvort öryggiskerfið standist þær kröfur sem gerðar eru í lögum og reglum um öryggi persónuupplýsinga og gefur ábyrgðaraðila fyrirmæli um úrbætur ef ástæða þykir til.

Við úttektir hefur Persónuvernd fyrst og fremst beint sjónum sínum að þeim sem vinna með viðkvæmar persónuupplýsingar. Vinnsla slíkra upplýsinga er oft á tíðum ekki nema hluti af starfsemi ábyrgðaraðila og getur því úttekt Persónuverndar oft takmarkast við afmarkaðan þátt starfseminnar. Í þeim tilgangi að öðlast raunhæfan samanburð milli ábyrgðaraðila og til að gæta jafnræðis framkvæmir Persónuvernd yfirleitt úttektir hjá þremur til fimm aðilum í sambærilegri starfsemi. Er þá jafnan reynt að velja umsvifamestu ábyrgðaraðilana í greininni þannig að ætla megi að úttektin spanni stóran hluta af þeirri vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer á ákveðnu sviði.



3. Nánari umfjöllun um ýmis mál

Hér að neðan er gerð grein fyrir ýmsum málum sem Persónuvernd fjallaði um á árinu 2010. Fyrst er gerð grein fyrir starfsleyfum samkvæmt 45. gr. laganna, en síðan er gerð grein fyrir leyfum vegna ýmissa vísindarannsókna.

3.1. Veitt leyfi 2010

3.1.1. Starfsleyfi

2010/566 – Persónuvernd gaf Creditinfo-Lánstrausti hf. nýtt leyfi til vinnslu upplýsinga um fjárhagsmálefni *einstaklinga*. Að hluta til var fallist á umbeðnar breytingar en að hluta til var þeim hafnað. M.a. var fallist á að þegar félag er án stjórnar eða framkvæmdastjórnar við uppkvaðningu úrskurðar um töku bús til gjaldþrotaskipta sé heimilt að safna upplýsingum um þá einstaklinga sem síðast voru skráðir í fyrirsvari fyrir félagið allt að sex mánuðum áður en úrskurður var kveðinn upp. Hins vegar var ekki fallist á að gera mætti ótakmarkaðar fyrirspurnir um menn án ótvíræðs leyfis. Einnig voru gerðar nokkrar breytingar til skýringarauka.

2010/786 – Persónuvernd gaf Creditinfo-Lánstrausti hf. nýtt leyfi til vinnslu upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust *lögadila*. Fallist var á nýtt ákvæði um heimild til skráningar upplýsinga um það þegar skuldari hefur ekki orðið við áskorun samkvæmt gjaldþrotaskiptalögum um skriflega yfirlýsingu um að hann verði fær um að greiða tilekna skuld (sjá 9. tölul. i-liðar a-liðar 2. gr. leyfisins).

3.1.2. Leyfi vegna vísindarannsókna á heilbrigðissviði

Veitt voru eftirtalin leyfi til vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við gerð ýmissa vísindarannsókna á heilbrigðissviði. Leyfin eru birt í þeirri röð sem þau voru gefin út.

2009/1092 – Elsu Björk Valsdóttur, sérfræðilækni á Landspítalanum, og Guðrúnu Eiríksdóttur, læknanema, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Endurkoma á Bráðamóttöku eftir skurðaðgerð“.

2009/1093 – Árna Þór Arnarsyni, deildarlækni á Landspítalanum, og Elsu Björk Valsdóttur, sérfræðilækni, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Árangur ristilaðgerða hjá 75 ára og eldri á Landspítala Háskólasjúkrahúsi“.

2009/1155 – Einari Stefáni Björnssyni, yfirlækni á Landspítalanum, Óttari M. Bergmann, sérfræðilækni og Rögnu Sif Árnadóttur, læknanema, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Paracetamol eitanir á Íslandi“.

2009/1154 – Maríu Ragnarsdóttur, rannsóknarsjúkraþjálfara á Landspítalanum, Bjarna Torfasyni, yfirlækni, Helgu Bogadóttur, sjúkraþjálfara, Steinunni Unnsteinsdóttur, sjúkraþjálfara, og Gunnari Viktorssyni, sjúkraþjálfara, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Pectus excavatum: evaluation of Nuss technique by objective methods“.

2009/1112 – Karl Andersen, dósent í læknadeild HÍ, Þórarinn Guðnason, hjartalæknir LSH og Kristján Baldvinsson, læknanemi, fengu heimild til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknarinnar „Áhrif óbeinna reykinga á bráðan kransæðasjúkdóm“.

2009/991 – Ingibjörg Georgsdóttir, læknir á Greiningar og ráðgjafastöð ríkisins, Atli Dagbjartarson, barnalæknir, Ásgeir Haraldsson, Einar Stefánsson, og Hannes Petersen, yfirlæknar, Snæfríður Þóra Egilsson, dósent, Þóra Leósdóttir, iðjuþjálfari, Evald Sæmundssen, sálfræðingur, Gígja Erlingsdóttir og Arnar Þór Tuliníus, nemar, fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Litlir fyrirburar – langtímaeftirlit“.

2010/9 – Elsu Björk Valsdóttur, sérfræðilækni á Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Afdrif sjúklunga með bráð gallsteinatengd einkenni á LSH árið 2008“.

2010/8 – Huldu Hjartardóttur aðstoðaryfirlækni, Viðari Arnari Eðvarðssyni sérfræðingi og Þorbirni Have Jónssyni læknanemum, var veitt heimild til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknarinnar „Greining byggingargalla í þvagfærum fyrir fæðingu á LSH á árunum 2004–2008“.

2009/996 – Jóni Magnúsi Kristjánssyni, adjunkt við læknadeild HÍ og sérfræðilækni á Slys- og bráðadeild, Mía Kristjánssyni, yfirlækni á smitsjúkdómadeild, Elísabetu Benedíksz, sérfræðilækni á slys- og bráðadeild LSH, Bryndísi Sigurðardóttur, sérfræðilækni á smitsjúkdómadeild LSH og Hafsteini Óla Guðnasyni, læknanema við HÍ, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Forspárþættir alvarlegra húðsýkinga“.

2009/1035 – Skurðlæknunum Kristjáni Skúla Ásgeirssyni og Þorvaldi Jónssyni og sérfræðilæknunum Lárusi Jónassyni og Jakobi Jóhannssyni var veitt heimild til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknarinnar „Afdrif sjúklunga sem greindust með brjóstakrabbamein á Íslandi 2000–2005“.

2010/18 – Tómasi Guðbjartssyni, prófessor og yfirlækni á Landspítala, Þórarni Arnórssyni og Sveini Guðmundssyni, sérfræðingum á Landspítala, Hannesi Sigurjónssyni, og Sæmundi Oddssyni, Daða Jónssyni og Sigurði Ragnarssyni, deildarlæknum á Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Árangur opinna hjartaaðgerða á Íslandi 1986–2009“.

2009/1147 – Tómasi Guðbjartssyni, sérfræðingi á hjarta- og lungnaskurðeild Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Góðkynja og illkynja æxli með uppruna í fleiðru á Íslandi“.

2009/941 – Evaldi Sæmundssen, sviðsstjóra á fagsviði einhverfu á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Raskanir á einhverfurófi hjá börnum á aldrinum 7–17 ára – Greiningarsaga, einkenni, þroski og fylgiraskanir“.

2010/12 – Hrund Þórhallsdóttur, lækni á Landspítalanum, og Elsu Björk Valsdóttur, sérfræðilækni á Landspítalanum, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Botnlangabólga á meðgöngutíma á árunum 1994–2009“.

2009/1091 – Hrönn Harðardóttur, Sigríði Ólínu Haraldsdóttur, Óskari Einarssyni og Dóru Lúðvíksdóttur, sérfræðilæknum á Lungnadeild Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Lungu á tímum flensunnar“.

2010/7 – Örnú Guðmundsdóttur, sérfræðilækni og lyf-, innkirtla- og efnaskiptasérfræðingi; Hildi Harðardóttur, yfirlækni fæðinga-, meðgöngu- og fósturgreiningardeildar, Kvenna- og barnasviði Landspítala; og Ómari Sigurvin Gunnarssyni, læknanema, var veitt heimild til að vinna með persónuupplýsingar vegna rannsóknarinnar „Meðgöngusykursýki á Íslandi 2007–2008“.

2010/43 – Valgerði Sigurðardóttur, yfirlækni á líknardeild Landspítalans, og Svandísi Írisi Hálfánardóttur, sérfræðingi í hjúkrun, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Skráning markmiða, algengra einkenna og frávíka í meðferðarferli fyrir deyjandi á þremur deildum Landspítala“.

2007/17 – Laufeyju Tryggvadóttur, framkvæmdastjóra Krabbameinsskrár Krabbameinsfélags Íslands, var veitt heimild til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknarinnar „GARDASIL Vaccine Impact in Population (VIP study) – Áhrif hins nýja bóluefnis Gardasil á HPV tengdar sýkingar.“

2009/1053 – Guðrúnu Sigmundsdóttur, yfirlækni hjá sóttvarnasviði Landlæknisembættisins, Ólöfu Másdóttur, hjúkrunarfræðingi og nema í Lýðheilsuvísindum við HÍ, og Erni Ólafssyni, tölfræðingi við Lýðheilsuvísindadeild HÍ, var veitt leyfi til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknarinnar „Áhrif skólalokana í kennaraverkfalli haustið 2004 á útbreiðslu smitandi öndunarferasjúkdóma á höfuðborgarsvæðinu“.

2009/1086 – Sigrúnu Knútsdóttur, yfirsjúkráþjálfara á Landspítala, Herdísi Þórisdóttur, sjúkráþjálfara, og Kristni Sigvaldasyni, Sigurbergi Kárasyni, Aroni Björnssyni og Halldóri Jónssyni, yfirlæknum á Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Hryggjar- og mænuáverkar á Íslandi 1973–2009“.

2009/1141 – Reyni Arngrímssyni, lækni á Landspítala og dósent við Háskóla Íslands, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna „Rannsóknar á erfðameingerð Cenani Lenz heilkennis“.

2009/1152 – Páli Helga Möller, yfirlækni á Landspítala, Höllu Viðarsdóttur, deildarlækni á Landspítala, og Jóni Gunnlaugi Jónassyni, yfirlækni á Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár og heilbrigðisskráir landlæknis, nánar tiltekið Krabbameinsskrá Íslands, vegna vinnslu persónuupplýsinga í þágu rannsóknarinnar „Kirtilfrumukrabbamein í botnlangatotu á Íslandi 1990–2009“.

2009/675 – Zulimu Gabrielu Sigurðardóttur, dósent í sálfræði við Háskóla Íslands, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna vinnslu persónuupplýsinga í þágu rannsóknarinnar „Sérfræðiráðgjöf við snemmtæka íhlotun dreifbýlisbarna með frávik í þroska“.

2010/35 – Jakobi Kristinssyni, prófessor við Háskóla Íslands, og Svövu Þórðardóttur, lyfjafræðingi við Rannsóknarstofu Háskóla Íslands í lyfja- og eitrefnafræði, var veitt leyfi til aðgangs að dánarmeinaskrá Hagstofu Íslands og til vinnslu upplýsinga frá framangreindri rannsóknarstofu er varða lyfjanotkun látinna einstaklinga í þágu rannsóknarinnar „Banvænar eitranir af völdum sterkra verkjadeyfandi lyfja á Íslandi 1990–2009“.

2009/1138 – Reyni Arngrímssyni, lækni og dósent við Landspítala og Háskóla Íslands, og Páli Helga Möller, lækni á Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Ehlers-Danlos heilkenni (tegund IV). Samband einkenna og arfgerðar“.

2010/91 – Eiríki Erni Arnarsyni, prófessor við læknadeild Háskóla Íslands, Eggerti S. Birgissyni, sálfræðingi, og Arnóri Víkingssyni, gigtarlækni á Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Próffræðileg athugun á eiginleikum fjölpátta verkja- og þreytukvarða í úrtaki íslenskra gigtarsjúklinga á dagdeild“.

2010/133 – Íslensk erfðagreining ehf. (ÍE), Kári Stefánsson, læknir og forstjóri ÍE, og Þorvaldur Jónsson, læknir á skurðeild Landspítala, fengu heimild til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknarinnar „Erfðaþættir sem tengjast líkum á botnlangabólgu“.

2009/1131 – Elínu Hönnu Laxdal, yfirlækni æðaskurðeildar Landspítala, Magnúsi Sveinssyni, lækni, Karli Logasyni, æðaskurðlækni, Guðmundi Daníelssyni, æðaskurðlækni, Lilju Þyrí Björnsdóttur, æðaskurðlækni, Jóni Guðmundssyni, röntgenlækni, og Kristbirni Reynissyni, röntgenlækni, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Árangur fóðringa ósæðargúla á Íslandi á árunum 2001–2009“.

2010/115 – Ingibjörg Hjaltadóttir, lektor í öldrunarhjúkrun við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands, dr. Rúnar Vilhjálmsson, prófessor við sama háskóla, Ingalill Rahm Hallberg aðalleiðbeinandi og prófessor við heilbrigðisdeild háskólans í Lundi, Svíþjóð, og dr. Anna Ekwall Kristensson aðstoðarleiðbeinandi og rannsakandi við sama háskóla, fengu heimild til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknarinnar „Gæði umönnunar, þróun á heilsufari, færni og lifun íbúa á hjúkrunarheimilum – seinni hluti“.

2010/153 – Bjarna Guðmundssyni, deildarlækni á lyflæknissviði Landspítala, Elíasi Ólafssyni, prófessor á taugalækningadeild spítalans, Ágústi Hilmarssyni, deildarlækni á sömu deild, og Grétari Guðmundssyni, aðstoðaryfirlækni á sömu deild, var veitt heimild til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknarinnar „Sjúklingar með vægt heilablóðfall (minor stroke) eða skammvinn blóðþurrðarköst (transient ischemic attack (TIA)) á LSH. Niðurstaða rannsókna og árangur meðhöndlunar.“

2010/79 – Eyglóu Ingadóttur, hjúkrunarfræðingi MS og verkefnastjóra vísinda-, mennta- og gæðasviðs Landspítala, og Hlíf Guðmundsdóttur, sérfræðingi í hjúkrun aldrafraða á Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár í þágu rannsóknarinnar „Orsakir og afleiðingar byltna hjá sjúklingum samkvæmt atvikaskráningu á Landspítala“.

2009/954 – Guðmundi Klemenzsyni og Sigurbergi Kárasyni, svæfinga- og gjörgæslulæknum á Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Scandinavian Starch for Severe Sepsis/Septic Shock Trial (6S)“.

2010/50 – Sigurbirni Birgissyni, sérfræðingi í lyflækningum og meltingarsjúkdómum á Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Magaraufun um húð með speglunartækni (PEG). Læknisfræðileg og siðferðileg athugun á PEG aðgerðum á Landspítala á 10 ára tímabili“.

2010/191 – Gerði Gröndal, Birni Guðbjörnssyni, og Árna Jóni Geirssyni, sérfræðingum í lyf- og gigtarlækningum, og Kristjáni Steinssyni, yfirlækni, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Dregið úr skammtastærð Etanercept eða lyfjagjöf hætt hjá þátttakendum með iktsýki, sem eru einnig á Methotrexate meðferð og þar sem sjúkdómsvirkni er bæði lág og stöðug (DOSERA)“.

2010/134 – Kristínu Jónsdóttur, sérfræðingi í fæðingar- og kvensjúkdómum á Landspítalanum og Evu Jónasdóttur, deildarlækni á Kvennasviði Landspítalans, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Flýtibatameðferð eftir legnám á Kvennadeild Landspítala. Má stytta legutíma eftir legnám, án þess að fjölga endurinnlögnum?“.

2010/44 – Magnúsi Gottfreðssyni, sérfræðilækni á Landspítalanum, og Helgu Erlendsdóttur, líf-eindafræðingi, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna „Klínískrar rannsóknar á ífarandi sýkingum með Streptókókkum af flokki B (GBS) á Íslandi árin 1975-2009“.

2010/159 – Jóni Steinari Jónssyni, sérfræðingi í heimilislækningum, og Ágústi Óskari Gústafssyni, námslækni í heimilislækningum, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Greining og meðferð lungnabólgu hjá einstaklingum yfir 18 ára í heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu“.

2010/156 – Brynjólfi Mogensen, dósent og yfirlækni á Landspítala, Kristni Sigvaldasyni, yfirlækni, Sigurbergi Kárasy, yfirlækni, Elfari Úlfarssyni, sérfræðilækni, og Benedikt Kristjánssyni, deildarlækni, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Höfuðáverkar meðhöndlaðir á Landspítala árin 1999–2009“.

2009/664 – Þórarni Gíslasyni, yfirlækni á Lungnadeild Landspítalans, og Hagstofu Íslands var veitt leyfi til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknarinnar „Dánarorsakir kæfisvefnssjúklinga“.

2010/198 – Gunni Petru Þórsdóttur, f.h. Janssen-Cilag International NV, og Örnú Guðmundsdóttur, sérfræðingi í innkirtla- og efnaskiptasjúkdómum, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „A Randomized, Double-Blind, Placebo-Controlled, ParallelGroup, 26-Week, Multicenter Study with a 26-Week extension to Evaluate the Efficacy, Safety, and Tolerability of JNJ-28431754 (Canagliflozin) as Monotherapy in the Treatment of Subjects With Type 2 Diabetes Mellitus Inadequately Controlled With Diet and Exercise. The CANTATA-M Trial“.

2009/665 – Þórarni Gíslasyni, yfirlækni á Lungnadeild Landspítalans, Sigrid Veasy, M.D. við Pennsylvaníuháskóla (University of Pennsylvania), og Jóhannesi Björnssyni, prófessor við Háskóla Íslands, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Tauga- og lifrafefsskemmdir í kæfisvefni“.

2009/1010 – Sigurði Þórgrímsyni, sérfræðingi í barnalækningum, Erlu Þorleifsdóttur, deildarlækni á Barnaspítala Hringins, Ásgeiri Haraldssyni, prófessor í barnalækningum og Sigurði Kristjánssyni, yfirlækni bráðamóttöku barna á LSH, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Hölt börn á bráðamóttöku barna 2006 og 2007“.

2009/1140 – Þóru Steingrímsdóttur, dósent við Háskóla Íslands, fæðingalækni á Landspítala og yfirlækni mæðraverndar Þróunarstofu Heilsugæslunnar, og Einari Stefáni Björnssyni, prófessor, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Gallstasi á meðgöngu“.

2010/220 – Sigurði Guðmundssyni, forseta heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Öryggi sjúklinga – tíðni óvæntra skaða á Landspítala háskólasjúkrahúsi (LSH) og Sjúkrahúsinu á Akureyri (FSA)“.

2010/255 – Hjalta Má Þórisyni, sérfræðilækni í myndgreiningu, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Langtíma árangur meðhöndlunar lokana á iliac æðum með innæðaaðgerðum“.

2010/164 – Ólafi Thorarensen og Laufeyju Yr Sigurðardóttur, sérfræðilæknum á Barnaspítala Hringssins, og Hildi Einarsdóttur, sérfræðilækni á röntgendeild Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Afmýlingarbólgujúkdómar í miðtaugakerfi barna og unglinga“.

2010/244 – Berglindi Brynjólfsdóttur, sálfræðingi á barna- og unglingsgeðdeild Landspítala, og Dr. Unni Njarðvík, lektor við Háskóla Íslands, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Tengsl tilfinningaerfiðleika við daglegar rútínur barna“.

2009/1024 – Ólöfu Halldóru Bjarnadóttur, yfirlækni á tauga- og hæfingarsviði Reykjalundar, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Prófun á réttmæti og áreiðanleika á íslenskri þýðingu á lífsgæðalista fyrir ungt fólk með parkinsonsveiki, PDQ-39 IS 2. útgáfa“.

2010/155 – Brynjólfi Mogensen, dósent og yfirlækni á Landspítala, Janusi Frey Guðnasyni, deildarlækni á Landspítala, Theodóri Friðrikssyni, sérfræðilækni á Landspítala, og Kristni Sigvaldasyni, yfirlækni á Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Tíðni, orsakir og alvarleiki barnaslysa í Reykjavík árin 2000–2009“.

2010/245 – Jóni Jóhannesi Jónssyni, dósent og yfirlækni á Landspítala, og Sunnu Sigurðardóttur, þróunarstjóra erfða- og sameindalæknisfræðideildar Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Tengsl mislitunar við heilasmæð“.

2010/162 – Hildi Harðardóttur, yfirlækni á Landspítalanum, Ragnheiði I. Bjarnadóttur, sérfræðingi á Landspítalanum og Heiðdís Valgeirsdóttur, lækni á Landspítalanum, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Tíðni fylgikvilla við keisaraskurði á LSH“.

2010/202 – Gunnari Sigurðssyni, prófessor og yfirlækni á Landspítala og Guðlaugu U. Þorsteinsdóttur, sérfræðingi á Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Áhrif lystarstols (anorexia nervosa) á beinþéttni“.

2010/18 – Tómasi Guðbjartssyni, prófessor og yfirlækni á Landspítala, Þórarni Arnórssyni og Sveini Guðmundssyni, sérfræðingum á Landspítala, og Hannesi Sigurjónssyni, Sæmundi Oddssyni, Daða Jónssyni og Sigurði Ragnarssyni, deildarlæknum á Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Árangur opinna hjartaaðgerða á Íslandi 1986–2009“.

2010/187 – Súsönnu Björgu Ástvaldsdóttur, lækni á Landspítala, og Óttari Má Bergmann, Einari Björnssyni og Sigurði Ólafssyni, sérfræðingum í meltingarsjúkdómum á Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Horfur og bráðameðferð á blæðandi vélindaæðahnútum“.

2009/1074 – Hróðmari Helgasyni, lækni á Landspítala, Gunnlaugi Sigfússyni, lækni, og Gylfa Óskarssyni, lækni, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Opin fósturæð á Íslandi 1985–2009, 25 ára uppgjör“.

2010/371 – Magnúsi Gottfreðssyni, sérfræðingi og prófessor á Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna „Afturvirkir rannsóknar á lungnabólgu á Landspítala 2008–2009“.

2010/279 – Sylvíu Ingibergsdóttur, sérfræðingi í geðhjúkrun á geðdeild Landspítala, og Jóhönnu Bernharðsdóttur, lektor, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Notkun virknitaflna, sem byggja á hugrænni atferlismeðferð, í hjúkrun sjúklinga á móttöku-geðdeildum“.

2010/241 – Maríu Heimisdóttur, yfirlækni á Hag- og upplýsingadeild Landspítala, Einari S. Björnssyni, prófessor og yfirlækni á Landspítala, Huldu Harðardóttur, lyfjafræðingi og MS-nema í heilsuhagfræði við Háskóla Íslands, Tinnu Laufeyju Ásgeirsdóttur, lektor við HÍ, Páli Möller, yfirlækni á Landspítala, og Karli Kristinssyni, 6. árs læknanema við HÍ, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár og til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknarinnar „Kostnaður og ávinningur af meðhöndlun sjúklinga með TNF hemlum annars vegar og skurðaðgerð hinsvegar við Crohn's sjúkdómi á Íslandi“.

2010/288 – Bárði Sigurgeirssyni, sérfræðingi í húðsjúkdómum, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna „Slembiraðaðrar, tvíblindrar, fjölsetra samanburðarrannsóknar við burðarefni og lyfleysu án burðarefnis, til að meta verkun, þol og öryggi af notkun TDT 067 tvisvar á dag í 48 vikur hjá einstaklingum með vægan eða meðalsvæsinn naglsvepp fremst undir tánöglum“.

2009/540 – Íslenskri erfðagreiningu ehf. (ÍE) og Hagstofu Íslands var veitt leyfi til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknarinnar „Erfðir ónæmis gegn bólusetningum og sýkingum. Ættlækni alvarlegrar influensu.“

2009/665 – Þórarinn Gíslason, yfirlæknir á Lungnadeild Landspítalans, Sigríð Veasy, M.D. við Pennsylvaníuháskólas (e. University of Pennsylvania), og Jóhannes Björnsson, prófessor við Háskóla Íslands, fengu viðbótarleyfi til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsókna „Tauga- og lifrarvefsskemmdir í kæfisvefni“ og „Dánarorsakir kæfisvefnissjúklinga“.

2010/225 – Laufeyju Tryggvadóttur, framkvæmdastjóra Krabbameinsskrár Íslands, Þorgerði Guðmundsdóttur, deildarlækni á Landspítala, Ólafi Gísla Jónssyni, sérfræðingi á Landspítala, og Jørgen H. Olsen, framkvæmdastjóra rannsókna við Rannsóknastofnun faraldsfræði krabbameina í Danmörku (Institut for epidemiologisk kræftforskning), var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna „Norðænnar rannsóknar á krabbameini barna: síðkomnir fylgikvillar og forvarnir þeirra“.

2010/275 – Einari Stefánssyni, prófessor og yfirlækni á Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Central Serous Chorioretinopathy á Íslandi 2004–2010“.

2010/303 – Kristjönu Magnúsdóttur, sálfræðingi, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Geðraskanir hjá börnum og unglingum á aldrinum 7–17 ára sem greinst hafa með röskun á einhverfurófi“.

2010/311 – Ólafi Ó. Guðmundssyni, yfirlækni á Landspítala, og Gísla Hólmari Jóhannessyni, framkvæmdastjóra klínískra rannsókna Mentis Cura ehf., var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Áhrif omega-3 fitusýru bættis fæðis á ofvirkni með athyglisbrest, frumrannsókn“.

2010/407 – Einari Stefáni Björnssyni, yfirlækni á Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna „Rannsóknar á blæðingum frá meltingarvegi meðal sjúklinga á blóðþynningarlyfinu Kóvar“.

2010/449 – Helga Sigurðssyni, prófessor í krabbameinlækningum við læknadeild Háskóla Íslands, Matthíasi Halldórssyni, aðstoðarlandlækni, og Jóni Gunnlaugi Jónassyni, yfirlækni krabbameinsskrár hjá Krabbameinsfélagi Íslands, var veitt leyfi til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknarinnar „Notkun á blóðfitulækkandi statínlyfjum og áhrif þeirra á tíðni krabbameins og lífshorfur eftir greiningu þeirra“.

2010/450 – Helga Sigurðssyni, prófessor krabbameinslækninga við læknadeild Háskóla Íslands, Matthíasi Halldórssyni, aðstoðarlandlækni, og Jóni Gunnlaugi Jónassyni, yfirlækni krabbameinskrár hjá Krabbameinsfélagi Íslands, var veitt leyfi til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknarinnar „Notkun á kvenhormónalyfjum eftir tíðafraðhvörf og áhrif þeirra á tíðni krabbameina með áherslu á brjóstakrabbamein“.

2010/240 – Kristínu Valgerði Ólafsdóttur, félagsráðgjafa á Landspítala, Halldóri Kolbeinssyni, yfirlækni á Landspítala, Guðrúnu K. Blöndal, deildarstjóra á Landspítala, og Ástu Jónu Ásmundsdóttur, félagsráðgjafa á Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Lífsgæði geðfatlaðra á endurhæfingardagdeild geðsviðs. Áhrif geðheilbrigðisþjónustu og sjónarhorn notenda“.

2010/276 – Brynjólfi Mogensen, yfirlækni og dósent, Ágústi Mogensen, forstöðumanni Rannsóknarnefndar umferðarslysa, og Kára Eyvindi Þórðarsyni, læknanema, var veitt heimild til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknarinnar „Dánarmein látinna í umferðarslysum árin 1998– 2009“.

2010/142 – Einari Stefáni Björnssyni, yfirlækni á Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna „Rannsóknar á faraldsfræði og horfum sjúklinga með fitulífur“.

2006/675 – Sævar Pétursson, tannlæknir og sérfræðingur í munn- og kjálkaskurðlækningum, fékk endurúttekið leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Dental implants placement in conjunction with osteotome sinus floor elevation: A retrospective analysis of ITI implants“.

2010/280 – Vilmundur Guðnason, prófessor og forstöðulæknir, f.h. Hjartaverndar, Tómas Guðbjartsson, prófessor og læknir, og Jóhann Páll Ingimarsson, deildarlæknir, fengu heimild til samkeyrslu gagnagrunns Landspítala um nýrnafrumukrabbamein við gagnagrunn Hjartaverndar í þágu rannsóknarinnar „Áhættuþættir nýrnafrumukrabbameins á Íslandi“.

2010/470 – Jóni Magnúsi Kristjánssyni, sérfræðilækni og kennslustjóra slysa- og bráðasviðs á Landspítala, og Björk Ólafsdóttur var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Einkenni sjúklinga með sýkta nýrnasteina“.

2010/469 – Gísla Heimi Sigurðssyni, yfirlækni og prófessor á Landspítala, Felix Valssyni, sérfræðilækni á Landspítala, og Hörpu Viðarsdóttur, lækni á Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Er hægt að nota BNP sem mælikvarða á alvarleika hjartabilunar og til að stýra hjartabilunarmedferð hjá gjörgæslusjúklingum? – pilot rannsókn“.

2010/462 – Þórunni Ragnarsdóttur, sjúkraþjálfara, og Sigrúnu Knútsdóttir, yfirsjúkraþjálfara, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Könnun á færni og líðan fólks sem misst hefur fót/fætur og fengið endurhæfingu á Endurhæfingardeild Landspítala á Grensási 2000–2009“.

2010/444 – Bárði Sigurgeirssyni, Birki Sveinssyni, Jóni Hjaltalín Ólafssyni, Jóni Þrándi Steinsyni og Steingrími Davíðssyni, sérfræðingum í húðsjúkdómum, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „A multicenter extension trial of subcutaneously administered AIN457 in patients with moderate to severe chronic plaque-type psoriasis“.

2010/506 – Sigríður Haraldsdóttir f.h. Landlæknisembættisins, Anna Birna Almarsdóttir, prófessor, og Guðrún Þengilsdóttir, doktorsnemi, fengu leyfi til samkeyrslu lyfjagagnagrunns Landlæknisembættisins við vistunarskrá heilbrigðisstofnana og samskiptaskrá heilsugæslustöðva, sem báðar eru vistaðar hjá embættinu, í þágu rannsóknarinnar „Meðferðarheldni á statínum, þunglyndis- og sykursýkilyfjum“.

2010/472 – Birni Rúnari Lúðvíkssyni, prófessor og yfirlækni á Landspítala, og Birni Guðbjörnsyni, dósent og sérfræðingi á Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrám vegna rannsóknarinnar „Hjálpartæki til greiningar gigtar- og sjálfsöfnæmissjúkdóma. (The digital doktor aide)“.

2010/499 – dr. Unnur Anna Valdimarsdóttir, dósent og forstöðumaður, f.h. Miðstöðvar í lýðheilsuvísindum, Ragnheiður Bjarnadóttir, fæðingalæknir á Landspítala, og dr. Tinna Laufey Ásgeirsdóttir, lektor og umsjónarmaður MS-náms í heilsufræðum við Háskóla Íslands, fengu leyfi til aðgangs að fæðingaskrá landlæknis í þágu rannsóknarinnar „Áhrif efnahagshrunsins á Íslandi 2008 á tíðni fyrirbura og léttburafæðinga“.

2010/549 – Hlíf Steingrímsdóttur, yfirlækni á Landspítala, og Brynjari Viðarsyni, Guðmundi Rúnarssyni og Sigrúnu Reykdal, sérfræðingum á Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrám vegna „Slembiraðaðrar þriðja stigs rannsóknar á bortezomib, melphalan, prednisone (VMP), borið saman við háskammta melphalan fylgt eftir með bortezomib, lenalidomide, dexamethasone (VRD) og lenalidomide viðhaldsskammti hjá sjúklingum með nýgreint mergæxli (HOVON 95MM)“.

2009/972 – Ugga Þ. Agnarssyni, sérfræðingi á Landspítala, Guðmundi Þorgeirssyni, prófessor, og Jóni V. Högnasyni, sérfræðingi á Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrám vegna rannsóknarinnar „Hjartaþelsbólga greind á Landspítala 1999–2008“.

2010/609 – Ingibjörgu Hilmarsdóttir, sérfræðilækni á Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrám og lífsýnum vegna rannsóknarinnar „Faraldsfræði Giardia lamblia á Íslandi: arfgerðagreining á Giardia sem greinst hefur í vefjasýnum manna“.

2010/381 – Dr. Ólöfu Ástu Ólafsdóttur, lektor í ljósmóðurfræði, dr. Alexander Smárasyni, forstöðulækni Kvinnadeildar FSA og dósent við Heilbrigðisvísindastofnun Háskólans á Akureyri, og Berglindi Hálfðánsdóttur, ljósmóður og meistaranema við Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrám vegna rannsóknarinnar „Útkoma fyrirfram ákveðinna heimafæðinga á Íslandi – afturvirk rannsókn“.

2010/295 – Sunnu Guðlaugsdóttur, sérfræðilækni og klínískum lektor, Einari Stefáni Björnssyni, yfirlækni og prófessor, Jóni Gunnlaugi Jónassyni, meinafræðingi, og Berglindi Eik Guðmundsdóttur, læknakandidat, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrám vegna rannsóknarinnar „Bartlett's slímhúðarbreytingar í vélinda, nýgengi og alvarleiki milli tveggja tímabila“.

2010/977 – Ingibjörgu Hilmarsdóttur, sérfræðilækni á Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrám vegna rannsóknarinnar „Breiðvirkir beta-laktamasar á Landspítala háskólasjúkrahúsi: rannsókn á faraldri á árunum 2006–2010“.

2009/516 – Bjarna A. Agnarssyni, sérfræðingi, og Önnu Margréti Jónsdóttur, deildarlækni, var veitt heimild til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknarinnar „Atypískir spitz nevarar á Íslandi á árunum 1988–2008“.

2010/432 – Ingunni Hansdóttur, sálfræðingi hjá SÁÁ, og Erlu Björg Birgisdóttur, cand.psych.-nema, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Meðferð á geðheilsu unglunga sem koma til vímuefnameðferðar á Sjúkrahúsið Vog“.

2009/107 – Guðmundi Daníelssyni, sérfræðingi á Landspítala, Vigdís Pétursdóttur, sérfræðingi, og Höllu Viðarsdóttur, deildarlækni, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Schwannoma á Landspítala 1984–2008“.

2010/263 – Vilhjálmí Rafnssyni, prófessor, Ragnhildi Guðrúnu Finnbjörnsdóttur, meistaranema við líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands, Helga Zoëga, rannsóknarsérfræðingi og doktorsnema, og Erni Ólafssyni, stærðfræðingi, var veitt heimild til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknarinnar „Áhrif loftmengunar í Reykjavík á hjarta- og æðasjúkdóma“.

2009/710 – Hjartavernd og Ólafi Skúla Indriðasyni, lækni, var veitt heimild til vinnslu persónuupplýsinga í þágu rannsóknarinnar „Afdrif einstaklinga með langvinnan nýrnasjúkdóm“.

2010/382 – Sólveigu Sigurðardóttur var veitt leyfi til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknarinnar „Behavioral and emotional symptoms of preschool children with cerebral palsy“.

2010/633 – Kolbrúnu Gunnarsdóttur, cand.med, og Ólafi Eliássyni, yfirlækni á taugalækningadeild LSH, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Tíðni floga og flogaveiki eftir heilaslag (heilablóðfall)“.

2010/668 – Vilmundi Guðnasyni, prófessor og forstöðulækni, f.h. Hjartaverndar, Hrafni Tulinius, prófessor emeritus og fyrrverandi yfirlækni Krabbameinsskrár, og Laufeyju Tryggvadóttur, framkvæmdastjóra Krabbameinsfélags Íslands, var veitt heimild til samkeyrslu krabbameinsskrár Krabbameinsfélags Íslands við gagnagrunn Hjartaverndar í þágu rannsóknarinnar „Áhættuþættir fyrir krabbamein, faraldsfræðileg rannsókn 22946 Íslendinga“.

2010/629 – Mhá Kristjánssyni, yfirlækni smitsjúkdómadeildar Landspítala, Berglindi Guðrúnu Chu, meistaranema við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands og Þóru Jenný Gunnarsdóttur, lektor við hjúkrunarfræðideild HÍ, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna „Rannsóknar á áhrifum Tea tree ilmkjarnaolíu á húðnetjubólgu fótleggs hjá fullorðnum einstaklingum sem hafa húðnetjubólgu í flokki II samkvæmt flokkunarkerfi Eron/Dall“.

2010/524 – Vilhjálmí Rafnssyni, prófessor, f.h. Miðstöðvar í Lýðheilsuvísindum, Aðalbjörgu Kristbjörnsdóttur, MPH-nema, Laufeyju Tryggvadóttur, framkvæmdastjóra Krabbameinsskrár, Unni Önnu Valdimarsdóttur, dósent í faraldsfræði, og Hólmfríði Kolbrúnu Gunnarsdóttur, gestaprófessor hjá Miðstöð í Lýðheilsuvísindum við HÍ var veitt leyfi til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknarinnar „Byggingarefni húsa og áhætta á krabbameini: Lýðgrunndið hóprannsókn“.

2010/710 – Baldri Tuma Baldurssyni, sérfræðilækni á húðsjúkdómadeild Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Sárameðferð með stoðefni úr fiskipróteinum“.

2010/142 – Einari S. Björnssyni var veitt leyfi til vinnslu persónuupplýsinga í þágu „Rannsóknar á faraldsfræði og horfum sjúklinga með fitulífur“.

2010/460 – Hallgrími Guðjónssyni, var veitt viðbótarleyfi til vinnslu persónuupplýsinga vegna „Framhaldsrannsóknar á faraldsfræði glútenóþols í görn“.

2010/43 – Valgerði Sigurðardóttur, var veitt viðbótarleyfi til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknarinnar „Skráning markmiða, algengra einkenna og frávika í meðferðarferli fyrir deyjandi á þremur deildum Landspítala“.

2010/922 – Óskari Þór Jóhannessyni, var veitt viðbótarleyfi til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknar er ber yfirskriftina „Rannsókn á erfðum geislanæmis og brjóstakrabbameins“.

2010/806 – Þórarni Gíslasyni og Landlæknisembættinu var veitt heimild til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknarinnar „RHINE II – langtímarannsókn á astma, ofnæmi og lungna-sjúkdómum á Norðurlöndunum“.

2010/799 – Jónínu Guðjónsdóttur, lektor í geislafræði við Háskóla Íslands og geislafræðingi hjá Læknisfræðilegri myndgreiningu, Karli Andersen, prófessor í lyflæknisfræði, og Díönu Óskarsdóttur, námsbrautarstjóra í geislafræði við Læknadeild Háskóla Íslands og geislafræðingi í Hjartavernd, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Áhrif kalks í kransæðum á greiningargildi TS kransæðarannsóknar“.

2010/822 – Dagmar Kristínu Hannesdóttur, sálfræðingi, Bettý Ragnarsdóttur, nema, og dr. Urði Njarðvík, lektor við sálfræðiskor Háskóla Íslands, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Samanburður á félags- og vitsmunapróska stelpna og stráka með athyglisbrest og ofvirkni“.

2007/880 – Tómasi Guðbjartssyni, sérfræðingi í hjarta- og brjóstholsskurðlækningum á Landspítala, og Gunnari Guðmundssyni, prófessor og aðstoðaryfirlækni á Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Miðmætisspeglanir á Íslandi 1983–2007“.

2010/894 – Landlæknisembættinu, Tinnu Laufeyju Ásgeirsdóttur, lektor við Háskóla Íslands, Gylfa Zoëga, prófessor við Háskóla Íslands, Þórhildi Ólafsdóttur, sjúkraþjálfara og MS-nema í hagfræði, og Guðmundi Þorgeirssyni, prófessor við HÍ, var veitt leyfi til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknarinnar „Tímabundnar breytingar vinnuframboðs og heilsufars“.

2010/762 – Brynjólfi Mogensen, yfirlækni og dósent, Sigrúnu Ásgeirsdóttur, deildarlækni, Tómasi Guðbjartssyni, prófessor og yfirlækni, og Kristni Sigvaldasyni, yfirlækni, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Slasaðir með brjóstholsaverka árin 2000–2009, orsök og afleiðing“.

2010/852 – Önnu Njálisdóttur, nema í sálfræði, og Ludvig Guðmundssyni, yfirlækni á næringar- og offitusviði á Reykjalundi, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Árangur offitumeðferðar á Reykjalundi með eða án magahjáveituaðgerðar, 2 ára eftirfylgd“.

2010/641 – Ludvig Á. Guðmundssyni, yfirlækni offitu- og næringarsviðs á Reykjalundi, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Áhrif reglubundinnar útivistar á offitusjúklinga sem liður í endurhæfingu á Reykjalundi. Íhlutunarrannsókn til sex mánaða“.

2010/577 – Sigríði Haraldsdóttur, f.h. Landlæknis, var veitt leyfi til samkeyrslu kennitölulista við lyfjagagnagrunn Landlæknis sem embættið ber ábyrgð á, sbr. 8. gr. laga nr. 41/2007, vegna rannsóknar er ber yfirskriftina „Árangur þverfaglegar verkjameðferðar á Reykjalundi endurhæfingarmiðstöð“.

2010/905 – Katrínú Blöndal, sérfræðingi í hjúkrun, Elínu Hafsteinsdóttur, deildarstjóra gæðadeildar VMG, Brynju Ingadóttur, sérfræðingi í hjúkrun, Ingunni Steingrímsdóttur, hjúkrunarfræðingi sýkingarvarnardeildar Landspítala, Sigrúnu Rósu Steindórsdóttur, urotherapeut, og Eiríki Jónssyni, yfirlækni, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Legginn út! (Remove that Foley)“.

2010/1016 – Sigríði Gunnarsdóttur, dósent og forstöðumanni fræðasviðs í krabbameinshjúkrun við Háskóla Íslands og á Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna „Rannsóknar á verkjameðferð á skurð- og lyflækningadeildum Landspítala“.

2010/887 – Sigurði Ólafssyni, lækni á Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Lifrarígræðslur á Íslandi“.

2010/1037 – Maríu Heimisdóttur Ph.D., MBA og yfirlækni, Örnú Hauksdóttur, Ph.D. á Heilbrigðisvísindasviði Háskóla Íslands, og Björgu Þorsteinsdóttur, lækni og nema við Háskóla Íslands, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá og til samkeyrslu persónuupplýsinga vegna rannsóknarinnar „Dauði á spítölum á Íslandi, dánarorsök og sjúkrakostnaður“.

2010/1017 – Jónínu Sigurgeirsdóttur, sérfræðingi í endurhæfingarhjúkrun, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna „Rannsóknar á árangri meðferðar við tóbaksfíkn á endurhæfingarmiðstöðinni að Reykjalundi“.

2010/547 – Jens Kjartanssyni, yfirlækni við lýtalækningadeild Landspítala og klínískum prófessor við læknadeild Háskóla Íslands, og Hannesi Sigurjónssyni, deildarlækni á skurðlækningasviði Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Alvarlegir brunar á Íslandi 2005–2009“.

2010/1049 – Ingu Þórsdóttur, forstöðumanni Rannsóknarstofu í næringarfræði, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Næring ungbarna – Framsæ langtímarannsókn á landsúrtaki“.

2010/946 – Ugga Þórði Agnarssyni, sérfræðingi og dósent við Háskóla Íslands, Guðmundi Þorgeirssyni, prófessor, Ísleifi Ólafssyni, yfirlækni, Jóni V. Högnasyni, sérfræðilækni, og Hafdísí Ölmú Einarssdóttur, læknanema, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „BNP í hjartabilun“.

2010/547 – Jens Kjartanssyni, yfirlækni við lýtalækningadeild Landspítala og klínískum prófessor við læknadeild Háskóla Íslands, og Hannesi Sigurjónssyni, deildarlækni á skurðlækningasviði Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Alvarlegir brunar á Íslandi 2005–2009“.

2010/1087 – Kristjáni Sigurðssyni, yfirlækni og sviðsstjóra leitarsviðs Krabbameinsfélags Íslands, og Krístrúnu R. Benediktsdóttur, meinafræðingi á meinafræðideild Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Study on the predictive value of P -16, MiB -1, ProEx in women with CIN2 lesions“.

2010/721 – Sigurði Thorlacius, prófessor við Háskóla Íslands, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár og samkeyrslu vegna rannsóknarinnar „Faraldsfræði aflimana og vöntun útlíma á Íslandi 1970–2010“.

2010/1101 – Sigurði Guðmundssyni, forseta heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Heilahimnubólga af völdum baktería í fullorðnum 1995–2010“.

2010/958 – Gunnari Þór Gunnarssyni, hjartasérfræðingi og lektor við læknadeild Háskóla Íslands, og Heiðbjörtu Íðu Friðriksdóttur, geislafræðinema, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Tölvusneiðmyndir (TS) af kransæðum: Er ávinningur af því að taka sérvalinn hóp í TS kransæðarannsókn með Prospective gating í stað Retrospective gating, með minni geislun?“

2010/1108 – Gunnari Svanbergssyni, sjúkraþjálfara, og Þorvaldi Yngvasyni, lækningaforstjóra á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Brjós-klos í lendarhrygg, samþætting á niðurstöðum úr segulóm skoðun, við klínísku skoðun og meðferð“.

2010/981 – Ugga Agnarssyni, lækni á Landspítala, Guðmundi Þorgeirssyni, prófessor, Þórarni Guðnasyni, dr.med og Birni Jakobi Magnússyni, læknanema, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Bráð kransæðastífla meðal fertugra og yngri á Íslandi.“

2010/917 – Kristínu Huld Haraldsdóttur, Kristjáni Skúla Ásgeirssyni og Karl-Göran Tranberg, skurðlæknum, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Notagildi segulóm skoðunar við mat á stærð brjóstakrabbameins og cancer in situ og áhrif á mat fyrir aðgerð“.

2010/437 – Hauki Hjaltasyni, dósent og sérfræðilækni á Landspítala, og Elfasi Ólafssyni, lækni, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Reynsla notkunar natalizumab við multiple sclerosis á Íslandi“.

2010/1018 – Páli Helga Möller, yfirlækni á skurðlækningasviði Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Intussusception á Íslandi 2000–2010“.

2010/1064 – Birni Rúnari Lúðvíkssyni, yfirlækni og prófessor, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Samband sjálfsöfnæmismótefna við hugsanlega sjúkdómsmynd gigtarsjúkdóma“.

2010/1171 – Gísla H. Sigurðssyni, prófessor og forstöðulækni í gjörgæslu- og svæfingarlækningum, Karli Erling Oddasyni, deildarlækni og nema, Tómasi Guðbjartssyni, prófessor og sérfræðingi í skurðlækningum, Sigurbergi Kárasyni, yfirlækni og dósent við gjörgæsludeild Landspítala, Fossvogi, og Sveini Guðmundssyni, yfirlækni Blóðbankans, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Blóðgjafahlutar á gjörgæslum LSH“.

2010/1089 – Helgu Ágústu Sigurjónsdóttur var veitt heimild til vinnslu persónuupplýsinga í þágu rannsóknarinnar „Æsavöxtur á Íslandi“.

2010/1102 – Erlingi Jóhannssyni, prófessor við Háskóla Íslands, Katrínu Gunnarsdóttur, nemanda í heilsuhagfræði við HÍ, og Tinnu Laufeyju Ásgeirsdóttur, lektor í hagfræði við HÍ, var veitt leyfi til samkeyrslu viðkvæmra persónuupplýsinga við gagnabanka Námsmatsstofnunar í tilefni af rannsókninni „Heilsa og menntun: Tengsl heilsufars og námsárangurs hjá 7–9 ára börnum“.

2010/992 – Þórarni Guðnasyni, hjartalækni á Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Segabrottnám við kransæðastíflu með ST hækkun á Norðurlöndum – TASTE rannsóknin (Thrombus Aspiration in ST – Elevation myocardial infarction in Scandinavia – TASTE trial“.

2010/1194 – Helgu Erlendsdóttur, lífeindafræðingi og klínískum prófessor, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Viðbrögð við jákvæðum blóðræktunum“.

2010/971 – Maríu K. Jónsdóttur, Ph.D. og verkefnisstjóra í taugasálfræði, sálfræðipjónustu Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Viðmiðunargildi fyrir taugasálfræðileg próf á minnismóttöku Landakots“.

3.1.3. Önnur leyfi vegna rannsóknarverkefna

Veitt voru eftirtalin leyfi til vinnslu persónuupplýsinga vegna annarra rannsóknarverkefna en þeirra sem voru á heilbrigðisviði. Leyfin eru birt í þeirri röð sem þau voru gefin út.

2009/1037 – Gildi lífeyrissjóði, Sameinaða lífeyrissjóðnum, Sjóvá-Almennum tryggingum hf., Vátryggingafélagi Íslands hf., Tryggingamiðstöðinni hf. og Verði vátryggingum hf. var veitt heimild til að miðla tilteknum upplýsingum og Guðmundi Sigurðssyni, prófessor og doktor við lagadeild Háskólans í Reykjavík, var veitt heimild til meðferðar þeirra upplýsinga vegna rannsóknarinnar „Mat lífeyrissjóða á orkutapi“.

2010/128 – Sveinn Tjörvi Viðarsson, laganemi við Háskólann í Reykjavík, fékk leyfi til aðgangs að gögnum hjá Útlendingastofnun í þágu rannsóknarinnar „Dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða“.

2010/193 – Sonju Marsibil Þorvaldsdóttur var veitt heimild til aðgangs að gögnum hjá Barnahúsi vegna rannsóknarinnar „Kynferðisbrot gegn börnum og 36. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002“.

2010/232 – Friðleifur Egill Guðmundsson, laganemi við Háskólann í Reykjavík, fékk leyfi til aðgangs að gögnum hjá dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu og hjá Útlendingastofnun í þágu rannsóknarinnar „Brottvísun úr landi“.

2010/174 – Erlu Friðbjörnsdóttur, laganema, dóms- og mannréttindaráðuneytinu og Útlendingastofnun, var veitt heimild til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknarinnar „Stjórn-sýsluréttur: Hælisleitendur – Andmælareglan við meðferð hælismála“.

2010/608 – Önnu Maríu Káradóttur, var veittur aðgangur að gögnum hjá Barnavernd Reykjavíkur og Fangelsismálastofnun vegna rannsóknarinnar „Samspil barnaverndar- og refsivörslu-kerfisins“.

2010/676 – Brynju Björnsdóttur, meistaranema í sagnfræði við Háskóla Íslands, var veitt heimild til aðgangs að gögnum hjá Þjóðskjalasafni Íslands vegna rannsóknarinnar „Hjónaskilnaðir á Íslandi 1890–1960“.

2010/676 – Brynju Björnsdóttur, var veitt viðbótarleyfi til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknarinnar „Hjónaskilnaðir á Íslandi 1870–1960“.

2010/903 – Yfirkattanevnd og Helgu Sigmundsdóttur, var veitt leyfi til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknarinnar „Andmælareglan í skattarétti“.

2010/1059 – Sigurbjörgu Rut Hoffritz, laganema við Háskóla Íslands, var veittur aðgangur að gögnum hjá dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu vegna meistarařitgerðar í lögfræði um náðun.

3.2. Nánar um ýmis mál

3.2.1. Fyrirspurn frá Lögmannafélagi Íslands um heimildir félagsins til samkeyrslu upplýsinga um lögmenn, m.a. við upplýsingar um refsidóma og gjaldþrot – mál nr. 2009/1047

Þetta mál var afgreitt 16. des. 2009 en var fyrir mistök ekki birt í ársskýrslu fyrir það ár og er því birt hér. Um er að ræða svar við fyrirspurn frá Lögmannafélagi Íslands um heimildir félagsins til samkeyrslu upplýsinga um lögmenn, m.a. við upplýsingar um refsidóma og gjaldþrot. Persónuvernd taldi samkeyrsluna heimila að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Í svari hennar segir:

„Svo að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil, þ. á m. samkeyrsla slíkra upplýsinga, verður ávallt að vera fullnægt einhverju skilyrðanna í 8. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Sé um að ræða viðkvæmar persónuupplýsingar verður einnig að vera fullnægt einverju viðbótarskilyrðanna fyrir vinnslu slíkra upplýsinga sem talin eru upp í 9. gr. laganna. Á meðal þeirra upplýsinga, sem LMFÍ hyggst fá samkeyrðar við félagatal sitt, eru upplýsingar um refsidóma. Þær upplýsingar eru viðkvæmar, sbr. b-lið 8. tölul. 2. gr. laganna.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 77/1998 um lögmenn mega lögmenn ekki hafa orðið að sæta því að bú þeirra sé tekið til gjaldþrotaskipta og hafa óflekkað mannorð svo sem áskilið er til kjörgengis við kosningar til Alþingis. Þá segir í 2. mgr. 25. gr. laganna að lögmenn skuli hafa í gildi ábyrgðartryggingu vegna fjárhagstjóns sem leitt getur af gáleysi í störfum þeirra eða starfsmanna þeirra. Í 13. gr. er mælt fyrir um að LMFÍ skuli hafa eftirlit með því að þessum skilyrðum sé fullnægt. Þar segir: [...] Í 8. gr. laga nr. 77/2000 er m.a. mælt fyrir um að vinna megi með persónuupplýsingar sé vinnslan nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu, vegna verks sem unnið er í þágu almannahagsmuna og við beitingu opinbers valds, sbr. 3., 5. og 6. tölul. 1. mgr. Þá segir í 7. tölul. 1. mgr. 9. gr. laganna að vinna megi með viðkvæmar persónuupplýsingar sé það nauðsynlegt til að krafa verði afmörkuð, sett fram eða varin vegna dómsmáls eða annarra slíkra laganauðsynja. Þegar litið er til framangreindra ákvæða 2. mgr. 25. gr. laga nr. 77/1998 telur Persónuvernd þessi ákvæði einkum geta átt við um umræddar samkeyrslur.

Við vinnslu persónuupplýsinga verður ávallt að fara að öllum grunnkröfum 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000, en þar er m.a. mælt fyrir um að þess skuli gætt við vinnslu persónuupplýsinga að þær séu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og að öll meðferð þeirra sé í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga (1. tölul.); að þær séu fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.); og að þær séu nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.).

Að mati Persónuverndar getur sú vinnsla persónuupplýsinga, sem lýst er í erindi LMFÍ til Persónuverndar, dags. 16. nóvember 2009, stuðst við heimildir í 8. og 9. gr. laga nr. 77/2000 að því gættu að farið verði að öllum kröfum þeirra laga, þ. á m. framanröktum kröfum 7. og 11. gr. laganna, sem og reglum 31. og 33. gr., sbr. reglur nr. 712/2008, um tilkynningarskyldu og leyfisskyldu eftir því sem við á. [...]"

3.2.2. Athugun á (a) dulkóðun persónuauðkenna í gagnagrunnum Hjartaverndar og (b) rekjanleika uppflettinga og skráningar – mál nr. 2008/326

Þetta mál var afgreitt 16. des. 2009 en var fyrir mistök ekki birt í ársskýrslu fyrir það ár og er því birt hér. Um er að ræða niðurstöðu úttektar á dulkóðun í gagnagrunnum Hjartaverndar og á rekjanleika uppflettinga og skráningar. Í ákvörðun stjórnar Persónuverndar segir m.a.:

„I.
Ferill málsins

1.

Almennt

Persónuvernd vísar til fyrri samskipta vegna úttektar á (a) fyrirkomulagi við dulkóðun persónuauðkenna í gagnagrunnum Hjartaverndar og (b) rekjanleika uppflettinga og skráningar. Boðað var til úttektarinnar með bréfi Persónuverndar til Hjartaverndar, dags. 5. maí 2008, þar sem óskað var eftir verkferlum og verklagsreglum sem gilda um framangreinda þætti. Hjartavernd svaraði með bréfi, dags. 20. s.m., þar sem lýst er hvernig persónuauðkenni eru dulkóðuð og hvernig unnt er að rekja aðgerðir í gagnagrunnum félagsins.

Með bréfi til Persónuverndar, dags. 23. maí 2008, óskaði [...] hrl. þess f.h. Hjartaverndar að stofnunin veitti upplýsingar um hvort ákvörðun um úttektina byggði á innkomnu erindi eða athugasemdum annarra lögaðila eða einstaklinga, ellegar hvort um væri að ræða frumkvæðisathugun Persónuverndar. Með bréfi, dags. 11. júní 2008, greindi Persónuvernd frá því að um væri að ræða athugun sem fram færi að eigin frumkvæði stofnunarinnar og væri hluti af reglubundnu starfi og lögbundnu hlutverki hennar. Tekið var fram að ákvörðun um athugun hjá tilteknum ábyrgðaraðila að vinnslu persónuupplýsinga þyrfti ekki að fela í sér að stofnunin teldi öryggiskerfi hans að einhverju leyti ábótavant.

Hinn 22. maí 2008 gerði Persónuvernd samning við [...], sérfræðing í upplýsingaöryggi hjá [...] ehf., um að koma að framkvæmd úttektarinnar. Samdægurs undirritaði hann þagnarheit vegna þeirra upplýsinga sem hann kynni að verða áskynja um við þá vinnu.

Með bréfi, dags. 28. september 2008, greindi Persónuvernd frá því að tafir hefðu orðið á framkvæmd úttektarinnar vegna starfsmannabreytinga og sumarleyfa. Jafnframt var Hjartavernd veittur kostur á að senda inn frekari gögn teldi félagið þörf á því.

Í framhaldi af þessu greindi Persónuvernd frá því, með bréfi til Hjartaverndar, dags. 28. október 2008, að ákveðið hefði verið að gera vettvangsathugun vegna úttektarinnar hinn 20. nóvember s.á. Þá ítrekaði Persónuvernd að Hjartavernd ætti kost á að senda inn frekari gögn. Það gerði Hjartavernd með tölvubréfi til Persónuverndar hinn 3. nóvember 2008. Í kjölfar þess fór vettvangsathugunin fram á þeim degi sem ákveðinn hafði verið. Í tengslum við þá athugun afhenti Hjartavernd skjal sem ber heitið „Handbók um öryggi gagna“ þar sem fyrirkomulagi upplýsingaöryggismála er lýst.

Hinn 10. júlí 2009 barst Persónuvernd skýrsla frá framangreindum sérfræðingi um úttektina. Með bréfi, dags. 13. s.m., var Hjartavernd veittur kostur á að tjá sig um skýrsluna. Hjartavernd svaraði með bréfi, dags. 2. október 2009.

2.

Framkvæmd vinnslu hjá Hjartavernd samkvæmt skýrslu sérfræðings og athugasemdum Hjartaverndar

Af skýrslu framangreinds sérfræðings frá 10. júlí 2009, athugasemdum Hjartaverndar við hana frá 2. október s.á. og áður nefndri handbók Hjartaverndar um öryggi gagna verður ráðið að sú vinnsla persónuupplýsinga á vegum félagsins, sem tengist framkvæmd úttektarinnar, fari fram með eftirgreindum hætti:

Hjá Hjartavernd eru upplýsingar varðveittar í annars vegar svonefndum raungrunni, en þar er um að ræða sjúkraskrá haldna í meðferðartilgangi, og hins vegar í svonefndum vísindagrunni. Upplýsingar í raungrunni eru auðkenndar með kennitölum. Þegar unnið er með upplýsingarnar vegna framkvæmdar einstakra rannsóknarverkefna eru þær færðar í sérstaka úrvinnslugrunna. Kennitölur eru brenglaðar í vísindagrunni og eru dulkóðaðar frekar áður en þær eru færðar í úrvinnslugrunn.

Tveir starfsmenn, þ.e. [...], geta fært gögn úr raungrunni í vísindagagnagrunn og er þá notast við þær upplýsingar sem talin er þörf á vegna viðkomandi rannsókna. Þegar upplýsingar eru færðar í úrvinnslugrunna er notast við sérstakan gagnagrunnsmiðlara sem dulkóðar upplýsingarnar. Þrír starfsmenn, þ.e. [...], geta sett gögn í grunninn og tekið þau úr honum. Fleiri hafa hins

vegar aðgang að gagnagrunnsmiðlaranum sem notendur og er listi yfir þá rýndur óreglulega af [...]. Til að nýta aðganginn þarf tvö lykilorð, annars vegar lykilorð inn á net Hjartaverndar og hins vegar sérstakt lykilorð fyrir gagnagrunnsmiðlarann. Það gerir ekki greinarmun á há- og lágstöfum og er sjaldan breytt.

Lífsýni eru skráð í svonefndan lífsýnagrunn hjá Lífsýnasafni rannsóknaverkefna Hjartaverndar. Í hann eru ekki færðar klínískar upplýsingar. Þær eru hins vegar færðar í áðurnefndan raungrunn og þaðan dulkóðaðar í vísindagrunn. Þetta á m.a. við um mælingar á lífsýnum, t.d. blóðfitumælingar, og erfðarannsóknir sem á þeim eru gerðar. Afgangi sýna er skilað í lífsýnasafnið án nokkurra rannsóknaniðurstaðna að rannsóknnum loknum og þau geymd þar áfram.

Hægt er að rekja uppflettingar í gagnagrunnum Hjartaverndar til viðkomandi starfsmanna, sem og skráningu á upplýsingum. Tölfræðingar Hjartaverndar hafa aðgang að dulkóðuðum vísindagrunni til úrvinnslu gagna, sem þar eru geymd, þann tíma sem úrvinnslan tekur. Skjöl (á Excel-formi) með upplýsingum vegna einstakra rannsókna, sem útbúin eru fyrir samstarfsaðila í rannsóknnum, eru aftengd, þ.e. tengsl við brenglaða kennitölu eru rofin.

3.

Niðurstöður skýrslu sérfræðings og athugasemdir Hjartaverndar

Í niðurstöðukafla skýrslu framangreinds sérfræðings frá 10. júlí 2009 kemur m.a. fram að við veikleikaskönnun á innraneti hafi komið í ljós að þó nokkrar vélar á innraneti væru með gamlan hugbúnað sem hafi innihaldið alvarlega öryggisveikleika. Hafi kerfisstjóra verið gert þetta kunnugt og hann farið strax að huga að uppfærslum. Samkvæmt athugasemdum í bréfi Hjartaverndar, dags. 2. október 2009, hafa nauðsynlegar uppfærslur verið gerðar.

Í niðurstöðukaflanum segir að æskilegt sé að rýna lista yfir þá sem hafa aðgang að gagnagrunnsmiðlara með reglulegum hætti. Samkvæmt athugasemdum Hjartaverndar hefur slíkt fyrirkomulag verið tekið upp. Einnig segir í niðurstöðukaflanum að æskilegt sé að setja reglur um gerð og notkun lykilorða, sem og að breyta reglulega um lykilorð, t.d. á þriggja til sex mánaða fresti. Í athugasemdum Hjartaverndar segir í tengslum við þetta atriði að þar sé tvöfalt lykilorðakerfi og lykilorðinu breytt reglulega í öðru kerfinu, þ.e. lykilorðakerfi fyrir aðgang inn á net Hjartaverndar. Segir í athugasemdunum að lykilorðinu til að komast inn á gagnagrunnsmiðlara verði einnig breytt með reglulegum hætti.

Um dulkóðun segir m.a. í niðurstöðukafla sérfræðingsins:

„Þar sem dulkóðun á gögnum í töflum í Oracle [þ.e. gagnagrunnsmiðlaranum] er útrá notendum þá er sú dulkóðun einungis jafn sterk og lykilorð viðkomandi notanda. Æskilegt er að íhuga aðra útfærslu á dulkóðun gagna. Sá sem hefur gagnagrunnsstjóraréttindi getur breytt lykilorði notanda sem hefur aðgang að dulkóðuðum gögnum og síðan tengst sem viðkomandi notandi.“

Í athugasemdum Hjartaverndar segir um þetta atriði:

„Dulkóðun í ORACLE er tvenns konar. Sjúkrskrárnar sjálfar/gagnasöfnunin hafa dulkóðaða/brenglaða kennitölu. Enginn sér auðveldlega hver á í hlut nema sá sem safnar gögnum. Þetta er ekki hin eiginlega dulkóðun og er gerð að frumkvæði Hjartaverndar til að vernda þátttakendur enn frekar. Frekari dulkóðun á þessum upplýsingum yfir í vísindagrunn er gerð af þeim tveimur gagnagrunssérfræðingum sem vinna hjá Hjartavernd og þeir úthluta ekki úrvinnslufólki aðgangsorði að dulkóðaða vísindagrunninum heldur útbúa úrvinnsluaðilarnir sjálfir sín lykilorð, fyrst inn á net Hjartaverndar, síðan inn í vísindagrunninn.“

II.

Niðurstaða Persónuverndar

1.

Gildissvið laga nr. 77/2000

Gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna, nær til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkrar vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í athugasemdum við 2. tölul. 2. gr. í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu. Af þessu öllu er ljóst að mál þetta lýtur að vinnslu persónuupplýsinga sem fellur undir valdsvið Persónuverndar.

2.

Almennt um reglur um upplýsingaöryggi

Samkvæmt lögum nr. 77/2000 hvílir sú skylda á ábyrgðaraðila að tryggja öryggi þeirra persónuupplýsinga sem unnið er með, sbr. 11.–13. gr. laganna og reglur Persónuverndar nr. 299/2001. Með ábyrgðaraðila er átt við þann sem ákveður tilgang vinnslu persónuupplýsinga, þann búnað sem notaður er, aðferð við vinnsluna og aðra ráðstöfun upplýsinganna, sbr. 4. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000.

Í 11. gr. er fjallað um öryggisráðstafanir o.fl. Skal ábyrgðaraðili gera viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir til að vernda persónuupplýsingar gegn ólöglegri eyðileggingu, gegn því að þær glatist eða breytist fyrir slysi og gegn óleyfilegum aðgangi, sbr. 1. mgr. Beita skal ráðstöfunum sem tryggja nægilegt öryggi miðað við áhættu af vinnslunni og edli þeirra gagna sem verja á, með hliðsjón af nýjustu tækni og kostnaði við framkvæmd þeirra, sbr. 2. mgr.

Ábyrgðaraðili ber ábyrgð á því að áhættumat og öryggisráðstafanir séu í samræmi við lög, reglur og fyrirmæli Persónuverndar, þ.m.t. þá staðla sem hún ákveður að skuli fylgt, sbr. 3. mgr. Ábyrgðaraðili ber og ábyrgð á því að áhættumat sé endurskoðað reglulega og öryggisráðstafanir endurbættar að því marki sem þörf krefur til að uppfylla ákvæði þessarar greinar, sbr. 4. mgr. Þá skal ábyrgðaraðili skrá með hvaða hætti hann mótar öryggisstefnu, gerir áhættumat og ákveður öryggisráðstafanir, sbr. 5. mgr.

Samkvæmt 12.gr. skal ábyrgðaraðili viðhafa innra eftirlit með vinnslu persónuupplýsinga til að ganga úr skugga um að unnið sé í samræmi við gildandi reglur og þær öryggisráðstafanir sem ákveðnar hafa verið.

Samkvæmt 13. gr. skal hann og gera skriflegan samning við vinnsluaðila þar sem fram komi m.a. að vinnsluaðila sé einungis heimilt að starfa í samræmi við fyrirmæli hans og að ákvæði laga nr. 77/2000 um skyldur ábyrgðaraðila gildi einnig um þá vinnslu sem vinnsluaðili annast, sbr. 2. mgr. Með vinnsluaðila er átt við þann sem vinnur persónuupplýsingar á vegum ábyrgðaraðila, sbr. 4. tölul. 2. gr. laganna. Af því sem fram hefur komið við úttekt verður ráðið að engir vinnsluaðilar komi að þeirri vinnslu sem úttektin lýtur að.

3.

Niðurstaða um öryggi

Eins og fyrr greinir lýtur úttekt Persónuverndar að (a) fyrirkomulagi við dulkóðun persónuauðkenna í gagnagrunnum Hjartaverndar og (b) rekjanleika uppflættinga og skráningar. Nánar tiltekið lýtur úttektin að því hvort framangreind atriði samrýmist framangreindum reglum um upplýsingaöryggi.

3.1.

Niðurstaða um fyrirkomulag við dulkóðun persónuauðkenna

Fram hefur komið að upplýsingar sem unnið er með í svonefndum raunrunni, þ.e. upplýsingar sem notaðar eru í tengslum við meðferð sjúklinga, eru auðkenndar með kennitölum. Upplýsingar, sem unnið er með vegna vísindarannsóknna, eru hins vegar varðveittar í svonefndum vísindagrunni undir brengluðum kennitölum. Úrvinnsla upplýsinga vegna vísindarannsóknna fer ekki fram í þeim gagnagrunni heldur eru þær færðar í aðra gagnagrunna sem haldnir eru vegna einstakra verkefna, svonefnda úrvinnslugagnagrunna. Áður en upplýsingarnar eru færðar þangað eru kennitölur dulkóðaðar frekar.

Upplýsingar í raunrunni eru sjúkraskrárupplýsingar sem vinna verður með í samræmi við ákvæði laga nr. 55/2009 um sjúkraskrár. Þau lög áskilja ekki að persónuauðkenni séu dulkóðuð. Þá verður ekki séð að ákvæði annarra laga, þ. á m. 11. gr. laga nr. 77/2000, geri kröfu um slíkt.

Þegar unnið er með upplýsingar í þágu vísindarannsóknna á heilbrigðissviði gegnir öðru máli, m.a. í ljósi 2. tölul. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000 þar sem segir að vinnsla persónuupplýsinga í m.a. vísindalegum tilgangi teljist ekki ósamrýmanleg upphaflegum tilgangi með vinnslu upplýsinganna að því tilskildu að viðeigandi öryggis sé gætt. Byggist það ákvæði á b-lið 1. mgr. 6. gr. persónuverndartilskipunar Evrópusambandsins nr. 95/46/EB. Í 29. lið formálsorða tilskipunarinnar kemur fram að viðeigandi öryggi felst einkum í að útiloka notkun upplýsinga til stuðnings ákvörðunum eða ráðstöfunum viðvikjandi tilteknum einstaklingi.

Það að upplýsingar séu ekki auðkenndar með persónuauðkennum er liður í því að útiloka slíka notkun upplýsinga. Telur Persónuvernd ekki annað hafa komið fram við framkvæmd úttektarinnar en að sú aðferð, sem Hjartavernd beitir við brenglun og dulkóðun persónuauðkenna í tengslum við vísindarannsóknir, fullnægi þessum kröfum.

Með vísan til alls framangreinds eru ekki gerðar athugasemdir við fyrirkomulag dulkóðunar persónuauðkenna í gagnagrunnum Hjartaverndar.

3.2.

Niðurstaða um rekjanleika uppflettinga og skráningar

Fram hefur komið að aðgangur að gagnagrunnum Hjartaverndar er afmarkaður við tiltekna starfsmenn sem þurfa lykilorð til að nýta þann aðgang. Slíkt er forsenda þess að unnt sé að rekja hverjir hafi flett upp upplýsingum og skráð þær. Þá geta aðgangsstýringar verið nauðsynlegar til að farið sé að ákvæði 3. tölul. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000 þess efnis að persónuupplýsingar skuli vera nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar. Felur það m.a. í sér að ekki skulu fleiri hafa aðgang að upplýsingum en nauðsynlegt er.

Í skýrslu sérfræðings segir að æskilegt sé að breyta reglulega um lykilorð, t.d. á þriggja mánaða fresti, og er gerð sú athugasemd að lykilorðum sé sjaldan breytt. Samkvæmt athugasemdum Hjartaverndar er þar tvöfalt lykilorðakerfi og lykilorðinu breytt reglulega í öðru kerfinu. Verði hið sama gert í hinu kerfinu einnig.

Fyrir liggur að skráð er bæði hverjir fletta upp upplýsingum í gagnagrunnum Hjartaverndar og hverjir færa upplýsingar inn. Þegar litið er til þessa og annars framangreinds gerir Persónuvernd ekki athugasemdir við fyrirkomulag hjá Hjartavernd til að tryggja rekjanleika uppflettinga og skráningar. Í ljósi þeirra reglna, sem raktar hafa verið um skjalfestingu upplýsingaöryggis, skal þó tekið fram að æskilegt er að skjalfestar verði reglur um gerð lykilorða.

3.3.

Annað

Í ljós kom í vettvangsheimsókn vegna úttektarinnar að nokkrar vélar á innra neti Hjartaverndar voru með gamlan hugbúnað sem innihélt alvarlega öryggisveikleika. Þessa veikleika mátti lagfæra með uppfærslum á hugbúnaði og hefur komið fram að nauðsynlegar uppfærslur hafa verið gerðar. Eins og á stendur kallar þetta atriði því ekki á frekari viðbrögð Persónuverndar.

Með vísan til alls framangreinds og þess að ekki hafa komið í ljós misbrestir á öryggi í tengslum við (a) dulkóðun persónuauðkenna í gagnagrunnum Hjartaverndar og (b) rekjanleika uppflettinga og skráningar þykja ekki efni til frekari meðferðar. Er máli þessu því lokið þar til tilefni verður talið til að framkvæma aðra úttekt.“

3.2.3. Fyrirspurn um það hvort lækni sé heimilt að miðla bluta sjúkraskrár barns til félagsmálayfirvalda með samþykki annars foreldris – mál nr. 2009/889

Þann 13. janúar 2010 svaraði Persónuvernd fyrirspurn um það hvort lækni sé heimilt að miðla hluta sjúkraskrár barns til félagsmálayfirvalda með samþykki annars foreldris. Í svarinu kom fram að almennt nægir samþykki annars forsjárforeldris barns fyrir nauðsynlegum ákvörðunum, þ.e. ef hitt foreldrið er hindrað í að sinna forsjárskyldum sínum. Sé unnt að biða með ákvörðun skuli það gert. Í svari Persónuverndar segir nánar:

„Persónuvernd vísar til tölvubréfs þíns frá 16. október 2009. Þar spyrd þú hvort lækni hafi verið heimilt að miðla hluta af sjúkraskrá barns til félagsmálayfirvalda. Fengið hafi verið munnlegt samþykki til miðlunarinnar frá öðru foreldrinu. Hitt foreldrið hafi hins vegar ekki verið látið vita, en um sé að ræða hjón. Einnig er spurt hvort nota hafi mátt tölvupóst til að miðla upplýsingunum.

Erindi þitt var rætt á fundi stjórnar Persónuverndar hinn 17. nóvember 2009. Taldi stjórnin tilefni til að spyrja hvort erindi þitt væri tilkomið vegna einhvers tiltekins atviks og hvort líta bæri á það sem kvörtun. Með tölvubréfi hinn 19. nóvember 2009 óskaði Persónuvernd þess að þú upplýstir um þetta atriði, en ekki hefur borist svar. Persónuvernd lítur því á erindi þitt sem almenna fyrirspurn sem svarað verður með því að fara yfir þær reglur sem hafa verið í huga í tengslum við slíka miðlun sem hér um ræðir.

Um aðgang að sjúkraskrá er fjallað í IV. kafla laga nr. 55/2009 um sjúkraskrár. Í ákvæðum kaflans er mælt fyrir um aðgang heilbrigðisstarfsfólks og sjúklunga sjálfra að sjúkraskrá. Þá er víkið að aðgangi heilbrigðisyfirvalda að sjúkraskrá, annars vegar aðgangi vegna meðferðar á kvörtunum og kærnum sjúklunga og hins vegar miðlun upplýsinga sem færa á í skrár sem Landlæknisembættið heldur utan um. Ekki er hins vegar mælt fyrir um aðgang annars konar stjórnvalda að sjúkraskrá, þ. á m. félagsmálayfirvalda. Samkvæmt 12. gr. laga nr. 55/2009 má hins vegar veita aðgang að sjúkraskrá ef heimild er til þess í öðrum lögum.

Í lögum nr. 77/2000 er mælt fyrir um hvenær vinnsla persónuupplýsinga er heimil, en þar undir fellur veiting aðgangs að slíkum upplýsingum. Ávallt verður að vera fullnægt einhverju skilyrðanna í 8. gr. laganna svo að vinna megi með persónuupplýsingar. Ef um ræðir viðkvæmar persónuupplýsingar þarf einnig að vera fullnægt einhverju skilyrðanna í 9. gr. sömu laga. Upplýsingar um heilsuhagi eru viðkvæmar persónuupplýsingar, sbr. c-lið 8. tölul. 2. gr. laganna.

Vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga er m.a. heimil þegar hinn skráði hefur samþykkt vinnsluna, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000, sbr. og 1. tölul. 1. mgr. 8. gr. sömu laga. Þarf að vera um að ræða samþykki í skilningi 7. tölul. 2. gr. laganna, en þar er samþykki skilgreint svo: „Sérstök, ótvíræð yfirlýsing sem einstaklingur gefur af fúsum og frjálsum vilja um að hann sé samþykktur vinnslu tiltekinna upplýsinga um sig og að honum sé kunnugt um tilgang hennar, hvernig hún fari fram, hvernig persónuvernd verði tryggð, um að honum sé heimilt að afturkalla samþykki sitt o.s.frv.“

Í 15. gr. læknalaga nr. 53/1988 er mælt fyrir um þagnarskyldu lækna og annarra heilbrigðisstétta. Samkvæmt 2. mgr. 15. gr. gildir þagnarskyldan ekki ef lög bjóða annað eða rökstudd ástæða er til þess að rjúfa þagnarskyldu vegna brýnnar nauðsynjar. Þá kemur m.a. fram að samþykki sjúklings, sem orðinn er eldri en 16 ára, leysir lækni undan þagnarskyldu, sbr. 3. mgr. sömu greinar. Sé sjúklingur yngri þarf samþykki forráðamanns.

Líta verður á framangreind ákvæði laga nr. 77/2000 og læknalaga sem heimild að lögum til aðgangs að sjúkraskrá í skilningi 12. gr. laga nr. 55/2009. Samþykki samkvæmt umræddum

ákvæðum verður þó ekki talið fela í sér fullnægjandi heimild til veitingar aðgangs að sjúkraskrá nema því aðeins að veiting aðgangans sé málefnaleg og nauðsynleg vegna lögmætra hagsmuna. Um það vísast til grunnreglna 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000 sem ávallt verður að vera fullnægt við vinnslu persónuupplýsinga. Þar kemur fram að við meðferð slíkra upplýsinga skal þess m.a. ávallt gætt að þær séu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og að öll meðferð þeirra sé í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga (1. tölul.); að þær séu fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.); og að þær séu nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.).

Af framangreindu verður ráðið að miðla megi sjúkraskrárupplýsingum um barn að fengnu samþykki foreldra þess að því gefnu að markmiðið með miðluninni sé m.a. málefnalegt, skýrt og lögmætt, auk þess sem miðlunin sé nauðsynleg til að markmiðinu verði náð.

Sérstakt álitamál getur verið hvort samþykki annars foreldris nægi sem grundvöllur miðlunar sjúkraskrárupplýsinga. Þegar foreldrar barns eru í hjúskap fara þeir báðir með forsjá barna sinna. Í 7. mgr. 28. gr. barnalaga nr. 76/2003 segir að ef annað forsjárforeldra barns er hindrað í að sinna forsjárskyldum sínum séu nauðsynlegar ákvarðanir hins um persónulega hagi barns gildar. Í athugasemdum við ákvæðið í því frumvarpi, sem varð að barnalögum, segir að ákvæðið geti t.d. átt við ef foreldri er horfið, mjög sjúkt eða langdvölum fjarri heimili. Þyki rétt að taka af öll tvímæli í þessu sambandi og ákveða að öðru forsjárforeldri sé almennt heimilt að taka nauðsynlegar ákvarðanir varðandi barn þegar svo háttar til sem í ákvæðinu segir. Ekki sé verið að vísa til minni háttar ákvarðana því að almennt sé ekki gert ráð fyrir að atbeina beggja foreldra þurfi til slíkra ákvarðana, heldur sé átt við ákvarðanir sem talist geti þýðingarmiklar. Rétt sé að undirstrika að ákvæðið sé bundið við nauðsynlegar ákvarðanir og því verði sú krafa almennt gerð að ákvarðanir, sem megi bíða þar til foreldri er ekki lengur hindrað í að sinna forsjárskyldum sínum, geri það.

Af framangreindu verður ráðið að samþykki vegna meiriháttar ráðstafana varðandi hagi barns þurfi að stafa frá báðum foreldrum, en frá því geti verið undantekningar. Ætla má að samþykki fyrir afhendingu sjúkraskrárupplýsinga til aðila utan heilbrigðisþjónustunnar geti talist til slíkra ráðstafana. Afhendingin getur þá verið heimil með samþykki annars foreldris en ekki beggja, enda séu aðstæður með þeim hætti sem tilgreindur er í 7. mgr. 28. gr. barnalaga. Þegar aðstæður eru ekki með þeim hætti verður að meta hvort afhending sjúkraskrárupplýsinga sé þess eðlis að hún teljist ekki til meiriháttar ráðstöfunar. Verði niðurstaða þess mats sú að um meiriháttar ráðstöfun sé að ræða þarf samþykki beggja foreldra til.

Ekki er mælt fyrir um form samþykkis foreldra í þeim lagareglum sem lýst er hér að ofan. Er því ekki tekið fram í lögum hvort samþykki þurfi að vera skriflegt. Ljóst er hins vegar að af sönnunarástæðum er það æskilegt, en auk þess getur reynst erfitt að fara að framangreindu ákvæði 7. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 77/2000 um hvað samþykki skuli fela í sér nema það sé skriflegt.

Ef upplýsingar úr sjúkraskrárm eru sendar með tölvupósti reynir sérstaklega á ákvæði 11. gr. laga nr. 77/2000 um upplýsingaöryggi. Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. skal gera viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir til að vernda persónuupplýsingar gegn ólöglegri eyðileggingu, gegn því að þær glatist eða breytist fyrir slysi og gegn óleyfilegum aðgangi. Þá segir í 2. mgr. 11. gr. að beita skuli ráðstöfunum sem tryggja nægilegt öryggi miðað við áhættu af vinnslunni og eðli þeirra gagna sem verja á, með hliðsjón af nýjustu tækni og kostnaði við framkvæmd þeirra.

Af framangreindum ákvæðum má ætla að við sendingu sjúkraskrárupplýsinga með tölvupósti sé eðlilegt að beita tryggri dulkóðun sem aðeins réttur viðtakandi upplýsinga geti leyst úr. Þegar slíkar upplýsingar eru sendar frá lækni til félagsmálayfirvalda reynir á reglum um þagnarskyldu lækna. Eins og fyrr greinir getur samþykki foreldra aflétt þeirri þagnarskyldu. Oft verður að ætla að samþykki beggja foreldra þurfi, en eftir atvikum getur þó samþykki annars foreldris nægt.“

3.2.4. Miðlun upplýsinga frá Læknisfræðilegri myndgreiningu til Sjúkratrygginga Íslands – mál nr. 2009/629

Persónuvernd barst erindi frá Læknisfræðilegri myndgreiningu ehf. þar sem spurt var hvort Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) mættu að lögum fara fram á upplýsingar um greiðslur fyrir veitta heilbrigðisþjónustu. Þann 21. janúar 2010 ályktaði Persónuvernd að SÍ hefði slíka heimild. Eins og málið lá fyrir var hins vegar ekki tekin afstaða til þess hvort SÍ hefði heimild til að miðla þeim áfram til heilbrigðisráðuneytisins. Í svari Persónuverndar segir m.a.:

„I.

Svar Persónuverndar

1.

Gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, og þar með verksvið Persónuverndar, sbr. 37. gr. laganna, nær til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkrar vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr.

Sú meðferð upplýsinga, sem hér um ræðir, felur í sér vinnslu persónuupplýsinga í framan­greindum skilningi sem fellur undir lög nr. 77/2000. Svo að vinnslan sé heimil þarf hún, eins og öll vinnsla persónuupplýsinga, að samrýmast einhverju af skilyrðum 8. gr. laga nr. 77/2000. Á meðal þeirra er að vinnsla sé heimil sé hún nauðsynleg til að efna samning sem hinn skráði er aðili að, að hún sé nauðsynleg vegna verks sem unnið er í þágu almannahagsmuna, að hún sé nauðsynleg við beitingu opinbers valds og að hún sé nauðsynleg til að gæta lögmætra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða vegi þyngra, sbr. 2, 5., 6. og 7. tölul. 1. mgr. 8. gr.

Þegar unnið er með viðkvæmar persónuupplýsingar þarf einnig að vera fullnægt einhverju viðbótarskilyrðanna fyrir vinnslu slíkra upplýsinga sem mælt er fyrir um í 9. gr. laga nr. 77/2000. Upplýsingar um heilsuhagi eru viðkvæmar persónuupplýsingar, sbr. c-lið 8. tölul. 2. gr. sömu laga. Erindi Læknisfræðilegrar myndgreiningar ehf. ber með sér að fyrirtækið telur beiðni Sjúkratrygginga Íslands um ávísanir lækna á myndgreiningarrannsóknir fela í sér að afhenda eigi upplýsingar um hvaða sjúklingar voru myndgreindir. Í svörum heilbrigðisráðuneytisins kemur hins vegar fram að ekki hafi verið átt við slíkar upplýsingar.

Auk þess sem vinnsla verður að styðjast við heimild í 8. gr. og, eftir atvikum, 9. gr. laga nr. 77/2000 verður hún að samrýmast öllum grunnreglum 7. gr. sömu laga. Þar segir m.a. að þess skuli gætt við vinnslu persónuupplýsinga að þær séu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga (1. tölul.); að þær séu fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.); og að þær séu nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.).

2.

Við mat á hvort farið sé að framangreindum ákvæðum verður einnig að líta til ákvæða í öðrum lögum eftir því sem við á. Hér skipta máli ákvæði laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar. Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. þeirra laga annast sjúkratryggingastofnunin, þ.e. SÍ, framkvæmd sjúkratrygginga og semur um og greiðir endurgjald fyrir heilbrigðisþjónustu samkvæmt lög­unum í samræmi við stefnumörkun ráðherra á hverjum tíma, í þessu tilviki þjónustu samkvæmt samningum við sérgreinalækna. Í 4. gr. laganna er mælt fyrir um að heilbrigðisráðherra fari með yfirstjórn sjúkratrygginga og samningsgerð um heilbrigðisþjónustu og aðra aðstoð samkvæmt lög­unum, svo og yfirstjórn sjúkratryggingastofnunarinnar.

Um heimildir SÍ til upplýsingaöflunar segir í 3. mgr. 45. gr. laga nr. 112/2008:

„Sjúkratryggingastofnunin getur krafist þess að samningsaðilar nýti samræmd upplýsingakerfi, þ.m.t. samræmda skráningu biðlista, og skili upplýsingum um veitta þjónustu og starfsemi á samræmdu rafrænu formi til stofnunarinnar. Vegna framkvæmdar eftirlits er stofnuninni jafnframt heimill aðgangur að ópersónugreinanlegum upplýsingum úr heilbrigðissskrám sem landlæknir heldur samkvæmt lögum um landlækni, eftir því sem við á.“

3.

Með vísan til alls framangreinds telur Persónuvernd SÍ hafa heimildir að lögum til að afla upplýsinga um greiðslur til heilbrigðisstofnana og lækna fyrir veitingu heilbrigðisþjónustu, í þessu tilviki upplýsinga vegna myndgreininga hjá Læknisfræðilegri myndgreiningu ehf., sbr. fyrrgreind ákvæði 8. gr. laga nr. 77/2000 og 3. mgr. 45. gr. laga nr. 112/2008. Að því gefnu að í gögnum, sem SÍ fær afhent, komi ekki fram upplýsingar um einstaka sjúklinga þarf öflun upplýsinganna ekki að byggjast á heimild í 9. gr. Ætla verður að ef aflað væri upplýsinga um einstaka sjúklinga gæti slíkt farið í bága við framangreind ákvæði 7. gr., enda verður ekki séð að slík upplýsingaöflun sé almennt nauðsynleg til að fá yfirlit yfir kostnað vegna veitingar heilbrigðisþjónustu.

Komið hefur fram að beiðni SÍ um upplýsingar hjá Læknisfræðilegri myndgreiningu hafi ekki lotið að upplýsingum um einstaka sjúklinga. Í bréfi SÍ til fyrirtækisins kom slíkt heldur ekki fram berum orðum. Hins vegar liggur fyrir að Læknisfræðileg myndgreining túlkaði erindið svo að það lyti að upplýsingum um einstaklinga. Til að fyrirbyggja slíkan misskilning, og þar með koma í veg fyrir að upplýsingar um sjúklinga berist SÍ að tilefnislausu, telur Persónuvernd mikilvægt að við upplýsingaöflun samkvæmt 3. mgr. 45. gr. laga nr. 112/2008 sé notast við samræmt form eins og tekið er fram í ákvæðinu. Á slíku formi yrði að tilgreina nákvæmlega hvaða upplýsinga óskað væri eftir, t.d. með þeim hætti að hafa sérstaka reiti á forminu til að færa í ákveðnar upplýsingar. Um leið yrði ljóst að ekki væri óskað eftir öðrum upplýsingum en þeim sem tilgreindar væru á hinu samræmda formi.

Í ljósi þessa leiðbeinir Persónuvernd Sjúkratryggingum Íslands um að útbúa slíkt samræmt form sem um ræðir í 3. mgr. 45. gr. laga nr. 112/2008. Í ljósi þess að beiðnir SÍ lúta ekki ávallt að sömu flokkum upplýsinga eru ekki gerðar athugasemdir við að unnt sé að aðlaga form að aðstæðum hverju sinni eða að notast sé við fleiri en eina tegund forma.

Í svari þessu er ekki tekin afstaða til heimilda til miðlunar upplýsinga frá SÍ um greiðslur til heilbrigðisráðuneytisins.

II.

Samandregin niðurstaða

Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) hafa heimild til að afla upplýsinga um greiðslur til heilbrigðisstofnana og lækna fyrir veitingu heilbrigðisþjónustu, í þessu tilviki upplýsinga vegna myndgreininga hjá Læknisfræðilegri myndgreiningu ehf., sbr. m.a. 3. mgr. 45. gr. laga nr. 112/2008. Í svari þessu er ekki tekin afstaða til heimilda til miðlunar upplýsinga frá SÍ um greiðslur til heilbrigðisráðuneytisins.“

3.2.5. Kvörtun yfir stjórnugjöf banka – mál nr. 2009/281 og 2009/894

Persónuvernd fjallaði um kvörtun manns yfir því að nafn hans væri merkt með stjörnum og annars konar athugasemdum hjá tveimur viðskiptabönkum hans. Persónuvernd gerði vettvangsathugun hjá þessum bönkum. Athugun hennar leiddi ekki í ljós að slík merking færi fram.

Í niðurstöðu stjórnar Persónuverndar í máli nr. **2009/281**, dags. 21. janúar 2010, segir m.a.:

„I.

Tildrög máls og bréfaskipti

Hinn 9. mars 2009 barst Persónuvernd tölvupóstur K. Þar sagði m.a.:

„Fyrir rúmu ári komst ég að því fyrir tilviljun að nafn mitt var „sérmerkt“ með „2 stjórn-um“ hjá Landsbanka – þetta átti að láta þjónustufulltrúa vita að ég væri „ÓÆSKILEGUR“ viðskiptavinur vegna afskrifta [...] Ég fór á stúfana og kannaði málið og fékk þetta staðfest hjá starfsmanni – ég var brennimerktur í tölvukerfinu. Mér var bent á að ræða við „Fagráð“ Lí ef ég vildi fá þessu breytt, sem ég og gerði. [...] Samsagt – þeir eru með mig „brenni“ merktan og neita að fella það niður nema þeir fái greiðslu.“

Með bréfi dags. 28. apríl 2009 óskaði Persónuvernd nánari skýringa og í framhaldi af því barst tölvupóstur frá K, dags. 12. maí. Þar segir m.a.:

„Landsbanki Íslands nú NBI ehf. hefur brotið á mér upplýsingarétt minn, sbr. 18. grein laga nr. 77/2000. Fer ég þess á leit við Persónuvernd að hún hlutist um málið og fái skýr svör og upplýsingar frá stjórn bankans.“

Hann áréttaði enn erindi sitt með bréfi, dags. 15. Júlí, og tók fram að Persónuvernd mætti gjarnan leita eftir hvernig almennt sé unnið með slíkar upplýsingar um fólk hjá bönkum og hve lengi þeir telji sig þurfa á slíkum upplýsingum að halda.

Með bréfi, dags. 12. október 2009, kallaði Persónuvernd eftir skýringum NBI hf. Skýringar bankans bárust með bréfi dags. 2. nóvember 2009. Þar segir að ekki hafi fundist þau bréf sem K vitni til í sínum bréfum til Persónuverndar. Segir að sá starfsmaður sem K nefni starfi hvorki hjá bankanum né skilanefnd. Þá segir að upplýsingar um afskriftir skulda séu færðar í upplýsingakerfi bankans. Ennfremur segir að ákvörðun um afskrift hafi óhjákvæmilega áhrif á viðskipti hlutaðeigandi viðskiptavinar við bankann á meðan krafan er ófyrnd. Því sé skráning um afskrift nauðsynleg. Segir að aðgangur að þessum upplýsingum sé takmarkaður við þá starfsmenn bankans sem þurfa á slíkum upplýsingum að halda við störf sín. Segir að bankinn styðjist ekki við stjórnugjöf eða annars konar matskerfi eða greiningu á viðskiptavinum sínum eins og K hafi haldið fram.

Af hálfu Persónuverndar var ákveðið að fara í heimsókn til bankans til að kanna réttmæti svara bankans um að ekki væru skráðar upplýsingar um „stjórnugjöf eða annars konar matskerfi eða greiningu“. Vettvangsathugun fór fram í NBI banka að Austurstræti 5 hinn 18. nóvember 2009. Af hálfu bankans voru viðstödd B, Æ, K og H. Farið var yfir upplýsingakerfi bankans og K flett upp að því marki sem þörf þótti til að kanna hvort slíkt kæmi fram. M.a. var viðskiptayfirlit hans skoðað. Kom fram að mál hans hefði farið fyrir Fagráð. Hvergi var að finna ummerki um stjórnugjöf eða athugasemdir um K, s.s. um að hann væri óæskilegur viðskiptavinur. Kom fram í máli fulltrúa bankans að enginn gæti fært inn slíkan texta.

Hinn 13. janúar 2010 sendi Persónuvernd NBI hf. minnisblað sitt um þessa vettvangsathugun og gaf bankanum kost á að koma að athugasemdum við það. Þær bárust hinn 19. janúar 2010. Þær haggja ekki framangreindu.

II.

Forsendur og niðurstaða

Lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirka vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekens einstaklings, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna. Vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. laganna. Ágreiningur um vinnslu slíkra upplýsinga fellur undir Persónuvernd, sbr. 37. gr. laga nr. 77/2000.

Þann 9. mars 2009 barst Persónuvernd kvörtun K yfir því að nafn hans væri „sérmerkt“ með

„2 stjórnnum“ hjá Landsbanka. Þetta væri gert til gefa þjónustufulltrúum til kynna að hann væri „óæskilegur“ viðskiptavinur. Var þess óskað að Persónuvernd tæki málið til rannsóknar. Persónuvernd fékk þau svör að bankinn styðjist ekki við stjórnugjöf eða annars konar matskerfi eða greiningu á viðskiptavinum sínum, sbr. bréf NBI hf., dags. 2. nóvember 2009. Til að staðreyna svar bankans fór Persónuvernd í vettvangsheimsókn til bankans þann 18. nóvember 2009. Í þeirri heimsókn kom ekkert fram um að slík skráning sem kvartað er yfir ætti sér stað.

Með vísun til framangreinds telur Persónuvernd ekki vera forsendur til efnislegrar úrlausnar um lögmæti slíkrar vinnslu sem kvartað er yfir. Þykja ekki vera efni til frekari meðferðar máls þess og verður það því fellt niður.“

Í niðurstöðu stjórnar Persónuverndar í hinu málinu, þ.e. máli nr. **2009/894**, dags. 21. janúar 2010, segir m.a.:

„I.

Tildrög máls og bréfaskipti

Hinn 17. júlí 2009 barst Persónuvernd kvörtun K undir yfirskriftinni: „Formleg kvörtun vegna Glitnisbanka, Íslandsbanka (Eldgamla, Gamla og nýja) um brot á 18. gr. laga nr. 77/2000“. Í kvörtuninni segir m.a.:

„Í september 2008 komst ég að því að í gagnaskrá bankans (tölvuskram) lágu upplýsingar um mig þess eðlis að þjónustufulltrúa bankans var bent á með „stjórnugjöf“ hve „óæskilegur“ viðskiptavinur ég væri, ég var sem sagt með einhver lituð merki (rauð eða gul) stjórnur eða krossa eða eitthvað og örugglega einhverjar skrifaðar athugasemdir, sem gáfu til kynna að bankinn hafi þurft að afskrifa einhverjar fjárhæðir mér tengdar.“

Einnig segir í kvörtuninni:

„Ég ritaði bankastjórn bréf og bað um skýringar og fékk svarbréf [...] Þar vil ég meina að sé logið til um að „engar upplýsingar aðrar en kröfur frá þriðja aðila“ [...] séu skráðar hjá bankanum. Ég fékk upplýsingar innan úr bankanum löngu eftir að bréfið var ritað og þar var skráning um mig enn óbreytt. Ég er skráður sem einhver óæskilegur viðskiptavinur vegna eldgamalla og fyrndra mála.“

Með bréfi, dags. 12. október 2009, kallaði Persónuvernd eftir skýringum Íslandsbanka hf. Skýringar bankans bárust með bréfi dags. 27. október 2009. Þar segir að engar slíkar athugasemdir, sem kvartandi vísi til, sé að finna í gagnaskrá eða kerfum bankans. Þá er tekið fram að kvartandi sé hvergi skráður sem „óæskilegur viðskiptavinur“ hjá bankanum og að engar upplýsingar séu skráðar um „eldgömur og fyrnd mál“ kvartanda. Þá segir eftirfarandi í bréfi bankans:

„Þrátt fyrir að kvartandi leggi engin gögn fram til stuðnings fullyrðingum sínum um það sem hann kallar „stjórnugjöf“, telur bankinn líklegast að þar sé viðkomandi að vísa í það kerfi sem kallast lánshæfi Íslandsbanka fjármögnunar. Þetta kerfi er tæki til að auðvelda ráðgjöfum skoðun á umsóknum (hjá Íslandsbanka fjármögnun sem er dótturfélag Íslandsbanka hf.) þegar taka á ákvörðun um lánveitingu. Eitt af því sem fellur undir lánshæfismatið er að kanna vanskilaskrá en þá könnun þarf að gera handvirkt. Af þessum sökum falla allir viðskiptavinir undir „gult ljós“ sem hefur þá þýðingu að engin lánsúmsókn fer sjálfkrafa í gegnum kerfið og tryggir að lánshæfismat fari fram áður en lán er veitt.“

Af hálfu Persónuverndar var ákveðið að fara í heimsókn til bankans til að kanna réttmæti svara bankans um að ekki væru skráðar ofangreindar upplýsingar um kvartanda. Vettvangsathugun fór fram í Íslandsbanka hf. að Kirkjusandi 2 hinn 18. nóvember 2009. Af hálfu bankans voru viðstödd A, P og G. Farið var yfir upplýsingakerfi bankans og K flett upp að því marki sem þörf þótti til að kanna hvort slíkt kæmi fram. M.a. var viðskiptamannalisti skoðaður (Íslind).

Engar afskriftir voru skráðar og öll viðskipti uppgerð samkvæmt skránni. Enga stjórnugjöf var að sjá og engar athugasemdir um að K væri óæskilegur viðskiptavinur eða þess háttar.

Hinn 13. janúar 2010 sendi Persónuvernd Íslandsbanka hf. minnisblað sitt um þessa vettvangsathugun og gaf bankanum kost á að koma að athugasemdum við það. Þær bárust hinn 15. janúar 2010. Þær hagga ekki framangreindu.

II.

Forsendur og niðurstaða

Lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirka vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna. Vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. laganna. Ágreiningur um vinnslu slíkra upplýsinga fellur undir Persónuvernd, sbr. 37. gr. laga nr. 77/2000.

Þann 17. júlí 2009 barst Persónuvernd kvörtun K yfir því að í gagnaskrá Íslandsbanka lægju upplýsingar um hann þess eðlis að þjónustufulltrúa bankans væri bent á með „stjórnugjöf“ hve „óæskilegur“ viðskiptavinur hann væri. Var þess óskað að Persónuvernd tæki málið til rannsóknar. Persónuvernd fékk þau svör að hjá bankanum væru engar þannig athugasemdir í gagnaskrá hans, sbr. bréf Íslandsbanka hf., dags. 27. október 2009. Til að staðreyna svar bankans fór Persónuvernd í vettvangsheimsókn til bankans þann 18. nóvember 2009. Í þeirri heimsókn kom ekkert fram um að slík skráning sem kvartað er yfir ætti sér stað.

Með vísun til framangreinds telur Persónuvernd ekki vera forsendur til efnislegrar úrlausnar um lögmæti slíkrar vinnslu sem kvartað er yfir. Þykja ekki vera efni til frekari meðferðar máls þess og verður það því fellt niður.“

3.2.6. Úrskurður um skoðun á tölvupósti fyrrum starfsmanns Morgunblaðsins – mál nr. 2009/892

Persónuvernd kvað upp úrskurð, þann 29. janúar 2010, um skoðun Morgunblaðsins á tölvupósti fyrrum starfsmanns. Var niðurstaðan sú að blaðinu hefði borið að gera honum aðvart áður en skoðunin fór fram og gefa honum kost á að vera viðstaddur. Var þar m.a. litið til innanhússreglna Morgunblaðsins sjálfs. Í úrskurði Persónuverndar segir:

„II.

Forsendur og niðurstaða

1.

Gildissvið laga nr. 77/2000 og skilgreining hugtaka

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 77/2000 gilda lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga. Persónuupplýsingar teljast vera sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Af skilgreiningunni má ráða að tölvupóstskeyti sem send eru manna á milli eru persónuupplýsingar ef beint eða óbeint er hægt að rekja þau og/eða efni þeirra til tiltekins einstaklings eða tiltekinna einstaklinga.

Vinnsla persónuupplýsinga er skilgreind sem sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 77/2000. Í athugasemdum með ákvæðinu kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu. Af því leiðir að undir vinnsluhugtakið fellur hver sú aðgerð sem lýtur að persónuupplýsingum og telja verður að þar undir falli framsending og skoðun persónuupplýsinga í netþjónum, þ.m.t. á tölvupósti, óháð því hvort aðeins sé opnað pósthólf og lesnar efnislínur og nöfn sendenda/viðtakenda eða hvort skeyti séu opnuð og lesin, að öðrum skilyrðum uppfylltum.

Af framangreindu er ljóst að sú aðgerð Árvakurs, að skoða tölvupóst kvartanda, hafi verið vinnsla persónuupplýsinga í skilningi laga nr. 77/2000. Fellur málið þar með undir gildissvið þeirra laga, sem og valdsvið Persónuverndar, sbr. 37. gr. laganna.

2.

Lögmæti rafrænnar vöktunar

Rafræn vöktun er heimil ef fullnægt er skilyrðum 1. mgr. 4. gr. laga nr. 77/2000 um að hún skuli fara fram í málefnalegum tilgangi. Til að rafræn vöktun sem leiðir til vinnslu persónuupplýsinga sé heimil verður einhverju þeirra skilyrða, sem kveðið er á um í 8. gr. laga nr. 77/2000, að vera fullnægt.

Rafræn vöktun getur þannig samrýmst 1. mgr. 4. gr. laga nr. 77/2000 og vinnsla almennra persónuupplýsinga, sem fram fer í tengslum við vöktun, getur helgast af 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. laganna.

Ávallt þarf hins vegar einnig að uppfylla meginreglur 7. gr. sömu laga, m.a. um sanngirni og meðalhóf. Við mat á því hvort þau skilyrði séu uppfyllt reynir á það hvort starfsmönnum sé ljóst að rafræn vöktun fer fram og hvaða vinnsla fer fram með þær persónuupplýsingar sem samfara henni verða til. Reynir einkum á sjónarmið um gagnsæi vinnslu persónuupplýsinga, þ.e. að slík vinnsla fari ekki fram með leynd, en kröfu um slíkt gagnsæi má m.a. leiða af 1. tölul. 1. mgr. 7. gr. þar sem mælt er fyrir um að við vinnslu persónuupplýsinga skuli þess gætt að hún sé sanngjörn.

Samkvæmt 5. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000 er Persónuvernd heimilt að setja reglur um rafræna vöktun. Slíkar reglur hefur hún sett og eru núgildandi reglur nr. 837/2006. Í 9. gr. þeirra er m.a. mælt fyrir um að ábyrgðaraðili að rafrænni vöktun, sem leiðir til vinnslu persónuupplýsinga, skuli setja skriflegar reglur um hana. Fyrir liggur að hjá Árvakri hf. voru settar slíkar reglur. Þar var m.a. að finna svohljóðandi ákvæði:

„Meginreglan er að allur póstur á póstmíðlara fyrirtækisins í persónutengdum pósthólfum er álitinn einkapóstur viðkomandi starfsmanns og verður ekki opnaður af öðrum, nema með leyfi starfsmannsins. Undantekning: Sé álitnið að pósthólfnið innihaldi efni sem er mikilvægt rekstrarhagsmunum fyrirtækisins, þá er hólfnið opnað, með vitund starfsmanns ef hægt er að koma því við.

Þau bréf sem starfsmaður geymir í hólfi sínu ætti hann að flokka. Einkatölvupóst ætti hann að setja í möppu sem merkt er Einkamál, Prívat eða eitthvað þessháttar, svo það fari ekki á milli mála hvers eðlis bréfin teljast, ef þarf að opna hólfnið af ofanefndri ástæðu.“

3.

Niðurstaða

Með vísan til framangreinds, og með vísan til starfsmannahandbókar Árvakurs, telur Persónuvernd eins og hér stóð á að með umræddri skoðun á tölvupósti kvartanda þann 30. september 2009 hafi Árvakur brotið gegn 3. mgr. 9. gr. reglna nr. 837/2006 um rafræna vöktun og samsvarandi ákvæði innanhússreglna Árvakurs. Kvartanda var ekki gefinn kostur á að vera viðstaddur. Samrýmist slík framkvæmd við skoðun umræddra tölvupóstskeyta ekki ákvæðum 7. gr. laga nr. 77/2000, um sanngjarna vinnslu, enda var kvartanda hvorki gerð grein fyrir væntanlegri skoðun né gefinn kostur á að vera viðstaddur hana. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að hagsmunir Árvakurs hafi verið það brýnir að ekki hafi verið ráðrúm til að gefa kvartanda kost á að vera viðstaddur. Þá ber að hafa í huga hvers kvartandi mátti vænta í ljósi ákvæðis innanhússreglna Árvakurs þar sem segir að „Meginreglan er að allur póstur á póstmíðlara fyrirtækisins í persónutengdum pósthólfum er álitinn einkapóstur viðkomandi starfsmanns og verður ekki opnaður af öðrum, nema með leyfi starfsmannsins.“. Þá er einnig mikilvægt að starfsmenn fjölmiðla geti tryggt vernd heimildar sinna og haldið trúnað við viðsemjendur sína í ljósi hlutverks þeirra í upplýstu samfélagi.

Forsvarsmanni Árvakurs hf., L, bar að gefa K kost á að vera viðstaddur skoðun á tölvupósti hans þann 30. september 2009.“

3.2.7. Fyrirspurn um friðhelgi einkalífs og tjáningarfrelsi á Netinu – mál nr. 2009/922

Persónuvernd barst fyrirspurn varðandi rétt einstaklinga til friðhelgi einkalífs á Netinu, hvort unnt væri að loka tiltekinni vefsíðu sem hýst væri innan samskiptavefsins Facebook og hvaða aðili og/eða stofnun hefði slíkt með höndum? Í svari Persónuverndar, dags. 21. október 2009, segir m.a.:

„Persónuvernd hefur móttakið fyrirspurn yðar, dags. 16. október 2009, varðandi rétt einstaklinga til friðhelgi einkalífs á Netinu, hvort unnt sé að loka umræddri vefsíðu sem hýst er innan samskiptavefsins Facebook og hvaða aðili og/eða stofnun hafi slíkt með höndum?

Persónuvernd er ekki kunnugt um að til séu sérstök lagaákvæði sem koma í veg fyrir að fólk sé nafngreint, eða að um það sé skrifað, á Netinu, hvorki í sérlægum né lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Almennt er talið að aðili beri ábyrgð á orðum sínum á Netinu sem telst opinber vettvangur. Ábyrgð kæmi helst til greina í þeim tilvikum þar sem aðili hefur heitið öðrum nafnleynd en nefnir hann þrátt fyrir það eða ef aðili hefur brotið gegn ákvæðum um þagnarskyldu sem finna má víða í lögum. Einnig getur aðili sætt ábyrgð samkvæmt XXV. kafla Almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sem fjallar um ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs. Samkvæmt 229. gr. laganna er refsivert að skýra opinberlega frá einkamálefnum annars manns án þess að nægar ástæður séu fyrir hendi. Ef aðili telur að brotið hafi verið gegn framangreindum ákvæðum ber honum að snúa sér til lögregluþingvalda.

Í stjórnarskrá Íslands er að finna ákvæði um grundvallarmannréttindi þegnanna. Er því rétt að fara nokkrum orðum um grundvallarregluna um tjáningarfrelsi sem finna má í 73. gr. stjórnarskrárinnar og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, en hann hefur lagagildi hér á landi sbr. 1. gr. laga nr. 62/1994. Þar segir að hver maður eigi rétt á að láta í ljós hugsanir sínar, en ábyrgjast verði hann þær fyrir dómi. Dreifing upplýsinga eins og þú nefnir í erindi yðar gæti talist falla undir tjáningarfrelsi í skilningi ákvæðisins. Í athugasemdum í greinargerð með frumvarpi því er varð að stjórnskipunarlögum nr. 97/1995 kemur fram að tjáningarfrelsið sé óumdeilanlega ein af undirstöðum lýðræðisþjóðfélags, en engu að síður meðal vandmeðförnustu mannréttinda og að ekki sé hægt að njóta þess án ábyrgðar. Því má setja tjáningarfrelsinu skorður með lögum, m.a. vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum. Þessar takmarkanir á tjáningarfrelsinu eru settar með hliðsjón af rétti manna til friðhelgi einkalífs, sem verndaður er af 71. gr. stjórnarskrár.

Réttur einstaklings til friðhelgis einkalífs, heimilis og fjölskyldu er verndaður í 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Í lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000, sbr. lög nr. 20/2001, er svo kveðið nánar á um réttindi til friðhelgi einkalífs að því er meðferð persónuupplýsinga varðar. Þessi lög hafa að geyma ákvæði sem eiga að tryggja einkalífsrétt manna við meðferð persónuupplýsinga, m.a. með því að kveða á um skyldur þeirra sem vinna með slíkar upplýsingar.

Hins vegar verður að skýra lög nr. 77/2000 með þeim hætti að þau brjóti ekki gegn framangreindri grundvallarreglu um tjáningarfrelsi manna. Þegar kemur að skrifum manna á Netinu getur þurft að taka mið af ákvæði 5. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 73. gr. stjórnarskrárinnar um tjáningarfrelsi. Fyrra ákvæðið fjallar um tengsl laga um persónuvernd við tjáningarfrelsi og veitir heimild til að víkja frá ákvæðum laganna í þágu fjölmiðlunar, lista eða bókmennta að því marki sem slíkt telst nauðsynlegt til að samræma sjónarmið um rétt til einkalífs annars vegar og tjáningarfrelsis hins vegar. Miðlun upplýsinga getur talist falla undir tjáningarfrelsi í skilningi stjórnarskrárákvæðisins, sbr. og 10. gr. laga nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu.

Af framangreindu er ljóst að ávallt er nauðsynlegt að fram fari hagsmunamat um það, hvort vegi þyngra í hverju einstöku tilviki friðhelgi einkalífs eða tjáningarfrelsi. Að mati Pers-

ónuverndar verður ekki litið svo á að stofnunin hafi vald til að taka bindandi ákvörðun um það, hvort einhver hafi skapað sér ábyrgð að lögum með misnotkun á stjórnarskrárbundnum rétti til tjáningarfrelsis. Er þá sérstaklega litið til þess að samkvæmt 1. málsl. 5. gr. laga nr. 77/2000 má víkja frá ákvæðum laganna í þágu fjölmiðlunar, að því marki sem slíkt er nauðsynlegt til að samræma sjónarmið um rétt til einkalífs annars vegar og tjáningarfrelsis hins vegar. Að mati Persónuverndar fellur úrlausn slíkra mála undir valdsvið dómstóla.

Persónuvernd vekur hins vegar athygli yðar á þeim möguleikum sem Facebook-samskiptavefurinn sjálfur býður upp á en samkvæmt notendaskilmálum hans er öðrum notendum unnt að senda inn kvörtun vegna ætlaðra brota á hugverkaréttindum aðila s.s. vegna misnotkunar á efni sem nýtur verndar höfundarréttarlaga (unnt er að fylla út kvörtunarform hér: <http://www.facebook.com/terms.php?ref=pf>). Þó ekki sé um að ræða höfundavarið efni í yðar tilviki segir engu að síður í lið 3 í „Yfirlýsingu um réttindi og ábyrgð notenda“ (e. Statement of Rights and Responsibilities) að óheimilt sé að leggja tiltekinn notanda í einelti, hóta honum eða ofsækja, sbr. 6. tölul. 3. gr. reglnanna, auk þess sem óheimilt er að nota Facebook til þess að framkvæma nokkuð sem er ólöglegt, villandi, illkvittið eða hefur mismunun í för með sér, sbr. 10. tölul. sömu greinar. Það álitaefni er þér kvartið yfir gæti heyrt undir framangreinda tölulíði reglnanna. Auk þess er unnt að „tilkynna“ (e. report) aðra notendur eða vefsvæði sem þeir halda úti með því að ýta á s.k. tilkynningarhnapp á hverri vefsíðu.

Að lokum bendir Persónuvernd yður á bréf er stofnunin sendi dómsmálaráðherra, dags. 17. september 2009, er varðaði birtingu viðkvæmra persónuupplýsinga á Netinu. Í bréfinu lagði Persónuvernd til við ráðherra að hann kannaði hvort fýsilegt væri að setja í lög heimild fyrir dómstóla til þess að úrskurða að kröfu lögreglu (og/eða mögulega þess sem misgert er við) um að fjarskiptafyrirtæki hér á landi lokuðu fyrir aðgang viðskiptavina að tiltekinni síðu þar sem slíkt efni kæmi fram. Það væri í betra samræmi við réttaröryggi að mælt væri fyrir um slíkt réttarúrræði í lögum og dómstólum fengið að skera úr um hvenær skilyrði laga væru uppfyllt til að nota þau, heldur en að fjarskiptafyrirtæki tækju ákvarðanir um slík mál. Bréfið má finna á heimasíðu stofnunarinnar, www.personuvernd.is (/efst-a-baugi//nr/929).

Með vísan til alls sem er fram komið eru ekki forsendur fyrir því að Persónuvernd leggi efnislegt mat á hvort einkalífsrétti einstaklinga hafi verið raskað, með vísan til 71. og 73. gr. Stjórnarskrárinnar, en vísar til fyrri ábendinga, m.a. um atbeina lögreglu í sams konar tilvikum og að framan hefur verið minnst á.“

3.2.8. Viðkvæmar persónuupplýsingar birtar í erindi rannsóknarlögreglumanns á Læknadögum – mál nr. 2010/78

Persónuvernd barst ábending um að viðkvæmar persónuupplýsingar hefðu verið birtar í erindi rannsóknarlögreglumanns á Læknadögum. Niðurstaða hennar varð sú að sýna hefði mátt meiri aðgát en í ljósi skýringa lögreglustjórans á Höfuðborgarsvæðinu var þó ákveðið að aðhafast ekki. Í bréfi Persónuverndar, dags. 1. mars 2010, segir:

„1.

Persónuvernd vísar til bréfs embættis Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, dags. 9. febrúar 2010, þar sem svarað er bréfi Persónuverndar, dags. 25. janúar s.á. Bréf Persónuverndar varðar erindi [R], rannsóknarlögreglumanns, á setningarathöfn Læknadaga hinn 18. s.m. Bárust ábendingar til Persónuverndar af tilefni erindisins. M.a. greindi [M], frá erindinu með eftirfarandi hætti:

„Dagana 18.–22. janúar sl. voru haldnir Læknadagar 2010. Athöfnin var sett með viðhöfn mánudaginn 18. janúar þar sem formaður Læknafélags Íslands og ráðstefnustjóri fluttu ávarp í viðurvist fjölda gesta, þ.m.t. ráðherra. Við setningarathöfnina flutti [R] rannsóknarlögreglu- maður áhrifamikil erindi um rannsókn blóðbletta á brotastað þar sem morð höfðu verið framin. Brá mörgum fundarmanninum í brún þegar lýsing á aðstæðum og afdrif hinna myrtu voru kynnt á afar opinskáan hátt þar sem fram kom tímasetning morðanna, heimilisföng

hinna myrtu með myndbirtingum þar sem í sumum tilvikum var ekki gerð nein tilraun til að hylja andlit. Einnig voru nöfn hinna myrtu nefnd.“

Í bréfi Persónuverndar var óskað skýringa varðandi framangreint og um þær öryggisráðstafanir innan lögregluembættisins sem hér skipta máli og tengjast meðferð starfsmanna á viðkvæmum persónuupplýsingum sem embættið ber ábyrgð á. Kom fram að einkum væri átt við almenn fyrirmæli til starfsmanna og reglur um þagnarskyldu þeirra. Þá var þess óskað að gerð yrði grein fyrir aðgangsstýringum, kerfislægum aðgerðum til að tryggja rekjanleika uppflettinga og því hvernig staðið er að innra eftirliti.

Embætti Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu svaraði með bréfi, dags. 9. febrúar 2010. Þar segir:

„[R] rannsóknarlögreglumaður í tæknideild LRH, líkt og aðrir sérfróðir starfsmenn lögreglu, er iðulega fenginn til að fræða samstarfsmenn, lögreglumenn á námskeiðum á vegum lögregluskóla og aðra sem eiga samstarf við lögreglu. [R] er m.a. sérfróður um blóðferlagreiningu, sem snýst um rannsókn blóðbletta á brotavettvangi og hvað þeir geta þýtt og sýnt um atvik á vettvangi. Hann sem starfsmaður í tæknideild annast m.a. vettvangsrannsóknir.

Í umrætt sinn kynnti hann m.a. blóðferlagreiningu fyrir læknum á læknaðögum og notaðist við kynningarefni sem hann hefur notað í lögregluskólanum. Fyrirlestrinum er ætlað að varpa ljósi á mikilvæg atriði við vettvangsrannsókn, þar sem blóðblettir, blóðdropar og blóðslettur koma við sögu, til að tryggja rannsóknarhagsmuni og sönnunargögn og auka fagþekkingu innan stéttarinnar, og eftir atvikum að gefa öðrum innsýn í þessi fræði, líkt og í þessu tilviki á læknaðögum.

Að birta persónuupplýsingar um einstaklinga sem tengjast málunum sem til umræðu eru, eða andlitsmyndir af þeim, hefur að sjálfsögðu enga þýðingu frá fræðilegu sjónarmiði og ekki nauðsynlegt til að koma efninu til skila. Það var óheppilegt að gera slíkt á þessum vettvangi, ekki síst ef það truflaði viðstadda. Um var að ræða nýleg mál sem þegar hefur verið lokið. Þess má geta að upplýsingar um tímasetningu atburða og nöfn og heimilisföng aðila málanna höfðu í flestum tilvikum þegar birst í fjölmiðlum og þær eru auk þess aðgengilegar á heimasíðum dómstóla, bæði héraðsdóms og Hæstaréttar.

Þær upplýsingar sem [R] vinnur með í sinni kynningu eru úr hans vinnugögnum, þ.e. gögnum sem hann vann við rannsókn málanna, eftir atvikum ásamt öðrum rannsóknarlögreglumönnum í tæknideild. Hann er því með gögnin og upplýsingarnar við hendina þegar hann setur saman kynninguna. Kynningin samanstóð af ljósmyndum og texta sem [R] setti saman, fyrst og fremst fræðilegar útskýringar og hugleiðingar hans. Ekkert af því sem þar kom fram er sótt í miðlægan gagnagrunn lögreglu og myndakerfi tæknideildar er ekki hluti af hinum miðlæga gagnagrunni.

Allar ljósmyndir tæknideildar eru teknar og varðveittar á stafrænu formi. Þær eru varðveittar í gagnagrunni sem er aðgangsstýrður og aðeins rannsóknarlögreglumenn í tæknideild hafa aðgang að honum og enginn möguleiki fyrir aðra starfsmenn að komast í eða vinna með þær myndir.

Miðlægur gagnagrunnur lögreglu er miðstýrt kerfi, kallað lögreglukerfið (LÖKE). Þar eru skráðar upplýsingar um mál og verkefni lögreglu, þ.m.t. persónuupplýsingar um aðila máls. Aðgangur að LÖKE er aðgangsstýrður, með aðgangsorði og lykilorði, en engir tveir starfsmenn hafa sama aðgangs- eða lykilorð. Meginreglan er að starfsmenn hafa mismunandi aðgang og ræðst hann af því hvaða starfi þeir sinna.

Allar aðgerðir og uppflettingar í LÖKE eru rekjanlegar þar sem kerfið skráir allar aðgerðir og uppflettingar þar sem fram kemur hvaða starfsmaður gerir hvað og á hvaða tíma (dag- og tímasetning). Það er einfalt mál að rekja allar uppflettingar sem framkvæmdar eru.

Lögreglukerfið (LÖKE) er miðlægt, er notað af öllum lögregluembættum landsins og rekið af Ríkislögreglustjóranum, sem hefur væntanlega þegar gert Persónuvernd grein fyrir kerfinu með tilkynningu lögum samkvæmt.

Hér er litið á erindi Persónuverndar sem þarfa ábendingu og mun þess verða gætt framvegis að persónuupplýsingar og andlitsmyndir komi ekki fram í kynningum af þessu tagi, enda hafa þær yfirleitt ekki neina þýðingu þegar kynna þarf eða útskýra blóðferlagreiningu eða aðrar tæknilegar starfsaðferðir á vettvangi.“

2.

Þau lög, sem Persónuvernd starfar eftir og framfylgir, þ.e. lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, gilda um vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna. Með persónuupplýsingum er í lögnum átt við sérhverjar persónugreindar eða persónugrein-anlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna.

Við meðferð slíkra upplýsinga verður m.a. að fara að kröfum um upplýsingaöryggi, þ. á m. um öryggisráðstafanir, s.s. aðgangsstýringar, sbr. 1. og 2. mgr. 11. gr. laganna, og um innra eftirlit, sbr. 12. gr. laganna. Ekki verður séð af svari embættis Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu að ástæða sé til athugasemda hvað það varðar að öðru leyti en því að gögn, sem rannsóknarlögreglumadur vinnur með vegna rannsóknar sakamáls, hljóta ávallt að teljast gögn lögreglunnar en ekki vinnugögn viðkomandi starfsmanns persónulega. Er því lögð áhersla á að upplýsingaöryggis sé gætt hvað varðar slík gögn, sem hér um ræðir, rétt eins og öryggis er gætt hvað önnur gögn varðar.

Persónuvernd minnir jafnframt á þá grunnreglu 1. tölul. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000 að við vinnslu persónuupplýsinga skal þess gætt að þær séu unnar með sanngjörnum, málefna- legum og lögmætum hætti og að öll meðferð þeirra sé í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga. Þegar um ræðir upplýsingar um látna verður að ætla að þessar kröfur feli í sér að við meðferð upplýsinga um þá sé minningu þeirra sýnd virðing, m.a. af tilliti til vina og vandamanna.

3.

Mál þetta var rætt á fundi stjórnar Persónuverndar þann 1. mars 2010. Er ljóst að í því tilvik, sem hér um ræðir, mátti sýna meiri aðgát en raun ber vitni og verður ekki séð að farið hafi verið að settum lögum og reglum. Í ljósi skýringa embættis Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, dags. 9. febrúar 2010, var engu að síður ákveðið að aðhafast ekki frekar í máli þessu eins og á stendur. Hins vegar er mælt til þess að framvegis verði þess gætt að tilvik, eins og það sem hér um ræðir, endurtaki sig ekki.“

3.2.9. Úrskurður vegna myndbirtingar á starfsstöð – mál nr. 2009/1033

Persónuvernd úrskurðaði þann 1. mars 2010 í máli manns sem kvartaði yfir því að mynd af honum var hengd upp á vegg á vinnustaðnum hans. Umrædd mynd hafði verið tekin af honum er hann hóf störf hjá fyrirtækinu. Taldi Persónuvernd birtinguna ekki brjóta í bága við lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Í úrskurði stofnunarinnar segir m.a.:

„I.

Grundvöllur máls

Málavextir og bréfaskipti

1.

Tildrög máls

Þann 13. nóvember 2009 barst Persónuvernd kvörtun [K] (hér eftir nefndur kvartandi) vegna vinnslu persónuupplýsinga um hann hjá [M]. Um var að ræða myndbirtingu af kvartanda á starfsstöð hans hjá [M].

Bréfaskipti

Með bréfi, dags. 20. nóvember 2009, tilkynnti Persónuvernd [M] um kvörtunina og gaf fyrirtækinu kost á að koma fram með andmæli sín. Var þess sérstaklega óskað að [M] veitti upplýsingar um tilgang umræddar myndbirtingar. Veitti Persónuvernd [M] frest til 7. desember 2009. Með símtali var framangreindur frestur lengdur til 11. desember 2009. Með tölvubréfi, dags. 8. desember 2009, veitti [A], f.h. [M], svör varðandi myndbirtinguna. Í tölvubréfinu sagði m.a.:

„Í [M] í Garðabæ eru um 150 starfsmenn í framleiðslu og vinna þeir eftir svokölluðu sellu-fyrirkomulagi.

Sellurnar sem eru 11 talsins eru með frá 8 til 18 starfsmönnum. Framleiðslusvæðið er á 12.000 fermetrum og dreifast starfsmenn um svæðið.

Til að auðvelda samskipti og til að bæta upplýsingaflæðið innanhúss er sett upp upplýsingatafla við hverja sellu. Á þessar töflur eru settar upp ýmsar upplýsingar er varða viðkomandi sellu. Þar á meðal eru myndir af starfsmönnum hverrar sellu fyrir sig.

Það sama á við um aðra hópa og svið, t.d verkefnastjóra, hönnuði, sölumenn, ráðgjafa, framleiðslustjóra og fleiri hópa, þar eru myndir uppi til að auðvelda samskipti. Einnig er í matsal skjár með rúllandi upplýsingum um nýja starfsmenn, afmælisdaga og starfsemi fyrirtækisins í máli og myndum.

Framleiðslugólfíð er lokað öðrum en starfsmönnum [M] og ganga gestir eftir ákveðnum leiðum og eru upplýsingatöflurnar ekki á þeirri leið. Það gerist öðru hvoru að gestir fá að fara niður á gólf en það er meira undantekning en regla.

Við ráðningu til [M] er tekin mynd af viðkomandi starfsmanni eða hann útvegar sjálfur mynd. Þessar myndir eru öllum aðgengilegar í upplýsingakerfi og innra neti fyrirtækisins. Myndin sem [K] vísar til er mynd sem er í þessum kerfum. Þar eru einnig upplýsingar um símanúmer, vinnustöð og fleira. Mannaðuskerfið er opið öllum starfsmönnum [M] í Garðabæ.“

Með bréfi, dags. 9. desember 2009, var kvartanda boðið að tjá sig um framangreint svar [M] og veittur frestur til 22. desember 2009. Þann 18. desember 2009 mætti kvartandi á skrifstofu Persónuverndar þar sem hann lýsti því yfir að útskýringar Axels, sbr. tölvubréf, dags. 8. desember 2009, væru gagnslausar og lagði auk þess fram ljósmyndir sem sýndu hvernig umræddri myndbirtingu væri háttáð, en um útprentaða andlitsmynd af kvartanda, ásamt öðrum starfsmönnum, var að ræða sem hengd var upp á upplýsingatöflu hjá [M]. Tók kvartandi einnig fram að hann hefði samþykkt að láta taka af sér ljósmynd þegar hann hóf störf hjá [M], eingöngu í þeim tilgangi að setja ljósmyndina inn í tölvukerfi [M] en ekki til annars konar notkunar.

Með bréfi, dags. 22. desember 2009, óskaði Persónuvernd frekari skýringa frá [M] um tilgang vinnslunnar auk þess sem stofnunin óskaði eftir upplýsingum um það í hvaða heimild 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, umrædd vinnsla ætti sér stöð. Var þess óskað að svör bærust eigi síðar en 15. janúar 2010. Með símtali var sá frestur framlengdur til 22. janúar s.á.

Þann 28. janúar 2010 barst Persónuvernd með tölvubréfi svarbréf [Á] f.h. [M]. Þar kom m.a. fram að tilgangur myndbirtingarinnar væri aðallega að auðvelda samskipti og bæta upplýsingaflæði milli starfsmanna [M]. Þá væru brýnar öryggisástæður fyrir því að starfsmenn væru vel upplýstir um nánustu samstarfsmenn sína þar sem slík myndbirting væri ein árangursríkasta leiðin til að lágmarka hættu á mistökum í starfi vegna skorts á upplýsingum og/eða samskiptum sem sjálfkrafa leiddi af sér aukna framleiðni. Þá sagði einnig í svarbréfi [M] að þegar aðili hæfi störf hjá [M] væri tekin af honum mynd til framangreindra nota sem birt væri á innra neti starfsmanna en [M] telur myndbirtinguna á engan hátt íþyngjandi eða óviðeigandi fyrir starfsfólk félagsins. Þá segir einnig:

„[...] Hins vegar er það mat [M] að myndbirting þessi sé nauðsynleg til að efna þær skyldur sem starfsmenn undirgangast almennt í ráðningarsamningi sínum, einkum með hliðsjón

af innanhússamningum, t.d. í framleiðslu, og starfsmannahandbók sem eru gögn sem vísað er til í og fylgja með ráðningarsamningi, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 8. gr. laganna. Jafnframt telur félagið að myndbirting þessi sé nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á félaginu, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. laganna, einkum hvað varðar öryggi og aðbúnað á vinnustað.“

Með bréfi, dags. 29. janúar sl., var kvartanda aftur boðið að koma á framfæri athugasemdum sínum vegna svarbréfs [M] frá 28. janúar s.m. Þann 12. febrúar bárust athugasemdir kvartanda en þar ítrekaði hann fyrri sjónarmið sín – að umrædd myndbirting hefði ekki verið í samræmi við upphaflegan tilgang með töku myndarinnar og hvergi væri minnst á töku ljósmynda eða birtingu mynda í ráðningarsamningi hans.

II.

Forsendur og niðurstaða

1.

Gildissvið laga nr. 77/2000

Lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga.

Hugtakið persónuupplýsingar er skilgreint sem sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi. Hefur það verið talið taka til andlitsmynda af fólki, þ.e. mynda þar sem hægt er að bera kennsl á þá sem eru á myndunum.

Hugtakið vinnsla á við um sérhverja aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Til að vinnsla teljist rafræn er nóg að einhver þáttur vinnslunnar sé rafrænn.

Þá mynd sem mál þetta lýtur að, og ábyrgðaraðili hengdi upp, prentaði hann út úr eigin tölvukerfi. Telst því hafa verið um að ræða vinnslu persónuupplýsinga í skilningi laganna og fellur mál þetta þar með undir verkefnasvið Persónuverndar.

2.

Í máli þessu er óumdeilt að við ráðningu starfsmanna hjá [M] þurfa þeir að útvega myndir eða að þær eru teknar af þeim með þeirra samþykki. Þær eru vistaðar á innra neti fyrirtækisins. Umrædd mynd var prentuð út og hengd upp í sameiginlegu rými, þ.e. á svæði sem allir starfsmenn fara um.

Svo að vinna megi með persónuupplýsingar verður ávallt að vera fullnægt einhverju skilyrðanna í 8. gr. laga nr. 77/2000. Í 1. tölul. 1. mgr. 8. gr. segir að vinnsla sé heimil hafi hinn skráði ótvírætt samþykkt vinnsluna eða veitt samþykki skv. 7. tölul. 2. gr. Þá segir í 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. að vinnsla sé heimil sé hún nauðsynleg til að ábyrgðaraðili, eða þriðji maður eða aðilar sem upplýsingum er miðlað til geti gætt lögmætra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða vegi þyngra.

Auk þess sem heimild verður að vera til vinnslu í 8. gr. laga nr. 77/2000 verður öllum kröfum 7. gr. sömu laga að vera fullnægt. Þar er m.a. mælt fyrir um að við vinnslu persónuupplýsinga skuli þess gætt að þær séu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og að öll meðferð þeirra sé í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga (1. tölul.); að þær séu fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.) og að þær séu nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er í þágu tilgangs vinnslunnar (3. tölul.).

Við mat á því hvort sú vinnsla sem mál þetta lýtur að, þ.e. birting myndar af kvartanda á upplýsingatöflu fyrirtækisins, eigi sér stoð í samþykki sem hann veitti í upphafi starfsferlis síns hjá [M], er ekki ljóst að hann hafi þá vitað að myndin yrði notuð með umræddum hætti. Verður því ekki staðhæft að til myndbirtingarinnar hafi staðið ótvírætt samþykki hans, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 8. gr.

Að því er hins vegar varðar ákvæði 7. tölulíðar 1. mgr. 8. gr. hefur Persónuvernd litið til þess

að oft má telja slíka innanhússmiðlun mynda af starfsmönnum vera eðlilegan þátt í starfsemi viðkomandi aðila. Þá hefur verið litið til þess sem fram hefur komið hjá ábyrgðaraðila um lögmæta hagsmuni hans af vinnslunni. Ekkert hefur komið fram af hálfu kvartanda sem leiði líkum að því að sú myndbirting sem hér um ræðir hafi verið til þess fallin að ógna grundvallarréttindum eða frelsi hans, í skilningi ákvæðisins, en umrædd mynd var aðeins hengd upp þar sem hún var sýnileg samstarfsfólki hans og henni ekki miðlað til utanaðkomandi þriðja aðila. Að mati Persónuverndar verður ekki fullyrt að slík notkun myndarinnar teljist hafa verið ósamrýmanleg upphaflegum tilgangi í skilningi 2. tölul. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000.

Úrskurðarorð:

Birting [M] á mynd, sem tekin var af [K] þegar hann var ráðinn þar til starfa, fór ekki í bága við ákvæði laga nr. 77/2000.“

3.2.10. Upplýsingar um viðveru og kennitölu birtar á innri vef – mál nr. 2010/22

Kvartað var til Persónuverndar yfir birtingu persónuupplýsinga á innri vef Landspítala. Taldi Persónuvernd birtingu upplýsinga um viðveru kvartanda ekki brjóta gegn lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Hins vegar var birting kennitölu kvartanda talin óheimil. Í úrskurði, dags. 1. mars 2010, segir:

„II.

Forsendur og niðurstaða

1.

Gildissvið laga nr. 77/2000

Efnislegt gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, og þar með valdssvið Persónuverndar, nær til vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. og 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna.

Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lífandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Af athugasemdum við 2. tölul. 2. gr. í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu.

Af framangreindu er ljóst að í birtingu umræddra persónuupplýsinga um kvartanda á innra neti Landspítalans fólst vinnsla persónuupplýsinga í framangreindum skilningi. Samkvæmt því fellur mál þetta undir efnislegt gildissvið laga nr. 77/2000.

2.

Miðlun upplýsinga um viðveru

Í máli þessu er til úrlausnar lögmæti þess að birta upplýsingar um viðveru starfsmanna Landspítalans á innra vefsvæði þar sem þær eru öllum starfsmönnum aðgengilegar. Eins og áður segir telst það til vinnslu persónuupplýsinga í skilningi laga nr. 77/2000 en til hennar þarf ávallt að standa heimild samkvæmt einhverju skilyrðanna í 8. gr. laga nr. 77/2000. Í 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. segir að vinnsla sé heimil sé hún nauðsynleg til að ábyrgðaraðili, eða þriðji maður eða aðilar sem upplýsingum er miðlað til, geti gætt lögmætra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða vegi þyngra.

Auk þess sem heimild verður að vera til vinnslu í 8. gr. laga nr. 77/2000 verður öllum kröfum 7. gr. sömu laga að vera fullnægt. Þar er m.a. mælt fyrir um að við vinnslu persónuupplýsinga skuli þess gætt að þær séu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og að öll meðferð þeirra sé í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga (1. tölul.); að þær séu fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.) og að þær séu nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er í þágu tilgangs vinnslunnar (3. tölul.).

Við mat á því hvort það að gera starfsmönnum aðgengilegar upplýsingar um viðveru annarra starfsmanna eigi sér stoð í 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. laganna ber að líta til þess að birting þess háttar upplýsinga er jafnan eðlilegur þáttur í starfsemi vinnuveitanda Þá lítur Persónuvernd til þess sem fram hefur komið hjá ábyrgðaraðila um lögmæta hagsmuni hans af vinnslunni, þ. á m. um hagræði, fjárhagslegan ávinning og vinnusparnað. Að mati Persónuverndar hefur kvartandi ekki sýnt fram á að það að gera öðrum starfsmönnum aðgengilegar þessar upplýsingar sé til þess fallið að ógna grundvallarréttindum eða frelsi hennar, í skilningi ákvæðis 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. laganna. Má því telja vinnsluna eiga sér stoð í því ákvæði.

2.1.

Miðlun upplýsinga um kennitölu

Í máli þessu er ennfremur til úrlausnar lögmæti þess að birta upplýsingar um kennitölu kvartanda á innra vefsvæði Landspítalans þar sem þær eru öllum starfsmönnum aðgengilegar. Við mat á því þarf að líta til sérreglu 10. gr. laga nr. 77/2000. Af því ákvæði má ráða að notkun kennitölu sé háð því að hún eigi sér málefnalegan tilgang og sé nauðsynleg til að tryggja örugga persónugreiningu. Að mati Persónuverndar hefur ekkert komið fram af hálfu Landspítalans er sýni að umrædd miðlun á upplýsingum um kennitölu kvartanda hafi verið nauðsynleg til að tryggja örugga persónugreiningu eða að öðru leyti verið í samræmi við ákvæði 10. gr. laga nr. 77/2000. Þá hefur Persónuvernd litið til meðalhófsákvæða 7. gr. sömu laga, en í því sambandi skiptir máli að Landspítalinn er einn stærsti vinnustaður á landinu með um 5000 starfsmenn og því um að ræða víðtæka miðlun á kennitölu kvartanda til aðila sem ekki hefur verið sýnt að þurfi á kennitölu að halda. Þá hefur hvergi komið fram að ekki nægi t.d. að birta aðeins hluta kennitölu. Í ljósi framangreinds verður ekki talið að birting á upplýsingum um kennitölu kvartanda á innri vef Landspítalans samrýmist ákvæðum laga nr. 77/2000.

Úrskurðarorð:

Birting Landspítala á upplýsingum um viðveru K á innra vefsvæði spítalans fer ekki gegn ákvæðum laga nr. 77/2000. Birting á kennitölu hennar þar er hins vegar óheimil.“

3.2.11. Kvörtun yfir að bannmerking í símaskrá hafi ekki verið virt – mál nr. 2009/1054

Maður kvartaði yfir því að nafn hans var á skrá sem seld var frá Já ehf. Hann var bannmerktur í símaskrá. Af þeirri ástæðu var miðlun upplýsinganna ekki talin samrýmast lögum nr. 77/2000. Í úrskurði, dags. 12. mars 2010 segir m.a.:

„II.

Forsendur og niðurstaða

1.

Efnislegt gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, og þar með valdsvið Persónuverndar, nær til vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. og 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í athugasemdum við 2. tölul. 2. gr. í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu. Af framangreindu er ljóst að miðlun umræddrar skráar frá Já ehf. til Styrktarfélags lamadra og fatlaðra er vinnsla persónuupplýsinga í skilningi laga nr. 77/2000 og þarf að samrýmast ákvæðum þeirra.

Mál þetta varðar ekki óumbeðin fjarskipti og reynir því ekki á reglur 5. mgr. 46. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003, um merkingar í símaskrá.

Samkvæmt framansögðu fellur úrlausn ágreiningsmáls þessa undir úrskurðarvald Persónuverndar, sbr. 2. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000.

2.

Svo að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil verður ávallt að vera fullnægt einhverju skilyrðanna í 8. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, og eftir atvikum 9. gr. laganna, ef um viðkvæmar persónuupplýsingar er að ræða. Um vinnslu persónuupplýsinga í markaðssetningarstarfsemi gildir hins vegar sérákvæði 28. gr. laganna. Ákvæðið gerir ráð fyrir sérstökum og ríkum andmælarétti hins skráða að því er varðar notkun persónuupplýsinga um hann í tengslum við markaðssetningarstarfsemi. Er þessi réttur ekki takmarkaður við að hinn skráði tilgreini sérstakar ástæður fyrir andmælum sínum. Persónuvernd telur að í þessu sambandi beri að túlka hugtakið markaðssetning rúmt. Það taki ekki aðeins til kynninga á vöru eða þjónustu sem í boði er gegn gjaldi heldur einnig annars áróðurs-, auglýsinga- og kynningarstarfs þar sem reynir á sömu sjónarmið. Samkvæmt því taki hugtakið markaðssetning m.a. til fjárflounar góðgerðarfélaga.

Eins og fram kemur í skýringum við ákvæði 28. gr. í athugasemdum, sem fylgdu frumvarpi því er varð að lögum nr. 77/2000, ber að túlka það með hliðsjón af b-lið 14. gr. tilskipunar nr. 95/46/EB. Þar er mælt fyrir um rétt skráðs aðila til að andmæla, með beiðni og sér að kostnaðarlausu, vinnslu persónuupplýsinga um sig sem ábyrgðaraðili fyrirhugar vegna beinnar markaðssetningar, eða rétt til að honum sé skýrt frá því áður en persónuupplýsingar eru fyrst fengnar þriðju aðilum, eða notaðar fyrir þeirra hönd, vegna beinnar markaðssetningar og að fá skýrt tilboð um að nýta rétt sinn til að andmæla slíkri miðlun eða notkun, sér að kostnaðarlausu.

Ákvæði 28. gr. gerir ráð fyrir að Þjóðskrá haldi skrá yfir þá sem andmæla því að nöfn þeirra séu notuð í markaðssetningarstarfsemi. Samkvæmt 2. mgr. 28. gr. skulu þeir sem miðla skrá til þriðja aðila í tengslum við markaðssetningarstarfsemi, áður en slík skrá er notuð í slíkum tilgangi, bera hana saman við skrá Þjóðskrár til að koma í veg fyrir að markpóstur verði sendur eða hringt verði til einstaklinga sem hafa andmælt slíku. Um þá sem miðla félaga-, starfsmanna- eða viðskiptamannaskrá til nota í slíkum tilgangi gildir einnig 5. mgr. 28. gr., eins og ákvæðinu var breytt með lögum nr. 90/2001. Hún hljóðar svo:

„Ábyrgðaraðila er heimilt að afhenda félaga-, starfsmanna- eða viðskiptamannaskrár til nota í tengslum við markaðssetningarstarfsemi. Þetta á þó aðeins við ef:

1. ekki telst vera um afhendingu viðkvæmra persónuupplýsinga að ræða,
2. hinum skráðu hefur, áður en afhending fer fram, verið gefinn kostur á að andmæla því, hverjum fyrir sitt leyti, að upplýsingar um viðkomandi birtist á hinni afhentu skrá,
3. slíkt fer ekki gegn reglum eða samþykktum viðkomandi félags,
4. ábyrgðaraðili kannar hvort einhver hinna skráðu hefur komið andmælum á framfæri við Þjóðskrá, sbr. 2. mgr., og eyðir upplýsingum um viðkomandi áður en hann lætur skrána af hendi.“

Af framangreindu leiðir að áður en slík skrá er afhent til nota í markaðssetningarstarfsemi þarf hinum skráðu, skv. 2. tölul., að hafa verið gefinn kostur á að andmæla því, hverjum fyrir sitt leyti, að upplýsingar um þá birtist á afhentri skrá. Fyrir liggur að kvartandi hefur komið andmælum sínum á framfæri við Já ehf. með því að óska svonefndrar x-merkingar í símaskrá. Gert er ráð fyrir þessu á heimasíðu Já ehf. Þar er reitur fyrir bannlistamerkingu og undir orðunum „Vissir þú...“ segir m.a.: „[.]Að x þýðir að rétthafi númersins hefur óskað eftir því að vera ekki ónáðaður af aðilum sem stunda beina markaðssetningu.“ Telja verður að með því að óska slíkrar merkingar hafi kvartandi komið á framfæri andmælum sínum í skilningi framangreinds ákvæðis 5. mgr. 28. gr. laga nr. 77/2000.

Að virtu framangreindu, og ákvæði 1. gr. laga nr. 77/2000, um að markmið laganna sé að stuðla að því að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs, og skýringum við ákvæði 28. gr. í athugasemdum sem fylgdu frumvarpi því er varð að lögum nr. 77/2000, og skýringum með lögum nr. 90/2001 um

breyting á þeim lögum, og þess að jafna verður skrá Já ehf til viðskiptamannaskrár í skilningi 5. mgr. 28. gr., sérstaklega þegar litið er forsögu hennar, og fyrri skilmála sem tölvunefnd, forveri Persónuverndar, setti um notkun hennar í umræddri starfsemi, þ. á m. um bannmerkingar, er það mat Persónuverndar að Já ehf. hafi, áður en það afhenti skrána til Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra, borið að eyða nafni kvartanda, sem hafði komið á framfæri ósk sinni um að vera ekki ónáðaður af aðilum sem stunda beina markaðssetningu. Þá þykir mega líta til þess að Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra hefur ekki óskað undirþágu frá bannmerkingum, sbr. lokamálslið 2. mgr. 28. gr. laga nr. 77/2000.

Úrskurðarorð:

Miðlun Já ehf. á upplýsingum um K til Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra, á skrá sem ætluð var til nota í markaðssetningarstarfsemi, var ekki í samræmi við ákvæði laga nr. 77/2000.“

3.2.12. Aðgangsstýringar hjá lögreglunni – mál nr. 2007/621

Persónuvernd gerði úttekt á öryggi aðgangsstýringa í Lögregluckerfi Ríkislögreglustjórans (LÖKE). Í niðurstöðu hennar, dags. 12. mars 2010, segir m.a.:

„1.

Gildissvið laga nr. 77/2000

Gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna, nær til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkrar vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í athugasemdum við 2. tölul. 2. gr. í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu. Af þessu öllu er ljóst að mál þetta lýtur að vinnslu persónuupplýsinga sem fellur undir valdsvið Persónuverndar.

2.

Almennt um reglur um upplýsingaöryggi

Samkvæmt lögum nr. 77/2000 hvílir sú skylda á ábyrgðaraðila að tryggja öryggi þeirra persónuupplýsinga sem unnið er með, sbr. 11.–13. gr. laganna og reglur Persónuverndar nr. 299/2001 um öryggi persónuupplýsinga, settum með stoð í þeim ákvæðum. Með ábyrgðaraðila er átt við þann sem ákveður tilgang vinnslu persónuupplýsinga, þann búnað sem notaður er, aðferð við vinnsluna og aðra ráðstöfun upplýsinganna, sbr. 4. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000.

Í 11. gr. laga nr. 77/2000 er fjallað um öryggisráðstafanir o.fl. Skal ábyrgðaraðili gera viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir til að vernda persónuupplýsingar gegn ólöglegri eyðileggingu, gegn því að þær glatist eða breytist fyrir slysi og gegn óleyfilegum aðgangi, sbr. 1. mgr. 11. gr. Beita skal ráðstöfunum sem tryggja nægilegt öryggi miðað við áhættu af vinnslunni og eðli þeirra gagna sem verja á, með hliðsjón af nýjustu tækni og kostnaði við framkvæmd þeirra, sbr. 2. mgr. 11. gr.

Ábyrgðaraðili ber ábyrgð á því að áhættumat og öryggisráðstafanir séu í samræmi við lög, reglur og fyrirmæli Persónuverndar, þ.m.t. þá staðla sem hún ákveður að skuli fylgt, sbr. 3. mgr. 11. gr. Ábyrgðaraðili ber og ábyrgð á því að áhættumat sé endurskoðað reglulega og öryggisráðstafanir endurbættar að því marki sem þörf krefur til að uppfylla ákvæði þessarar greinar, sbr. 4. mgr. 11. gr.

Þá skal ábyrgðaraðili skrá með hvaða hætti hann mótar öryggisstefnu, gerir áhættumat og ákveður öryggisráðstafanir, sbr. 5. mgr. 11. gr., sbr. nánar 1. mgr. 3. gr. reglna nr. 299/2001. Í öryggisstefnu er að finna almenna lýsingu á helstu kröfum og áherslum varðandi upplýsinga-

öryggi; í áhættumati eru greindar þær ógnir sem steðja að vinnslu persónuupplýsinga; og í skráningu öryggisráðstafana eru slíkar ráðstafanir skjalfestar á grundvelli þeirra forsendna sem fram koma í áhættumati.

Samkvæmt 12. gr. laga nr. 77/2000 skal ábyrgðaraðili viðhafa innra eftirlit með vinnslu persónuupplýsinga til að ganga úr skugga um að unnið sé í samræmi við gildandi reglur og þær öryggisráðstafanir sem ákveðnar hafa verið.

Samkvæmt 13. gr. laga nr. 77/2000 skal hann og gera skriflegan samning við vinnsluaðila þar sem fram komi m.a. að vinnsluaðila sé einungis heimilt að starfa í samræmi við fyrirmæli hans og að ákvæði laga nr. 77/2000 um skyldur ábyrgðaraðila gildi einnig um þá vinnslu sem vinnsluaðili annast, sbr. 2. mgr. 11. gr. Með vinnsluaðila er átt við þann sem vinnur persónuupplýsingar á vegum ábyrgðaraðila, sbr. 4. tölul. 2. gr. laganna. Af því sem fram hefur komið við úttekt verður ráðið að engir vinnsluaðilar komi að þeirri vinnslu sem úttektin lýtur að.

3.

Niðurstaða um öryggi

Eins og fyrr greinir lýtur úttekt Persónuverndar að öryggi aðgangsstýringa í Lögreglukerfi Ríkislögreglustjórans (LÖKE). Ekki verður séð, af því sem fram hefur komið við framkvæmd úttektar, að ástæða sé til að gera athugasemdir við tilhögun þeirra í ljósi framangreindra reglna um upplýsingaöryggi þegar eftirfarandi fjögur atriði eru undanskilin:

1. Fækka verður þeim skiptum sem unnt er að gera tilraunir til að skrá sig inn í kerfið þannig að árangurslausar innskráningartilraunir geti í mesta lagi orðið tíu talsins í stað 25 eins og verið hefur. Fram hefur komið að embætti Ríkislögreglustjórans hyggst ráða bót á þessu.
 2. Gangi verður úr skugga um að samið hafi verið við SKÝRR á þann veg að samrýmist kröfum 13. gr. laga nr. 77/2000, en þar sem einn starfsmaður SKÝRR getur vegna vinnu sinnar séð persónugreinanleg gögn í LÖKE telst SKÝRR vera vinnsluaðili sem semja verður við samkvæmt ákvæðum þeirrar greinar, sbr. 2. kafla hér að framan.
 3. Skýra verður hvernig innra eftirliti með aðgangi að LÖKE er háttað þannig að ljóst verði að öll þau lögregluembætti, sem hafa aðgang að kerfinu, viðhafi slíkt eftirlit á þann veg að kröfum 12. gr. laga nr. 77/2000 sé fullnægt.
 4. Ekki liggur fyrir að öryggi aðgangsstýringa hafi verið skjalfest með þeim hætti að til staðar séu öryggisstefna, áhættumat og skráning öryggisráðstafana í samræmi við 5. mgr. 11. gr. laga nr. 77/2000 og 1. mgr. 3. gr. reglna nr. 299/2001. Fyrir liggur þó að með ýmsum hætti hefur verið skrásett hvernig upplýsingaöryggis er gætt. Fara verður yfir þá skrásetningu og kanna hvort hana verði að endurbæta í ljósi krafna þessara ákvæða.
- 5.

4.

Samandregin niðurstaða

Að þeim atriðum undanskildum, sem talin eru upp í 3. kafla hér að framan, telur Persónuvernd ekki ástæðu til að gera athugasemdir við öryggi aðgangsstýringa í Lögreglukerfi Ríkislögreglustjórans í ljósi laga nr. 77/2000. Eigi síðar en 1. nóvember nk. skal Ríkislögreglustjóraembættið skýra Persónuvernd frá því hvernig brugðist hefur verið við ábendingum stofnunarinnar um þau atriði.“

3.2.13. Fiskistofu heimilt að veita LÍÚ aðgang að upplýsingum – mál nr. 2010/154

Persónuvernd gaf álit á því hvort Fiskistofu væri heimilt að veita LÍÚ aðgang að upplýsingabrunni sínum, þ.e. fiskiskipaskrá og skrá um aflaheimildir, afla og ráðstöfun aflaheimilda einstakra fiskiskipa. Persónuvernd leit til þess að umrædd skrá hefur að geyma upplýsingar um aflahlutdeild einstakra skipa og úthlutun aflamarks til þeirra af auðlind sem telst sameign þjóðarinnar í skilningi laga um stjórnun fiskveiða. Persónuvernd gerði ekki athugasemdir við að Fiskistofa veitti LÍÚ aðgang að gögnunum. Í svari hennar, dags. 19. apríl 2010, segir:

„II.
Svar Persónuverndar

1.

Persónuvernd hefur það hlutverk að framfylgja lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Þau gilda um upplýsingar um einstaklinga, sbr. skilgreiningu 1. tölul. 2. gr. laganna á persónuupplýsingum. Alla jafna gilda þau ekki um lögaðila, sbr. þó 2. mgr. 45. gr. laganna sem ekki verður séð að eigi við í því tilviki sem hér um ræðir. Til þess ber hins vegar að líta að í ákveðnum tilvikum geta upplýsingar um lögaðila verið það nátengdar tilteknum einstaklingi að á það geti reynt hvort þær skuli teljast persónuupplýsingar, t.d. þegar um ræðir lítið fyrirtæki og upplýsingar um það eru því nátengdar eigandanum (sbr. álit nr. 4/2007 um hugtakið persónuupplýsingar frá vinnuhópi forstjóra persónuverndarstofnana samkvæmt 29. gr. persónuverndartilskipunarinnar nr. 95/46/EB).

Með vísan til framangreinds telur Persónuvernd þau álitafni, sem erindi Fiskistofu, dags. 8. febrúar 2010, lýtur að, falla undir gildissvið laga nr. 77/2000 og þar með starfssvið stofnunarinnar.

2.

Samkvæmt 22. gr. laga nr. 57/1996 um umgengni um nytjastofna sjávar eru upplýsingar um aflahlutdeild einstakra skipa, úthlutun aflamarks til þeirra, afla einstakra skipa og ráðstöfun aflaheimilda opinberar upplýsingar sem öllum er heimill aðgangur að. Í framangreindu bréfi tölvunefndar til Fiskistofu, dags. 24. október 2000, og fyrrnefndu álitu Persónuverndar, dags. 23. júlí 2002, kemur fram sú afstaða að þetta ákvæði beri ekki að túlka með rýmri hætti en felst í orðalagi þess, t.d. felist ekki í því að menn eigi rétt á að fá afhenta lista með nöfnum eða kennitölum allra eigenda fiskiskipa, lögaðila sem einstaklinga.

Með lögum nr. 161/2006 var aukið við upplýsingalög nr. 50/1996 kafla um endurnot opinberra upplýsinga, þ.e. VIII. kafla sem hefur að geyma 24.–28. gr. Samkvæmt 1. mgr. 24. gr. upplýsingalaga er markmið kaflans að auka endurnot opinberra upplýsinga til hagsbóta fyrir samfélagið í heild. Í 2. mgr. 24. gr. kemur fram að með endurnotum opinberra upplýsinga sé vísað til þess að einkaaðili noti slíkar upplýsingar í öðrum tilgangi en ætlunin var þegar þeirra var aflað af hálfu stjórnvalda. Samkvæmt 25. gr. er heimilt að endurnota opinberar upplýsingar, sem eru almenningi aðgengilegar lögum samkvæmt, enda sé fullnægt tilteknum skilyrðum, m.a. að endurnot upplýsinganna brjóti ekki í bága við lög, þ. á m. lög nr. 77/2000.

Svo að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil verður að vera fullnægt einhverju skilyrða 8. gr. laga nr. 77/2000. Á meðal þeirra er að vinna megi með persónuupplýsingar sé vinnslan nauðsynleg til að gæta lögmætra hagsmuna nema réttindi og frelsi hins skráða vegi þyngra, sbr. 7. tl. þeirrar greinar. Í ljósi þessa ákvæðis, sem og 22. gr. laga nr. 57/1996 og 1. gr. laga nr. 116/2006 um stjórnun fiskveiða, gerir Persónuvernd ekki athugasemdir við að LÍÚ sé veittur aðgangur að umræddum upplýsingum. Er þá lítið til þess að umrædd skrá hefur að geyma upplýsingar um aflahlutdeild einstakra skipa og úthlutun aflamarks til þeirra af auðlind sem telst „sameign“ þjóðarinnar í skilningi laga um stjórnun fiskveiða. Er það mat Persónuverndar að umrædd vinnsla uppfylli skilyrði 7. tl. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 um að vera nauðsynleg til að ábyrgðaraðili, eða þriðji maður eða aðilar sem upplýsingum er miðlað til, geti gætt lögmætra hagsmuna, enda vegi grundvallarréttindi hinna skráðu ekki þyngra í skilningi ákvæðisins.

3.

Samandregin niðurstaða

Ekki eru gerðar athugasemdir við að Fiskistofa veiti Landssambandi íslenskra útvegsmanna aðgang að fiskiskipaskrá og skrá um aflaheimildir, afla og ráðstöfun aflaheimilda einstakra fiskiskipa.“

3.2.14. Ferðamálastofu ekki heimilt að birta opinberlega lista yfir þá sem ekki hafa leyfi – mál nr. 2010/51

Ferðamálastofa óskaði eftir afstöðu Persónuverndar til þess hvort hún mætti birta á heimasíðu sinni lista yfir aðila sem stunda leyfis- eða skráningarskylda starfsemi samkvæmt lögum nr. 73/2005 um skipan ferðamála en hafa ekki leyfi til þess. Persónuvernd taldi vinnsluna ekki hafa nægilega lagastöð. Hún benti þó á að Ferðamálastofa má birta stjórnvaldsúrlausnir að undan-genginni málsmeðferð í samræmi við stjórnslutölur nr. 37/1993, t.d. um að stofan telji tiltekinn aðila hafa brotið gegn reglum um skráningar- og leyfisskyldu. Í svari hennar, dags. 19. apríl 2010, segir m.a.:

„1.

Persónuvernd vísar til bréfs Ferðamálastofu frá 12. janúar 2010. Í bréfinu er spurt hvort birta megi á heimasíðu Ferðamálastofu lista yfir aðila sem stunda leyfis- eða skráningarskylda starfsemi samkvæmt lögum nr. 73/2005 um skipan ferðamála en fullnægja ekki skilyrðum laganna um leyfi eða skráningu. Í bréfinu segir nánar:

„Ferðamálastofu hafa borist margar ábendingar þess efnis að ferðaþjónustuaðilar stundi starfsemi sem er leyfis- eða skráningarskyld án þess að hafa til þess viðeigandi leyfi eða skráningu. Til að koma leyfis- eða skráningarmálum í betra horf hefur Ferðamálastofa hug á að birta á heimasíðu sinni skrá yfir leyfis- og skráningarskylda aðila og freista þess að slík birting leiði til þess að þeir sem stunda leyfis- eða skráningarskylda starfsemi án tilskilins leyfis eða skráningar sæki um viðeigandi leyfi eða skráningu. Tilgangurinn með slíkri birtingu er einnig að upplýsa fólk um hverjir hafi leyfi og hverjir ekki.

Með vísan til ofangreinds beinir Ferðamálastofa þeirri fyrirspurn til Persónuverndar hvort Ferðamálastofu sé heimilt að birta lista yfir leyfis- og skráningarskylda aðila á heimasíðu sinni og hvort leyfi Persónuverndar þurfi til birtingar slíks lista.“

Með bréfi, dags. 26. febrúar 2010, óskaði Persónuvernd nánari skýringa. Í bréfinu er þess óskað að Ferðamálastofa greini frá því hvaða heimildir í 8. og 9. gr. laga nr. 77/2000 hún telji eiga við um umrædda vinnslu. Ferðamálastofa svaraði með bréfi, dags. 19. mars 2010. Þar segir m.a.:

„Eins og fram kom í bréfi Ferðamálastofu til Persónuverndar, dags. 12. janúar sl., birtir Ferðamálastofa lista yfir útgefin leyfi ferðaskipuleggjenda og ferðaskrifstofa og skráða starfsemi bókonar- og upplýsingamiðstöðva á heimasíðu sinni. Heimildin til birtingar slíkra upplýsinga er í 7. mgr. 8. gr. og 3. mgr. 11. gr. laga nr. 73/2005 um skipan ferðamála. Ferðamálastofa fær fjölda ábendinga um aðila sem stunda skráningar- eða leyfisskylda starfsemi án þess að hafa til þess tilskilin leyfi eða skráningu. Eitt af hlutverkum Ferðamálastofu skv. 1. tl. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 73/2005 um skipan ferðamála er útgáfa leyfa, skráning á starfsemi og eftirlit með að skilyrðum fyrir þeim sé fullnægt.“

Vísað er til þess að með birtingu umrædds lista séu neytendur upplýstir um hverjir hafi tilskilin leyfi eða skráningu og þess freistað að þeir sem stunda rekstur án leyfis eða skráningar komi sínum málum á hreint svo komast megi hjá frekari aðgerðum skv. 26. gr. sem séu mjög íþyngjandi.

Um heimildir í 1. mgr. 8. gr. vísar Ferðamálastofa til 3. tölul. um nauðsyn til að fullnægja lagaskyldu, 4. tölul. um nauðsyn vegna brýnna hagsmuna hins skráða og 6. tölul. um nauðsyn vegna beitingar opinbers valds. Um heimildir í 1. mgr. 9. gr. vísar Ferðamálastofu til 6. tölul. um það þegar hinn skráði hefur sjálfur gert upplýsingar opinberar. Er það rökstutt með því að í langflestum tilvikum hafi aðili opnað heimasíðu með upplýsingum um starfsemi sína en aðeins þær upplýsingar verði birtar, þ.e. nafn viðkomandi aðila, heimilisfang, heimasíða, sími og netfang.

2.

Persónuvernd hefur það hlutverk að framfylgja lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Þau gilda um upplýsingar um einstaklinga, sbr. skilgreiningu 1. tölul.

2. gr. laganna á persónuupplýsingum. Alla jafna gilda þau ekki um lögaðila, sbr. þó 2. mgr. 45. gr. laganna sem ekki verður séð að eigi við í því tilvikum sem hér um ræðir. Til þess ber hins vegar að líta að í ákveðnum tilvikum geta upplýsingar um lögaðila verið það nátengdar tilteknum einstaklingi að á það geti reynt hvort þær skuli teljast persónuupplýsingar, t.d. þegar um ræðir lítið fyrirtæki og upplýsingar um það eru því nátengdar eigandanum (sbr. álit nr. 4/2007 um hugtakið persónuupplýsingar frá vinnuhópi forstjóra persónuverndarstofnana samkvæmt 29. gr. persónuverndartilskipunarinnar nr. 95/46/EB).

Tekið skal fram að ekki verður á það fallist að við birtingu umrædds lista sé aðeins verið að birta upplýsingar sem þegar hafa verið gerðar opinberar, þ.e. af viðkomandi þjónustuveitanda á heimasíðu þar sem þjónustan er auglýst. Að auki er verið að birta upplýsingar, sem ekki hafa verið birtar áður, um að Ferðamálastofa telji tiltekinn aðila ekki fara að lögum og reglum.

Að því marki, sem hér ræðir um vinnslu upplýsinga um einstaklinga, verður hún að samrýmast einhverju af skilyrðum 8. gr. laga nr. 77/2000. Ef vinna á með viðkvæmar persónuupplýsingar verður að auki að vera fullnægt einhverju af skilyrðum 9. gr. sömu laga. Upplýsingar um það hvort maður hafi verið grunaður um refsiverðan verknað eru viðkvæmar persónuupplýsingar, sbr. b-lið 8. tölul. 2. gr. laganna. Af 1. mgr. 26. gr. laga nr. 73/2005 um skipan ferðamála er ljóst að umræddar upplýsingar geta talist viðkvæmar í þeim skilningi.

Stjórn Persónuverndar ræddi mál þetta á fundi sínum í dag. Komst hún að þeirri niðurstöðu að birting stjórnvalds á slíkum lista, sem hér um ræðir, verði að byggjast á sérstakri lagaheimild, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000. Slík lagaheimild liggur ekki fyrir og er ljóst að Persónuvernd hefur ekki valdsvið til að veita sérstakt leyfi til birtingar listans fyrst lagaheimild skortir. Ekki verður því séð að Ferðamálastofa geti birt umræddan lista á heimasíðu sinni.

Að lokum skal tekið fram að framangreint svar Persónuverndar tekur ekki til þess þegar Ferðamálastofa birtir stjórnvaldsúrlausnir að undangenginni málsmeðferð í samræmi við stjórn-sýslulög nr. 37/1993, t.d. um að stofan telji tiltekinn aðila hafa brotið gegn reglum um skráningu- og leyfisskyldu.“

3.2.15. Öryggi persónuupplýsinga hjá ríkissaksóknara – mál nr. 2009/1013

Persónuvernd kannaði öryggi persónuupplýsinga hjá ríkissaksóknara, m.t.t. til þess hvort gera þyrfti ítarlega úttekt hjá embættinu. Í ljósi athugasemda ríkissaksóknara, m.a. um fyrirhugaða breytingu þegar embætti héraðssaksóknara myndi taka yfir stóran þátt í starfsemi embættis ríkissaksóknara árið 2012, var ákveðið að fresta ákvörðun þar að lútandi til 1. október 2010. Var lagt fyrir ríkissaksóknara að uppfylla skilyrði reglna um að skjalfesta lýsingu á áhættumati, öryggisráðstöfunum o.fl. fyrir þann dag. Í niðurstöðu Persónuverndar, dags. 19. apríl 2010, segir m.a.:

„Niðurstaða

Gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna, nær til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkar vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Af þessu leiðir að efni máls þessa lýtur að vinnslu persónuupplýsinga og þar með fellur umfjöllun um efni þess undir valdsvið Persónuverndar.

1.

Í 11. gr. laga nr. 77/2000 er fjallað um öryggi persónuupplýsinga, þ.e. hvernig skuli vernda þær. Komið skal í veg fyrir að þær eyðileggist ólöglega, glatist eða breytist fyrir slysi eða komist í hendur óviðkomandi. Efnislega byggir ákvæðið á 1. mgr. 17. gr. tilskipunar nr. 95/46/EB. Í reglum Persónuverndar nr. 299/2001, um öryggi persónuupplýsinga sem settar eru með stoð

í 3. mgr. sömu greinar, eru nánari fyrirmæli um öryggisráðstafanir. Framangreindar reglur nr. 299/2001 taka mið af öryggisstaðlinum ISO 27001 – Stjórnun upplýsingaverndar. Reglurnar miða við það kerfi sem staðallinn byggir á til að velja og móta öryggisráðstafanir. Samkvæmt því kerfi á að setja fram skriflega öryggislýsingu á þremur aðskildum skjölum. Í fyrsta lagi á skjali um öryggisstefnu – skjali sem fjallar um stefnu ábyrgðaraðila að því er varðar upplýsingaöryggi. Í öðru lagi á skjali um áhættumat. Þar skal tilgreina þær hættur sem steðja að persónuupplýsingum á hverjum stað. Í þriðja lagi á skjali sem hefur að geyma lýsingu á öryggisráðstöfunum. Það skal hafa að geyma upptalningu á þeim öryggisráðstöfunum sem eru viðhafðar til að mæta aðsteðjandi hættu samkvæmt áhættumati. Öryggisráðstafanir lúta bæði að ytra og innra öryggi og geta lotið að áþreifanlegum atriðum og óáþreifanlegum. Undir það fyrrnefnda fellur t.d. notkun eldvarnarbúnaðar og vatnsskynjara, en undir hið síðarnefnda falla ýmsar tæknilegar aðgerðir, s.s. dulkóðun upplýsinga, aðgangsstýring, aðgerðaskráning („loggun“) o.fl.

Það hversu strangar kröfur eru gerðar til skjalagerðar er misjafnt. Séu upplýsingarnar mjög viðkvæmar eru gerðar ríkari kröfur en ella. Í 8. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000 er skilgreint hvaða upplýsingar teljast vera viðkvæmar. Meðal þeirra eru upplýsingar um hvort maður hafi verið grunaður, kærður, ákærður eða dæmdur fyrir refsiverðan verknad. Teljast þær upplýsingar sem ríkissaksóknari vinnur með samkvæmt því til viðkvæmra persónuupplýsinga í skilningi laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

2.

Samkvæmt 2. tölul. 3. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000 hefur Persónuvernd eftirlit með því að farið sé að lögum og öðrum reglum um vinnslu persónuupplýsinga, að bætt sé úr annmörkum, mistök leiðrétt o.s.frv. Eftirlit Persónuverndar gerist að miklu leyti þannig að hún gefur fyrirmæli um ráðstafanir sem varða tækni, öryggi og skipulag vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 1. tölul. 3. mgr. 37. gr. Í 2. tölul. 3. mgr. 37. gr. segir að hún skuli hafa eftirlit með því að farið sé að lögum og öðrum reglum um vinnslu persónuupplýsinga og að bætt sé úr annmörkum og mistökum.

Samkvæmt 4. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000 getur Persónuvernd ákveðið að ábyrgðaraðili, skuli greiða þann kostnað sem hlýst af eftirliti Persónuverndar með því að ábyrgðaraðilinn fullnægi skilyrðum laga og reglna um vinnslu persónuupplýsinga. Þá segir að Persónuvernd geti ákveðið að ábyrgðaraðili greiði kostnað vegna úttektar á starfsemi við undirbúning útgaðu vinnsluleyfis og við aðra afgreiðslu. Af því sem segir í fskj. nr. III. með því frumvarpi sem varð að þeim lögum var við stofnun Persónuverndar miðað við að kostnaður vegna eftirlits hennar skyldi falla á þá sem eftirlitið beinist að. Við mat á fjárhagslegum áhrifum fyrir ríkissjóð af starfsemi Persónuverndar var þ.a.l. á því byggt að þegar stofnunin myndi viðhafa eftirlit gæti hún keypt vinnu utanaðkomandi sérfræðiaðila og að eftirlitsgjöld þeirra sem sættu athugun ættu að heild eða að hluta að standa undir þeim kostnaði sem af því hlýstist.

3.

Í vettvangsskýrslu Persónuverndar um heimsókn til ríkissaksóknara hinn 12. janúar 2010 kemur fram að þar eru annmarkar á öryggi persónuupplýsinga og því að uppfyllt séu framangreind ákvæði laga nr. 77/2000 og reglna nr. 299/2001. Meðal annars kom fram að innra eftirlit er ekki viðhaft, öryggisfrávik eru ekki skráð, ekkert áhættumat hefur verið framkvæmt og hvorki er til skrifleg öryggisstefna né lýsing öryggisráðstafana. Þá er enginn tiltekinn starfsmaður sem ber ábyrgð á öryggisráðstöfunum og annmarkar eru á ytra öryggi. Til dæmis munu skjalaskápar í húsnæði embættisins vera ólæstir og tölvuþjónn (server) embættisins mun vera í rými sem er nýtt sem birgðageymsla og er án loftræstingar.

4.

Stjórn Persónuverndar hefur rætt mál þetta á fundi sínum í dag, m.a. í ljósi framkominnar ábendingar um að samkvæmt lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála, með síðari breytingun, muni embætti héraðssaksóknara taka yfir stóran þátt í starfsemi embættis ríkissaksóknara árið 2012.

Persónuvernd hefur ákveðið að ríkissaksóknari skuli, fyrir 1. október 2010, hafa uppfyllt

fyrirmæli 3. gr. reglna nr. 299/2001 – þ.e. a) setja skriflega öryggisstefnu, b) gera áhættumat og skriflega lýsingu á niðurstöðum þess og c) ákvarða – á grundvelli áhættumats – öryggisráðstafanir og búa til skjalfesta lýsingu á þeim. Þar skal m.a. koma fram með hvaða hætti öryggisfrávik verði skráð, hvernig aðgerðaskráningu verði hagað, innra eftirliti, hvernig öryggi umbúnaðar netþjóns verði tryggt o.s.frv.

Skulu gögn samkvæmt framanrituðu send Persónuvernd eigi síðar en 1. október 2010. Þegar þau hafa borist mun Persónuvernd taka mál þetta til frekari umfjöllunar. Verður þá farið yfir framangreind skjöl ríkissaksóknara í ljósi reglna nr. 299/2001 og tekin ákvörðun um þörf frekari úttektar, m.a. í ljósi stöðu undirbúnings að yfirtöku embættis héraðssaksóknara á hluta af starfsemi embættisins. Þá verður eftir atvikum tekin ákvörðun um greiðslu ríkissaksóknara á kostnaði vegna þannig úttektar, þyki hún nauðsynleg.

Ákvörðunarorð:

Ríkissaksóknari skal fyrir 1. október 2010 vinna og senda Persónuvernd skriflega öryggisstefnu, áhættumat og gera öryggisráðstafanir í samræmi við 3. gr. reglna nr. 299/2001.“

3.2.16. Símaónæði í tengslum við markaðssetningu – mál nr. 2009/1115

Fjallað var um kvörtun yfir símaónæði frá Skjánum í tengslum við markaðssetningu. Póst- og fjarskiptastofnun taldi málið ekki falla undir sitt verkefnavið og ákvað Persónuvernd þá að taka það til meðferðar. K var bæði með x-merki í símaskrá og á bannskrá Þjóðskrár. Persónuvernd taldi að Skjánum hefði verið óheimilt að nota nafn K í tengslum við umrædda markaðssetningu. Í úrskurði Persónuverndar, þann 19. apríl 2010, segir m.a.:

„Forsendur og niðurstaða

1.

Efnislegt gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, og þar með valdsvið Persónuverndar, nær til vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. og 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í athugasemdum við 2. tölul. 2. gr. í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu.

Samkvæmt framansögðu fellur undir úrskurðarvald Persónuverndar að leysa úr máli sem lýtur að því hvort sú vinnsla persónuupplýsinga Skjásins, sem fram fór í tengslum við úthringingar til K, hinn 17. nóvember 2009, vegna markaðssetningar Skjásins á nýjum áskriftarleiðum, hafi samrýmst ákvæðum laga nr. 77/2000.

2.

Svo að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil verður ávallt að vera fullnægt einhverju skilyrðanna í 8. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, og eftir atvikum 9. gr. laganna, ef um viðkvæmar persónuupplýsingar er að ræða. Um vinnslu persónuupplýsinga í markaðssetningarstarfsemi gildir hins vegar sérákvæði 28. gr. laganna. Ákvæðið gerir ráð fyrir sérstökum og ríkum andmælarétti hins skráða að því er varðar notkun persónuupplýsinga um hann í markaðssetningartilgangi. Er þessi réttur ekki takmarkaður við að hinn skráði tilgreini sérstakar ástæður fyrir andmælum sínum. Að mati Persónuverndar var um að ræða vinnslu í þannig tilgangi þegar Skjárinn notaði persónuupplýsingar um kvartanda við framangreindar úthringingar.

Samkvæmt 13. gr. laga nr. 77/2000 er ábyrgðaraðila heimilt að semja við tiltekinn aðila um að annast, í heild eða að hluta, þá vinnslu persónuupplýsinga sem hann ber ábyrgð á samkvæmt ákvæðum laganna. Af hálfu Skjásins hefur komið fram að hann hafi falið öðrum aðila, Já ehf., að annast fyrir sig framkvæmd úthringinga í viðskiptavini í umrætt sinn. Hafi verkefninu

alfarið verið stýrt af honum. Í því ljósi verður að líta svo á að Já ehf. hafi unnið sem vinnsluaðili fyrir Skjáinn. Reynir því ekki á það hvort heimild hafi staðið til miðlunar persónuupplýsinga samkvæmt 8. gr. laga nr. 77/2000, og uppfyllt verið sérskilyrði 5. mgr. 28. gr. sömu laga, þegar Skjárinn afhenti nafnalista til Já ehf.

3.

Framangreint ákvæði 28. gr. laga nr. 77/2000 gerir ráð fyrir að Þjóðskrá haldi skrá yfir þá sem ekki vilja að nöfn þeirra séu notuð í markaðssetningarstarfsemi. Í 2. mgr. 28. gr. segir:

„Ábyrgðaraðilar sem starfa í beinni markaðssókn og þeir sem nota skrá með nöfnum, heimilisföngum, netföngum, símanúmerum og þess háttar, eða miðla þeim til þriðja aðila í tengslum við slíka starfsemi skulu, áður en slík skrá er notuð í slíkum tilgangi, bera hana saman við skrá Þjóðskrár til að koma í veg fyrir að markpóstur verði sendur eða hringt verði til einstaklinga sem hafa andmælt slíku.“

Samkvæmt framangreindu og skýringum við ákvæðið í athugasemdum sem fylgdu frumvarpi því er varð að lögum nr. 77/2000 má beina andmælum gegn notkun nafns hvort sem er til Hagstofu (nú Þjóðskrár) eða þess aðila sem heldur viðkomandi skrá. Segir að velji hinn skráði seinni kostinn nái bannið aðeins til útsendinga á grundvelli skráa sem viðkomandi ábyrgðaraðili heldur – en snúi hann sér til Hagstofu (nú Þjóðskrár) feli það í sér allsherjar bann við notkun á nafni hans í tengslum við markaðssetningarstarfsemi. Í ákvæði 1. mgr. 28. gr. laga nr. 77/2000, eins og því var breytt með 23. gr. laga nr. 50/2006, segir að dómsmálaráðherra setji reglur um gerð og notkun bannskrár. Hafa slíkar reglur verið settar og eru nr. 36/2005. Í 2. gr. þeirra segir:

„Með andmælum við markaðssetningarstarfsemi er átt við að menn óski eftir því að nöfn þeirra verði felld niður við notkun hvers kyns skráa, sem beitt kann að vera í markaðssetningarskyni. Með markaðssetningarstarfsemi er átt við útsendingu dreifibréfa, happdrættismiða, giróseðla, auglýsinga og kynningarefnis, símhringingar, útsendingu tölvupósts eða hliðstæðar aðferðir, sem varða kaup eða leigu á vöru eða þjónustu eða þátttöku í tiltekinni starfsemi, hvort sem hún er viðskiptalegs eðlis eða varðar tólmstundir, afþreyingu, námskeið eða sambærilegt atferli.“

4.

Af 28. gr. laga nr. 77/2000 leiðir að hinn skráði getur fengið nafn sitt fært á miðlæga bannskrá Þjóðskrár og þar með andmælt allri vinnslu persónuupplýsinga um sig í tengslum við markaðssetningarstarfsemi, óháð því hvað er verið að kynna, auglýsa eða selja og óháð þeirri aðferð eða tækni sem er notuð. Hann getur einnig, ef hann vill aðeins losna undan markaðssókn á vegum eins tiltekins aðila, snúið sér beint til hans og komið andmælum sínum á framfæri. Á hann þá ekki að fá þaðan frekari skilaboð vegna markaðssetningar. Loks eru til einstakar miðlægar sérskrár yfir þá sem vilja ekki fá markaðstengd skilaboð. Þarf þá eftir atvikum að taka tillit til þeirra andmæla sem þar koma fram. Símaskrá er dæmi um þannig skrá. Um hana er m.a. fjallað í 5. mgr. 46. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003. Ákvæði 46. gr. varðandi óumbeðin fjarskipti byggja á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB frá 12. júlí 2002 um vinnslu persónuupplýsinga og persónuvernd á sviði rafræna samskipta. Í skýringum við ákvæði 46. gr., í athugasemdum sem fylgdu frumvarpi að þessu ákvæði, kemur fram að tilgangur þess er að takmarka það ónæði sem notendur fjarskiptaþjónustu geta orðið fyrir vegna beinnar markaðssetningar með hjálp fjarskiptatækni. Í 1. mgr. 46. gr. segir að ekki megi nota fjarskiptatækni til að koma á framfæri skilaboðum í þágu markaðssetningar nema áður hafi verið aflað samþykkis viðtakanda skilaboðanna. Samkvæmt 2. mgr. má þó nota tölvupóstfang við sölu á vörum eða þjónustu fyrir beina markaðssetningu á eigin vörum eða þjónustu, hafi viðskiptavinum áður verið gefinn kostur á að andmæla því. Að öðru leyti eru óumbeðin fjarskipti vegna beinnar markaðssetningar óheimil til þeirra sem óska ekki eftir að taka á móti þeim, sbr. 3. mgr. 46. gr. Í 5. mgr. 46. gr. er

til samræmis við framangreint áréttað að ef notuð er almenn tal- og farsímaþjónusta skuli virða x-merkingar í símaskrá.

5.

Um það hvort gera beri greinarmun á því hvort um sé að ræða viðskiptavini ábyrgðaraðila eða aðra telur Persónuvernd að líta beri til markmiðsákvæðis 1. gr. laga nr. 77/2000 en þar segir að markmið þeirra sé að stuðla að því að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs. Þá telur Persónuvernd mega líta til markmiðs 46. gr. fjarskiptalaga eins og það er skýrt í framangreindum athugasemdum, þ.e. að markmiðið sé að takmarka það ónæði sem notendur fjarskiptaþjónustu geta orðið fyrir vegna beinnar markaðssetningar með hjálp fjarskipta. Loks er litið til álits nr. 5/2004 frá starfshópi um persónuvernd samkvæmt 29. gr. tilskipunar nr. 95/46/EB um rúma túlkun hugtaksins markaðssetning þegar fjarskiptatækni er beitt.

Þegar framangreint er virt verður ekki talið að heimilt sé að líta framhjá andmælum hins skráða, sem fram koma sem x-merki í símaskrá eða bannmerki í Þjóðskrá, þótt um eigin viðskiptavini sé að ræða. Er þá miðað við að ótvírætt sé um markaðssetningu að ræða en ekki önnur skilaboð vegna viðskiptanna, s.s. til þess að ákveða greiðslufyrirkomulag eða leysa úr tilfallandi álitafnum tengdum viðskiptunum.

6.

Með vísun til alls framangreinds, og þess að kvartandi er bæði með x-merki í símaskrá og er á bannskrá Þjóðskrár, er það niðurstaða Persónuverndar að Skjánum hafi, samkvæmt 2. mgr. 28. gr. laga nr. 77/2000, borið að eyða nafni hennar af þeim lista sem lagður var til grundvallar úthringingum þann 17. nóvember 2009 til að kynna nýja áskriftarmöguleika.

Úrskurðarorð:

Skjánum var óheimilt að nota nafn og símanúmer K við úthringingar sem fram fóru þann 17. nóvember 2009 í þeim tilgangi að kynna nýja áskriftarmöguleika.“

3.2.17. Vinnsla persónuupplýsinga um framhaldsskólanemendur. Miðlun frá skóla til menntamálaráðuneytis – mál nr. 2009/209

Persónuvernd fjallaði um erindi frá Fjölbrautaskólanum í Ármúla sem bað um afstöðu hennar til þess að upplýsingum um nemendur skólans yrði miðlað til menntamálaráðuneytisins. Hafði ráðuneytið farið fram á upplýsingarnar til að geta skráð þær í gangagrunninn Skinnu. Persónuvernd leit til þess að reglugerð skv. 2. mgr. 55. gr. laga nr. 92/2008 hafði ekki verið sett. Í ljósi þess taldi Persónuvernd að ekki væri fyrir hendi nauðsynleg heimild að lögum í skilningi 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. til umræddrar vinnslu í niðurstöðu stjórnar Persónuverndar, dags. 19. apríl 2010, segir m.a.:

„II.

Forsendur og niðurstaða

I.

Gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna, nær til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkrar vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í athugasemdum við 2. tölul. 2. gr. í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu. Af þessu öllu er ljóst að mál þetta lýtur að vinnslu persónuupplýsinga sem fellur undir valdsvið Persónuverndar.

2.

Svo að vinna megi með persónuupplýsingar verður ávallt að vera fullnægt einhverju skilyrðanna í 8. gr. laga nr. 77/2000. Sé um að ræða viðkvæmar persónuupplýsingar þarf að auki að vera fullnægt einhverju viðbótarskilyrðanna fyrir vinnslu slíkra upplýsinga sem mælt er fyrir um í 9. gr. sömu laga. Auk þess sem heimild verður að vera til vinnslu í 8. og 9. gr. verður öllum grunnkröfum 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000 að vera fullnægt eins og ávallt við vinnslu persónuupplýsinga, þ. á m. að þess skuli gætt við meðferð slíkra upplýsinga að þær séu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti að öll meðferð þeirra sé í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga (1. tölul.); að þær séu fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.); og að þær séu nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.).

2.1.

Í máli þessu er til skoðunar hvort heimild standi til þess að persónuupplýsingum um nemendur við Fjölbrotaskólann í Ármúla sé miðlað til menntamálaráðuneytisins, þ. á m. upplýsingum um námsferla, einkunnir, fjarvistir, forföll, námsmat og úrsagnir, í þeim tilgangi að þær verði færðar í miðlægan gagnagrunn sem ráðuneytið rekur. Að mestu leyti er um almennar upplýsingar að ræða. Einnig er þó að einhverju marki um viðkvæmar persónuupplýsingar að ræða. Þarf því bæði að standa heimild til vinnslu samkvæmt 8. og 9. gr. laga nr. 77/2000. Forsenda þess að lagt sé mat á hvort heimild standi til vinnslu viðkvæmra upplýsinga, sbr. 9. gr., er að uppfyllt sé eitthvert af skilyrðum 1. mgr. 8. gr.

2.2.

Að því er varðar skilyrði 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 ber að líta til 3. tölul. um að vinnsla sé heimil sé hún nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila. Með lagaskyldu er átt við hvers konar skyldu sem leiðir af lagasetningu, m.a. samkvæmt reglugerðum eða öðrum stjórnvaldsfyrirmælum sem eiga sér stoð í lögum. Í 55. gr. laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla segir að menntamálaráðuneytið annist söfnun og miðlun upplýsinga um skólalald og skólastarf á framhaldsskólastigi sem varða lögbundið eftirlitshlutverk þess og að framhaldsskólar skuli gera ráðuneytinu árlega eða oftár, sé þess óskað, grein fyrir framkvæmd skólalalds.

Af gögnum máls þessa má ráða að gert er ráð fyrir því að menntamálaráðuneytið reki upplýsingakerfi varðandi framhaldsskóla og framhaldsskólanemendur. Til þess að undirbyggja það hefur verið sett ákvæði í 55. gr. laga nr. 92/2008. Verður það upplýsingakerfi ekki útfært fyrr en sett hefur verið reglugerð í samræmi við ákvæðið. Við hönnun upplýsingakerfisins þarf síðan að uppfylla skilyrði reglugerðarinnar.

Í 2. mgr. ákvæðis 55. gr. laga nr. 92/2008 er mælt svo fyrir að ráðherra setji í reglugerð fyrirmæli um upplýsingaskyldu framhaldsskóla um skólalald og enn fremur um aðra kerfisbundna skráningu skóla og meðferð persónuupplýsinga, þar á meðal upplýsinga um námsferil nemenda. Í skýringum við ákvæðið í athugasemdum sem fylgdu frumvarpi því er varð að þessum lögum kemur fram að eðlilegt þyki að sett sé reglugerð um þetta efni svo tryggt verði að öll vinnsla persónuupplýsinga varðandi nemendur, námsferil þeirra og einkahagi standist lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Meðan umrædd reglugerð hefur ekki verið sett hafa ekki verið settar nauðsynlegar reglur svo hægt sé að hefja kerfisbundna skráningu í umræddan gagnagrunn. Verður því ekki talið að fyrir hendi sé nauðsynleg heimild að lögum í skilningi 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. til umræddrar vinnslu.

Af hálfu menntamálaráðuneytisins hefur verið vísað til þess að því sé nauðsyn á upplýsingum um nemendur vegna lögboðins eftirlitshlutverks þess. Samkvæmt 6. tölul. 1. mgr. 8. gr. er stjórnvöldum heimilt að vinna með almennar persónuupplýsingar sé vinnslan nauðsynleg við beitingu opinbers valds sem ábyrgðaraðili, eða þriðji maður sem upplýsingum er miðlað til, fer með. Undir þetta fellur vinnsla sem er nauðsynleg við töku stjórnvaldsákvæðana og önnur vinnsla persónuupplýsinga sem telst til stjórnsýslu svo sem við opinbera þjónustustarfsemi. Ekki

liggur fyrir að framangreint skilyrði sé uppfyllt, en af hálfu menntamálaráðuneytisins hafa engar skýringar borist eða rök fyrir því að ráðuneytinu sé, í tengslum við töku stjórnvaldsákvæðana eða framkvæmd annarrar lögmæltar stjórnýslu, þörf á að fá frá Fjölbrotaskólanum við Ármúla svo ítarlegar upplýsingar um nemendur skólans sem um ræðir í máli þessu, þ. á m. um fjarvistir nemenda, forföll, námsmat og úrsagnir.

N i ð u r s t a ð a:

Að virtu framangreindu, og því að ekki hefur verið sett reglugerð á grundvelli 55. gr. laga nr. 92/2008, og í ljósi skýringa við það ákvæði í athugasemdum sem fylgdu frumvarpi því er varð að umræddum lögum, verður ekki talið að fyrir hendi sé nauðsynleg heimild að lögum í skilningi 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. til umræddrar vinnslu.“

3.2.18. Heimild vinnuveitanda til að leita í skápum starfsmanna – mál nr. 2010/379

Persónuvernd svaraði almennri fyrirspurn um heimildir vinnuveitanda til að fara í skápa starfsmanna án vitundar þeirra. Í svari Persónuverndar, dags. 20. apríl 2010, segir m.a.:

„I.

Gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsingalaga

Í 3. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga kemur fram að lögin gildi um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga. Lögin gilda einnig um handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá.

Með persónuupplýsingum er átt við sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna. Þá er með vinnslu átt við sérhverja aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. sömu greinar. Með skrá er átt við sérhvert skipulagsbundið safn persónuupplýsinga þar sem finna má upplýsingar um einstaka menn, sbr. 3. tölul. greinrinnar.

Í samræmi við framangreint verður ekki séð að leit í skápum falli undir gildissvið laga nr. 77/2000 nema samhliða fari fram vinnsla persónuupplýsinga í samræmi við framangreint. Af ákvæðinu verður ráðið að lögin taka til persónuupplýsinga sem eru skráðar með einhverjum hætti á gögn, s.s. upptökur, tölvuskjöl og handritaðar skrár. Leit í skápum starfsmanna fellur því ekki undir lögin nema haldin sé skrá um leitina. Heimild til að halda slíka skrá mundi ráðast af lögmæti þess að framkvæma fyrrgreinda leit. Ekki kemur hvort það sé gert í þeim tilvikum sem búa að baki fyrirspurn yðar. Sé um það að ræða verður hins vegar öllum skilyrðum laga nr. 77/2000 að vera fullnægt, m.a. að heimild sé til vinnslunnar í 8. gr., sem og 9. gr. sé um viðkvæmar persónuupplýsingar að ræða.

Auk þess sem heimild verður að vera til vinnslunnar samkvæmt framangreindu þarf öllum skilyrðum 1. mgr. 7. gr. laganna að vera fullnægt, þ.e. að persónuupplýsingar séu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og að öll meðferð þeirra sé í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga (1. tölul.); að þær séu fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.); að þær séu nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.); að þær séu áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum og afmáðar eða leiddréttar séu þær óáreiðanlegar eða ófullkomnar miðað við tilgang vinnslu þeirra (4. tölul.); og að þær séu varðveittar í því formi að ekki sé unnt að bera kennsl á skráða aðila lengur en þörf krefur miðað við tilgang vinnslu (5. tölul.).

Í 11. gr. laganna segir m.a. að ábyrgðaraðili beri ábyrgð á því að áhættumat og öryggisráðstafanir við vinnslu persónuupplýsinga séu í samræmi við lög, reglur og fyrirmæli Persónuverndar um hvernig tryggja skuli öryggi upplýsinga, þ.m.t. þá staðla sem hún ákveður að skuli fylgt. Reglur nr. 299/2001 um öryggi persónuupplýsinga eru settar á grundvelli þessa ákvæðis og er þar nánar kveðið á um hvernig tryggja skal öryggi við vinnslu persónuupplýsinga. Í því

felst að tryggja eðlilega leynd upplýsinganna, lögmætan aðgang að þeim, gæði þeirra og áreiðanleika. Reglur nr. 712/2008 um tilkynningarskylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga mæla nánar fyrir um leyfisskyldu vegna vinnslu persónuupplýsinga, um tilkynningarskyldu vegna rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga og um undanþágur frá þeirri skyldu, sbr. VI. kafla laga nr. 77/2000.

II.

Önnur löggjöf

Tekið skal fram að þótt ekki sé um að ræða vinnslu persónuupplýsinga gilda ákveðnar reglur til verndar friðhelgi einkalífs. Má þar nefna að einungis lögregla má án samþykkis framkvæma leit í híbýlum fólks, leit í fórum þess og áfengismælingar. Er þá gert að skilyrði að fenginn sé dómsúrskurður [...], sbr. þó vissar undantekningar sem veita lögreglu þvingunarheimildir án dómsúrskurðar, s.s. til áfengismælinga þegar grunur er uppi um ölvunarakstur, sbr. 47. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.“

3.2.19. Umsögn um frumvarp til laga um rannsókn á fjárhagsstöðu skuldugra heimila – mál nr. 2010/327

Persónuvernd veitti efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis umsögn um frumvarp til laga um rannsókn á fjárhagsstöðu skuldugra heimila. Í umsögninni, dags. 17. maí 2010, segir:

„1.

Persónuvernd vísar til tölvubréfs efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis frá 28. apríl 2010 þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um rannsókn á fjárhagsstöðu skuldugra heimila (þskj. 961, 570. mál á 138. löggjafarþingi).

Verði frumvarpið að lögum mun [efnahags- og viðskiptaráðherra] verða heimilt að sækja tilteknar upplýsingar, sem varða fjárhag einstaklinga og fjölskyldna, frá Íbúðalánasjóði, fjármála-fyrirtækjum, lífeyrissjóðum, Lánasjóði íslenskra námsmanna, Ríkisskattstjóra, Vinnumálastofnun, Þjóðskrá, Fjársýslu ríkisins, stærstu sveitarfélögum landsins, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Tryggingastofnun ríkisins, sbr. 2. gr. frumvarpsins. Í 3. mgr. 2. gr. er tekið fram að upplýsingar megji ekki sækja oft en ársfjórðungslega.

Í 3. gr. er að finna ákvæði um samkeyrslu framangreindra upplýsinga. Segir þar m.a. að beita skuli aðferðum sem Persónuvernd samþykkir til að skipta á kennitölum og fjölskyldunúmerum hinna skráðu og öðrum auðkennum sem hverfandi líkur eru taldar á að utanaðkomandi geti varpað aftur yfir í persónuauðkenni. Af athugasemdum við 4. gr. frumvarpsins verður ráðið að upplýsingarnar muni þó áfram verða rekjanlegar til viðkomandi einstaklinga, en þar segir að um verði að ræða persónugreinanlegar upplýsingar.

Í 2. mgr. 4. gr. segir að ráðherra skuli rannsaka samkeyrðar upplýsingar í því skyni að varpa ljósi á fjárhagsstöðu skuldugra heimila og taka eingöngu saman úr þeim ópersónugreinanlegar upplýsingar til frekari kynningar. Í 2. mgr. 7. gr. segir að lög á grundvelli frumvarpsins falli úr gildi 1. maí 2013, en fyrir þann tíma skuli umræddri rannsókn vera lokið og öllum samkeyrðum gögnum hafa verið eytt.

2.

Áður hefur farið fram rannsókn á fjárhagsstöðu skuldugra heimila. Vinnsla persónuupplýsinga vegna þeirrar rannsóknar byggðist á leyfum Persónuverndar, veittum með vísan til 3. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, til Seðlabanka Íslands, Íbúðalánasjóðs, banka, fjármögnunarfyrirtækja, sparisjóða, Ríkisskattstjóra, Vinnumálastofnunar og lífeyrissjóða, dags. 9. febrúar, 27. mars, 6. apríl og 3. júní 2009 (mál nr. 2009/72, 2009/332, 2009/448 og 2009/401). Útgáfa leyfanna vegna vinnslunnar, sem var mjög víðtæk, byggðist á þeim sérstöku aðstæðum sem nú ríkja. Öllum persónugreinanlegum upplýsingum, sem unnið var með vegna umræddrar rannsóknar, hefur nú verið eytt.

3.

Í 71. gr. stjórnarskrárinnar er mælt fyrir um grunnregluna um friðhelgi einkalífs. Samkvæmt 1. mgr. 71. gr. skulu allir njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Þá segir í 3. mgr. að þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. megi með sérstakri lagaheimild takmarka friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra.

Verði umrætt frumvarp að lögum mun hjá stjórnvöldum verða til persónugreinanlegur gagnagrunnur með ítarlegum fjárhagsupplýsingum um alla borgarana. Persónuvernd útilokar ekki að þjóðfélagslegir hagsmunir geti staðið til þess að í sérstökum tilvikum fari fram rannsóknir sem feli í sér víðtæka gagnasöfnun á borð við þá sem hér um ræðir. Í ljósi þess voru m.a. framangreind leyfi frá árinu 2009 veitt. Þar var um að ræða tímabundna rannsókn sem lauk með eyðingu allra persónugreinanlegra upplýsinga sem safnað var vegna rannsóknarinnar.

Það frumvarp, sem hér um ræðir, felur í sér að næstu þrjú árin munu stjórnvöld safna ítarlegum upplýsingum um fjárhag fjölskyldna og einstaklinga. Þó svo að frumvarpið geri ráð fyrir að rannsókn samkvæmt lögum á grundvelli þess sé tímabundin mun hún engu að síður standa yfir um langt skeið. Ekki liggur fyrir hvort sú rannsókn, sem þegar hefur farið fram á grundvelli framangreindra leyfa, hafi haft slíkt notagildi að tilefni sé til lagasetningar um svo víðtæka rannsókn sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Þá er til þess að líta að reynslan sýnir að þegar samþykkt eru lög um gagnagrunna á vegum stjórnvalda er tilhneiging til þess að framlengja þann varðveislutíma sem upphaflega hefur verið samþykktur. Um það vísast til laga nr. 89/2003 um breytingu á lyfjalögum nr. 93/1994, þess efnis að komið yrði á fót lyfjagagnagrunni, og laga nr. 97/2008 sem framlengdu varðveislutíma upplýsinga í gagnagrunninum úr þremur árum í þrjátíu.

4.

Með vísan til framangreinds lýsir Persónuvernd, í ljósi 71. gr. stjórnarskrárinnar, yfir áhyggjum af þeirri víðtæku vinnslu persónuupplýsinga sem lög á grundvelli umrædds frumvarps myndu hafa í för með sér, ekki síst í ljósi tilhneigingar til að framlengja varðveislutíma upplýsinga í gagnagrunnum sem til verða með upplýsingum um einstaklinga.“

3.2.20. Framsending á tölvupósti – mál nr. 2010/211

Persónuvernd fjallaði um kvörtun yfir áframsendingu á tölvupósti starfsmanns eftir að hann lét af störfum. Pósturinn var þá fluttur sjálfkrafa í pósthólf annars starfsmanns. Það var gert án vitundar þess sem hafði látið af störfum, þ.e. kvartanda. Úrlausn Persónuverndar afmarkaðist við þá vinnslu sem fólst í framsendingu á tölvupóstinum. Ekki var fjallað um síðari vinnslu (skoðun á einstökum tölvupóstskeytum). Framsendingin var talin vinnsla í skilningi persónuverndarlaga. Hún var ekki talin hafa verið heimil. Í úrskurði stjórnar, dags. 22. júní 2010, segir m.a.:

„II.

Forsendur og niðurstaða

1.

Gildissvið laga nr. 77/2000 og skilgreining hugtaka

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 77/2000 gilda lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga. Persónuupplýsingar teljast vera sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Í tölvupóstskeytum sem send eru manna á milli eru persónuupplýsingar ef beint eða óbeint er hægt að rekja þau og/eða efni þeirra til tiltekins einstaklings eða tiltekinna einstaklinga. Vinnsla persónuupplýsinga er skilgreind sem sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 77/2000. Í athugasemdum við 2. tölul. 2. gr. í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu.

Af framangreindu leiðir að sú aðgerð Félags vélstjóra og málmæknimanna, að framsenda tölvupóst kvartanda í pósthólf annars manns, er vinnsla persónuupplýsinga í skilningi laga nr. 77/2000. Fellur málið þar með undir gildissvið þeirra laga, sem og valdsvið Persónuverndar, sbr. 37. gr. laganna.

2.

Lögmæti rafrænnar vöktunar. Framsending á tölvupósti

2.1.

Hugtakið rafræn vöktun er skilgreint í 6. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Undir það fellur vöktun sem er viðvarandi eða endurtekin reglulega og felur í sér eftirlit. Til rafrænnar vöktunar telst m.a. tölvupóstvöktun sem fer fram með sjálfvirkri og viðvarandi skráningu á upplýsingum um tölvupósta og tölvupóstkerfisnotkun einstakra starfsmanna. Þar undir falla einnig aðgerðir sem með beinum hætti tengjast og eru liður í þeirri vöktun, þ. á m. stillingar á því hvernig tölvupóstskeyti eru framsend. Sú aðgerð VM að stilla tölvukerfi félagsins þannig að allur póstur kvartanda, m.a. einkatölvupóstur, myndi sjálfkrafa framsendast í pósthólf G, var því liður í rafrænni vöktun í skilningi laganna.

Öll rafræn vöktun er háð því skilyrði að hún fari fram í málefnalegum tilgangi, sbr. 4. gr. laganna. Rafræn vöktun sem leiðir, á að leiða eða getur leitt til vinnslu persónuupplýsinga þarf einnig, samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laganna, að uppfylla önnur ákvæði laganna – þ. á m. um heimild til vinnslu samkvæmt 8. gr. Í því máli sem hér um ræðir var ekki fyrir hendi samþykki í skilningi 1. tölul. 1. mgr. 8. gr., þ.e. ekki var til staðar samþykki kvartanda fyrir því að tölvupóstur hans yrði framsendur. Þótt samþykki liggja ekki fyrir geta önnur skilyrði ákvæðisins verið uppfyllt. Í 7. tölulíð segir að vinnsla persónuupplýsinga geti verið heimil sé hún nauðsynleg til að ábyrgðaraðili eða þriðji maður, eða aðili sem upplýsingum er miðlað til, geti gætt lögmætra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða, sem vernda ber lögum samkvæmt, vegi þyngra. Hér þarf og að uppfylla meginreglur 7. gr. sömu laga, m.a. um sanngirni og meðalhóf og að vinnsla sé með lögmætum hætti.

Úrlausn máls þessa verður afmörkuð við þá vinnslu sem fólst í framsendingu á tölvupósti kvartanda í pósthólf G, enda var hún forsenda síðari vinnslu, s.s. skoðunar G á tölvupósti sem ætlaður var kvartanda. Sönnunarbyrði hvílir á VM sem ábyrgðaraðila um að sú vinnsla sem hann framkvæmdi hafi verið honum heimil. Af hálfu VM hafa ekki verið færð rök fyrir því að mat samkvæmt 7. tölulíð 1. mgr. 8. gr. hafi farið fram og niðurstaða þess verið sú að hagsmunir félagsins af því að framsenda umræddan póst hafi vegið þyngra en hagsmunir hins skráða af því að það yrði ekki gert. Liggur því ekki fyrir að framsending á umræddum tölvupósti hafi verið félaginu heimil.

Úrskurðarorð:

Framsending Félags vélstjóra og málmíðnaðarmanna á tölvupósti til M, fyrirverandi starfsmanns félagsins, í pósthólf G, var óheimil.“

3.2.21. Viðkvæmar persónuupplýsingar á heimasíðu ríkissaksóknara – mál nr. 2010/360

Persónuvernd úrskurðaði þann 22. júní 2010 um birtingu ríkissaksóknara á viðkvæmum persónuupplýsingum sem komu fram í ákvörðun hans frá 4. desember 2009. Hann birti hana á heimasíðu embættisins. Persónuvernd taldi birtinguna ekki hafa samrýmst persónuverndarlögum. Stofnunin lagði því fyrir ríkissaksóknara að afmá persónuupplýsingarnar úr hinni birtu gerð ákvörðunarinnar á heimasíðu embættisins. Í ákvörðun Persónuverndar segir m.a.:

„Forsendur og niðurstaða

1.

Gildissvið laga nr. 77/2000

Efnislegt gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, og þar með valdsvið Persónuverndar, nær til vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. og 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í athugasemdum við 2. tölul. 2. gr. í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu.

Af framangreindu er ljóst að birting ákvörðunar ríkissaksóknara frá 4. desember 2009 á heimasíðu embættisins telst vinnsla persónuupplýsinga í skilningi laganna. Samkvæmt því fellur sú birting undir efnislegt gildissvið laga nr. 77/2000.

2.

Aðild

Persónuvernd er úrskurðaraðili ágreiningsmála er varða lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsingar, skv. 37. gr. laganna. Um aðild að slíku máli fer eftir almennum aðildarreglum stjórnisýsluréttarins en samkvæmt þeim getur eingöngu sá átt aðild að máli sem á beinna, sérstakra og lögvarinna hagsmuna að gæta af úrlausn þess. Enn fremur er lögum nr. 77/2000 ætlað að vernda réttindi, sem að meginstefnu til eru persónubundin, enda er persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga einn þáttur í friðhelgi einkalífs. Aðild að ágreiningsmálum er því fyrst og fremst bundin við hinn skráða og ábyrgðaraðila vinnslunnar í skilningi 4. tölul. 2. gr. laganna, en þó er ekki hægt að útiloka aðild annarra.

Í lögum nr. 77/2000 er ekki að finna sérákvæði um aðild og fer því um hana eftir almennum meginreglum stjórnisýsluréttarins. Í því felst að til að eiga aðild að ágreiningsmáli fyrir Persónuvernd verður viðkomandi að hafa beina, einstaklega, verulega og lögvarða hagsmuni umfram aðra af úrlausn málsins. Í bréfi kvartanda kemur fram að hann sé bróðir hins skráða en ekki verður talið að sýnt hafi verið fram á það leiði til þess að kvartandi eigi beinna, einstaklegra, verulegra og lögvarinna hagsmuna að gæta af því að skorið verði úr um hvort birting ákvörðunar ríkissaksóknara á heimasíðu embættisins hafi verið lögmat samkvæmt lögum nr. 77/2000.

Þó að aðild af hálfu kvartanda sé ekki fyrir hendi ákvað stjórn Persónuverndar á fundi sínum þann 17. maí 2010 að taka málið upp að eigin frumkvæði, sbr. 2. mgr. 37. gr. laganna.

3.

Forsendur og niðurstaða

Samkvæmt 4. mgr. 18. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála er ákærendum skylt að gæta þagmælsku um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu eða vegna starfs síns og leynt eiga að fara vegna lögmæltra almanna- eða einkahagsmuna. Tekur þetta til upplýsinga um einkahagi manna sem eðlilegt er að leynt fari.

Í máli þessu er óumdeilt að í ákvörðun ríkissaksóknara frá 4. desember 2009, sem birt var á heimasíðu embættis hans 6. janúar 2010, hafi komið fram viðkvæmar persónuupplýsingar í skilningi c-liðar 8. tölulíðar 2. gr. laga nr. 77/2000. Í málinu er einnig óumdeilt að ríkissaksóknari hefur fullar heimildir til að vinna með viðkvæmar persónuupplýsingar við ákvarðanir sínar er lúta að meðferð ákærvalds á grundvelli 7. tölulíðar 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000. Í máli þessu er einvörðungu til úrlausnar hvort ríkissaksóknara hafi verið heimilt að miðla viðkvæmum persónuupplýsingum til almennings með því að birta á heimasíðu embættis síns ákvörðun í tilteknu máli. Ríkissaksóknara var án nokkurs vafa heimilt að birta ákvörðunina á heimasíðu sinni felldi hann áður út viðkvæmar persónuupplýsingar sem þar var að finna.

Samkvæmt svörum ríkissaksóknara mat hann það svo að nauðsynlegt væri að birta umrædda ákvörðun í heild í kjölfar blaðaskrifa um rannsókn hans á málinu og almennrar ólgu í samfélaginu í kjölfar bankahruns þótt ákvörðunin hefði að geyma viðkvæmar persónuupplýsingar.

Eins og áður segir falla persónuupplýsingar sem rekja má beint eða óbeint til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, undir ákvæði laga nr. 77/2000, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna. Við skýringu ákvæða um heimild til vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga um látna einstaklinga verður almennt að ganga út frá því að eftir því sem upplýsingarnar eru eldri hafi stjórnvöld jafnan meira svigrúm við umfjöllun um slíkar upplýsingar enda dofna yfirleitt verndarhagsmunir reglnanna eftir því sem upplýsingarnar verða eldri. Í þessu sambandi er rétt að taka fram að 25 ár voru liðin frá andláti þeirra einstaklinga sem rannsókn ríkissaksóknara laut að. Þetta skýringarsjónarmið kemur eingöngu til álita að til staðar sé lagaheimild til að birta upplýsingar sem hægt er túlka í þessu ljósi.

Lög um meðferð sakamála nr. 88/2008 hafa ekki að geyma sérstaka heimild til birtingar ákvarðana ríkissaksóknara sem hafa að geyma viðkvæmar persónuupplýsingar. Í lögnum er hins vegar mælt fyrir um þagnarskyldu um upplýsingar um einkahagi sem leynt eiga að fara eins og áður er vikið að. Þarf því að líta til þess hvort einhver af skilyrðum 9. gr. laga nr. 77/2000 voru uppfyllt. Í svörum sínum bendir ríkissaksóknari á 4. tölul. og 6. tölul. 1. mgr. 9. gr. laganna sem þá lagaheimild sem birting hinna viðkvæmu persónuupplýsinga hafi byggst á.

Í 4. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000 kemur fram að vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga sé heimil ef hún er nauðsynleg til að verja verulega hagsmuni hins skráða eða annars aðila sem ekki er sjálfur fær um að gefa samþykki sitt samkvæmt 1. tölul. laganna. Í því tilvikum sem hér um ræðir eru hinir skráðu látnir. Þó svo að í ákveðnum tilfellum sé hægt að fallast á að nauðsynlegt geti verið að birta persónuupplýsingar um látinn mann til að verja verulega hagsmuni hans, t.d. vegna æru hans, verður ekki fallist á að slíkt eigi við í því tilvikum sem hér um ræðir. Er þá m.a. litið til þess sem ríkissaksóknari segir í bréfum sínum að tilgangur birtingarinnar hafi fyrst og fremst verið að leiðrétta mögulegar rangfærslur og auka traust borgaranna á embættinu.

Enn fremur vísar ríkissaksóknari til 6. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000. Þar segir að vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga sé heimil ef hún tekur einungis til upplýsinga sem hinn skráði hefur sjálfur gert opinberar. Líkt og áður hefur komið fram eru hinir skráðu látnir og hafa sjálfir ekki gert umræddar upplýsingar opinberar. Hins vegar hefur kvartandi, bróðir annars hinna skráðu, skrifað margar blaðagreinar um umrætt mál. Þó svo að slíkt tengsl séu með hinum látna og kvartanda verður ekki séð að hægt sé að fella blaðskrif kvartanda undir 6. tölul. 1. mgr. 9. gr. þar sem hann er hvorki hinn skráði í skilningi laganna né lögmæltur fyrirsvarsmaður hans í þessu tilliti.

Af framansögðu verður ekki á það fallist að birting ríkissaksóknara á viðkvæmum persónuupplýsingum sem fram koma í ákvörðun hans frá 4. desember 2009, sem birt var á heimasíðu embættis hans 6. janúar 2010, hafi getað byggst á ákvæðum 4. og 6. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000. Skorti því að lögum heimild til birtingar hinna viðkvæmu persónuupplýsinga sem fram koma í nefndri ákvörðun á heimasíðu embættis ríkissaksóknara er upplýsingarnar voru birtar 6. janúar 2010. Með vísan til 40. gr. laga nr. 77/2000 er hér með lagt fyrir ríkissaksóknara að afmá hinar viðkvæmu persónuupplýsingar úr hinni birtu gerð ákvörðunar hans frá 4. desember 2009 sem er finna á heimasíðu embættis hans.

Úrskurðarorð:

Ríkissaksóknara var óheimilt að birta á heimasíðu embættisins síns 6. janúar 2010 viðkvæmar persónuupplýsingar í ákvörðun hans frá 4. desember 2009.

Lagt er fyrir ríkissaksóknara að afmá strax hinar viðkvæmu persónuupplýsingar úr hinni birtu gerð ákvörðunar hans frá 4. desember 2009 sem er finna á heimasíðu embættis hans.“

3.2.22. Óumbeðin fjarskipti, IP-tölur – mál nr. 2010/82

Persónuvernd fjallaði um kvörtun manns sem taldi að annar en hann sjálfur hefði skráð sig á netpóstlista. Til þess að vita hver hefði skráð hann hefði þurft að vita hvaða IP-tala var notuð og vita um skráðan eiganda eða notanda vistfangs IP-tölnnar. Persónuvernd útskýrði ákvæði fjarskiptalaga, en samkvæmt þeim lögum hafa fjarskiptafyrirtæki mjög takmarkaðar heimildir til að veita slíkar upplýsingar. Í svari Persónuverndar, dags. 22. júní 2010, segir m.a.:

„Persónuvernd vísar til fyrri bréfaskipta í tilefni af kvörtun yðar, dags. 19. janúar 2010, yfir að hafa fengið óumbeðin fjarskipti frá Eddu útgáfu. Þér eruð með bannmerkingu í Þjóðskrá og á símaskrá. Þér kváðust ekki hafa skráð yður í „netklúbb“ útgáfunnar.

Sá hluti kvörtunarinnar er lýtur að verkefnasviði Póst- og fjarskiptastofnunar var framsendur henni. Sá þáttur er lýtur að bannmerkingum var hins vegar tekinn til nánari athugunar hjá Persónuvernd og með bréfi, dags. 22. mars 2010, greindi Persónuvernd yður frá niðurstöðu þeirrar athugunar. Athugunin leiddi í ljós að útgáfan hvorki notar né kaupir netföng af þriðja aðila heldur eingöngu pósthöndur sem skráð eru á vefsíðu fyrirtækisins. Hafði útgáfan afmáð nafn yðar og netfang af sínum skrá. Taldi Persónuvernd því ekki vera efni til frekari meðferðar máls enda mætti vænta þess að Póst- og fjarskiptastofnunin fjallaði efnislega um málið á grundvelli laga nr. 81/2003 um fjarskipti.

Ekki liggur fyrir að Póst- og fjarskiptastofnun hafi efnislega leyst úr framangreindu ágreiningsatriði. Með bréfi, dags. 20. maí sl., framsendi hún málið hins vegar aftur til Persónuverndar. Í því bréfi segir: [...]

Af bréfi Póst- og fjarskiptastofnunar má ráða að ósvarað sé þeim þætti erindis yðar er lýtur að upplýsingum um skráningu nafns yðar á umræddan póstlista Eddu. Af því tilefni er tekið fram að almennt getur sá sem heldur úti slíkri síðu sem hér um ræðir aðeins séð hvaða ip-tala stendur að baki færslu en ekki tengt töluna við notanda. Til þess þarf jafnan einnig upplýsingar frá viðkomandi fjarskiptafyrirtæki (e. „Internet Service Provider“) sem í flestum tilfellum eru fjarskiptafyrirtæki hér á landi. Í lögum um fjarskipti nr. 81/2003 eru ákvæði hér að lútandi.

Í 1.–3 mgr. 42. gr. þeirra laga er ákvæði um heimild fjarskiptafyrirtækis til að varðveita og miðla upplýsingum um fjarskipti. Þar er gert ráð fyrir að fjarskiptafyrirtæki megi varðveita slíkar upplýsingar í sex mánuði í þágu rannsókna sakamála og almannaöryggis. Þó er fjarskiptafyrirtækjum heimilt að vinna úr þannig gögnum vegna markaðssetningar fjarskiptaþjónustu eða framboðs á virðisaukandi þjónustu að því leyti sem nauðsynlegt er fyrir slíka þjónustu eða markaðssetningu – en aðeins með samþykki áskrifanda. Ekki liggur fyrir að framangreind skilyrði séu uppfyllt. Þá segir í 1. mgr. 47. gr. sömu laga að fjarskiptafyrirtæki sem veita almenna fjarskiptaþjónustu skuli gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja öryggi þjónustunnar og koma í veg fyrir að óviðkomandi fái aðgang að þeim. Í 6. og 7. mgr. 47. gr. segir: [...]

Samkvæmt framansögðu verður ekki, á grundvelli þeirra gagna sem fyrir liggja í málinu, og að virtum ákvæðum 42.–47. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003, séð að skilyrði séu til þess að Edda útgáfa – og það fjarskiptafyrirtæki sem hún er í viðskiptum við – geti veitt yður upplýsingar um hver sé skráður eigandi og/eða notandi vistfangs IP-tölu sem notað var við skráningu yðar í netklúbb Eddu. Tekið er fram að lítið hefur verið svo á að ríkir almannahagsmunir eða einstaklingshagsmunir verði að krefjast þess að slíkum rannsóknaraðgerðum sé beitt, sbr. dóm Hæstaréttar frá 13. júní 2001 í máli nr. 193/2001.

Með vísun til framangreinds þykja ekki vera forsendur til frekari meðferðar Persónuverndar á máli þessu. Verður það því fellt niður.“

3.2.23. Myndavélavöktun hjá Snælands video – mál nr. 2009/946

Persónuvernd fjallaði um kvörtun vegna vöktunar á vinnustað, m.a. í kaffiáðstöðu starfsmanna. Þegar Persónuvernd fór þangað í vettvangsheimsókn var stillingu myndavélar, sem beindist að kaffiáðstöðu, breytt. Persónuvernd taldi stillingu vélarinnar fram að því ekki hafa samrýmst lög-

um, en í ljósi breytingarinnar taldi hún ekki efni til frekari aðgerða vegna umræddrar vöktunar. Í svari Persónuverndar, dags. 22. júní 2010, segir m.a.:

„1.
Rafræn vöktun
Lagaumbverfi

Um rafræna vöktun er að finna reglur í bæði lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og reglum nr. 837/2006 settum með stoð í 5. mgr. 37. gr. þeirra laga.

Eins og fram kemur í 2. mgr. 1. gr. reglnanna getur vöktun farið fram á margs konar hátt og með margs konar búnaði, þ. á m. með eftirlitsmyndavélum. Svo að vöktun megi fara fram verður tilgangurinn með henni að vera málefnalegur, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 77/2000. Eins og kveðið er á um í sama ákvæði laganna er vöktun svæðis, þar sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði (t.d. á vinnustað), jafnframt háð því skilyrði að hennar sé sérstök þörf vegna eðlis þeirrar starfsemi sem þar fer fram.

Víðar í lögnum er vikið að vöktun. Má þar nefna 2. mgr. 9. gr. laganna, sbr. lög nr. 81/2002, um varðveislu vöktunarefnis með viðkvæmum persónuupplýsingum, s.s. um refsiverða háttsemi, sbr. b-lið 8. tölul. 2. gr. laganna. Þar er mælt fyrir um skilyrði fyrir slíkri varðveislu, m.a. að efni, sem til verður við vöktunina, verði ekki afhent öðrum eða unnið frekar nema með samþykki þess sem upptaka er af eða samkvæmt ákvörðun Persónuverndar; heimilt sé þó að afhenda lögreglu efni með upplýsingum um slys eða refsiverðan verknað, en þá skuli þess gætt að eyða öllum öðrum eintökum af efninu.

Meðferð persónuupplýsinga sem til verða í tengslum við vöktun verður, auk framangreinds, m.a. að samrýmast meginreglum 7. gr. laga nr. 77/2000, þ. á m. þeim reglum að persónuupplýsingar skulu unnar með með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og að öll meðferð þeirra skal samrýmast vönduðum vinnsluháttum persónuupplýsinga (1. tölul.); að þær skulu fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.); að þær skulu vera nægilegar, víðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.); og að þær skulu varðveittar í því formi að ekki sé unnt að bera kennsl á skráða aðila lengur en þörf krefur miðað við tilgang vinnslu (5. tölul.). Draga má efni þessara reglna saman í eina grunnreglu þess efnis að vinnsla persónuupplýsinga skuli vera sanngjörn og ekki umfram það sem nauðsynlegt er í þágu lögmæts og málefnalegs tilgangs.

Nánari ákvæði um vöktun er að finna í framangreindum reglum nr. 837/2006. Í 4. gr. reglnanna er áréttuð sú regla 4. gr. laganna að vöktunin skal fara fram í málefnalegum tilgangi. Vöktun í þágu öryggis og eignavörslu er nefnd sem dæmi um slíkt. Í 6. gr. kemur fram að svo að vöktun, sem fram fer í því skyni að mæla vinnu og afköst starfsmanna, sé heimil þarf frekari skilyrðum en ella að vera fullnægt. Slík vöktun getur verið heimil: [...] Ekki er útilokað að vöktun til eftirlits með vinnu og afköstum sé heimil í öðrum tilvikum. Í athugasemdum við 1. gr. í frumvarpi því er varð að lögum nr. 81/2002, sem breyttu lögum nr. 77/2000, segir um breytingu sem með lögnum var gerð á fyrrgreindu ákvæði 2. mgr. 9. gr.:

„Vera kann að fyrirtæki hafi sérstaka þörf fyrir að vakta svæði þar sem takmarkaður fjöldi fólks fer um að jafnaði, t.d. á vinnustað. Skilyrði um sérstaka nauðsyn getur t.d. verið uppfyllt ef vöktun er nauðsynleg til að tryggja öryggi starfsmanna eða hindra að hættuástand skapist. Almennt ber þó að túlka heimildir til vöktunar á vinnustað þröngt og gæta þess að virða einkalífsrétt starfsmanna, m.a. rétt þeirra til að halda út af fyrir sig félagslegum og persónulegum samböndum á vinnustað. Lögmæti vöktunar á vinnustað sem miðar að því að mæla gæði vinnu og afköst starfsmanna er m.a. háð því að starfsmenn hafi fengið nauðsynlega fræðslu um tilvist hennar, eftir atvikum við gerð ráðningarsamnings eða með öðrum sannanlegum hætti og að samkvæmt skipulags-, framleiðslu- eða öryggissjónarmiðum sé slíkrar vöktunar þörf. Dæmi um ómálefnalega vöktun, og þar með ólögmæta, er vöktun sem leiðir til þess að einstökum hópum manna verði mismunandi, svo sem ef hún beinist að hópum á

grundvelli skoðana þeirra, kynferðis, uppruna, kynþáttar eða þjóðernis. Vöktun í kirkjum, kapellum eða öðrum húsum sem ætluð eru til bænahalds og trúariðkunar felur í sér sérstaka hættu fyrir friðhelgi einkalífs. Sama á t.d. við um vöktun í mátunarklefum, á salernum, í hót-elherbergjum, í káetum, á vínveitingahúsum o.s.frv.“ Í 5. gr. reglnanna segir: [...]

2.

Ákvörðun

Við alla vöktun skal þess gætt að ganga ekki lengra en brýna nauðsyn ber til miðað við þann tilgang sem að er stefnt og forðast alla óþarfa íhlutun í einkalífsrétt þeirra sem sæta vöktun. Samkvæmt því hefur m.a. verið talið að virða beri rétt starfsmanna til að halda út af fyrir sig persónulegum aðstæðum og félagslegum innbyrðis tengslum.

Gildandi reglur um rafræna vöktun á vinnustöðum gera ráð fyrir því að viðhafa megi rafræna vöktun til að mæla vinnu og afköst starfsfólks ef þess er sérstök þörf, s.s. vegna þess að ekki sé unnt að koma við verkstjórn með öðrum hætti eða vegna þess að án vöktunarinnar sé ekki unnt að tryggja öryggi á viðkomandi svæði. Ekki hefur verið talið að slík sjónarmið eigi við um vöktun á svæðum sem starfsfólk hefur aðgang að í hvíldartíma, s.s. á snyrtingum, þar sem aðstaða er til fataskipta og á kaffistofum.

Stjórn Persónuverndar ræddi mál þetta á fundi sínum í dag, þ.e. þann þátt er lýtur að vöktun í kaffiádstöðu starfsmanna á umræddri starfsstöð fyrirtækisins. Í ljósi þess að í vettvangsheimsókn sem fram fór þann 19. mars sl. var stillingu myndavélar sem beindist að kaffiádstöðu starfsmanna breytt, og hún snýr nú að útidyrhurð en ekki að kaffiádstöðunni, voru að svo stöddu ekki talin efni til frekari afskipta stofnunarinnar af umræddri vöktun.“

3.2.24. Kennitöluskráning í IKEA – mál nr. 2010/53

Persónuvernd úrskurðaði þann 22. júní 2010 í máli vegna kvörtunar konu yfir skráningu IKEA á kennitölu hennar við vöruskil. Af hálfu Ikea kom fram að skráningin væri forsenda þess að hún gæti skilað vörunni en fyrirtækið veitti aukinn rétt m.t.t. laga um neytendakaup. Niðurstaðan var sú skráningin hefði verið nauðsynleg vegna viðskiptanna og þar með heimil. Í niðurstöðu Persónuverndar segir m.a.:

„Forsendur og niðurstaða

1.

Gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna, nær til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkrar vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr.

Skráning Miklatorgs hf. – IKEA á kennitölum þeirra sem skila vöru og fá inneignarnótur, og krafa um að þeir framvísi persónuskilríkjum til staðreyningar á því hverjir þeir eru, felur í sér vinnslu persónuupplýsinga í framangreindum skilningi. Fellur mál þetta því undir gildissvið laga nr. 77/2000 og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 37. gr. laganna.

2.

Samkvæmt 10. gr. laga nr. 77/2000 er notkun kennitölu heimil ef hún á sér málefnalegan tilgang og er nauðsynleg til að tryggja örugga persónugreiningu. Við mat á því hvort skilyrði ákvæðisins séu uppfyllt í því máli sem hér er til úrlausnar ber að líta til röksemda Miklatorgs hf. – IKEA um að kennitöluskráning sé félaginu nauðsynleg til að veita tilgreinda vöruskiptabjónustu. Félagið segir að til þess að geta veitt þjónustuna þurfi það að skrá kennitölur viðskiptavina og fá að sjá

skilríki þeirra svo einungis þeir sem í raun hafi keypt vöru geti skilað henni og aðeins þeir sem eiga inneignarnótur geti nýtt sér þær.

Samkvæmt framangreindu er umrædd vinnsla upplýsinga um kennitölur viðskiptavinar forsenda þess að hann eigi vöruskilarrétt hjá Miklators hf. – IKEA. Þá skiptir máli að mati Persónuverndar að félagið veitir aukinn rétt m.t.t. laga nr. 48/2003 um neytendakaup en í umsögn Neytendastofu kemur fram að seljendur hafa frjálssar hendur um rétt viðskiptavina til að skila vörum.

Með vísan til alls framangreinds telur Persónuvernd að skráningu Miklators hf. – IKEA á kennitölum viðskiptavina sem skila vörum sé ætlað að þjóna málefnalegum tilgangi í skilningi 10. gr. laga nr. 77/2000. Þá telur Persónuvernd, með vísun til þeirra skýringa sem fram koma í bréfi Miklators hf. – IKEA dags. 14. maí 2010, að skráningin sé félaginu nauðsynleg til að umrædd viðskipti geti farið fram og þar með sé hún nauðsynleg til að tryggja persónugreiningu í skilningi sama ákvæðis.

Úrskurðarorð:

Skráning Miklators hf. – IKEA á kennitölu R, í tengslum við skil hennar á vöru sem hún hafði keypt hjá félaginu, var heimil.“

3.2.25. Kennitöluskráning í Intersporti – mál nr. 2009/661

Persónuvernd úrskurðaði þann 22. júní 2010 í máli vegna kvörtunar manns yfir skráningu Intersports á kennitölu hans þegar hann keypti þar vöru með afslætti. Afslátturinn stóð öllum til boða og skráning á kennitölu fór ekki fram vegna viðskipta við kvartanda heldur í þágu eftirlits með starfsmönnum Intersports. Niðurstaðan var sú að skráningin hefði ekki verið nauðsynleg vegna viðskiptanna og þar með ekki heimil. Í niðurstöðu Persónuverndar segir m.a.:

„1.

Gildissvið laga nr. 77/2000

Efnislegt gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, og þar með valdsvið Persónuverndar, nær til vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. og 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna.

Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í at-hugasemdum við 2. tölul. 2. gr. í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að kerfisbundin skráning persónuupplýsinga falli undir vinnsluhugtakið.

Af framangreindu er ljóst að skráning kennitölu kvartanda hjá Intersporti fól í sér vinnslu persónuupplýsinga í framangreindum skilningi. Samkvæmt því fellur mál þetta undir efnislegt gildissvið laga nr. 77/2000.

2.

Lögmæti vinnslunnar

Í máli þessu er til úrlausnar lögmæti þess að skrá og varðveita kennitölu kvartanda hjá Intersporti vegna staðgreiðslukaupa hans á vöru sem auglýst var á afslætti. Við mat á því þarf að líta til ákvæðis 10. gr. laga nr. 77/2000 um að notkun kennitölu er háð því skilyrði að hún eigi sér málefnalegan tilgang og sé nauðsynleg til að tryggja örugga persónugreiningu.

Skilyrði að því er varðar skráningu upplýsinga um viðskiptavini er að vinnslan eigi sér stóð í einhverju af skilyrðum til vinnslu almennra persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000. Í 2. tölul. þeirrar greinar er ákvæði um vinnslu sem er nauðsynleg til að efna samning sem hinn skráði er aðili að. Hefur vinnsla verið talin heimil sé hún nauðsynleg til þess að viðskipti geti átt sér stað með lögmætum hætti. Ekki liggur fyrir að svo hafi verið í því máli sem hér um ræðir enda stóð umræddur afsláttur öllum til boða og skráning á kennitölu kvartanda

för ekki fram svo mögulegt væri að eiga umrædd viðskipti við hann heldur í þágu eftirlits með starfsmönnum Intersports. Er því ekki fullnægt skilyrði 10. gr. laga nr. 77/2000 um að skráning kennitölu hafi verið nauðsynleg til að tryggja örugga persónugreiningu.

Úrskurðarorð:

Skráning og varðveisla Intersports á kennitölu G vegna kaupa hans á vöru sem auglýst var á almennum afslætti var óheimil.“

3.2.26. Birting úrskurða síðanefndar Hundaræktarfélag Íslands – mál nr. 2010/523

Persónuvernd svaraði fyrirspurn um heimild Hundaræktarfélags Íslands til að birta úrskurði síðanefndar þess í félagsblaðinu Sámi og á vefsíðu HRFÍ. Birting úrskurðar, þ.e. með nafni viðkomandi félagsmanns, var háð samþykki. Í svari Persónuverndar, dags. 22. júní 2010, segir m.a.:

„Persónuvernd vísar til bréfs, dags. 9. júní 2010, þar sem Hundaræktarfélag Íslands óskar eftir afstöðu Persónuverndar til þess hvort það mæli gegn lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga að birta úrskurði síðanefndar með nöfnum aðila í félagsblaðinu Sámi og á vefsíðu HRFÍ.

Lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, gilda um alla rafræna vinnslu persónuupplýsinga og handvirka vinnslu sé upplýsingunum ætlað að verða hluti af skrá, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna og vinnsla, er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. í 8. tölul. 2. gr. eru tíundaðar þær tegundir persónuupplýsinga sem teljast viðkvæmar en í b-lið ákvæðisins eru nefndar upplýsingar um hvort maður hafi verið grunaður, ákærður eða dæmdur fyrir refsiverðan verknað. Af framangreindu er ljóst að nafnbirting úrskurða á heimasíðu félagsins getur talist til vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga í skilningi laga nr. 77/2000 og þarf þá að samrýmast ákvæðum þeirra.

Samkvæmt 9. gr. þeirra laga er vinnsla slíkra upplýsinga óheimil nema uppfyllt sé eitthvert af skilyrðum 1. mgr. 8. gr. og enn fremur eitthvert af skilyrðum 1. mgr. 9. gr. laganna. Í 5. tölul. 1. mgr. 9. gr. segir að vinnsla sé heimil sé hún framkvæmd af samtökum sem hafa stéttarfélagleg markmið eða af öðrum samtökum sem ekki starfa í hagnaðarskyni, svo sem menningar-, líknar-, félagsmála- eða hugsjónasamtökum, enda sé vinnslan liður í lögmætri starfsemi samtakanna og taki aðeins til félagsmanna þeirra eða einstaklinga sem samkvæmt markmiðum samtakanna eru, eða hafa verið, í reglubundnum tengslum við þau. Í lokamálslið 5. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000 er sérstaklega áréttað að ekki megi miðla upplýsingum áfram án samþykkis hins skráða.

Mál þetta var rætt á fundi stjórnar Persónuverndar í dag. Var það niðurstaða hennar að ekki þurfi að vera um að ræða samþykki í skilningi 7. tölul. 2. gr. laganna. Vægari kröfur megi gera til samþykkis í skilningi 5. tölul. 1. mgr. 9. gr. laganna. Þó verði að vera skýrt að hinn skráði félagsmaður hafi með ótvíræðum hætti samþykkt vinnsluna. Það getur t.d. gerst við inngöngu í félagið eða með því að félagsmaður samþykkir breytingu á lögum þess um birtingu nafngreindra upplýsinga. Það er þó skilyrði að atvik séu þannig að hinn skráði hafi án vafa haft vitneskju um vinnslu og ótvírætt samþykkt hana – með yfirlýsingu eða í verki.

Vinnsla persónuupplýsinga þarf enn fremur ávallt að vera í samræmi við alla töluliði 7. gr. laganna um gæði gagna og vinnslu. Þar kemur fram að við meðferð persónuupplýsinga skuli þess gætt að þær séu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti (1. tölul.), að þær séu fengnar í yfirlýstum, skýrum og málefnalegum tilgangi (2. tölul.), að þær skuli vera nægilegar, videigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslu (3. tölul.) og að þær skuli vera áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum (4. tölul.)“

3.2.27. Ákvörðun varðandi öryggi sjúkraskráa á Landspítala – mál nr. 2009/1122

Persónuvernd barst ábending um að við kennslu á Landspítala, þ.e. kennslu tæknimanna á upplýsingakerfi, hefðu verið notuð raungögn. Þá lá fyrir að við kennslu höfðu tæknimenn skráð sig inn á tölvur með sínu aðgangsorði en notað aðgangsorð tiltekinna heilbrigðisstarfsmanna til að komast inn á viðkvæmar skrár. Persónuvernd kvað óheimilt að nota raunverulegar og persónugreinanlegar sjúkraskrár þegar almenn kennsla á upplýsingakerfi spítalans færi fram. Þess í stað skyldi stuðst við gervigögn, s.s. skrár sem ekki hefðu að geyma raunveruleg persónuauðkenni (nöfn, heimilisföng, kennitölur o.fl.). Þá kom fram í ákvörðun stofnunarinnar að færi fram kennsla á upplýsingakerfi spítalans væri starfsmönnum óheimilt að nota önnur aðgangsorð en sín. Í ákvörðun Persónuverndar, dags. 1. júní 2010, segir m.a.:

„1.

Bréfaskipti

Persónuvernd vísar til fyrri bréfaskipta vegna þess að við kennslu á LSH, þ.e. kennslu tæknimanna á möguleikum og virkni upplýsingakerfa, hafi verið notuð raungögn. Þá lá fyrir að við kennslu höfðu tæknimenn skráð sig inn á tölvur með sínu aðgangsorði en notað aðgangsorð tiltekinna heilbrigðisstarfsmanna til að komast inn á viðkvæmar skrár. Ekki liggur fyrir að umræddir heilbrigðisstarfsmenn hafi þá verið viðstaddir.

Með bréfi, dags. 1. mars 2010, óskaði stjórn Persónuverndar eftir afdráttarlausari og áreiðanlegri svörum en hún hafði þá þegar fengið um viðbrögð LSH við framangreindu. Var óskað svara sem væru nægilega skýr svo af mætti ráða að úr yrði bætt og slíkir öryggisbrestir endurtækju sig ekki. Þá var óskað svara um hvort viðkomandi sjúklingum hefði verið veitt fræðsla um að sjúkraskrár þeirra hefðu verið notaðar sem kennsluefni við fyrirlestra og hvort landlækni hefði verið kynnt málið. Var spurt hvort áætlað væri að endurskoða vinnslusamning um upplýsingakerfið og þess þá óskað að Persónuvernd bærust ný drög að samningi. Þá var spurt um agaaviðbrögð gagnvart þeim lækni sem leyfði umrædda notkun gagna og aðgangsorð síns. Loks var óskað afrits af skýrslu eftirlitsnefndar sjúkrahússins með logg-skrám o.þ.h. í samræmi við öryggisreglur sjúkrahússins.

Í bréfi Ó, framkvæmdastjóra lækninga á Landspítala, dags. 28. apríl 2010, er framangreindum spurningum svarað. Hvað varðar það hvort viðkomandi sjúklingi hafi verið veitt fræðsla segir í bréfinu að ekki hafi verið um undirbúinn fyrirlestur að ræða heldur kynningu á kerfi sem spítalinn hafi verið að taka í notkun á LSH. Upplýsingar þær sem sjúkraskrá varðveiti séu ekki inntak kennslunnar heldur virkni þeirra kerfa sem birta sjúkraskrár. Þegar fyrri bréf hafi verið samið hafi LSH ekki verið búið að kynna viðkomandi sjúklingi málavöxtu. Hafi LSH talið eðlilegt að svara Persónuvernd og bíða með frekari aðgerðir þar til afstaða hennar lægi fyrir. Enn fremur kemur fram að framkvæmdastjóri lækninga hafi óskað eftir því að siðfræðinefnd LSH tæki afstöðu til þess hvort hún teldi eðlilegt að kynna viðkomandi sjúklingi málavöxtu. Í svari siðanefndarinnar hafi komið fram að hún taldi vandséð að kennsla í heilsugáttarham sjúkraskrárkerfis LSH fyrir eiðsvarinn hóp lækna og kandidata í afmörkuðu rými á Landspítala hefði skaðað sjúkling. Á grundvelli þessa telur Landspítali að viðkomandi sjúklingur hafi ekki borið neinn skaða af umræddu atviki og telur vandséð að kynning á því þjóni hagsmunum hans. Ekki sé því fyrirhugað að kynna viðkomandi sjúklingi atvikið.

Hvað varðar það hvort landlækni hafi verið kynnt málið segir í bréfinu að LSH hafi ekki kynnt landlækni málavöxtu, fyrir samningu fyrri bréfs spítalans. Taldi LSH eðlilegt að svara Persónuvernd áður en til frekari aðgerða yrði gripið og bíða með frekari aðgerðir þar til afstaða Persónuverndar lægi fyrir. Landlækni hafi nú verið kynnt málið og hafi hann komið til fundar við framkvæmdastjóra lækninga þann 16. mars 2010 þar sem afstaða LSH var reifuð. Landlæknir hafi ekki gert athugasemdir við afgreiðslu spitalans.

Hvað varðar það hvort áætlað sé að endurskoða vinnslusamning um upplýsingakerfið segir í bréfinu að Landspítali sé bæði ábyrgðaraðili og vinnsluaðili sjúkraskrárupplýsinga á spítalanum og Heilsugáttin sé þróuð af Landspítala. Í ljósi þess að LSH sé ábyrgðaraðili við alla vinnslu upplýsinganna, sem fer fram í húsakynnum spítalans, hafi LSH ekki talið að gera ætti sérstakan

samning um vinnsluna. Því sé ekki fyrirbyggjandi neinn samningur um þessa vinnslu og ekki hafi verið áformað að gera slíkan samning, enda ekki gert ráð fyrir slíkum samningi í lögum um persónuvernd.

Hvað varðar agaviðbrögð gagnvart þeim lækni sem leyfði umrædda notkun gagna og aðgangsorðs síns segir í bréfinu að umræddur læknir hafi leyft notkun „sjónarhorns“ síns í þeim tilgangi að hægt væri að þróa sjúkraskrárkerfi spítalans og prófa það með notkun raungagna og þannig sannreyna að gögn birtust með réttum hætti, áður en kerfið yrði tekið í notkun á spítalanum. Þessi heimild hafi ekki tekið til þess að nota gögnin eða aðgangsorð læknisins við kennslu eða leiðsögn og ekki gert ráð fyrir að þessi heimild yrði nýtt við þær aðstæður. Það sé hlutverk LSH að viðhalda þeim sjúkraskrárkerfum sem notuð eru á spítalanum við meðferð sjúkraskrárupplýsinga og þróa þau. Jafnframt þurfi að tryggja að gögn birtist með réttum hætti þegar þjónusta við sjúklinga fari fram. Prófun tæknimanna á sjúkraskrárkerfum í raunumhverfi er því að mati LSH lögmæt starfsemi og nauðsynleg til að fyrirbyggja eftir megni að mistök eigi sér stað, mistök sem í versta tilviki geti leitt til alvarlegs skaða fyrir sjúklinga spítalans. Í bréfinu kemur fram að leitað hafi verið til siðfræðinefndar LSH um þetta mál. Í svari hennar hafi m.a. komið fram að hún teldi ekki rétt að beita agaviðbrögðum í nefndu tilviki. Sá hópur sem valinn hefði verið og falið það verkefni að leysa flókin vandamál tengd sjúkraskrárkerfinu, og kenna öðrum læknum nýtingu þess, hefði nefndinni sýnst vinna af trúmennsku og án ásetnings eða hnýsni. Á grundvelli þessa telur LSH að læknirinn hafi ekki brotið af sér í starfi. Að mati LSH megi umrætt atvik rekja til þess að vinnureglur hafi ekki verið nægilega skýrar. Hafi vinnureglur nú verið skýrðar og umræddir tæknimenn muni í framtíðinni eingöngu sinna kennslu í samstarfi við heilbrigðisstarfsmenn á viðkomandi starfseiningu, sem beri þá ábyrgð á allri notkun sjúkragagna.

Með bréfinu fylgdi einnig afrit af skýrslu eftirlitsnefndar um rafrænar sjúkraskrár. Eftir skoðun á umræddri skýrslu taldi Persónuvernd rétt að boða S, formann nefndarinnar, á sinn fund. Á fundi stjórnar Persónuverndar með honum þann 17. maí 2010 voru niðurstöður skýrslunnar ræddar. Fram kom að lækningaforstjóri hefði haft samband við S og beðið hann um að athuga „log“-færslur hjá Ó, lækni, í tengslum við mögulega misnotkun á aðgangi. Seinna hafi T, læknir, einnig haft samband við S og beðið hann um að athuga nánar innskráningu á hans notandanafni í tengslum við ákveðnar kennitölur. Við athugun á innskráningu þessara tveggja lækna hafi komið í ljós að notandinn „[k]“ hafi skráð sig á ákveðna tölvu en notað notandanöfn framan- greindra lækna til að komast inn á Heilsugáttina. S gat ekki fullyrt að umræddir læknar hefðu verið viðstaddir þegar þessi innskráning í Heilsugátt átti sér stað. Hins vegar væri það ljóst, ef sjúkraskrárnar væru skoðaðar, að T hefði ekki haft nein meðferðartengsl við þá sjúklinga sem flett hafði verið upp á hans notandanafni.

Á fundinum kom fram af hálfu forstjóra Persónuverndar að þegar Heilsugáttin var sett á stofn hafi verið ákveðið að hafa eftirlit með aðgangi eftir á en ekki fyrirfram. Í stað þess að úthluta aðgangsleyfum fyrirfram hefði, á grundvelli hagsmunamats, þannig verið ákveðið að veita heilbrigðisstarfsmönnum tæknilega víðtækan aðgang en þeir ættu aðeins að nota hann að því marki sem þeim væri nauðsynlegt í þágu læknismeðferðar. Hafa ætti eftirfarandi eftirlit með því að þeir færu að þessu og hefði eftirlitsnefndin fengið það hlutverk. Hefði verið miðað við að Persónuvernd fengi skýrslur eftirlitsnefndarinnar reglulega en þær hefðu ekki borist. S kvað slíkar skýrslur hafa verið unnar og taldi ekkert því til fyrirstöðu að lækningaforstjóri sendi Persónuvernd þær.

S útskýrði einnig hvernig eftirlitsnefndin hagar eftirliti sínu. Það væri með þeim hætti að stikkprufur væru teknar, t.d. með því að athuga uppflettingar á tilteknu tímabili, og kanna hvort farið hefði verið inn í sjúkraskrár þjóðþekktra einstaklinga, einstaklinga sem fæddir eru á tilteknu tímabili o.s.frv. Ef einhverjar færslur bentu til misnotkunar þá væri það athugað sérstaklega. Var hann inntur eftir því hvort einhver sjálfvirkni væri til staðar þegar kæmi að eftirliti en sagði svo ekki vera, þó vissulega væri þörf á því að hafa slíkt kerfi við eftirlit.

Var S inntur eftir því hvort breyta þyrfti reglum í sambandi við hlutverk eftirlitsnefndarinnar

og auka eftirlit. S sagði að að honum meðtöldum ynnu nú þrír starfsmenn við eftirlit og einn skrifstofustjóri. Taldi hann að nauðsynlegt væri að efla eftirlitið og hann hefði nefnt þetta við forstjóra spítalans og Ó. Einnig taldi hann, í ljósi aðgangs í gegnum Ljórann, að þá þyrfti að endurskoða allar eftirlitsreglur en Ljórinn væri gátt sem veitir öðrum spítölum og sjúkrahöfnum, öðrum en Landspítala, aðgang að sjúkraskrá Landspítalans. Í þessu sambandi var bent á, af hálfu stjórnarmanna Persónuverndar, að með þessu yrði ákveðin eðlisbreyting þegar ekki væri lengur einungis um starfsmenn spítalans að ræða. Var niðurstaðan sú að þetta þyrfti að athuga sérstaklega.

Á fundinum kom fram að S taldi, í sambandi við notkun raungagna við kennslu á kerfið Heilsugátt, að vel væri hægt að nota gervigögn, þ.e. skáldaðar sjúkraskrár. Engin þörf væri á að nota raungögn í kennslu sem þessari. Þá væri oft hægt að ná sama árangri með því að styðjast við raunverulega sjúkraskrá en skipta út almennum lýðskrárupplýsingum og kennitölu.

2.

Samkvæmt 2. tölul. 2. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000 er hlutverk Persónuverndar meðal annars að hafa eftirlit með því að farið sé að lögum og öðrum reglum um vinnslu persónuupplýsinga og að bætt sé úr annmörkum og mistökum. Stjórn Persónuverndar ræddi þetta mál á fundi sínum í dag. Hún telur að sú framkvæmd sem áður hefur verið lýst samrýmdist ekki 7. og 11. gr. laga nr. 77/2000 um upplýsingaöryggi.

Persónuvernd bendir á að í 1. tölul. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000 segir að við meðferð persónuupplýsinga skuli að því gætt að þær séu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og að öll meðferð þeirra sé í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga. Í 2. tölul. 1. mgr. 7. gr. segir enn fremur að persónuupplýsingar skuli fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi, en frekari vinnsla í sagnfræðilegum, tölfræðilegum eða vísindalegum tilgangi telst ekki ósamrýmanleg að því tilskildu að viðeigandi öryggis sé gætt. Í 5. tölul. 1. mgr. 7. gr. segir að persónuupplýsingar skuli varðveittar í því formi að ekki sé unnt að bera kennsl á skráða aðila lengur en þörf krefur miðað við tilgang vinnslu.

Í „upplýsingaöryggi“ felast þrír grundvallarþættir: (a) Að persónuupplýsingum sé leynt gagnvart óviðkomandi, (b) að þær séu áreiðanlegar og (c) að þær séu aðgengilegar þeim sem nauðsynlega þurfa á þeim að halda. Ákvæði um öryggi er í 11. gr. laga nr. 77/2000. Samkvæmt henni skal ábyrgðaraðili að vinnslu persónuupplýsinga, þ.e. sá sem ákveður hvers vegna og hvernig vinna skal með slíkar upplýsingar, sbr. 4. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000 – í þessu tilviki LSH – gera viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir til að vernda upplýsingarnar gegn ólöglegri eyðileggingu, gegn því að þær glatist eða breytist fyrir slysi og gegn óleyfilegum aðgangi.

Að virtu framansögðu hefur stjórn Persónuverndar tekið ákvörðun á grundvelli 1. mgr. 40. gr. laga nr. 77/2000 um bann við frekari notkun sjúkraskrárupplýsinga, í tengslum við upplýsingakerfi spítalans, og ráðstafanir sem tryggja lögmæti vinnslunnar, svo sem greinir í neðangreindri ákvörðun.

Ákvörðun:

Óheimilt er að nota raunverulegar og persónugreinanlegar sjúkraskrár þegar almenn kennsla á upplýsingakerfi spítalans fer fram. Þess í stað skal stuðst við gervigögn, s.s. skrár sem ekki hafa að geyma raunveruleg persónuauðkenni (nöfn, heimilisföng, kennitölur o.fl.)

Þegar fram fer kennsla á upplýsingakerfi spítalans er starfsmönnum óheimilt að nota önnur aðgangsorð en sín eigin, nema að sá starfsmaður sem hefur umrætt aðgangsorð sé viðstaddur.“

3.2.28. Miðlun upplýsinga um uppsögn til allra starfsmanna – mál nr. 2010/417

Persónuvernd fjallaði um kvörtun yfir því að skólastjóri Kársnesskóla hefði greint frá uppsögn starfsmanns í tölvupósti sem hann sendi til allra starfsmanna skólans. Persónuvernd tók málið til meðferðar og komst að þeirri niðurstöðu að miðlun Kársnesskóla á upplýsingum um uppsögn

K með tölvubréfi til allra starfsmanna skólans samrýmdist lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Í úrskurði hennar, dags. 22. júní 2010, segir m.a.:

„II.
Niðurstaða

1.

Gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna, nær til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkrar vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í athugasemdum við 2. tölul. 2. gr. í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu. Af þessu öllu er ljóst að mál þetta lýtur að vinnslu persónuupplýsinga sem fellur undir valdsvið Persónuverndar.

2.

Svo að vinna megi með persónuupplýsingar verður að vera fullnægt einhverju skilyrðanna í 8. gr. laga nr. 77/2000. Þegar unnið er með viðkvæmar persónuupplýsingar verður að auki að vera fullnægt einhverju af skilyrðum 9. gr. sömu laga. Ekki liggur fyrir að slíkum upplýsingum hafi verið miðlað um kvartanda og nægir því að vinnsla hafi verið í samræmi við ákvæði 8. gr.

Það ákvæði 8. gr. laga nr. 77/2000, sem einkum getur átt við í máli þessu, er 7. tölul. 1. mgr. Þar er mælt fyrir um að vinna megi með persónuupplýsingar sé það nauðsynlegt til að gæta lögmætra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða vegi þyngra. Þegar starfsmönnum er sagt upp vegna niðurskurðar hjá opinberri stofnun geta lögmætir hagsmunir í skilningi þessa ákvæðis verið af því að greina öðrum starfsmönnum viðkomandi stofnunar frá því. Miðlun upplýsinga um uppsögn kvartanda til samstarfsmanna, eins og hér stóð á, var því í samræmi við ákvæði framangreinds töluliðar 1. mgr. 8. gr.

Úrskurðarorð:

Miðlun Kársnesskóla á upplýsingum um uppsögn K með tölvubréfi til allra starfsmanna skólans samrýmdist lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.“

3.2.29. Útreikningur Creditinfo-Lánstrausts á lánsbæfi – mál nr. 2010/331

Persónuvernd ákvað að Creditinfo-Lánstrausti hefði verið óheimilt að reikna út og selja mat á lánsbæfi manns án hans samþykkis. Fyrirtækið hafði selt umræddar upplýsingar til þriðja aðila og taldi hina heimildarlausu vinnslu vera á ábyrgð þess aðila. Í niðurstöðu Persónuverndar kom hins vegar fram að Creditinfo-Lánstraust bar ábyrgð á þeirri vinnslu sem fyrirtækið sjálft framkvæmdi og skyldi, með viðhlítandi ráðstöfunum, sjálft tryggja að heimild stæði til þeirrar vinnslu sem það hefði með höndum. Í úrskurði stofnunarinnar, dags. 22. júní 2010, segir m.a.:

„Forsendur og niðurstaða

1.

Gildissvið laga og skilgreining hugtaka

Gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna, nær til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkrar vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð

aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í athugasemdum við 2. tölul. 2. gr. í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu. Af þessu öllu er ljóst að mál þetta lýtur að vinnslu persónuupplýsinga sem fellur undir valdsvið Persónuverndar.

2.

Leyfisskylda

Málshefjandi dregur í efa að Lánstraust hf. hafi haft leyfi Persónuverndar til vinnslu persónuupplýsinga um lánshæfi. Af því tilefni er tekið fram að viss starfsemi Creditinfo-Lánstrausts hf. fer fram á grundvelli starfsleyfis Persónuverndar. Núgildandi leyfi er dags. 11. mars 2009 (mál nr. 2008/960). Það heimilar félaginu að safna og skrá upplýsingar sem varða fjárhagsmálefni og lánstraust einstaklinga, í því skyni að miðla þeim til annarra. Starfsleyfisskyldan byggist á ákvæðum reglugerðar nr. 246/2001 um söfnun og miðlun upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust, sem sett er með stoð í 45. gr. laga nr. 77/2000. Reglugerð nr. 246/2001 tekur ekki til starfsemi sem felst í útgáfu skýrslna um lánshæfi, sbr. 1. mgr. 1. gr. reglnanna.

Sú vinnsla sem mál þetta lýtur að tengist hins vegar útreikningi á lánshæfi. Slík vinnsla er ekki starfsleyfisskyld samkvæmt framansögðu. Reynir því ekki á ákvæði reglugerðarinnar um starfsleyfisskyldu í tengslum við umrædda vinnslu og hefur ekki verið gefið út leyfi vegna hennar. Þegar af þeirri ástæðu eru ekki forsendur til frekari umfjöllunar um það atriði hvort „Lánstraust/Creditinfo [hafi] farið að leyfisforsendum Persónuverndar.“

3.

Heimild til vinnslu

Skylda og blutverk ábyrgðaraðila

Erindi málshefjandi lýtur í öðru lagi að vinnslu Creditinfo-Lánstrausts hf. og því hvort það „háttarlag sé heimilt á almennum forsendum“. Persónuvernd tekur ekki afstöðu til þess. Það er hins vegar hennar hlutverk að fjalla um og taka afstöðu til þess hvort tiltekin vinnsla hafi samrýmst lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Sá sem ber ábyrgð á að því að farið sé að kröfum laga nr. 77/2000 er í lögnum nefndur ábyrgðaraðili. Ábyrgðaraðili ákveður tilgang vinnslu persónuupplýsinga, þann búnað sem notaður er, aðferð við vinnsluna og aðra ráðstöfun upplýsinganna, sbr. 4. tölul. 2. gr. laganna. Bæði Creditinfo-Lánstraust hf. og ATOZ höfðu stöðu ábyrgðaraðila að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga um lánshæfi málshefjanda. Félagið ATOZ bar ábyrgð á öflun og notkun umrædds lánshæfismats en Creditinfo-Lánstraust hf. bar ábyrgð á gerð matsins og sölu þess til annarra, þ.á m. til ATOZ. Hér er hins vegar aðeins til umfjöllunar sá vinnsluþáttur sem Creditinfo-Lánstraust hf. ber ábyrgð á.

Af hálfu Creditinfo-Lánstrausts hf. hefur verið staðfest að ekki var heimild til vinnslu persónuupplýsinga um lánshæfi málshefjanda, V. Er því ekki ágreiningur um það atriði. Af hálfu félagsins hefur því þó vegar verið haldið fram að „misnotkunin“ sé ekki á þess ábyrgð heldur áskrifanda, þ.e. ATOZ. Það er hins vegar hlutverk og skylda Creditinfo-Lánstrausts hf. sem ábyrgðaraðila vinnslu gagna um lánshæfi tiltekins einstaklings að tryggja sjálft með viðhlítandi ráðstöfunum að heimild standi til þeirrar vinnslu sem það framkvæmir. Umrædd vinnsla var á þess ábyrgð og bar því sjálfu að ganga úr skugga um að vinnslan væri heimil. Tekið er fram að ákvæði gildandi starfsleyfis að því er varðar sérstaka samningsskilmála við áskrifendur ná ekki til skýrslna um áhættumat á einstaklingum.

Úrskurðarorð:

Gerð Lánstrausts/Creditinfo hf. á áhættumati um V, þ.e. á líkunum á því að nafn hans yrði fært á skrá fyrirtækisins um fjárhagsmálefni og lánstraust einstaklinga, og miðlun þess mats til ATOZ Alhliða viðskiptaráðgjafar sf., án hans samþykkis, samrýmdist ekki lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Creditinfo-Lánstraust hf. bar ábyrgð á vinnslu félagsins á persónuupplýsingum um V, og að það hefði heimild til þeirrar vinnslu.“

3.2.30. Ökuritar í bifreiðum Würth – mál nr. 2010/380

Persónuvernd úrskurðaði þann 3. ágúst 2010 í máli varðandi vöktun sem fram fór með notkun ökurita í bifreiðum Würth á Íslandi. Umrædd vöktun var talin heimil, enda færi hún aðeins fram á vinnutíma. Í úrskurðinum segir m.a.:

„Niðurstaða

1.

Gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna, nær til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkrar vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í athugasemdum við 2. tölul. 2. gr. í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu. Af þessu öllu er ljóst að mál þetta lýtur að vinnslu persónuupplýsinga sem fellur undir valdsvið Persónuverndar.

2.

Notkun ökurita til ferilvöktunar á ökutækjum telst rafræn vöktun, sbr. 6. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Þar er hugtakið rafræn vöktun skilgreint sem vöktun sem er viðvarandi og felur í sér eftirlit með einstaklingum með fjarstýrðum eða sjálfvirkum búnaði og fer fram á almannafæri eða á svæði sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði.

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 77/2000 er öll rafræn vöktun háð því skilyrði að hún fari fram í málefnalegum tilgangi. Þá þarf að haga rafrænni vöktun í samræmi við ákvæði reglna nr. 837/2006. Þær hafa m.a. að geyma ákvæði um ökurita og rafrænan staðsetningarbúnað. Hugtakið ökuriti er í 7. tölul. 2. gr. reglnanna, sbr. reglur nr. 394/2008, skilgreint sem rafrænn búnaður í farartæki sem vinnur eða gerir unnt að vinna persónuupplýsingar um ökumenn, þ. á m. um ferðir þeirra og/eða aksturslag. Þá er hugtakið rafrænn staðsetningarbúnaður, sbr. 8. tölul. sömu greinar, sbr. reglur nr. 394/2008, skilgreint sem rafrænn búnaður sem vinnur eða gerir unnt að vinna persónuupplýsingar um staðsetningu og ferðir einstaklinga.

Samkvæmt 8. gr. reglnanna er notkun ökurita eða rafræns staðsetningarbúnaðar í þeim tilgangi að fylgjast með ferðum einstaklinga heimil ef hennar er sérstök þörf til að ná lögmætum og málefnalegum tilgangi. Þá er í 6. gr. að finna ákvæði um hvenær beita má rafrænni vöktun til þess að mæla vinnu eða afköst starfsmanna og segir að það sé m.a. heimilt þegar ekki er unnt að koma verkstjórn við án vöktunarinnar.

3.

Vöktun sem felur í sér vinnslu persónuupplýsinga verður ávallt að fullnægja einhverju af skilyrðum 8. gr. laga nr. 77/2000. Að því er varðar slíka vöktun sem hér um ræðir koma til álita ákvæði 1., 2. og 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. – þ.e. að fengið sé ótvírætt samþykki hins skráða, að vinnslan sé nauðsynleg til að efna samning sem hinn skráði er aðili að eða vinnslan sé nauðsynleg til að gæta lögmætra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða vegi þyngra.

Af atvikum máls er ljóst að ekki liggur fyrir samþykki málshefjanda fyrir þeirri vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer með notkun umrædds ökurita. Heimild til vinnslunnar getur því ekki grundvallast á 1. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000. Samkvæmt 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. getur vinnsla persónuupplýsinga hins vegar talist heimil sé hún nauðsynleg til að gæta lögmætra

hagsmuna – nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða vegi þyngra. Þá segir í 2. tölulið að heimil sé vinnsla sem er nauðsynleg til að efna samning sem hinn skráði er aðili að eða til að gera ráðstafanir að hans beiðni áður en samningur er gerður.

Við mat á því hvort framangreindum skilyrðum 7. töluliðar sé fullnægt skiptir máli að að hálfu ábyrgðaraðila, Würth á Íslandi, hefur komið fram að vinnslunni sé ætlað að ná fram nauðsynlegri hagræðingu í rekstri og notkun ökutækja í eigu fyrirtækisins. Telst vinnslan því fara fram í þágu lögmætra hagsmuna í skilningi ákvæðisins. Við mat á því hvort grundvallarréttindi og frelsi hins skráða vegi þyngra, í skilningi ákvæðisins, þykir í fyrsta lagi skipta máli með hvaða hætti starfsmönnum fyrirtækisins hefur verið gerð grein fyrir fyrirhugaðri vöktun. Þá þykir í öðru lagi skipta máli að mælingar með ökuritunum munu ekki standa yfir utan vinnutíma heldur aðeins á vinnutíma, þ.e. milli kl. 8:00 og kl. 16:00, og í þriðja lagi skiptir máli hvernig aðgangur að skráðum upplýsingum og varðveislutími verður takmarkaður. Auk framangreinds, og með hliðsjón af ákvæði 2. töluliðar, þykir skipta máli það sem fram kemur í ráðningarsamningi um ráðstöfunarrétt vinnuveitanda yfir bifreiðum fyrirtækisins. Þar segir m.a. að söluaður hafi bíl til umráða við vinnu sína, en vinnuveitandi geti veitt honum heimild til að fara á honum heim að vinnudegi loknum.

Með allt framangreint í huga er það mat Persónuverndar að umrædd vinnsla geti grundvallast á 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000. Þá telst tilgangur vinnslunnar vera málefnalegur og þar með er skilyrðum 4. gr. laga nr. 77/2000 fullnægt, sbr. og 6. og 8. gr. reglna nr. 837/2006.

Með vísan til framangreinds telur Persónuvernd umrædda vöktun með ökurita í bifreið Würth á Íslandi, sem málshefjandi hefur til afnota, samrýmast lögum nr. 77/2000 og reglum nr. 837/2006, enda fari vöktunin aðeins fram á vinnutíma.

Úrskurðarorð:

Notkun ökurita í bifreið sem Þ notar við vinnu sína og er í eigu Würth á Íslandi samrýmist lögum nr. 77/2000 og reglum nr. 837/2006.“

3.2.31. Flutningur farþegaupplýsinga til Bandaríkjanna – mál nr. 2010/598

Persónuvernd fjallaði um samkomulag milli íslenskra og bandarískra stjórnvalda um flutning upplýsinga um flugfarþega til Bandaríkjanna. Samkomulagið er um að upplýsingarnar njóti sömu verndar og upplýsingar um flugfarþega sem miðlað er til Bandaríkjanna frá ríkjum Evrópusambandsins. Í svari Persónuverndar til dóms- og mannréttindaráðuneytisins, dags. 29. júlí 2010, segir m.a.:

„Persónuvernd vísar til fyrri samskipta varðandi viðræður við bandarísk stjórnvöld um vernd upplýsinga um flugfarþega. Um er að ræða upplýsingar sem þau fara fram á að flugfélög miðli til þeirra úr bókunarkerfum sínum þegar flogið er til Bandaríkjanna (svonefndar PNR-upplýsingar).

Flytja má persónuupplýsingar til annarra landa að því gefnu að þar sé veitt fullnægjandi persónuupplýsingavernd, sbr. 29. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Þegar um ræðir ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins er sú sjaldnast raunin og teljast m.a. Bandaríkin ekki veita slíka vernd sem hér um ræðir. Engu að síður getur flutningur upplýsinganna verið heimill að því gefnu að fullnægt sé einhverju skilyrðanna sem mælt er fyrir um í 30. gr. laga nr. 77/2000.

Á meðal þeirra skilyrða er að flutningur persónuupplýsinga sé nauðsynlegur til efnda á þjóðréttarskuldbindingum, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 30. gr. Um nokkurt skeið hefur utanríkisráðuneytið átt í samskiptum við bandarísk stjórnvöld til að tryggja að persónuupplýsingar um flugfarþega, sem sendar eru frá íslenskum flugfélögum, njóti sömu verndar og slíkar upplýsingar frá flugfélögum í aðildarríkjum Evrópusambandsins, þ.e. samkvæmt samningi þess og Bandaríkjanna frá 26. júlí 2007, sbr. og ákvörðun Ráðherraráðs sambandsins frá 23. s.m. um heimild til að gera slíkan samning, tekna með stoð í 24. og 38. gr. stofnsáttmála þess.

Með tölvubræfi dóms- og mannréttindaráðuneytisins hinn 2. júlí 2010 barst Persónuvernd

orðsending frá bandaríska sendiráðinu til utanríkisráðuneytisins með drögum að nótuskiptum milli þess og íslenskra stjórnvalda. Í orðsendingunni segir að ríkisstjórn Bandaríkjanna staðfesti að umræddar upplýsingar njóti verndar samkvæmt framangreindum samningi Bandaríkjanna og ESB. Þá segir m.a. að ríkisstjórn Íslands skuli tryggja að flugfélög, sem fljúga til Bandaríkjanna, geri upplýsingarnar aðgengilegar í samræmi við bandarísk lög.

Hinn 14. júlí 2010 barst Persónuvernd tölvubréf frá dóms- og mannréttindaráðuneytinu sem með fylgdu nótuskipti milli bandaríska sendiráðsins og íslenskra stjórnvalda sem hafa m.a. að geyma framangreind ákvæði. Nótuskiptin bera stimpil utanríkisráðuneytisins því til staðfestingar að fallist sé á þau. Sama dag barst Persónuvernd afrit af tölvubréfi dóms- og mannréttindaráðuneytisins til utanríkisráðuneytisins þar sem fram kemur sá skilningur að litið sé svo á nú hafi stofnast þjóðréttarskuldbinding til miðlunar umræddra upplýsinga.

Persónuvernd telur að í umræddum nótuskiptum felist slík þjóðréttarskuldbinding og að miðlun upplýsinganna eigi því stoð í 2. tölul. 1. mgr. 30. gr. laga nr. 77/2000. Svo að heimilt sé að miðla persónuupplýsingum á grundvelli þess ákvæðis þarf, eins og endranær þegar unnið er með persónuupplýsingar, að vera fullnægt einhverju skilyrða 8. gr. laga nr. 77/2000. Samkvæmt 2. tölul. 1. mgr. 8. gr. er vinnsla persónuupplýsinga heimil þegar hún er nauðsynleg til að efna samning sem hinn skráði er aðili að. Persónuvernd telur þetta ákvæði eiga við um umrædda miðlun, en ljóst er að hún er forsenda þess að flugfélög geti efnt samning um að flytja mann til Bandaríkjanna.

Með vísan til framangreinds gerir Persónuvernd ekki athugasemdir við umrædda miðlun persónuupplýsinga þegar einstaklingar ferðast flugleiðis til Bandaríkjanna með íslenskum flugfélögum.“

3.2.32. Skráning banka á auðkennum viðskiptavina – mál nr. 2010/377

Kveðinn var upp úrskurður, þann 14. september 2010, um að hvaða marki viðskiptavinum banka ber að sanna á sér deili. Um var að ræða mann sem átti bankareikning hjá S24 og var því í viðvarandi viðskiptasambandi við bankann. Persónuvernd taldi að honum hefði borið að afhenda S24 skilríki sín og að S24 hefði mátt ljósrita þau og afla tiltekinna annarra upplýsinga. Í niðurstöðu stjórnar Persónuverndar segir m.a.:

„Forsendur og niðurstaða

1.

Gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna, nær til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkrar vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr.

Af þessu leiðir að ljósritun og varðveisla afrita af persónuskilríkjum einstaklinga hjá fjármálastofnunum, og söfnun persónuupplýsinga með notkun umræddra eyðublaða, er vinnsla persónuupplýsinga og fellur úrlausn ágreinings þessa því undir valdsvið Persónuverndar.

2.

Í máli þessu er í fyrsta lagi til úrlausnar lögmæti þess að taka afrit af persónuskilríki kvartanda hjá S24 og varðveita það. Vinnsla almennra persónuupplýsinga er heimil fullnægi hún einhverju af skilyrðum 8. gr. laga nr. 77/2000. Samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. er vinnsla heimil ef hún er nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila. Varðandi lagaskyldu í þessu tilliti ber að líta til peningaþvættislaga nr. 64/2006. Samkvæmt 4. gr. þeirra laga skulu tilkynningarskyldir aðilar (hér S24) kanna áreiðanleika viðskiptamanna sinna þegar við upphaf viðvarandi samningssambands. Sé ekki um viðvarandi samband að ræða gilda hins vegar ákveðnar viðmið-

unarfjárhæðir og þarf slík könnun þá ekki að fara fram nema viðskiptafjárhæð fari yfir tiltekið lágmark. Um þau tilvik þegar hins vegar þarf að gera slíka könnun er fjallað í 5. gr. laganna. Hún hljóðar svo, með áorðnum breytingum: [...]

Af framangreindu ákvæði má ráða að tilkynningarskyldum aðila, hér S24, er skylt, áður en viðvarandi samningssambandi er komið á eða áður en viðskipti eiga sér stað, að gera kröfu um að nýr viðskiptamaður sanni á sér deili með framvísun gildra persónuskilríkja. Skal einnig gera slíka kröfu til viðskiptavinar sem þegar er í viðskiptum hafi hann ekki þegar gert það. Skulu tilkynningarskyldir aðilar varðveita afrit af persónuskilríkjum, og öðrum gögnum sem krafist er, í a.m.k. fimm ár frá því að viðskiptasambandi lýkur eða einstök viðskipti hafa átt sér stað.

Samkvæmt framangreindu, og með vísun til 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000, telst S24 hafa verið heimilt að óska persónuskilríkis kvartanda, sem var í viðvarandi samningssambandi við S24, og að taka afrit af skilríkinu og varðveita það.

3.

Í máli þessu er í öðru lagi til úrlausnar lögmati þess að safna frá kvartanda upplýsingum með notkun eyðublaðs, en það gerir ráð fyrir því að veittar séu upplýsingar um þjóðerni viðskiptamanns, um uppruna fjár, tilgang viðskipta og raunverulegan eiganda fjár.

Vinnsla almennra persónuupplýsinga er heimil fullnægi hún einhverju af skilyrðum 8. gr. laga nr. 77/2000. Samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. er vinnsla heimil ef hún er nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila.

Við mat á því hvort þessu skilyrði hafi verið fullnægt, að því er varðar upplýsingar um tilgang viðskipta og raunverulegan eiganda fjár, ber að líta til ákvæða í II. kafla laga nr. 64/2006 um könnun á áreiðanleika viðskiptamanna. Í 5. gr. þeirra er afmarkað hvenær óska beri slíkra upplýsinga. Segir að tilkynningarskyldir aðilar, í þessu tilviki S24, skuli afla upplýsinga um raunverulegan eiganda, sbr. 2. mgr. 5. gr., og í 3. mgr. 5. gr. laganna kemur og fram að afla skuli upplýsinga um tilganginn með fyrirhuguðum viðskiptum. Samkvæmt framangreindu var S24 því heimilt að óska upplýsinga um tilgang viðskipta og raunverulegan eiganda fjár.

Að því er varðar upplýsingar um uppruna fjármagns segir í 12. gr. laga nr. 64/2006, að ef samningssamband eða viðskipti eru við einstaklinga sem teljast vera í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla sinna, og eru búsettir í öðru landi, skulu tilkynningarskyldir aðilar samkvæmt lögnum fullnægja tilteknum skilyrðum. Meðal þeirra skilyrða er að grípa til viðeigandi ráðstafana til að sannreyna uppruna fjármuna sem notaðir eru í samningssambandinu eða viðskiptunum. Ekki liggur fyrir að kvartandi hafi verið búsettur erlendis. Þegar af þeirri ástæðu var skilyrði þessa ákvæðis ekki fullnægt og því ekki heimilt að afla umræddra upplýsinga.

4.

Í máli þessu er í þriðja lagi til úrlausnar hvort S24 hafi uppfyllt fræðsluskyldu sína gagnvart kvartanda samkvæmt 20. gr. laga nr. 77/2000. Samkvæmt því ákvæði skal ábyrgðaraðili, þegar hann aflar persónuupplýsinga hjá hinum skráða sjálfum, upplýsa hann um nafn og heimilisfang ábyrgðaraðila og eftir atvikum fulltrúa hans, um tilgang vinnslunnar og veita honum aðrar upplýsingar, að því marki sem þær eru nauðsynlegar, með hliðsjón af þeim sérstöku aðstæðum sem ríkja við vinnslu upplýsinganna, svo að hinn skráði geti gætt hagsmuna sinna.

Af hálfu S24 hefur verið vísað til fræðslu sem veitt var með upplýsingabæklingum SFF. Einnig hafi fræðsla verið veitt á vefsíðu S24 og með skilaboðum sem S24 sendi öllum viðskiptavinum í netbanka þeirra. Í þeim skilaboðum sem kvartanda voru send í hans netbanka, en útprentað afrit þeirra fylgdi með kvörtun, segir: [...]

Þegar er litið er til framangreinds er það mat Persónuverndar að S24 hafi fullnægt fræðsluskyldu sinni samkvæmt 20. gr. laga nr. 77/2000 gagnvart kvartanda, að því er varðar fræðslu um tilgang þess að afrita persónuskilríki og afla upplýsinga um tilgang viðskipta og raunverulegan eiganda fjár.

Úrskurðarorð:

S24 var heimilt að taka afrit af persónuskilríkjum G og varðveita það. Þá var S24 heimilt að afla upplýsinga um tilgang viðskipta og raunverulegan eiganda fjár en ekki um uppruna fjármagns. S24 uppfyllti fræðsluskyldu sína um framangreint gagnvart kvartanda.“

3.2.33. Krafa um kennitölu við greiðslu gíróseðils í Landsbankanum – mál nr. 2010/583

Hinn 14. september 2010 kvað stjórn Persónuverndar upp úrskurð í máli nr. 2010/583 varðandi kröfu banka um að skrá kennitölu viðskiptavinar við greiðslu gíróseðils. Í úrskurðinum segir m.a.:

„1.

Gildissvið laga nr. 77/2000

Gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna, nær til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkrar vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr.

Meðferð Landsbanka Íslands/NBI hf. á kennitölu málshefjanda fól því í sér vinnslu persónuupplýsinga um hann í framangreindum skilningi. Fellur mál þetta því undir valdsvið Persónuverndar, sbr. 37. gr. laga nr. 77/2000.

2.

Lögmæti vinnslu

Svo að vinnsla persónuupplýsinga, þ. á m. kennitalna, sé heimil verður að vera fullnægt einhverju skilyrðanna í 8. gr. laga nr. 77/2000. Þá þarf að vera fullnægt kröfum 1. másl. 10. gr. laga nr. 77/2000 um að notkun kennitölu sé heimil eigi hún sér málefnalegan tilgang og sé nauðsynleg til að tryggja örugga persónugreiningu.

Af ákvæðum 1. mgr. 8. gr. kemur til skoðunar ákvæði 3. tölul. Þess efnis að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil til að fullnægja lagaskyldu. Varðandi lagaskyldu í þessu tilliti ber að líta til laga nr. 64/2006. Samkvæmt ákvæðum 4. og 5. gr. laganna ber fjármálastofnunum, sbr. a-lið 2. gr. laganna, að sannreyna hverjir viðskiptamenn séu í ákveðnum tilvikum með því að gera svonefnda áreiðanleikakönnun. Samkvæmt 4. gr. er fjármálastofnunum það skylt við upphaf viðvarandi samningssambands (a-liður), vegna einstakra viðskipta að fjárhæð 15.000 evrur eða meira miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni, hvort sem viðskiptin fara fram í einni færslu eða fleirum sem virðast tengjast hver annarri (b-liður), vegna gjaldeyrisviðskipta að fjárhæð 1.000 evrur eða meira miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni, hvort sem viðskiptin fara fram í einni færslu eða fleirum sem virðast tengjast hver annarri (c-liður), þegar grunur leikur á um peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka (d-liður) og þegar vafi leikur á því að fyrirbyggjandi upplýsingar um viðskiptamann séu réttar eða nægilega áreiðanlegar (e-liður).

Þegar lög nr. 64/2006 leystu eldri lög um aðgerðir gegn peningabætti, nr. 80/1993, af hólmi varð sú breyting að í stað orðanna „viðskiptin fara fram í einni eða fleiri aðgerðum sem virðast tengjast hver annarri“, sbr. 2. mgr. 3. gr., komu orðin „hvort sem viðskiptin fara fram í einni færslu eða fleirum sem virðast tengjast hver annarri“. Ekki verður ráðið að með þessu, þ.e. að skipta út orðinu „aðgerð“ fyrir „færslu“, hafi verið stefnt að efnislegru breytingu, en í at-hugasemdum við b-lið 4. gr. þess frumvarps, sem varð að lögum nr. 64/2006, segir að ákvæðið sé sambærilegt 2. mgr. 3. gr. eldri laga.

Samkvæmt a-lið 1. mgr. 5. gr. skulu einstaklingar framvísa gildum persónuskilríkjum, sem gefin eru út af stjórnvöldum eða eru viðurkennd af þeim, til að unnt sé, í framangreindum tilvikum, að sannreyna hverjir þeir séu. Í 6. mgr. 1. gr. er fjármálastofnunum gert skylt að varðveita afrit af persónuskilríkjum og öðrum gögnum sem krafist er, eða fullnægjandi upplýsingar úr þeim, í a.m.k. fimm ár frá því að viðskiptasambandi lýkur eða einstök viðskipti hafa sér stað. Telja verður að í þessu felist að afla geti þurft kennitölu viðskiptamanns og varðveita hana. Þegar viðskiptin falla ekki undir eitthvert framangreindra ákvæða 4. gr. laga nr. [64/2006] er slíkt hins vegar ekki lögskilt.

Í því tilviki, sem hér um ræðir, var um stök viðskipti að ræða. Fjárhæð þeirra var 12.606 kr., þ.e. til muna lægri en gert er ráð fyrir í b-lið 4. gr. laga nr. 64/2006. Þá liggur ekkert fyrir um að nokkurt þeirra tilvika, sem talin eru upp í a-lið og c-e-liðum 4. gr., hafi átt við. Hvorki hefur nokkuð komið fram varðandi grun um peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka, né að vafi hafi leikið á því að fyrirliggjandi upplýsingar um viðskiptamann hafi verið réttar eða nægilega áreiðanlegar. Þá liggur ekkert fyrir um að hér hafi verið um að ræða grunsamleg eða óvenjuleg viðskipti í skilningi liðar 3.1 í Leiðbeinandi tilmælum FME nr. 2/2008 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. M.a. hefur ekki komið fram að kvartandi hafi neitað að sanna deili á sér með fullnægjandi hætti.

Með vísun til framangreinds liggur ekki fyrir að skráning á kennitölu kvartanda hafi verið Landsbankanum nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu sinni í skilningi 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 né verður séð að krafa um skráningu á kennitölu hans hafi samrýmst 10. gr. laga nr. 77/2000. Þá verður ekki fallist á það sjónarmið Landsbankans að ávallt verði að staðreyna hver viðskiptamaður sé, óháð eðli viðskipta hverju sinni, enda hefði sú ákvörðun löggjafans að miða skuli við þær lágmarksfjárhæðir sem greinir í 4. gr. laga nr. 64/2006 – nema um grunsamleg viðskipti sé að ræða – þá verið tilgangslaus.

Til að forðast misskilning skal áréttað að ekki eru gerðar athugasemdir við að fjármálastofnanir viðhafi nauðsynlegar varúðarráðstafanir til að girða fyrir peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Við mótun slíkra ráðstafana verður hins vegar að gæta meðalhófs þannig að ekki fari fram ónauðsynlegt eftirlit með einstaklingum, þ. á m. þegar um er að ræða smávægileg viðskipti sem hverfandi líkur – ef einhverjar – eru á að tengist slíkri starfsemi.

3.

Stöðvun vinnslu

Dagsektir

Um það álitæfni, sem mál þetta lýtur að, hefur þegar verið fjallað af hálfu Persónuverndar. Vísast til úrskurðar Persónuverndar, dags. 23. febrúar 2009 (mál nr. 2008/780). Í honum voru ákvæði umræddra laga túlkuð vegna kvörtunar yfir kröfu um kennitölu við sambærilegar aðstæður og um ræðir í máli þessu. Síðan hafa verið gerðar breytingar á lögum nr. 64/2006, þ.e. með lögum nr. 116/2009, en þar sem mál þetta lýtur ekki að slíkri upplýsingasöfnun, sem þar um ræðir, hafa sjónarmið tengd þeim ekki áhrif á úrlausn máls þessa. Til frekar skýringar má og vísa til álits Persónuverndar, dags. 13. mars 2006 (mál 2005/263), af tilefni kvörtunar manns yfir því að hafa ekki getað keypt gjaldeyri án þess að gefa upp kennitölu sína.

Þar sem þegar hefur verið úrskurðað um framangreint álitæfni, án þess að ráða megi að ábyrgðaraðili hafi brugðist við með viðhlítandi hætti, koma til skoðunar úrræði Persónuverndar til að framfylgja sínum ákvörðunum. Í 10. gr. laga nr. 77/2000 er mælt fyrir um að Persónuvernd geti bannað notkun kennitölu. Þá segir í 40. gr. sömu laga að Persónuvernd geti mælt fyrir um stöðvun vinnslu persónuupplýsinga, þar á meðal söfnunar, skráningar eða miðlunar, mælt fyrir um að persónuupplýsingar verði afmáðar eða skrár eytt, í heild eða að hluta, bannað frekari notkun upplýsinga eða lagt fyrir ábyrgðaraðila að viðhafa ráðstafanir sem tryggja lögmæti vinnslunnar. Þá segir í 1. mgr. 41. gr. að sé ekki farið að fyrirmælum Persónuverndar skv. 10., 25., 26. eða 40. gr. geti hún ákveðið að leggja dagsektir á þann sem fyrirmælin beinast að þar til úr hefur verið bætt að hennar mati. Sektir geta numið allt að 100.000 kr. fyrir hvern dag sem líður eða byrjar að líða án þess að fyrirmælum Persónuverndar sé fylgt.

Með vísun til framangreinds hefur Persónuvernd ákveðið að leggja fyrir Landsbankann að láta þegar af þeirri vinnslu með persónuupplýsingar sem fer í bága við 4. og 5. gr. laga nr. 64/2006. Skal bankinn eigi síðar en 1. október nk. hafa tilkynnt Persónuvernd um með hvaða hætti hann hyggst fara að þessum fyrirmælum, s.s. með setningu verklagsreglna um hvenær viðskipti skuli telja þess eðlis að sennilegt sé að þau tengist peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka.

Hafi staðfesting um framangreint ekki borist Persónuvernd þann 1. október 2010 má vænta þess að beitt verði dagsektum samkvæmt 41. gr. laga nr. 77/2000 þar til úr hefur verið bætt.

Úrskurðarorð:

Landsbanka Íslands/NBI hf. var óheimilt að afla upplýsinga um kennitölu G þegar hann greiddi greiðsluseðla fyrir annan einstakling að fjárhæð kr. 12.606 í útibúi bankans í Kletthálsi hinn 15. júní 2010.

Fyrir 1. október nk. skal Landsbanki Íslands/NBI hf. senda Persónuvernd skriflega staðfesting um að við framkvæmd áreiðanleikakannana sé farið að 4. og 5. gr. laga nr. 64/2006.“

3.2.34. Framsending yfirmanns á læknisvottorði starfsmanns – mál nr. 2010/617

Persónuvernd úrskurðaði um lögmati þess þegar yfirmaður framsendi læknisvottorð manns til samstarfsmanna hans. Persónuvernd sagði heilsufarsupplýsingar á læknisvottorðum vera viðkvæmar persónuupplýsingar í lagaskilningi. Þótt umrætt læknisvottorð hefði ekki tilgreint sérstaka sjúkdómsgreiningu – heldur aðeins að viðkomandi væri óvinnufær með öllu – hefði framsending vottorðsins þurft að samrýmast einhverju af heimildarákvæðum laga um meðferð persónuupplýsinga. Það gerði hún ekki og því taldi Persónuvernd hana hafa verið óheimila. Í úrskurði hennar, dags. 14. september 2010, segir m.a.:

„Forsendur og niðurstaða

1.

Gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna, nær til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkrar vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í athugasemdum við 2. tölul. 2. gr. í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu. Af þessu öllu er ljóst að mál þetta lýtur að vinnslu persónuupplýsinga sem fellur undir valdsvið Persónuverndar.

2.

Af því sem fyrir liggur í máli þessu taldi Persónuvernd mega ætla að gögn um framsendingu umrædds læknisvottorðs yrðu meðal þeirra gagna sem nýtt yrðu af dómkvöddum matsmanni í tengslum við rekstur ágreiningsmáls um einelti fyrir dómstóli. Störf dómkvaddra matsmanna eru þáttur í málsmeðferð fyrir dómi og er ekki ráð fyrir því gert að stjórnvöld skeri úr málum sem á sama tíma hafa verið borin undir dómstóla. Í tölvubréfi lögmanns kvartanda, dags. 12. þ.m., kemur hins vegar fram að hann hyggist ekki senda matsmanni gögn um þá framsendingu bæjarstjóra á læknisvottorði sem mál þetta varðar. Kemur það því til úrlausnar Persónuverndar.

3.

Svo að vinna megi með persónuupplýsingar verður ávallt að vera fullnægt einhverju skilyrðanna í 8. gr. laga nr. 77/2000. Sé um að ræða viðkvæmar persónuupplýsingar þarf að auki að vera fullnægt einhverju þeirra viðbótarskilyrða sem greind eru í 9. gr. sömu laga.

Að mati Persónuverndar verður ekki talið að það að greina samstarfsmönnum frá fjarveru eins starfsmanns sakir veikinda teljist vera miðlun viðkvæmra persónuupplýsinga í skilningi laga nr. 77/2000. Gæti slíkt eftir atvikum stuðst við 7. tölulið 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000. Upplýsingar á læknisvottorðum eru hins vegar viðkvæmar persónuupplýsingar í skilningi laganna, sbr. c-lið 8. tölul. 2. gr. laganna. Þótt umrætt læknisvottorð kvartanda hafi ekki tilgreint sérstaka sjúkdómsgreiningu, heldur aðeins að hann var óvinnufær með öllu, verður samkvæmt því að líta svo á að um viðkvæmar persónuupplýsingar sé að ræða í skilningi laga nr. 77/2000, og því hafi miðlun læknisvottorðsins þurft að eiga sér stoð í einhverju ákvæða 1. mgr. 9. gr. laganna.

Bæjarstjóri Seltjarnarnesbæjar hefur ekki bent á eða skýrt með hvaða hætti nokkurt þeirra skilyrða sem talin eru upp í 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000 hafi getað átt við um umþrætta fram-sendingu á læknisvottorði kvartanda. Þá hefur ekkert komið fram í öðrum gögnum máls er sýni að bæjarstjóra hafi verið nauðsynlegt að senda öðrum starfsmönnum bæjarins læknisvottorð kvartanda sérstaklega. Verður því ekki ráðið að nokkru þeirra skilyrða sem talin eru upp í 1. mgr. 9. gr. hafi verið fullnægt. Þarf þegar af þeirri ástæðu ekki að skoða hvort framsending vottorðsins hafi samrýmst einhverju af skilyrðum 1. mgr. 8. gr. laganna.

Með vísun til framangreinds er það niðurstaða Persónuverndar að framsending læknisvottorðs kvartanda til samstarfsmanna hans, þann 27. janúar 2010, hafi verið óheimil.

Úrskurðarorð:

Miðlun Seltjarnarnesbæjar á læknisvottorði Ó til annarra starfsmanna Seltjarnarnesbæjar, þann 27. janúar 2010, var ekki heimil.“

3.2.35. Kvörtun yfir myndum Bílastæðasjóðs af stöðubroti – mál nr. 2010/585

Persónuvernd tók ákvörðun vegna kvörtunar manns yfir ljósmyndum sem starfsmaður Bílastæðasjóðs Reykjavíkur tók af bifreið til að sanna stöðubrot. Hann taldi myndirnar hafa að geyma rangar og villandi persónuupplýsingar. Með kvörtun hans fylgdu tvær ljósmyndir af kyrrstæðri bifreið. Hún var að nokkru uppi á gangstétt en hurð bílstjóramegin var opin. Lítið var til ákvæða umferðarlaga um stöðubrot, en samkvæmt erindi kvartanda virtist hann telja skipta máli hvort hann var í bílnum eða ekki. Ekki var talið að myndirnar bæru með sér rangar eða villandi upplýsingar, í skilningi persónuverndarlaga, sem sjóðinum bæri að eyða. Kvartanda var þó bent á að hann gæti óskað þess við Bílastæðasjóð að aukið yrði við þær upplýsingar sem fylgdu myndunum, þannig að fram kæmi að kvartandi hefði verið inni í bílnum, þegar starfsmaður sjóðsins kom að honum – enda gæti það haft áhrif á hagsmuni kvartanda. Í úrskurði Persónuverndar, dags. 14. september 2010, segir m.a.:

„Niðurstaða

1.

Lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, gilda um alla rafræna vinnslu persónuupplýsinga og handvirka vinnslu sé upplýsingunum ætlað að verða hluti af skrá, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna. Af framangreindu er ljóst að ljósmyndir af bifreiðum, þar sem skráningarmerki eða önnur auðkenni sjást, sem gera þær rekjanlegar til eigenda og eftir atvikum ökumanns, teljast til persónuupplýsinga í skilningi laga nr. 77/2000.

Samkvæmt framangreindu þarf vinnsla með umræddar ljósmyndir að samrýmst ákvæðum laga nr. 77/2000. Það á þó ekki við sé um að ræða starfsemi sem fellur utan þeirra. Sú vinnsla sem hér var ræðir tengist starfsemi Bílastæðasjóðs, sbr. 3. mgr. 108. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, en starfsemi ríkisins á sviði refsivörslu fellur ekki að öllu leyti undir lög nr. 77/2000. Um það segir í 2. mgr. 3. gr. þeirra laga að ákvæði 16., 18.–21., 24., 26., 31. og 32. gr. laganna gildi ekki um hana. Það kvörtunarmál sem hér er til úrlausnar lýtur hins vegar að leiðréttingu eða eyðingu rangra og villandi persónuupplýsinga sem fjallað er um í 25. gr. laganna. Sú grein tekur til

starfsemi á sviði refsivörslu og því fellur efni þessa máls undir lög nr. 77/2000 og þar með undir valdsvið Persónuverndar.

2.

Í 25. gr. laga nr. 77/2000 segir að hafi verið skráðar rangar, villandi eða ófullkomnar persónuupplýsingar, og geti umræddur annmarki haft áhrif á hagsmuni hins skráða, skuli ábyrgðaraðili sjá til þess að upplýsingarnar verði leiðréttar, þeim eytt eða við þær aukið.

Við mat á því hvort hér sé um að ræða rangar eða villandi upplýsingar í þessum skilningi verður að líta til ákvæða umferðarlaga nr. 50/1987 um stöðubrot, en samkvæmt erindi kvartanda virðist hann telja skipta máli hvort hann hafi verið í bílnum eða ekki. Í 2. gr. umferðarlaga kemur fram að lagning ökutækis felur í sér stöðu ökutækis, með eða án ökumanns, lengur en þarf til að hleypa farþegum inn eða út, lesta það eða losa. Í 3. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 segir að óheimilt sé að stöðva ökutæki eða leggja því á gangstétt eða gangstíg, nema annað sé ákveðið, sbr. 2. mgr. 81. gr. Með vísan til þessa kann lagning kvartanda á gangstétt að hafa falið í sér brot á ákvæðum umferðarlaga óháð því hvort hann var inn í bílnum eða ekki.

Samkvæmt framangreindu verður ekki fullyrt að umræddar myndir beri með sér rangar eða villandi upplýsingar sem sjóðinum beri að eyða. Rétt er hins vegar að taka fram að kvartandi getur óskað þess við Bílastæðasjóð að aukið verði við þær upplýsingar sem fylgja myndunum, þannig að fram komi að kvartandi hafi verið inni í bílnum, þegar starfsmaður sjóðsins kom að honum, en farið úr honum til að ræða við starfsmanninn – enda geti það haft áhrif á hagsmuni kvartanda.

Úrskurðarorð:

Bílastæðasjóði Reykjavíkur er ekki skylt að eyða myndum af meintu stöðvunarbroti E.“

3.2.36. Afhending á tölvu talin heimil – mál nr. 2010/558

Kveðinn var upp úrskurður vegna kvörtunar manns yfir afhendingu Mjólku á tölvu til Sláturfélags Suðurlands. Um var að ræða tölvu sem hann hafði haft afnot af við vinnu hjá Mjólku, en á tölvunni voru ýmsar persónuupplýsingar um hann. Afhendingin var sögð nauðsynleg vegna saknæmrar háttsemi mannsins. Við mat á því hvort Mjólka hafi, með því að afhenda tölvuna til Sláturfélagsins en ekki beint til lögreglu, brotið gegn lögum um meðferð persónuupplýsinga, var m.a. litið til þess hve rætnar og linnulausar hinar nafnlausu aðdróttanir á umræddum vefsíðum voru. Einnig skipti máli að ekki var um að ræða einkatölvu kvartanda heldur tölvu sem hann ásamt öðrum starfsmönnum fékk afnot af í vinnu sinni – og að þegar lögregla og ákærvald reka ekki mál vegna ærumeiðinga þurfa þeir sem fyrir brotinu verða sjálfir að reka þau. Var það niðurstaða Persónuverndar að Mjólku hafi verið heimilt að afhenda Sláturfélagi Suðurlands tölvuna. Í úrskurði stofnunarinnar, dags. 14. september 2010, segir m.a.:

„1.

Almennt

Lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga, sem og um handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna.

Með hugtakinu „persónuupplýsingar“ er átt við sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Með hugtakinu „vinnsla“ er átt við sérhverja aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Þar undir geta m.a. fallið miðlun með framsendingu, dreifing eða aðrar aðferðir til að gera upplýsingarnar tiltækar, sbr. það sem fram kemur í athugasemdum í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum nr. 77/2000, sem og b-lið 2. gr. tilskipunar nr. 95/46/EB.

Með vísan til framangreinds telst sú aðgerð að afhenda umrædda tölvu, frá Mjólku til Slát-

urfélags Suðurlands svf., en hún innihélt persónuupplýsingar um tiltekna starfsmenn Mjólku, vera vinnsla persónuupplýsinga í skilningi laga nr. 77/2000. Fellur úrlausn máls þessa þar með undir verkefnasvið Persónuverndar.

2.

Lögmæti vinnslu

Öll vinnsla persónuupplýsinga þarf að uppfylla eitthvert af skilyrðum 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Þá þarf, ef um viðkvæmar persónuupplýsingar er að ræða, einnig að vera uppfyllt eitthvert af skilyrðum 1. mgr. 9. gr.

Af hálfu ábyrgðaraðila hefur komið fram að á þeirri tölvu sem Mjólka afhenti Sláturfélagi Suðurlands hafi verið gögn sem báru með sér að hún var notuð við færslu efnis inn á vefsíðurnar slaturfelag.com og slaturfelag.blogspot.com, en á þær hafði verið færður fjöldi meiðandi ummæla og nafnlausra aðdróttana í garð nokkurra einstaklinga, þ. á m. [...] Sláturfélagsins. Slíkar færslur geta verið refsiverðar og því má telja upplýsingar um það hver stóð að færslunum vera viðkvæmar í skilningi b-liðar 2. gr. laga nr. 77/2000. Af því leiðir að umrædd upplýsingamiðlun þarf bæði að hafa fullnægt einhverju af skilyrðum 1. mgr. 8. gr. og 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000.

Af hálfu Mjólku hefur komið fram að tilgangur hennar með því að afhenda tölvuna Sláturfélaginu og [...] þess hafi verið sá að upplýsa mætti umrætt mál og komast til botns í því hvort tölvan hafi verið notuð við nafnlausar aðdróttanir og meiðandi færslur á framangreindar vefsíður. Samkvæmt 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. telst vinnsla heimil ef hún er nauðsynleg til að ábyrgðaraðili, eða þriðji maður eða aðilar sem upplýsingum er miðlað til, geti gætt lögmætra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða sem vernda beri samkvæmt lögum vegi þyngra. Að mati Persónuverndar var þessu skilyrði fullnægt. Í 7. tölul. 1. mgr. 9. gr. segir að vinnslan sé heimil sé hún nauðsynleg til að krafa verði afmörkuð, sett fram eða varin vegna dómsmáls eða annarra slíkra laganauðsynja. Þetta ákvæði á bæði við um vinnslu á vegum einkaaðila og opinberra aðila, s.s. lögreglu, og tekur bæði til vinnslu vegna dómsmála og mála sem eru til úrlausnar hjá stjórnvöldum. Að virtum öllum gögnum máls þessa telur Persónuvernd að framangreindu skilyrði 7. tölul. 1. mgr. 9. gr. hafi einnig verið fullnægt.

Auk þess sem heimild verður að vera til vinnslu í 8. og 9. gr. laga nr. 77/2000 verður öllum kröfum 7. gr. sömu laga að vera fullnægt. Þar segir m.a. að við vinnslu persónuupplýsinga skuli þess gætt að þær séu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og að öll meðferð þeirra sé í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga (1. tölul.); að þær séu fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.) og að þær séu nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er í þágu tilgangs vinnslunnar (3. tölul.).

Við mat á því hvort Mjólka hafi, með því að afhenda tölvuna til Sláturfélagsins en ekki beint til lögreglu, brotið gegn framangreindu ákvæði 7. gr., þykir þurfa að líta til þess hve rætnar og linnulausar hinar nafnlausu aðdróttanir á vefsíðunum voru og að ekki var um að ræða einkatölvu kvartanda heldur tölvu sem hann ásamt öðrum starfsmönnum fékk afnot af í vinnu sinni. Þá þykir skipta máli að þegar lögregla og ákærvald reka ekki mál vegna ærumeiðinga þurfa þeir sem fyrir brotinu verða sjálfir að reka þau, sbr. 242. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með áorðnum breytingum. Með vísun til alls þessa verður ekki talið að afhending tölvunnar frá Mjólku til Sláturfélagsins hafi farið gegn 7. gr. laganna.

Af framansögðu er það niðurstaða Persónuverndar að Mjólku hafi verið heimilt að afhenda Sláturfélagi Suðurlands tölvu, sem K hafði ásamt öðrum afnot af við störf sín hjá Mjólku, í þeim tilgangi að tölvan nýttist til rannsóknar á meiðyrðamáli.

Úrskurðarorð:

Miðlun persónuupplýsinga um K til Sláturfélags Suðurlands vegna rannsóknar á meiðyrðamáli var heimil.“

3.2.37. Umsögn um frumvarp tillaga um breytingu á lögum nr. 15/2005, um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað – mál nr. 2010/622

Þann 14. september 2010 veitti Persónuvernd allsherjarnefnd Alþingis umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 15/2005, um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað. Í frumvarpinu var lagt til að stofnuð yrði sérstök kröfuskrá, sem dómsmálaráðherra bæri ábyrgð á en gæti falið sýslumanni að annast rekstur hennar. Kröfuskrána átti að nota til að gefa kröfuhöfum kost á að lýsa kröfum sínum vegna opinberra skipta o.þ.h. Fyrirhugað var að jafnframt því yrðu auglýsingar, sem birst hafa í því skyni í Lögbirtingablaði, dagblöðum eða með öðrum sambærilegum hætti, aflagðar.

Í umsögn Persónuverndar var m.a. bent á að umrædd breyting fæli sér að komið yrði á ákveðinni tegund af ríkisvæddri vanskilavakt. Í umsögninni segir m.a.:

„Persónuvernd vísar til tölvubréfs allsherjarnefndar Alþingis frá 15. júlí 2010 þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 15/2005, um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað (þskj. 1419, 658. mál á 138. löggjafarþingi). Í frumvarpinu er lagt til að stofnuð verði sérstök kröfuskrá sem dómsmálaráðherra starfræki. Hann geti hins vegar falið sýslumanni að annast rekstur skrárinnar, sbr. 2. gr. frumvarpsins þar sem lagðar eru til breytingar á 6. gr. laganna. Fram kemur að kröfuskrána á að nota til að gefa kröfuhöfum kost á að lýsa kröfum sínum vegna opinberra skipta o.þ.h. Fyrirhugað er að jafnframt því verði auglýsingar, sem birst hafa í því skyni í Lögbirtingablaði, dagblöðum eða með öðrum sambærilegum hætti, aflagðar.

Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins, þar sem lagðar eru til breytingar á 1. gr. laganna, á umrædd skrá að hafa að geyma kennitölur allra kröfuhafa og skuldara þeirra, auk heimilisfanga og netfanga kröfuhafa. Kröfuhafar skrái sjálfir þessar upplýsingar eftir að hafa sannað persónu sína fyrir sýslumanni og fengið aðgangsnúmer. Einnig segir að kröfuhafar geti afskráð kröfur sínar. Þá segir að þegar óskað sé upplýsinga um kröfur á hendur ákveðnum aðila sé leitað í skránni að kennitölum þeirra sem telja sig eiga kröfu á hann og þeim send ósk um kröfulýsingu rafrænt á netfang eða með pósti á heimilisfang. Kröfuhafi skuli greiða sekt ef í ljós komi að skuldari sé ranglega skráður nema krafa á hann hafi verið greidd upp síðustu 40 daga. Heimilt verði að veita einstaklingi eða fyrirtæki að fá uppgefið í gegnum öruggan þriðja aðila þá sem telji sig eiga kröfu á viðkomandi.

Í athugasemdum við frumvarpið er tekið fram að kröfuskrá muni hafa að geyma lágmarksupplýsingar sem tengi saman kröfuhafa og skuldara. Engar upplýsingar verði skráðar um fjölda krafna eða upphæð. Um tilgang frumvarpsins segir m.a. í athugasemdunum að kröfuskrá komi í veg fyrir þá opinberu niðurlægingu sem margir upplifi í núverandi kerfi þegar innköllun krafna á þá sé birt.

Persónuvernd telur ljóst að verði frumvarpið að lögum verður komið á viðamikilli skrá með persónuupplýsingum um flesta sem búsettir eru hér á landi sem notuð yrði til að miðla upplýsingum um vanskil manna.

Frumvarpið var rætt á fundi stjórnar Persónuverndar í dag. Var ákveðið að gera við það eftirfarandi athugasemdir:

Af frumvarpinu leiðir að komið yrði á ákveðinni tegund af ríkisvæddri vanskilavakt. Umfang vinnslu persónuupplýsinga í því sambandi yrði mjög víðtækt, en ætla má að á hverju ári verði til milljónir krafna á Íslandi. Þó svo að ekki kæmi fram fjárhæð og tilefni krafna gætu upplýsingar í umræddri skrá verið nærgöngular. Upplýsingar um að tiltekinn lögaðili eigi kröfu á tiltekinn einstakling gætu t.d. falið í sér viðkvæmar persónuupplýsingar, t.d. um heilsuhagi, sbr. c-lið 8. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000, ef um ræðir kröfuhafa sem veitir heilbrigðisþjónustu. Í ljósi framangreinds er rétt er að umfang vinnslunnar, kostnaður og fyrirhöfn af gerð umræddrar skrár, mögulegt, viðkvæmt eðli upplýsinga í skránni, auk tilhneigingar til þess að taka upplýsingar síðar meir til frekari nota en upphaflega voru fyrirhugað, séu metin andspænis því samfélagslega hagræði sem af skránni getur hlotist og þeim hagsmunum sem henni er ætlað að tryggja.

Eins og að framan er lýst er fyrirhugað að nota upplýsingar í kröfuskrá til að hafa samband við kröfuhafa vegna opinberra skipta o.þ.h. Jafnframt er fyrirhugað að afnema þær auglýsingar

þar að lútandi sem nú tíðkast. Ef starfræksla kröfuskrár verður lögfest er nauðsynlegt að tekið verði skýrt fram í lögum að skráin sé starfrækt í umræddum tilgangi og að hún skuli ekki höfð til annarra nota.

Ef af umræddri lagabreytingu verður er einnig nauðsynlegt að í lögum komi afdráttarlaust fram að ekki skuli skráðar í kröfuskrá aðrar upplýsingar en kennitölur kröfuhafa og skuldara, auk heimilisfanga og netfanga kröfuhafa. Það mætti gera með upptalningu á þessum upplýsingum auk ákvæðis þar sem segir að aðrar upplýsingar skuli ekki skráðar. Þá væri rétt að sérstaklega væri tekið fram að aðgangur skuli ekki veittur að upplýsingum í kröfuskrá nema í þeim tilgangi sem tilgreindur er í ákvæðum frumvarpsins.

Í frumvarpinu kemur fram að kröfuhafi eigi að geta afmáð upplýsingar um þá sem ekki skulda honum lengur. Einnig væri rétt að tekið væri sérstaklega fram að hann skuli eyða upplýsingum þegar krafa fellur niður. Slíkt kemur raunar óbeint fram í því ákvæði sem fjallað er um í 6. tölul. hér á eftir, en ákvæði sem beinlínis mælir fyrir um þetta atriði myndi gera texta frumvarpsins skýrari.

Ekki kemur skýrt fram í frumvarpinu hvort kröfuhöfum verði skylt að skrá kröfur sínar í umrædda skrá ef taka eigi tillit til þeirra við opinber skipti, nauðasamninga, greiðsluaðlögun o.s.frv. Ef ekki verður um slíkt að ræða má ætla að skráin geti ekki þjónað tilgangi sínum og að því verði ekki til staðar skilyrði til að afnema núverandi fyrirkomulag þar sem birtar eru auglýsingar vegna opinberra skipta o.þ.h. Á hinn bóginn er ljóst að verði slík skylda lögd á kröfuhafa getur orðið um töluvert íþyngjandi skyldu að ræða fyrir þá sem hafa með höndum rekstur þar sem mikið af kröfum verður til sem e.t.v. hafa að jafnaði ekki langan líftíma. Tilfinnanlega vantar í frumvarpið mat á því um hversu umfangsmikla skráningu er að ræða og kostnað henni samfara bæði fyrir einkaaðila og hið opinbera.

Í frumvarpinu segir að greiða skuli sekt ef krafa sé ranglega skráð á tiltekinn skuldara. Ætla má að í ákvæðnum tilvikum geti réttaróvissa ríkt um það hvort tiltekinn aðili eigi kröfu á annan aðila og að því geti verið lögmætir hagsmunir af því að hafa kröfu skráða þar til leyst hefur verið úr þeirri óvissu. Í ljósi þessa má ætla að í stað almenns sektarákvæðis mætti telja upp þau tilvik þar sem aðstæður eru með þeim hætti að þær réttlæti að beitt sé sektum – eða að t.d. sé gert að skilyrði sektar að krafa sé ranglega skráð af ásetningu eða stórfelldu gáleysi.

Verði frumvarpið samþykkt þarf að breyta lagaákvæðum um auglýsingar vegna opinberra skipta o.þ.h. þannig að í stað þeirra sé vísað til kröfuskrár. Hér má nefna 8. gr. laga nr. 90/1989 um aðför; 2. mgr. 53. gr., 1. mgr. 55. gr., 2. mgr. 59. gr., 2. mgr. 63. gr. g, 3. mgr. 79. gr., 2. og 3. mgr. 86. gr., 2. mgr. 153. gr., 1. mgr. 159. gr., 2. mgr. 161. gr., 2. mgr. 162. gr., 2. mgr. 163. gr. og 1. mgr. 164. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.; 3. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2009 um greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði; og 1. mgr. 10. gr. laga nr. 101/2010 um greiðsluaðlögun einstaklinga. Tekið skal fram að þessi upptalning er sett fram í dæmaskyni og er ekki tæmandi.

Í 59. og 60. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum og fleira, sem og í 119. og 120. gr. laga nr. 21/1991, ræðir um skrár sem nefndar eru kröfuskrár. Bent er á þetta með hliðsjón af því að heppilegt gæti verið að finna annað heiti en kröfuskrá á þá skrá sem frumvarpið lýtur að – eða finna þeim skrám sem um ræðir í framangreindum ákvæðum laga nr. 20 og 21/1991 nýtt heiti. Með því móti væri girt fyrir misskilning sem hlotist gæti af því að sama heitið væri notað yfir umræddar skrár.“

3.2.38. Miðlun upplýsinga úr augnskanna World Class – mál nr. 2010/493

Persónuvernd úrskurðaði að World Class hefði verið heimilt að miðla upplýsingum til manns sem varð fyrir tjóni á bílastæði við líkamsræktarstöðina. Um var að ræða upplýsingar um að tiltekinn annar maður hafði verið í líkamsræktarstöðinni á þeim tíma sem tjónsatvikið átti sér stað. Upplýsingarnar voru sóttar í augnskanna. Talið var að miðlunin hefði verið nauðsynleg til að sá sem fékk upplýsingarnar gæti gætt lögmættra hagsmuna sinna. Í úrskurði Persónuverndar, dags. 14. september 2010, segir:

„I.
Grundvöllur máls
Málavextir og bréfaskipti

1.

Tildrög máls

Þann 20. maí 2010 barst Persónuvernd kvörtun K (hér eftir nefndur kvartandi) vegna vinnslu persónuupplýsinga um hann hjá World Class. Nánar til tekið er kvartað yfir miðlun persónuupplýsinga frá World Class til þriðja aðila í tilefni af umferðaróhappi sem kvartandi varð valdur að á bílastæði við líkamsræktarstöðina þann 3. maí 2010. Mun starfsmaður World Class hafa nýtt upplýsingar úr augnskanna líkamsræktarstöðvarinnar til að staðfesta að kvartandi hafði verið í líkamsræktarstöðinni á þeim tíma sem tjónsatvikið átti sér stað. [...]

II.

Niðurstaða Persónuverndar

1.

Lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga, sem og um handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna.

Með hugtakinu „persónuupplýsingar“ er átt við sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Með hugtakinu „vinnsla“ er átt við sérhverja aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Þar undir getur m.a. fallið miðlun með framsendingu, dreifing eða aðrar aðferðir til að gera upplýsingarnar tiltækar, sbr. það sem fram kemur í athugasemdum í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum nr. 77/2000, sem og b-lið 2. gr. tilskipunar nr. 95/46/EB. Með vísan til framangreinds fellur úrlausn máls þessa undir verkefnasvið Persónuverndar.

2.

Vinnsla persónuupplýsinga er heimil ef eitthvert af skilyrðum 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, er uppfyllt. Hér kemur helst til álita ákvæði 7. tölulíðar. Samkvæmt honum er vinnsla heimil ef hún er nauðsynleg til að ábyrgðaraðili, eða þriðji maður eða aðilar sem upplýsingum er miðlað til, geti gætt lögmætra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða sem vernda beri samkvæmt lögum vegi þyngra.

Við skoðun á því hvort þessu skilyrði sé fullnægt hefur Persónuvernd litið til þess sem fram hefur komið hjá ábyrgðaraðila um lögmæta hagsmuni þriðja aðila, þ.e. tjónþola, af miðluninni, þ. á m. um nauðsynlega staðfestingu á veru kvartanda í líkamsræktarstöðinni. Þá hefur kvartandi hvorki sýnt fram á að umrædd miðlun hafi verið til þess fallin að ógna grundvallarréttindum eða frelsi hans, í skilningi 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. laganna, né að umrædd miðlun hafi ekki farið fram í málefnalegum tilgangi.

Með vísan til framangreinds er það niðurstaða Persónuverndar að umrædd miðlun hafi farið fram svo þriðji aðili gæti gætt lögmætra hagsmuna sinna í skilningi 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 og hún hafi því verið heimil. Hefur þá verið höfð hliðsjón af ákvæði 7. tölul. 1. mgr. 9. gr. um heimild til vinnslu, sem er nauðsynleg til að krafa verði afmörkuð, sett fram eða varin í dómsmáli eða vegna annarra slíkra laganauðsynja, þótt ekki sé litið svo á að hér hafi verið um viðkvæmar persónuupplýsingar að ræða.

Úrskurðarorð:

Miðlun World Class á persónuupplýsingum um K til þriðja aðila, í tilefni af tjóni sem sá aðili varð fyrir á bílastæði við World Class hinn 3. maí 2010, var heimil.“

3.2.39. Ákvörðun um sameiginlegt sjúkraskrárkerfi á Norðurlandi – mál nr. 2010/707

Persónuvernd fór yfir öryggisráðstafanir við rekstur sameiginlegs sjúkraskrárkerfis heilbrigðisstofnana á Norðurlandi. Í 20. gr. laga nr. 55/2009 um sjúkraskrár kemur fram að slík sameiginleg kerfi þurfa að byggjast á leyfi ráðherra, sbr. 1. mgr. Skál slíkt leyfi aðeins veitt ef sýnt er fram á að sameiginlegt sjúkraskrárkerfi sé til þess fallið að tryggja betur öryggi sjúklinga við meðferð. Segir að ráðherra geti bundið leyfi þeim skilyrðum sem hann telji nauðsynleg. Þá er leyfi ráðherra bundið því skilyrði, sbr. 2. tölul. 2. mgr. 20. gr., að fyrir liggi staðfesting Persónuverndar á því að öryggi persónuupplýsinga í hinu sameiginlega, rafræna sjúkraskrárkerfi sé tryggt. Persónuvernd ákvað að gera ekki, eins og á stóð, athugasemdir við þær öryggisráðstafanir sem lýst var í drögum að samningi um sameiginlegt sjúkraskrárkerfi heilbrigðisstofnana á Norðurlandi – enda yrði tilteknum skilyrðum fullnægt. Í ákvörðun stjórnar, dags. 19. október 2010, segir m.a.:

„Niðurstaða

1.

Gildissvið

Grundvöllur máls

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga gilda lögin um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga og einnig um handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Með hugtakinu persónuupplýsingar er átt við „[sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi,“ sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna. Þá merkir hugtakið vinnsla „[sérhverja] aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn.“ Með vinnslu er þannig t.d. átt við söfnun og skráningu og þar undir fellur m.a. flokkun, varðveisla, breyting, leit og miðlun. Af þessu öllu er ljóst að mál þetta lýtur að vinnslu persónuupplýsinga sem fellur undir valdsvið Persónuverndar.

Um skilyrði þess að heilbrigðisstofnanir komi sér upp sameiginlegu sjúkraskrárkerfi er fjallað í 20. gr. laga nr. 55/2009 um sjúkraskrár. Þar kemur fram að slíkt sameiginlegt kerfi þurfi að byggjast á leyfi ráðherra, sbr. 1. mgr. Skál slíkt leyfi aðeins veitt ef sýnt er fram á að sameiginlegt sjúkraskrárkerfi sé til þess fallið að tryggja betur öryggi sjúklinga við meðferð. Ráðherra geti bundið leyfi þeim skilyrðum sem hann telji nauðsynleg. Þá skal leyfi ráðherra m.a. vera bundið því skilyrði, sbr. 2. tölul. 2. mgr. 20. gr., að fyrir liggi staðfesting Persónuverndar á því að öryggi persónuupplýsinga í hinu sameiginlega, rafræna sjúkraskrárkerfi sé tryggt.

2.

Almennt um reglur um upplýsingaöryggi

Samkvæmt lögum nr. 77/2000 hvílir sú skylda á ábyrgðaraðila að tryggja öryggi þeirra persónuupplýsinga sem unnið er með, sbr. 11.–13. gr. laganna og reglur Persónuverndar nr. 299/2001. Með ábyrgðaraðila er átt við þann sem ákveður tilgang vinnslu persónuupplýsinga, þann búnað sem notaður er, aðferð við vinnsluna og aðra ráðstöfun upplýsinganna, sbr. 4. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000.

Í 11. gr. laga nr. 77/2000 er fjallað um öryggisráðstafanir o.fl. Skál ábyrgðaraðili gera viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir til að vernda persónuupplýsingar gegn ólöglegri eyðileggingu, gegn því að þær glatist eða breytist fyrir slysi og gegn óleyfilegum aðgangi, sbr. 1. mgr. 11. gr. Beita skal ráðstöfunum sem tryggja nægilegt öryggi miðað við áhættu af vinnslunni og eðli þeirra gagna sem verja á, með hliðsjón af nýjustu tækni og kostnaði við framkvæmd þeirra, sbr. 2. mgr. 11. gr.

Ábyrgðaraðili ber ábyrgð á því að áhættumat og öryggisráðstafanir séu í samræmi við lög, reglur og fyrirmæli Persónuverndar, þ.m.t. þá staðla sem hún ákveður að skuli fylgt, sbr. 3. mgr. 11. gr. Ábyrgðaraðili ber og ábyrgð á því að áhættumat sé endurskoðað reglulega og örygg-

isráðstafanir endurbættar að því marki sem þörf krefur til að uppfylla ákvæði þessarar greinar, sbr. 4. mgr. 11. gr.

Þá skal ábyrgðaraðili skrá með hvaða hætti hann mótar öryggisstefnu, gerir áhættumat og ákveður öryggisráðstafanir, sbr. 5. mgr. 11. gr., sbr. nánar 1. mgr. 3. gr. reglna nr. 299/2001. Í öryggisstefnu er að finna almenna lýsingu á helstu kröfum og áherslum varðandi upplýsingaöryggi; í áhættumati eru greindar þær ógnir sem stöðja að vinnslu persónuupplýsinga; og í skráningu öryggisráðstafana eru slíkar ráðstafanir skjalfestar á grundvelli þeirra forsendna sem fram koma í áhættumati.

Samkvæmt 12. gr. laga nr. 77/2000, sbr. nánar 8. gr. reglna nr. 299/2001, skal ábyrgðaraðili viðhafa innra eftirlit með vinnslu persónuupplýsinga til að ganga úr skugga um að unnið sé í samræmi við gildandi reglur og þær öryggisráðstafanir sem ákveðnar hafa verið.

Samkvæmt 13. gr. laga nr. 77/2000 skal hann og gera skriflegan samning við vinnsluaðila þar sem fram komi m.a. að vinnsluaðila sé einungis heimilt að starfa í samræmi við fyrirmæli hans og að ákvæði laga nr. 77/2000 um skyldur ábyrgðaraðila gildi einnig um þá vinnslu sem vinnsluaðili annast, sbr. 2. mgr. 11. gr. Með vinnsluaðila er átt við þann sem vinnur persónuupplýsingar á vegum ábyrgðaraðila, sbr. 4. tölul. 2. gr. laganna. Af því sem fram hefur komið við úttekt verður ráðið að engir vinnsluaðilar komi að þeirri vinnslu sem úttektin lýtur að.

3.

Sérreglur um sjúkraskrár

Ákvæði laga nr. 77/2000 um upplýsingaöryggi verður að túlka í samræmi við sérákvæði um sjúkraskrár í lögum nr. 55/2009. Samkvæmt 8. gr. þeirra laga skulu sjúkraskrár varðveittar með öruggum hætti þannig að sjúkraskrárupplýsingar glatist ekki og að þær séu aðgengilegar í samræmi við ákvæði laganna. Í 1. mgr. 13. gr. þeirra er mælt fyrir um að heilbrigðisstarfsmenn, sem koma að meðferð sjúklings og þurfa á sjúkraskrárupplýsingum hans að halda vegna meðferðarinnar, skuli hafa aðgang að sjúkraskrá sjúklingsins með þeim takmörkunum sem leiðir af ákvæðum laganna og reglna settra samkvæmt þeim. Þá megi veita öðrum starfsmönnum og nemum í starfsnámi í heilbrigðisvísindum, sem undirgengist hafa sambærilega trúnaðar- og þagnarskyldu og heilbrigðisstarfsmenn og koma að meðferð sjúklings, heimild til aðgangs að sjúkraskrá hans að því marki sem nauðsynlegt er vegna starfa þeirra í þágu sjúklingsins.

Samkvæmt 2. mgr. 13. gr. skal aðgangur að sérstaklega viðkvæmum sjúkraskrárupplýsingum, þ.e. sjúkraskrárupplýsingum sem sjúklingurinn sjálfur telur að flokka beri sem slíkar, takmarkaður við heilbrigðisstarfsmenn sem nauðsynlega þurfa upplýsingarnar vegna meðferðar sjúklingsins. Þá segir að aðgangur að sérstaklega viðkvæmum sjúkraskrárupplýsingum skuli að jafnaði takmarkaður við þá heilbrigðisstarfsmenn sem starfa innan þeirrar einingar eða deildar heilbrigðisstofnunar eða starfsstofu heilbrigðisstarfsmanns þar sem meðferð er veitt. Aðgangur annarra heilbrigðisstarfsmanna að sérstaklega viðkvæmum sjúkraskrárupplýsingum sé óheimill nema með samþykki sjúklings. Heimilt sé að víkja frá framangreindum aðgangstakmörkunum teljist það nauðsynlegt vegna öryggis heilbrigðisstarfsmanna. Í athugasemdum við 2. mgr. 13. gr. í greinargerð með því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 55/2009, er sem dæmi um slíkt nefnt þegar sjúklingur er haldinn alvarlegum smitsjúkdómi.

Í 4. mgr. 13. gr. segir að sjúklingur eða umboðsmaður hans geti lagt bann við því að tiltekinn starfsmaður eða starfsmenn, þ.m.t. nemandi í starfsnámi, hafi aðgang að sjúkraskrá hans. Sé það hins vegar talið nauðsynlegt vegna meðferðar sjúklings að hinir tilteknu starfsmenn eða nemandi hafi aðgang að sjúkraskrá sjúklings skuli upplýsa sjúkling um það og jafnframt að synjun um að heimila nauðsynlegan aðgang að sjúkraskránni geti jafngilt því, eftir atvikum, að sjúklingur hafni meðferð.

Mælt er fyrir um það í 4. mgr. 14. gr. laganna að sjúklingar eigi rétt á því að fá upplýsingar um það hverjir hafi aflað upplýsinga úr sjúkraskrá þeirra, m.a. með samtengingu sjúkraskrárkerfa, hvar og hvenær upplýsinga var aflað og í hvaða tilgangi.

Í 21. gr. er kveðið á um rétt sjúklings til að takmarka aðgang að sjúkraskrárupplýsingum um sig í sameiginlegu sjúkraskrárkerfi. Samkvæmt 1. mgr. getur sjúklingur eða umboðsmaður

hans lagt bann við því að sjúkraskrárupplýsingar um hann í sameiginlegu sjúkraskrárkerfi séu aðgengilegar, að hluta eða öllu leyti, utan þeirrar heilbrigðisstofnunar eða starfsstofu heilbrigðisstarfsmanna þar sem þær eru færðar. Bannið getur jafnframt tekið til sjúkraskrárupplýsinga sem vistaðar eru á tilteknum deildum eða einungum innan heilbrigðisstofnunar eða starfsstofu heilbrigðisstarfsmanna að því marki sem það er tæknilega mögulegt. Sjúklingur eða umboðsmaður hans geti auk þess lagt bann við því að tilgreindir aðilar geti aflað upplýsinga um hann í sameiginlegu sjúkraskrárkerfi.

Mælt er fyrir um málsmeðferð í tengslum við bann sjúklings við aðgangi að upplýsingum í sameiginlegu sjúkraskrárkerfi í 2. mgr. 21. gr. Segir þar að ákvörðun sjúklings skuli vera skrifleg og staðfest af heilbrigðisstarfsmanni sem jafnframt staðfestir, eftir því sem við á, að útskýrt hafi verið fyrir sjúklingi að með ákvörðuninni geti meðferð, sem sjúklingurinn síðar kann að þarfnast, orðið ómarkvissari en ella þar sem ekki sé þá hægt að afla heildstæðra upplýsinga um sjúklinginn. Þá segir m.a. að sjúklingur geti hvenær sem er afturkallað bann við miðlun sjúkraskrárupplýsinga um sig í sameiginlegu sjúkraskrárkerfi. Skuli ákvörðun sjúklings um afturköllun staðfest af tveimur heilbrigðisstarfsmönnum og beint að umsjónaraðila sjúkraskrárinnar.

4.

Niðurstaða

Með vísan til framangreinds gerir Persónuvernd ekki athugasemdir, eins og á stendur, við þær öryggisráðstafanir sem lýst er í drögum að samningi um sameiginlegt sjúkraskrárkerfi heilbrigðisstofnana á Norðurlandi. Hefur stofnunin því komist að þeirri niðurstöðu, með vísan til 2. tölul. 2. mgr. 20. gr. laga nr. 55/2009, að í umræddu sjúkraskrárkerfi séu gerðar ráðstafanir í samræmi við 1. og 2. mgr. 11. gr. laga nr. 77/2000. Sú niðurstaða gildir til 1. nóvember 2011.

Eins og fyrr greinir er í 12. gr. laga nr. 77/2000, sbr. 8. gr. reglna nr. 299/2001, að finna ákvæði um framkvæmd innra eftirlits. Persónuvernd bendir á að fela má tilteknum starfsmanni ábyrgðaraðila, sem veitt er viss stjólfæði í störfum sínum, að fylgjast með því að í viðkomandi starfsemi sé viðhaft innra eftirlit í samræmi við framangreindar reglur og að öðru leyti sé framfylgt ákvörðunum um öryggisráðstafanir. Er hér með lagt fyrir Samráðsnefnd heilbrigðisumdæmis Norðurlands að tilnefna slíkan fulltrúa og senda Persónuvernd afrit af erindisbréfi hans eigi síðar en 27. nóvember nk.

Einnig er lagt fyrir samráðsnefndina að senda Persónuvernd, fyrir sama tímamark, skriflegt áhættumat og skrásetningu á öryggisráðstöfunum vegna vinnslu persónuupplýsinga í umræddu kerfi, sbr. 5. mgr. 11. gr. laga nr. 77/2000 og 3. gr. reglna nr. 299/2001, sem og lýsingu á ráðstöfunum til að tryggja rétt sjúklings til að banna eða takmarka aðgang að upplýsingum um sig, sbr. 2. mgr. 13. gr. og 21. gr. laga nr. 55/2009.

Ákvörðunarorð:

Ekki eru gerðar athugasemdir við öryggi í fyrirhuguðu sameiginlegu sjúkraskrárkerfi fyrir heilbrigðisstofnanir á Norðurlandi. Sú niðurstaða er bundin þeim skilyrðum að Samráðsnefnd heilbrigðisumdæmis Norðurlands tilnefni fulltrúa, sem fylgist með framkvæmd innra eftirlits með vinnslu persónuupplýsinga í sjúkraskrárkerfinu, og sendi Persónuvernd skriflegt erindisbréf hans. Þá er niðurstaðan bundin því skilyrði að samráðsnefndin sendi Persónuvernd skriflegt áhættumat og skrásetningu á öryggisráðstöfunum á grundvelli þess, sem og lýsingu á ráðstöfunum sem tryggja rétt sjúklings til að banna eða takmarka aðgang að sjúkraskrárupplýsingum um sig. Tilnefna skal áður nefndan fulltrúa og senda Persónuvernd umrædd gögn fyrir 27. nóvember nk.

Ákvörðun þessi gildir til 1. nóvember 2011.“

3.2.40. Umsögn um drög að frumvarpi til laga um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði – mál nr. 2010/305

Persónuvernd veitti þann 19. október 2010 heilbrigðisráðuneytinu umsögn um drög að frumvarpi til laga um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði. Í drögunum var gert ráð fyrir því að draga

úr opinberu eftirliti með framkvæmd vísindarannsókna og að leyfisveitingar Persónuverndar til aðgangs að sjúkraskrár í þágu vísindarannsókna á heilbrigðissviði legðust af. Í umsögn Persónuverndar var m.a. bent á að mikilvægt væri að slaka ekki á eftirliti með aðgangi að viðkvæmum heilsufarsupplýsingum, sérstaklega í ljósi þess að með tækniþróun verður samkeyrsla stórra gagnasafna sífelld auðveldari. Ef ekki væri nægilega vel gætt að þessu við mótun nýrrar löggjafar gæti það haft í för með sér ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir vernd upplýsinga um viðkvæm einkamálefni. Benti Persónuvernd á að reynslan af núverandi fyrirkomulagi við leyfisveitingar vegna vísindarannsókna á heilbrigðissviði væri góð og ekki lægi fyrir hvers vegna draga þyrfti úr mannréttindum á þessu sviði. Stofnunin lagðist gegn því að umrædd leyfisskylda yrði felld niður. Í umsögn hennar segir:

„1.

Persónuvernd vísar til tölvubréfs heilbrigðisráðuneytisins frá 26. ágúst 2010 þar sem stofnuninni eru kynnt drög að frumvarpi til laga um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði.

Drögunum er skipt í þrjá hluta. Sá fyrsti ber yfirskriftina „Almenn ákvæði“, sá næsti „Samþykki fyrir vísindarannsóknum á mönnum“ og sá þriðji „Gagnagrunnsrannsóknir“. Í VIII.–X. hluta eru ákvæði um eftirlit, gildistöku o.fl. sem virðast eiga að tilheyra fjórða hluta frumvarpsins sem þó er ekki tilgreindur sérstaklega (t.d. með fyrirsögn á borð við „IV. hluti – Almenn ákvæði, eftirlit og gildistaka“). Í drögunum er lagt til að sett verði heildarlög um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði, en slík lög hafa ekki áður verið sett. Ákvæði draganna varða annars vegar framkvæmd rannsókna og er ætlað að tryggja bæði gæði þeirra og hagsmuni þátttakenda.

Drögin hafa að geyma ákvæði um stjórnýslu á umræddu sviði. Er gert ráð fyrir þeirri veigamiklu breytingu að leyfisveitingar Persónuverndar til aðgangs að sjúkraskrár í þágu vísindarannsókna á heilbrigðissviði leggist að miklu leyti af, sbr. 10. kafla draganna þar sem fram kemur m.a. sú fyrirætlun að fella brott eða breyta 3. mgr. 15. gr. laga nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga, 3. mgr. 9. gr. laga nr. 110/2000 um lífsýnasöfn og 8. mgr. 8. gr. laga nr. 41/2007 um landlækni. Í staðinn veiti aðeins síðanefnd leyfi, sbr. 25. gr. frumvarpsdraganna.

2.

Í 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, er að finna grunnregluna um friðhelgi einkalífs. Í henni felst m.a. að veita ber persónuupplýsingum viðhlítandi vernd. Reglur þar að lútandi er að finna í Evrópuráðssamningi nr. 108 frá 28. janúar 1981 um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga, sem og í tilskipun 95/46/EB um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga.

Á grundvelli þessara réttarheimilda hafa verið sett lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Í þeim lögum, sem og í framangreindum Evrópuráðssamningi og tilskipun, er m.a. vikið að vísindarannsóknum í því skyni að samræma hagsmuni, sem tengjast þeim, einkalífshagsmunum. Má þar einkum nefna 2. tölul. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000, sbr. b-lið 1. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar. Þar er mælt fyrir um að persónuupplýsingar skuli fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi, en frekari vinnsla í sagnfræðilegum, tölfræðilegum eða vísindalegum tilgangi teljist ekki ósamrýmanleg að því tilskildu að viðeigandi öryggis sé gætt. Í 29. tölul. formálsorða tilskipunarinnar kemur fram að með viðeigandi öryggi er átt við að það sé útilokað að upplýsingar verði nýttar til stuðnings ráðstöfunum eða ákvörðunum viðvíkjandi tilteknum einstaklingi.

Í framangreindu birtist það sjónarmið að bæði skuli tryggt með löggjöf að vísindastarf, sem krefst vinnslu persónuupplýsinga, geti farið fram, sem og að einkalífshagsmunir séu tryggðir í því starfi. Þegar leitast er við að samþætta þessa hagsmuni er ljóst að taka verður tillit til dóms Hæstaréttar frá 27. nóvember 2003 í máli nr. 151/2003. Í þeim dómi komst rétturinn að þeirri niðurstöðu að lagaheimild til skráningar og frambúðarvarðveislu upplýsinga án samþykkis í rannsóknargagnagrunn samkvæmt lögum nr. 139/1998 um gagnagrunn á heilbrigðissviði væri ekki nægilega skýr, þ.e. ekki væri nægilega ítarlega fjallað um hvernig gæta ætti öryggis gagnanna.

Kemur fram í dóminum að eftirlit stjórnvalda getur ekki komið í stað skýrrar lagaheimildar. Af þessum dómi verður séð að gerðar eru strangar kröfur til þess að rannsóknargagnagrunnar byggist á lagaheimild, sem og hvernig slík lagaheimild skal úr garði gerð.

Í löggjöf, sem varðar vinnslu persónuupplýsinga, þ. á m. við framkvæmd vísindarannsókna, verður að tryggja að vinnslan sé háð viðhlitandi eftirliti sjálfstæðs stjórnvalds, sbr. 1. mgr. 28. gr. tilskipunar 95/46/EB, sbr. einnig 1. og 2. mgr. 36. gr. laga nr. 77/2000.

3.

Í 17. gr. frumvarpsdraganna er fjallað um eyðingu upplýsinga um einstaklinga sem safnað er vegna framkvæmdar vísindarannsókna. Ákvæði 17. gr. er í II. hluta frumvarpsins sem lýtur að rannsóknum sem fela í sér beina þátttöku þeirra einstaklinga sem upplýsingar lúta að, s.s. með því að gefa sýni, gangast undir rannsókn eða veita upplýsingar, sbr. 2. tölul. 3. gr. frumvarpsdraganna. Í III. hluta frumvarpsins, sem hefur að geyma ákvæði um rannsóknir, þar sem aflað er gagna úr fyrirliggjandi gagnagrunnum en þar sem ekki er um neina beina þátttöku viðkomandi einstaklinga að ræða, er ekki að finna sambærilegt ákvæði. Rannsóknir samkvæmt II. hluta eru almennt nefndar framsýnar en rannsóknir samkvæmt III. hluta aftursýnar.

Frumvarpsdrögin má skilja svo að gert sé ráð fyrir að upplýsingum, sem safnað er í aftursýnum rannsóknum, þurfi ekki að eyða þótt þeirra sé ekki lengur þörf í þágu viðkomandi rannsóknar. Varðveisla viðkvæmra persónuupplýsinga í rannsóknargagnagrunnum til frambúðar án samþykkis viðkomandi einstaklinga verður að fullnægja ströngum kröfum eins og fram kemur í 2. kafla hér að framan. Af frumvarpsdrögunum verður ekki ráðið að afla eigi samþykkis viðkomandi einstaklinga fyrir umræddri varðveislu. Þá verður ekki séð að umræddum kröfum sé fullnægt í ákvæðum draganna.

Ef heimila ætti frambúðarvarðveislu upplýsinga um einstaklinga, sem safnað er vegna vísindarannsókna á heilbrigðissviði, í rannsóknargagnagrunnum er ljóst að efna yrði fyrst til viðtæks undirbúnings svo að kröfum til löggjafar þar að lútandi yrði fullnægt. Í því fælist jafnframt að móta yrði með mjög skýrum hætti hvernig öryggis upplýsinga ætti að vera gætt. Í ljósi 71. gr. stjórnarskrárinnar má að auki telja eðlilegt að gera þá kröfu að mjög ríkir hagsmunir verði taldir af slíkri varðveislu sem hér um ræðir. Ekki liggur fyrir að frambúðarvarðveisla upplýsinga í rannsóknargagnagrunnum sé almennt nauðsynleg til að tryggja framgang vísindarannsókna á heilbrigðissviði.

Á þessu er m.a. byggt í Noregi, en í 38. gr. þarlandra laga um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði (lov 2008-06-20-44 om medisinsk og helsefaglig forskning (helseforskningsloven)), segir varðandi aftursýnar rannsóknir:

„Opplysninger skal ikke oppbevares lenger enn det som er nødvendig for å gjennomføre prosjektet. Den regionale komiteen for medisinsk og helsefaglig forskningsetikk kan bestemme at dokumenter som er nødvendig for etterkontroll av prosjektet, skal oppbevares i fem år etter at sluttmelding er sendt komiteen. Hvis opplysninger ikke deretter skal oppbevares i henhold til arkivloven eller annen lovgivning, skal de anonymiseres eller slettes.

Den regionale komiteen for medisinsk og helsefaglig forskningsetikk kan bestemme at opplysningene skal oppbevares i lenger tid enn det som følger av første ledd. Til slikt vedtak kan knyttes vilkår.“

Með vísan til framangreinds leggur Persónuvernd til að frumvarpsdrögunum verði breytt á þann veg að ótvírett verði að upplýsingum um einstaklinga, sem safnað er vegna aftursýnna vísindarannsókna, beri að eyða þegar varðveisla þeirra er ekki lengur nauðsynleg vegna rannsóknarinnar. Það mætti gera með því að auka við III. hluta frumvarpsins ákvæði sambærilegu við 17. gr. frumvarpsdraganna þannig að ljóst verði að upplýsingum um einstaklinga, sem safnað er vegna aftursýnna vísindarannsókna, beri að eyða að rannsókn lokinni. Einnig mætti flytja ákvæði 17. gr. yfir í I. hluta frumvarpsdraganna sem ber yfirskriftina „Almenn ákvæði“, en þar með yrði ljóst að það ætti bæði við rannsóknir samkvæmt II. og III. hluta draganna.

Við mat á því hvernig eftirliti með vinnslu persónuupplýsinga í vísindarannsóknum á heilbrigðisssviði sé best hagað er rétt að líta til þess að þar reynir bæði á vísindasiðfræðileg sjónarmið og sjónarmið sem tengjast grunnreglu 71. gr. stjórnarskrárinnar og vernd persónuupplýsinga. Þó svo að þessi sjónarmið fari saman að mörgu leyti eiga þau sér ólíkan bakgrunn. Vísindasiðfræðilegu sjónarmiðin tengjast mörg hver viðbrögðum manna við ómannúðlegum rannsóknaraðferðum í útrýmingarbúðum þriðja ríkisins, en Helsinki-yfirlýsingu lækna með síðari breytingum er m.a. ætlað að girða fyrir að slíkt endurtaki sig. Réttarreglur um vernd persónuupplýsinga, sem eru einn þátturinn í einkalífsvend samkvæmt 71. gr. stjórnarskrárinnar, eru einkum tilkomnar vegna þróunar tölvutækni sem vakti með mönnum ótta um misnotkun á persónuupplýsingum sem skráðar væru með rafrænum hætti. Eftir því sem tölvutæknin hefur þróast frekar hafa möguleikar til slíks aukist. Þess vegna hafa m.a. verið settar réttarreglur og eftirlitsstofnunum verið komið á fót.

Í 28. gr. tilskipunar 95/46/EB er ákvæði um eftirlitsstofnanir sem komið skal á fót í þeim ríkjum sem framfylgja eiga tilskipuninni. Skulu þær starfa alveg sjálfstætt að verkum sínum og hafa tiltekna valdheimildir. Þá er ljóst að svo að viðkomandi eftirlitsstofnun geti sinnt hlutverki sínu verður hún að hafa yfir nauðsynlegri sérþekkingu á persónuupplýsingalöggjöfni að ráða. Ekki er að efa að vísindasiðanefnd og aðrar siðanefndir, sem hafa það hlutverk að yfirfara rannsóknaráætlanir út frá vísindasiðfræðilegum sjónarmiðum, hafi nauðsynlega sérþekkingu á því tiltekna sviði. Í ljósi þess sem að framan greinir, um að persónuupplýsingalöggjöfin er að mörgu leyti af öðrum meiði en hin vísindasiðfræðilegu sjónarmið, er hins vegar ekki með sama hætti ljóst að slíkar siðanefndir hafi yfir þeirri sérþekkingu að ráða sem til þarf til að framfylgja þeirri löggjöf. Hvað varðar leyfisveitingar til aðgangs að gagnagrunnum með viðkvæmum persónuupplýsingum verður einnig að líta til þess að siðanefndir eru að miklu leyti skipaðar fulltrúum þeirra sem æskja aðgangs, manna úr vísindasamfélaginu sem nota viðkomandi gögn í eigin rannsóknum.

Samandregin niðurstaða

Tilhneiging er til að auka miðlæga skráningu á heilsufarsupplýsingum með gerð nýrra gagnagrunna. Mikilvægt er að slaka ekki á eftirliti með slíkri skráningu, sérstaklega í ljósi þess að með tækniþróun verður samkeyrsla stórra gagnasafna sífellt auðveldari. Ef ekki er nægilega vel gætt að þessu við mótun nýrrar löggjafar getur það haft í för með sér ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir vernd upplýsinga um viðkvæm einkamálefni.

Frumvarpsdrögin gera ráð fyrir því að verulega verði dregið úr opinberu eftirliti með framkvæmd þeirra vísindarannsókna þar sem unnið er með viðkvæmar persónuupplýsingar. Reynslan af núverandi fyrirkomulagi við leyfisveitingar vegna vísindarannsókna á heilbrigðisssviði er góð og ekkert liggur fyrir um hvers vegna þurfi að draga úr mannréttindum á þessu sviði. Verði drögin að lögum er hætta á að öryggi borgaranna skerðist og að einkalífsvend verði fyrir borð borin. Því leggst Persónuvernd gegn umræddri breytingu, þ.e. að umrædd leyfisskylda verði felld niður.“

3.2.41. Kennitölur á framblíðum vinnustaðaskírteina – mál nr. 2010/712

Persónuvernd gaf álit á því hvaða upplýsingar megi skrá á starfsmannaskírteini og hvernig starfsmenn skuli bera umrædd skírteini, þ.e. hvort krafa sé gerð um að starfsmenn hafi skírteinin sýnileg viðskiptavinum og í hvaða tilgangi. Í svari stofnunarinnar, dags. 19. október 2010, segir m.a.:

„Í 3. gr. laga nr. 42/2010 um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum segir að atvinnurekandi skuli sjá til þess að hann sjálfur og starfsmenn hans fái vinnustaðaskírteini er þeir hefja störf. Atvinnurekanda og starfsmönnum hans ber að hafa vinnustaðaskírteinin „á sér“ við störf sín. Á vinnustaðaskírteini skal koma fram nafn og kennitala atvinnurekanda eða annað

auðkenni hans og nafn og kennitala viðkomandi starfsmanns ásamt mynd af starfsmanni. Samtökum aðila vinnumarkaðarins er heimilt að semja um nánari útfærslu vinnustaðaskírteina í samningum sín á milli.

Svarbréf ASÍ og SA er dagsett 13. september 2010 en þar kemur m.a. fram að í lögum nr. 42/2010 um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum er gerð krafa um að vinnustaðaskírteini hafi að geyma nafn og kennitölu starfsmanns ásamt mynd og upplýsingum um atvinnurekanda. Samkomulag ASÍ og SA geri ekki kröfu til þess að vinnustaðaskírteini sé sýnilegt við vinnu en starfsmanni beri hins vegar að framvísa skírteini sé þess óskað af eftirlitsfulltrúa, sbr. 4. gr. laganna. Í bréfi ASÍ og SA segir enn fremur að vinnustaðaskírteini séu einnig notuð sem auðkenniskort og aðgangskort hjá fyrirtækjum og sé því oft gerð krafa um að þau séu sýnileg viðskiptavinum. Fram til þessa hafi kennitala starfsmanns ekki verið sýnileg á slíkum kortum og í einhverjum tilvikum hafi fyrirtæki ákveðið að skrá kennitölu starfsmanns á bakhlið umræddra skírteina. Með þeim hætti uppfylli kortin skilyrði laganna en gagnist jafnframt sem auðkenniskort fyrirtækis.

Af framangreindu má ráða að hvorki lögin né samkomulag ASÍ og SA geri kröfu um að vinnustaðaskírteini séu höfð sýnileg viðskiptamönnum, heldur einungis að atvinnurekandi og starfsmenn hafi þau á sér til að sýna eftirlitsmönnum ef svo ber undir.

Persónuvernd gerir ekki athugasemd við efnislegt samkomulag ASÍ og SA. Hún telur hins vegar, með hliðsjón af 10. gr. laga nr. 77/2000, að kennitala starfsmanns skuli höfð á bakhlið korts, en ekki framhlið þess.“

3.2.42. Upplýsingar sem Seðlabanki Íslands vinnur með teljast viðkvæmar að bluta – mál nr. 2010/610

Persónuvernd komst, þann 19. október 2010, að niðurstöðu um eðli persónuupplýsinga sem seðlabankinn vinnur með vegna eftirlits með gjaldeyrisviðskiptum einstaklinga. Í ákvörðun Persónuverndar segir m.a.:

„1.1.

Persónuvernd vísar til fyrri bréfaskipta um vinnslu Seðlabanka Íslands á persónuupplýsingum um gjaldeyrisviðskipti einstaklinga. Í bréfi bankans, dags. 2. september sl., er vinnsla hans á persónuupplýsingum ítarlega lýst.

Ljóst er að umfangsmikil vinnsla fer nú fram, m.a. með upplýsingar sem bankinn sækir til fjármálastofnana, tollyfirvalda og greiðslukortafyrirtækja. Kemur fram að vakni grunur um brotlega háttsemi geti komið til þess að Seðlabankinn kalli eftir yfirliti hreyfinga á bankareikningum í eigu aðila sem rannsókn beinist að. Síkt yfirlit berst frá Reiknistofu bankanna eftir að henni hefur verið send formleg gagnaöflunarbeiðni og lýtur að öllum fjárhagslegum aðgerðum í tölvukerfum stofunnar á þeim bankareikningum og því tímabili sem óskað er eftir. Þá segir að til þess geti komið að upplýsinga um aðila, sem til rannsóknar eru, sé aflað beint frá fjármálastofnunum. Þar er um að ræða staðfest afrit símgreiðsluskeyta; afrit tölvupóstkeyta og annarra gagna sem liggja til grundvallar tilteknum viðskiptum eða fjármagnshreyfingum; ítarupplýsingar um tilteknar hreyfingar á innlánsreikningum sem ekki reynist unnt að rekja með hefðbundnum hætti, s.s. afrit gjaldkeravittana; gögn sem fjármálafyrirtæki afla frá viðskiptavinum á grundvelli laga nr. 64/2006 um peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka; og aðrar upplýsingar sem fjármálastofnanir meta viðeigandi eftir atvikum.

Seðlabankinn telur umræddar upplýsingar ekki viðkvæmar því brot á lögum um gjaldeyris mál nr. 87/1992 varði stjórnvaldssektum sem ekki teljist til refsinga í skilningi refsiréttar, sbr. 15. gr. a í lögum um gjaldeyris mál, sbr. lög nr. 78/2010.

1.2.

Af því tilefni er tekið fram að hugtakið viðkvæmar persónuupplýsingar er skilgreint í 8. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Þar eru taldar upp í fimm staflaðum þær tegundir upplýsinga sem teljast vera viðkvæmar. Samkvæmt b-lið 8. tölul. eru upplýsingar um hvort maður hafi verið grunaður,

kærður, ákærður eða dæmdur fyrir refsiverðan verknað, viðkvæmar persónuupplýsingar.

Samkvæmt 15. gr. laga um gjaldeyrismál nr. 87/1992 er Seðlabanka Íslands heimilt að leggja stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gegn tilgreindum ákvæðum. Í 16. gr. og 16. gr. a.–d. er hins vegar að finna ákvæði þar sem kveðið er á um heimildir til refsingar við nánar tilteknum brotum. Það hvort brot varði stjórnvaldssekt eða öðrum viðurlögum felur eingöngu í sér stigsmun en ekki eðlismun og skiptir ekki máli við mat á því hvort um telst vera að ræða viðkvæmar persónuupplýsingar í skilningi 8. tl. 2. gr. laga nr. 77/2000. Hefur þannig ekki þýðingu í þessu máli hvort brot kunni að leiða til stjórnvaldssektar eða annars konar viðurlaga. Auk þess verður við skýringu á 8. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000, eins og við túlkun á öðrum ákvæðum laganna, að hafa hliðsjón af markmiðsákvæði 1. gr. þeirra. Markmið laganna er m.a. að stuðla að því að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs og að tryggja áreiðanleika og gæði slíkra upplýsinga.

Það er niðurstaða stjórnar Persónuverndar að sú vinnsla sem Seðlabanki Íslands lýsir í framangreindu bréfi sínu lúti, a.m.k. að hluta til, að viðkvæmum persónuupplýsingum og þurfi samkvæmt því að uppfylla þær kröfur sem lög nr. 77/2000 gera til vinnslu slíkra persónuupplýsinga. Ákvörðun þessi byggir á 5. mgr. 9. gr. þeirra laga.“

3.2.43. Ökuritar í bílum og tækjum Áhaldabúss Kópavogs – mál nr. 2010/708

Persónuvernd úrskurðaði í ágreiningsmáli um lögmati ökurita hjá Áhaldahúsi Kópavogs, annars vegar í snjórúðningstækjum og hins vegar í flokkabílum. Litið var til þess að starfsmenn nota umrædda bíla og tæki aðeins í vinnu og ekki við athafnir sem tilheyra heimilum þeirra eða einkalífi að öðru leyti. Var vöktunin ekki talin ógna grundvallarréttindum og frelsi þeirra og því talin heimil í ljósi þeirra lögmatu hagsmuna sem Áhaldahús Kópavogs hafði vísað til. Í úrskurði Persónuverndar, dags. 9. nóvember 2010, segir m.a.:

„Forsendur og niðurstaða

1.

Lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga, sem og um handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna.

Með hugtakinu „persónuupplýsingar“ er átt við sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Með hugtakinu „vinnsla“ er átt við sérhverja aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Í athugasemdum við 2. tölul. 2. gr. í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu.

Samkvæmt framansögðu fellur undir úrskurðarvald Persónuverndar að leysa úr máli sem lýtur að því hvort uppsetning ökurita í bílum Áhaldabúss Kópavogs hafi samrýmst ákvæðum laga nr. 77/2000.

2.

Vinnsla persónuupplýsinga, bæði sú sem fram fer með vöktun og með öðrum aðferðum, verður ávallt að fullnægja einhverju af skilyrðum 8. gr. laga nr. 77/2000. Í því tilvikum sem hér er ræðir koma til álita heimildarákvæði 1. og 7. tölul. 1. mgr. 8. gr.

Í 1. tölulíð er það ákvæði að vinnsla sé heimil ef til hennar stendur ótvírætt samþykki hins skráða. Af atvikum máls þessa má ráða að hinir skráðu öku umræddum bifreiðum eftir að vöktunarbúnaður var settur í þær og þeim hafði meðal annars verið kunngjört um búnaðinn með sérstökum miðum sem voru límdir á rúður bifreiðanna. Kemur því til álita hvort þeir hafi, með því að aka bifreiðunum, samþykkt vinnsluna í verki. Hins vegar verður ekki framhjá því litið að þeir andmæltu vinnslunni og er það óumdeilt. Af þeirri ástæðu verður ekki litið svo á vinnslan verði byggð á ótvíræðu samþykki þeirra og að hún eigi sér þar með stoð í 1. tölulíð 1. mgr. 8. gr.

Hins vegar segir í 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. að heimil sé vinnsla sem er nauðsynleg í þágu lögmætra hagsmuna – nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða vegi þyngra. Varðandi þá hagsmuni sem hér koma til álitu hefur ábyrgðaraðili tilgreint að tilgangur vinnslunnar sé að auka virkni tækja og flokkabíla, m.a. með því að beina þeim sem eru staðsettir næst vettvangi þang- að til að leysa verkefni á sem hagkvæmasta hátt og til að veita sem skjótasta þjónustu. Telst vinnslan því fara fram í þágu lögmætra hagsmuna í skilningi ákvæðis 7. tölulíðar. Hins vegar er skilyrði að grundvallarréttindi og frelsi hins skráða vegi ekki þyngra en þessir hagsmunir. Við mat á því hvort svo sé skiptir máli að hér er annars vegar um að ræða s.k. snjóruðningstæki og hins vegar s.k. flokkabíla sem Áhaldahús Kópavogs notar og eingöngu eru nýtt sem vinnutæki, þ.e. starfsmenn nota umrædda bíla og tæki aðeins í vinnu og ekki við athafnir sem tilheyra heimilum þeirra eða einkalífi að öðru leyti. Verður því ekki séð að sú vinnsla persónuupp- lýsinga sem fram fer við vöktun með notkun ökurita í þessum tækjum og bílum sé í eðli sínu þannig að hún ógni grundvallarréttindum og frelsi hinna skráðu þannig að þyngra þyki vega en tilgreindir hagsmunir ábyrgðaraðila. Er það því mat Persónuverndar að umrædd vinnsla Áhaldahúss Kópavogs með notkun ökurita í flokkabílum og snjóruðningstækjum samrýmist 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000.

3.

Í öðru lagi er í máli þessu kvartað yfir því að ábyrgðaraðili hafi ekki rækt fræðsluskyldu sína samkvæmt 20. gr. laga nr. 77/2000. Þar segir m.a. að þegar ábyrgðaraðili aflar persónuupp lýsinga hjá hinum skráða sjálfum skuli hann m.a. fræða hinn skráða um þau atriði sem hann þarf að vita, með hliðsjón af þeim sérstöku aðstæðum sem ríkja við vinnslu upplýsinganna, svo að hinn skráði geti gætt hagsmuna sinna. Í 10. gr. reglna um rafræna vöktun nr. 837/2006 er sömuleiðis að finna ákvæði um fræðslu sem veita ber þeim sem sæta rafrænni vöktun. Segir þar m.a. að þeim skuli veitt fræðsla um tilgang vöktunar, hverjir hafi eða kunni að fá aðgang að þeim upplýsingum sem safnast og hversu lengi þær verði varðveittar. Í máli þessu standa orð gegn orði um veitta fræðslu og ekki verður af gögnum máls ráðið með skýrum hætti að veitt hafi verið lögboðin fræðsla í samræmi við framangreind ákvæði. Samkvæmt almennum sönnunarreglum hvílir sönnunarbyrði um það hvort fræðsla hafi verið veitt með fullnægjandi hætti á ábyrgðaraðila. Af hálfu ábyrgðaraðila hefur hvorki verið lagt fram sýnishorn fræðsluefnis né sambærileg sönnun um veitta fræðslu. Liggur þar af leiðandi ekki fyrir að að lögboðin fræðsla hafi verið veitt.

Úrskurðarorð:

Sú vinnsla persónuupp lýsinga sem fram fer með notkun ökurita í bifreið þeirri er [S] notar við vinnu sína, og er í eigu Áhaldahúss Kópavogs, er heimil en honum var ekki veitt tilskilin fræðsla um vinnsluna.“

3.2.44. Svikabnappur VÍS – mál nr. 2010/412

Persónuvernd gaf álit á svokölluðum svikahnappi á vefsíðu Vátryggingafélags Íslands hf. (VÍS). Hnappurinn var fyrir þá sem vildu tilkynna um meint vátryggingasvik annarra án þess að vilja koma fram undir nafni. Persónuvernd taldi umrætt kerfi ekki samrýmast tilgreindum reglum, m.a. ekki reglum um sanngirni og áreiðanleika. Þá væru loforð um trúnað gagnvart tilkynnanda villandi. Lagði Persónuvernd fyrir VÍS að endurskoða fyrirkomulag þeirrar söfnunar á persónuupp lýsingum sem fram fór með umræddum svikahnappi. Í ákvörðun hennar, dags. 9. nóvember 2010, segir m.a.:

„I.

Erindi VÍS

1.

Almennt

Persónuvernd vísar til fyrri samskipta af tilefni erindis Vátryggingafélags Íslands hf. (VÍS) frá 27. apríl 2010 þar sem félagið greindi frá uppsetningu svokallaðs svikahnapps á vefsíðu sinni. Hann

getur fólk notað til að tilkynna um meint vátryggingasvik annarra án þess að koma fram undir nafni. Hinn 5. maí 2010 komu fulltrúar VÍS á fund í húsakynnum Persónuverndar til að fara yfir álitæfni tengd umræddum hnappi. Í kjölfar fundarins sendi Persónuvernd VÍS bréf, dags. 7. s.m., þar sem óskað var eftir afriti af verklagsreglum VÍS vegna þessara ábendinga, sem og skýringa á nánar tilteknum atriðum. VÍS svaraði með bréfi, dags. 9. júní 2010. [...]

II.

Svar Persónuverndar

1.

Gildissvið og lagaumbverfi

Þau lög, sem Persónuvernd framfylgir og starfar eftir, þ.e. lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, gilda um vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í at-
hugasemdum við 2. tölul. 2. gr. í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu.

Þegar vátryggingafélag opnar gátt á vefsíðu sinni fyrir tilkynningar um meint vátrygginga-
svik geta borist persónuupplýsingar um þá gátt, þ. á m. um að einstaklingar séu grunaðir um slík svik. Af því leiðir að í notkun upplýsingagáttarinnar felst vinnsla persónuupplýsinga sem fellur undir lög nr. 77/2000.

2.

Helstu ákvæði laga nr. 77/2000 sem líta ber til

Sjónarmið um sanngirni og áreiðanleika

Öll vinnsla persónuupplýsinga verður að fullnægja grunnkröfum 1. mgr. 7. gr. laganna. Þar er mælt fyrir um að persónuupplýsingar skuli unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmæt-
um hætti og í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga (1. tölul.); að þær skuli fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrým-
anlegum tilgangi (2. tölul.); að þær skuli vera nægilegar og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.); að þær skuli vera áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörf-
um, en persónuupplýsingar, sem séu óáreiðanlegar eða ófullkomnar, miðað við tilgang vinnslu þeirra, skuli afmá eða leiðrétta (4. tölul.); og að þær skuli varðveittar í því formi að ekki sé unnt að bera kennsl á hina skráðu lengur en þörf krefur miðað við tilgang vinnslu (5. tölul.).

Í framangreindum ákvæðum felst í stuttu máli að þess skal gætt við vinnslu persónuupp-
lýsinga að hún sé sanngjörn, málefnaleg, áreiðanleg og ekki umfram það sem nauðsyn krefur. Í áreiðanleika felst að persónuupplýsingar eiga að vera sem réttastar. Þegar opnuð er upp-
lýsingagátt fyrir nafnlausar tilkynningar um meint lögbrot skapast hættu á að um hana berist óáreiðanlegar persónuupplýsingar þar sem gáttin kann m.a. að verða notuð sem vettvangur til að koma höggi á menn í skjóli nafnleysis. Í því sambandi er rétt að minnast þess að hver, sem með rangri kærui, röngum framburði eða rangfærslu eða á annan hátt leitast við að koma því til leiðar að saklaus maður verði sakaður fyrir refsiverðan verknað, skal sæta fangelsi allt að 10 árum sbr., 148. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Í sanngirni felst m.a. að vinnsla á að vera gagnsæ, en í því felst ekki síst að hinn skráði á rétt á að vita um vinnsluna. Sú krafa birtist m.a. í 18. gr. laga nr. 77/2000 þar sem fram kemur að hinn skráði á að geta fengið vitneskju um vinnslu persónuupplýsinga um sig, þ. á m. um hvaðan upplýsingar um hann koma, sbr. 4. tölul. 1. mgr. Einnig má nefna að samkvæmt 21. gr. laga nr. 77/2000 ber að gera hinum skráða viðvart þegar upplýsingar um hann er aflað frá þriðja aðila. Í því felst m.a. að fræða á hinn skráða um hvaðan upplýsingarnar koma, sbr. b-lið 3. mgr. 18. gr. laganna.

Frá framangreindum rétti hins skráða eru nokkrar undantekningar, sbr. 19. gr. sömu laga. Má þar nefna að samkvæmt 2. mgr. 19. gr. eiga ákvæði 18. gr. ekki við ef réttur hins skráða

samkvæmt þeim þykir eiga að víkja að nokkru eða öllu fyrir hagsmunum annarra. Einnig eru undantekningar frá skyldu samkvæmt 21. gr. til að gera hinum skráða viðvart um öflun upplýsinga um hann frá þriðja aðila, sbr. 4. mgr. þeirrar greinar. Má þar nefna að samkvæmt 4. tölul. 4. mgr. fellur viðvörunarskyldan niður þegar hagsmunir hins skráða af því að fá vitneskju um vinnslu þykja eiga að víkja fyrir veigamiklum almannahagsmunum eða einkahagsmunum. Reynt getur á framangreindar undantekningar frá meginreglum 19. og 21. gr. Þannig geta rannsóknarhagsmunir leitt til þess að ekki beri að fræða hinn skráða um vinnslu persónuupplýsinga um meint váttryggingasvik hans, að svo stöddu.

Auk framangreinds verður við vinnslu persónuupplýsinga að gæta að öryggi upplýsinganna, sbr. 11. gr. laga nr. 77/2000.

3.

Álit vinnubóps skv. tilskipun 95/46/EB

Ákvæði laga nr. 77/2000 byggjast á ákvæðum tilskipunar 95/46/EB um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga. Á grundvelli 29. gr. tilskipunarinnar starfar vinnuhópur skipaður fulltrúum persónuverndarstofnana aðildarríkja ESB og áheyrnarfulltrúa EFTA-ríkja. Hann gefur m.a. út álit um málefni sem snerta vernd persónuupplýsinga. Hvað varðar nafnlausar ábendingar um meint lögprot má þar nefna álit nr. 1/2006 um beitingu evrópskra persónuverndarreglna á „flautublástur“ (e. whistleblowing) á sviði endurskoðunar, innri endurskoðunar, innra eftirlits og baráttu gegn mútum, brotum í starfsemi banka og fjármálabrotum.

Álitið var gefið út 1. febrúar 2006 af tilefni upplýsingagátta, sem verið var að taka í notkun innan ýmissa fjölþjóðlegra fyrirtækja að kröfu bandarískra yfirvalda, til að gera starfsmönnum kleift að senda tilkynningar um brot í starfsemi fyrirtækjanna til sérstakra deilda innan þeirra án þess að fram kæmi hverjir þeir væru. Um gat verið að ræða alveg nafnlausar tilkynningar þannig að ekki einu sinni yfirvöld fengu vitneskju um hver sendandi tilkynningar væri.

Vinnuhópurinn taldi ýmis tormecki vera á nafnlausum tilkynningum og benti m.a. á að þá er erfiðara að rannsaka mál þar eð ekki er hægt að ráðfæra sig við tilkynnandann, að innan fyrirtækis kann það að verða venjubundið að sendar séu nafnlausar tilkynningar til að koma högg á menn og að andrúmsloftið innan fyrirtækis kynni að verða slæmt ef starfsmenn væru sér meðvitaðir um að sendar kynnu að verða um þá nafnlausar tilkynningar (bls. 10 og 11 í álitinu).

Í ljósi þessa telur vinnuhópurinn að almennt eigi aðeins að taka við tilkynningum undir nafni. Lítur hann þar til þess grundvallarskilyrðis að vinnsla á að vera sanngjörn. Engu að síður telur hann ekki hægt að útiloka nafnlausar tilkynningar, enda geti það verið svo í ákveðnum tilvikum að tilkynnandi sé ekki í aðstöðu til að koma fram undir nafni. Ekki beri hins vegar að hvetja til nafnlausra tilkynninga. Þá eigi m.a. að fræða þá sem hyggjast senda inn tilkynningu um að komi þeir fram undir nafni verði því haldið leyndu að því undanskildu að nauðsynlegt geti verið að greina þeim sem koma að meðferð máls, s.s. innan dómkerfisins, frá því hverjir þeir séu (bls. 11 í álitinu). Segir að þetta sé nauðsynlegt til að slíkar upplýsingagáttir, sem hér um ræðir, komi að tilætluðum notum. Þá segir að nafn tilkynnenda skuli ekki gefið upp gagnvart þeim sem ásökun lýtur að nema þegar vísitandi hefur verið send röng tilkynning og sá sem tilkynnt var um hyggst leita réttar síns gagnvart tilkynnanda af því tilefni, t.d. með því að höfða meiðryðamál (bls. 15 í álitinu).

4.

Niðurstæða

4.1.

Um nafnlausar tilkynningar

Í 7. gr. laga nr. 77/2000 er mælt fyrir um að persónuupplýsingar skuli unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögætum hætti og í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga (1. tölul.); að þær skuli fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.); að þær skuli vera nægilegar og ekki umfram

það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.); að þær skuli vera áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum, en persónuupplýsingar, sem séu óáreiðanlegar eða ófullkomnar, miðað við tilgang vinnslu þeirra, skuli afmá eða leiðrétta (4. tölul.); og að þær skuli varðveittar í því formi að ekki sé unnt að bera kennsl á hina skráðu lengur en þörf krefur miðað við tilgang vinnslu (5. tölul.).

Í ljósi framangreindra grunnreglna telur Persónuvernd eðlilegt að þegar opnaður er vettvangur til tilkynninga um meint lögbrot einstaklinga skuli þeir sem senda inn slíkar tilkynningar koma fram undir nafni. Er þá einkum litið til sjónarmiða um sanngirni og áreiðanleika. Verður ekki litið fram hjá hættu á því menn sendi í skjóli nafnleyndar inn ábendingar til þess að koma höggi á aðra. Slíkar ábendingar geta - jafnvel þótt þær eigi ekki við rök að styðjast - haft í för með sér alvarlegar afleiðingar fyrir þá sem bent er á, auk þess sem upplýsingaréttur og andmælaréttur kann að vera brotinn á málsaðila. Þá skiptir einnig máli að í raun er villandi gagnvart tilkynnandanum að um „nafnlausar“ tilkynningar sé að ræða. Þegar fólk veitir upplýsingar með þessum hætti á Netinu geta þær verið persónugreinanlegar þótt engin nöfn eða kennitölur séu gefin upp, en með IP-tölum og greiningartólum er unnt að rekja nær alla fjarskiptaumferð til ákveðinna tölva og notenda þeirra. Ekki er hægt að útiloka að mál geti verið svo alvarlegt að lögregla sjái ástæðu til að rekja hver sent hafi inn tilkynningu, krefjist rannsóknarhagsmunir þess. Það er ekki á forræði VÍS að lofa að slíkt verði ekki gert og eru verklagsreglur VÍS villandi að þessu leyti.

Samkvæmt framansögðu telur Persónuvernd að það kerfi sem VÍS hefur sett upp þar sem tilkynnanda er lofað að hann geti frjálst valið hvort hann sendi inn nafnlausar ábendingu eða ábendingu undir nafni fái ekki samrýmt þeim reglum sem hér að framan hefur verið víkið að.

4.2.

Um upplýsingarétt hins skráða

Um upplýsingarétt hins skráða, að því er varðar þau gögn sem til verða hjá VÍS, fer samkvæmt 18. og 19. gr. laga nr. 77/2000. Samkvæmt 1. mgr. 18. gr. laga nr. 77/2000 á hann m.a. rétt á að fá frá ábyrgðaraðila vitneskju um hvaðan upplýsingarnar um hann koma. Umræddu ákvæði er ætlað að innleiða ákvæði a-liðar 12. tilskipunar 95/46/EB um rétt til aðgangs. Það ákvæði hefur verið skýrt með hliðsjón af ákvæði 13. gr. tilskipunarinnar um að hvaða marki takmarka megi þann rétt. Við skýringu ákvæðisins er og rétt að hafa hliðsjón af 41. tölul. formálsorða tilskipunarinnar þar sem fram kemur að hver og einn skuli hafa rétt til aðgangs að þeim upplýsingum um hann sjálfan sem eru í vinnslu. Að baki býr það markmið að gera honum kleift að geta sannreynt áreiðanleika upplýsinga um sig og lögmæti vinnslunnar.

Upplýsingarétti hins skráða eru takmörk sett í ákvæði 19. gr. laga nr. 77/2000. Þar kemur fram að réttur hans samkvæmt 18. gr. laganna getur þurft að víkja að nokkru eða öllu að vissum skilyrðum uppfylltum. Þau skilyrði sem hér koma helst til álitu eru í ákvæðum 2. mgr. og 3. mgr. 19. gr. sem að framan hafa verið rakin. Að mati Persónuverndar þarf, í ljósi markmiðsákvæðis 1. mgr. 1. gr. laganna, að túlka undanþáguákvæðin þröngt og líta svo á að þau nái ekki yfir tilvik nema ljóst sé að hagsmunir tilkynnenda af nafnleynd séu mun ríkari en hins skráða af því að njóta upplýsingaréttar.

Í 2. mgr. 19. gr. segir að ákvæði 18. gr. eigi ekki við þyki réttur hins skráða samkvæmt því ákvæði eiga að víkja að nokkru eða öllu fyrir hagsmunum annarra eða hans eigin. Þótt meta verði hvert tilvik sérstaklega er ljóst að í vissum tilvikum vega hagsmunir hins skráða þyngra en hagsmunir annarra, þ. á m. tilkynnanda. Því er rétt að fræða þann sem hyggst senda inn tilkynningu um að nauðsynlegt geti orðið að greina hinum skráða frá því hver tilkynnandinn er. Til dæmis getur þurft að gera það ef vísitandi hefur verið send röng eða villandi tilkynning og sá sem tilkynnt var um hyggst af því tilefni leita réttar síns gagnvart tilkynnanda, t.d. með því að höfða meidyrðamál. Í öðrum tilvikum getur niðurstaðan orðið önnur, s.s. ef tilkynnandi getur átt á hættu að verða fyrir áreiti eða missa starf sitt verði gefið upp hver hann er.

Í 3. mgr. 19. gr. segir að réttur hins skráða samkvæmt ákvæðum 18. gr. nái ekki til upplýsinga sem eru undanþegnar aðgangi samkvæmt upplýsinga- eða stjórnsýslulögum. Um merkingu

Þessa ber að líta til þess að í athugasemdum í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum nr. 77/2000 segir að í 3. mgr. 19. gr. séu mörkuð skil upplýsingaréttar samkvæmt stjórnslu- og upplýsingalögum annars vegar og persónuupplýsingalögum hins vegar. Sé miðað við að réttur til aðgangs samkvæmt persónuupplýsingalögum verði sambærilegur við rétt aðila máls samkvæmt 15. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993. Af því leiðir að sömu sjónarmið gilda um upplýsingarétt samkvæmt 18. gr. laga nr. 77/2000 og gilda samkvæmt 15. gr. stjórnslulaga. Hefur ekki verið talið að stjórnvöld hafi það á valdi sínu að heita málsaðilum trúnaði nema það sé sérstaklega tekið fram í lögum, s.s. eins og gert er í barnaverndarlögum.

Af framangreindu leiðir að upplýsingaréttur hins skráða er lögmæltur og VÍS hefur það ekki á sínu valdi að heita tilkynnendum trúnaði sem ekki fær samrýmst lögum.

4.3.

Samandregin niðurstaða

Persónuvernd telur að það kerfi sem VÍS hefur sett upp, þar sem tilkynnanda er lofað að hann geti frjálst valið hvort hann sendi inn nafnlausu ábendingu eða ábendingu undir nafni, fái ekki samrýmst þeim reglum sem hér að framan hefur verið vikið að. Svo almennar heimildir til að senda inn nafnlausar tilkynningar samrýmast ekki þeim kröfum um sanngirni og áreiðanleika sem mælt er fyrir um í 1. og 4. tölul. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000, auk þess sem loforð VÍS um trúnað gagnvart þeim sem sendir inn nafnlausu ábendingu eru villandi.

Með vísan til 1. mgr. 40. gr. laga nr. 77/2000 er lagt fyrir VÍS að endurskoða fyrirkomulag söfnunar á persónuupplýsingum með svokölluðum svikahnappi á vefsíðu sinni og haga því í samræmi við þær reglur sem fjallað hefur verið um í þessari ákvörðun.“

3.2.45. Könnun í grunnskóla; söfnun viðkvæmra persónuupplýsinga – mál nr. 2010/751

Kveðinn var upp úrskurður í ágreiningsmáli um söfnun viðkvæmra persónuupplýsinga um grunnskólabarn. Til úrlausnar var hvort foreldri hefði, með því að senda ekki inn sérstök andmæli, samþykkt söfnunina. Persónuvernd féllst ekki á það. Var niðurstaða hennar sú að öflun upplýsinganna hefði orðið að byggja á ótvíræðu og yfirlýstu samþykki foreldris. Í úrskurði hennar, dags. 9. nóvember 2010, segir m.a.:

„I.

Grundvöllur máls

Málavextir og bréfaskipti

1.

Tildrög máls

Þann 15. september 2010 barst Persónuvernd kvörtun K (hér eftir nefndur kvartandi) vegna vinnslu persónuupplýsinga um barn hans sem er nemandi í Grunnskólanum í Borgarnesi. Skólinn hafði tilkynnt honum um vinnsluna en sérstaks samþykkis hans var ekki óskað. Hins vegar kom fram að ef hann vildi ekki að upplýsingum um barnið yrði safnað gæti hann sent inn undirrituð skilaboð þess efnis.[...]

II.

Forsendur og niðurstaða Persónuverndar

1.

Lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga, sem og um handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna.

Með hugtakinu „persónuupplýsingar“ er átt við sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Með hugtakinu „vinnsla“ er átt við sérhverja aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýs-

ingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Í athugasemdum við 2. tölul. 2. gr. í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu.

Persónuvernd hefur eftirlit með framangreindum lögum og framkvæmd þeirra og fellur mál þetta undir úrskurðarvald hennar.

2.

Svo að vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga sé heimil verður ávallt að vera fullnægt einhverju skilyrðanna í 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Til viðkvæmra persónuupplýsinga teljast m.a. upplýsingar um heilsuhagi. Fyrir liggur í máli þessu að við gerð könnunar vegna sjálfsmatskerfis sem nefnist Skólapúlsinn er safnað slíkum persónuupplýsingum, þ. á m. upplýsingum um þunglyndi, höfuðverk, ógleði eða ólgu í maga. Þá er unnið með kvarða er varðar líðan nemanda, þ.e. sjálfsálit, stjórn á eigin líðan, kvíða og einelti. Með vísan til framangreinds er ljóst að umræddar upplýsingar falla undir c-lið 8. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000 og þess vegna er nauðsynlegt að uppfyllt hafi verið eitthvert af skilyrðum 1. mgr. 9. gr. laganna. Þeir tölulíðir sem hér koma til álita er 1. og 2. tölulíður.

2.1.

Í 1. tölul. 1. mgr. 9. gr. segir að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil grundvallist hún á samþykki hins skráða. Hér er hins vegar um barn að ræða sem getur ekki veitt slíkt samþykki sjálf. Samkvæmt lögræðislögum nr. 71/1997 hefur lögráðamaður ólögráða einn lögformlega heimild til þess að skuldbinda ólögráða einstakling, s.s. með því að samþykkja vinnslu upplýsinga um hann. Í 51. gr. laganna er kveðið á um að foreldrar barns, sem ólögráða er fyrir æsku sakir, og þeir sem barni koma í foreldra stað, ráði persónulegum högum þess. Af þessu er ljóst að það er hlutverk foreldra eða forráðamanna ólögráða barns að ráða úr málefnum þess og fara með þau réttindi og skyldur sem ella hvíldu á barninu – þar á meðal því að veita eða veita ekki samþykki til vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga.

Þar sem hér er um viðkvæmar upplýsingar að ræða þarf það samþykki sem veitt er að uppfylla skilyrði 7. tölul. 2. gr. laganna. Þar er það skilgreint sem sérstök, ótvíræð yfirlýsing sem einstaklingur gefur af fúsum og frjálsum vilja um að hann sé samþykkur vinnslu tiltekinnar upplýsinga um sig og að honum sé kunnugt um tilgang hennar, hvernig hún fari fram, hvernig persónuvernd verði tryggð, um að honum sé heimilt að afturkalla samþykki sitt o.s.frv. Af atvikum máls þessa verður ekki ráðið að slíks samþykkis sé óskað. Það samþykki skal vera yfirlýst og því verður þögn ekki virt sem samþykki í þessum skilningi. Þótt foreldri hafi fengið tækifæri til að andmæla söfnun viðkvæmra persónuupplýsinga um sitt barn telst það þ.a.l. ekki hafa með því veitt samþykki sitt í framangreindum skilningi. Verður því ekki talið að uppfyllt sé skilyrði 1. tölulíðar 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000 fyrir vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga um ólögráða barn kvartanda sem er nemandi við Grunnskólann í Borgarnesi.

2.2.

Í 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. segir að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil standi til hennar sérstök heimild samkvæmt öðrum lögum. Skólapúlsinn ehf. hefur vakið athygli á 36. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla. Þar segir að hver grunnskóli skuli meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á og birta opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur. Við mat á því hvort hér sé um að ræða heimild til vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga um barn kvartanda þarf m.a. að líta til þess sem segir í athugasemdum við 9. gr. frumvarps þess er varð að lögum nr. 77/2000. Þar segir að við mat á því hvort lagaheimild standi til vinnslu þurfi m.a. að hafa í huga að því meiri íhlutun í einkalíf einstaklingsins sem vinnsla hefur í för með sér þeim mun ótvíræðari þurfi lagaheimildin að vera. Skýring slíks ákvæðis ráðist m.a. af því hvort löggjafinn hafi í raun tekið tillit til þeirra persónuverndarsjónarmiða sem á reynir en þó ákveðið að umrædd vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga skuli

fara fram. Að mati Persónuverndar verður ekki af orðalagi 36. gr. laga nr. 91/2008, eða skýringum við það ákvæði, ráðið að löggjafinn hafi litið til persónuverndarsjónarmiða en ákveðið að heimila grunnskólum að vinna – án samþykkis foreldra – viðkvæmar persónuupplýsingar um nemendur í þágu sjálfsmatskerfis og athugunar á árangri og gæðum skólastarfs. Verður því ekki ráðið að uppfyllt sé skilyrði 2. töluliðar 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000 fyrir vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga um ólögráða barn kvartanda sem er nemandi við Grunnskólann í Borgarnesi.

Öflun upplýsinga í þágu sjálfsmatskerfis sem nefnist Skólapúlsinn verður samkvæmt framansögðu að byggja á upplýstu og yfirlýstu samþykki.

Úrskurðarorð:

Án samþykkis kvartanda, K, er Grunnskólanum í Borgarnesi óheimil öflun viðkvæmra persónuupplýsinga um barn hans, nemanda við skólann, í þágu sjálfsmatskerfis sem nefnist Skólapúlsinn.“

3.2.46. Miðlun frá vistheimilaneft til tengiliðar vistheimila – mál nr. 2010/938

Á fundi sínum þann 9. nóvember 2010 tók Persónuvernd afstöðu til spurningar vistheimilaneftar um hvort henni bæri að verða við beiðni tengiliðs vistheimila um að fá aðgang að gögnum nefndarinnar. Var niðurstaða Persónuverndar sú að vistheimilaneft hefði ekki lagaheimild til að veita tengiliðnum umræddar upplýsingar án samþykkis hlutaðeigandi einstaklinga. Í svarbréfi Persónuverndar segir m.a.:

„Persónuvernd vísar til erindis nefndar um vist- og meðferðarheimili, dags. 20. október 2010, varðandi miðlun upplýsinga til tengiliðar vegna vistmanna samkvæmt 10. gr. laga nr. 47/2010, en það ákvæði hljóðar svo: [...] Í erindi yðar segir m.a.:

„Með vísan til 6. t. l. 3. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000 er þess óskað að Persónuvernd láti í ljós álit á því hvort vistheimilaneft sé heimilt á grundvelli ákvæði 1. mgr. 8. gr. og 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000 og/eða ákvæðis 10. gr. laga nr. 47/2010 að verða við beiðni tengiliðs vistheimila um aðgang að þeim gögnum sem vistheimilaneft hefur í vörslu sinni.“

Vinnsla persónuupplýsinga er heimil ef uppfyllt eru skilyrði laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Þau skilyrði sem uppfylla þarf ráðast af eðli viðkomandi upplýsinga, þ.e. hvort þær teljist vera viðkvæmar í skilningi 8. tölul. 2. gr. laganna.

Við mat á þessu hefur Persónuvernd litið til þeirrar lýsingar á upplýsingunum sem er í bréfi yðar. Þar segir m.a.:

„[...] hefur vistheimilaneft m.a. útbúið nafnalista yfir vistmenn þar sem fram koma upplýsingar um nafn, kennitölu, dvalardaga á viðkomandi stofnun og í mörgum tilvikum er skráð stutt athugasemd um hver tildrög vistunar hafi verið. Þá hefur vistheimilaneft einnig útbúið málsmöppu fyrir hvern fyrrverandi vistmann og nú hefur nefndin í vörslu sinni málsmöppur um eitt þúsund einstaklinga. Innihalda málsmöppurnar m.a. afrit úr fundargerðabókum barnaverndarnefnda, afrit af heimiliseftirlitsskýrslum starfsmanna barnaverndarnefnda, afrit af margvíslegum gögnum er innihalda m.a. upplýsingar um heilsufar viðkomandi einstaklinga, foreldra, systkini og annað er lýtur að félagslegum og fjárhagslegum högum viðkomandi fjölskyldu.“

Af framangreindu má ráða að erindið lýtur að viðkvæmum persónuupplýsingum í skilningi 8. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 77/2000. Af því leiðir að miðlun þeirra er óheimil nema uppfyllt ur sé einhver af töluliðum 1. mgr. 9. gr. laganna. Í 2. tölulið hennar kemur fram að miðlun er heimil þegar til hennar stendur lagaheimild. Í ljósi þess hve hér er um viðkvæmar upplýsingar að ræða er rétt að taka fram að slík lagaheimild þarf að vera skýr í þeim skilningi að ljóst sé

að löggjafinn hafi litið til þeirra almennu persónuverndarsjónarmiða sem á reynir við meðferð þeirra viðkvæmu persónuupplýsinga sem um ræðir en engu að síður ákveðið að hún skuli fara fram. Það ræðst af túlkun viðkomandi lagaákvæðis hvort það veitir nægilega skýra heimild til vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga. Því meiri íhlutun í einkalíf einstaklingsins sem umrædd vinnsla hefur í för með sér, þeim mun ótvíræðari þarf lagaheimildin að vera.

Hér hefur verið vísað til lagaákvæða 10. gr. laga nr. 47/2010. Þar er hlutverki tengiliðs vegna vistmanna lýst. Segir að hann skuli með virkum hætti koma á framfæri upplýsingum til þeirra sem kunna að eiga bótarétt samkvæmt lögunum og að hann skuli m.a. leiðbeina þeim sem til hans leita um framsetningu bótakrafna í kjölfar innköllunar sýslumanns. Í framangreindu ákvæði er ekki vikið að öflun upplýsinga frá nefnd um vist- og meðferðarheimili og verður ekki séð að það hafi að geyma heimild til þess að sú nefnd miðli hinum umræddu viðkvæmu persónuupplýsingum til tengiliðsins. Bent er á að hins vegar segir í 2. mgr. 5. gr. laganna að sýslumaður geti óskað eftir gögnum í vörslu nefndarinnar enda hafi viðkomandi einstaklingur veitt skriflegt samþykki sitt. Einnig er í 3. mgr. 8. gr. sömu laga vikið að aðgangi úrskurðarnefndar um sanngirnibætur að skjallegum gögnum nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007.

Með vísan til framangreinds er það álit Persónuverndar að ákvæði 10. gr. laga nr. 47/2010 hafi ekki að geyma lagaheimild til vinnslu, í skilningi 2. töluliðar 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, þ.e. heimild til þess að nefnd um vist- og meðferðarheimili miðli – án samþykkis hinna skráðu – hinum viðkvæmu persónuupplýsingum til tengiliðar vegna vistheimila.“

3.2.47. Tölvupóstskoðun skattrannsóknarstjóra – mál nr. 2010/1092

Persónuvernd svaraði fyrirspurn um skyldu skattrannsóknarstjóra til að gefa mönnum kost á að vera viðstaddir þegar tölvupóstur þeirra er skoðaður. Var niðurstaðan sú að líta bæri á rannsókn skattrannsóknarstjóra ríkisins sem ígildi lögreglurannsóknar á sviði skattamála og því ætti umrædd regla ekki við um skoðun hans á tölvupóstum vegna rannsókna á skattalagabrotum. Í ákvörðun stjórnar, dags. 7. desember 2010, segir m.a.:

„I.

Erindi Skattrannsóknarstjóra

Persónuvernd hefur mótttekið fyrirspurn og erindi skattrannsóknarstjóra ríkisins varðandi skoðun tölvupósta hjá embættinu í tengslum við rannsóknir á skattalagabrotum og annmarka sem því geta, að mati skattrannsóknarstjóra, fylgt að fara að reglum Persónuverndar nr. 837/2006, en í 3. mgr. 9. gr. reglnanna segir m.a. að þegar tölvupósts- eða netnotkun sé skoðuð skuli þess gætt að gera starfsmanni eða nemanda fyrst grein fyrir því og veita honum færi á að vera viðstaddur slíka skoðun.

[...]

II.

Svar Persónuverndar

Samkvæmt 5. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000 setur Persónuvernd reglur um rafræna vöktun og vinnslu efnis sem verður til við vöktunina. Slíkar reglur hefur hún sett og eru þær nr. 837/2006. Þar segir að persónuupplýsingar sem til verða við rafræna vöktun megi aðeins nota í þágu tilgangs með söfnun þeirra og aðeins að því marki sem þess gerist þörf í þágu tilgangsins. Þær megi ekki vinna eða afhenda öðrum nema með samþykki hins skráða eða samkvæmt ákvörðun Persónuverndar. Þó megi afhenda lögreglu upplýsingar um slys eða meintan refsiverðan verknad.

Í 3. mgr. 9. gr. þeirra segir m.a. að þegar tölvupósts- eða netnotkun manna sé skoðuð skuli þess gætt að gera þeim fyrst grein fyrir því og veita þeim færi á að vera viðstaddir slíka skoðun. Hér er um almenna reglu að ræða sem t.d. á við þegar vinnuveitandi skoðar tölvupóst starfsmanns.

Við mat á því að hvaða marki framangreind regla á hins vegar við þegar skattrannsóknarstjóri skoðar tölvupósta við rannsóknir á skattalagabrotum, ber að líta til ákvæðis 103. gr. laga

um tekjuskatt nr. 90/2003. Þar er fjallað um hlutverk skattrannsóknarstjóra ríkisins. Í 1. mgr. segir að skattrannsóknarstjóri ríkisins skuli hafa með höndum rannsóknir samkvæmt framangreindum lögum og lögum um aðra skatta og gjöld sem á eru lögð af ríkisskattstjóra eða honum falin framkvæmd á. Þá segir í 2. mgr. að skattrannsóknarstjóri ríkisins geti að eigin frumkvæði eða eftir kæru hafið rannsókn á hverju því atriði er varðar skatta samkvæmt lögum nr. 90/2003 eða aðra skatta og gjöld. Enn fremur segir í 5. mgr. að lögreglu sé skylt að veita skattrannsóknarstjóra ríkisins nauðsynlega aðstoð í þágu rannsókna ef aðili færast undan afhendingu bókhaldsgagna og hætta er á sakarspjöllum vegna gruns um væntanlegt undanskot gagna. Sömuleiðis er lögreglu skylt að færa til skýrslugjafar hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins ef hann hefur að forfallalausum ekki sinnt kvaðningu þess efnis. Að lokum segir í 7. mgr. ákvæðisins að við rannsóknaraðgerðir skattrannsóknarstjóra ríkisins skuli gætt ákvæða laga um meðferð sakamála eftir því sem við getur átt, einkum varðandi réttarstöðu grunaðra manna á rannsóknarstigi.

Ákvæði 103. gr. laga nr. 90/2003 kom nýtt inn með 102. gr. A eldri laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignaskatt, sbr. lög nr. 122/1993. Í nefndaráliti 1. minnihluta efnahags- og viðskiptanefndar segir:

„Í fjórða lagi er kveðið á um að tekinn sé af allur vafi um að skattrannsóknarstjóra ríkisins beri í hvívetna að gæta ákvæða laga um meðferð opinberra mála í samskiptum sínum við þá aðila sem til rannsóknar eru en þeirri reglu hefur verið fylgt í starfi hans hingað til.“

Í framangreindu ákvæði kemur því fram að við rannsóknaraðgerðir skattrannsóknarstjóra ríkisins skuli gætt ákvæða laga um meðferð sakamála eftir því sem við getur átt, einkum varðandi réttarstöðu grunaðra manna á rannsóknarstigi. Af því leiðir að í raun má, að mati Persónuverndar, líta á rannsókn skattrannsóknarstjóra sem ígildi lögreglurannsóknar á þessu sviði. Er þá til skoðunar að hvaða marki lög nr. 77/2000, og þar með reglur sem settar hafa verið á grundvelli þeirra laga, taka til vinnslunnar.

Gildissvið laga nr. 77/2000 er afmarkað í 3. gr. laganna. Í fyrri málslíð 2. mgr. hennar segir að tiltekin ákvæði laganna gildi ekki um vinnslu persónuupplýsinga sem varða almannaöryggi, landvarnir, öryggi ríkisins og starfsemi ríkisins á sviði refsivörslu. Hefur löggjafinn metið vinnslu persónuupplýsinga í þágu slíkra mála þannig að sérsjónarmið gildi um hana og verja beri rannsóknarhagsmuni; hagsmuni af því að geta ljósrað upp um mál, komið í veg fyrir afbrot og dregið úr aðsteðjandi hættu fyrir öryggi ríkisins. Meðal þeirra ákvæða sem að samkvæmt 2. mgr. 3. gr. gilda ekki um slíka vinnslu eru ákvæði 18.–21. gr. laganna um réttindi hins skráða. Þar sem umrædd regla 9. gr. reglna nr. 837/2006 lýtur að slíkum réttindum er það niðurstaða Persónuverndar að hún gildi ekki um þau tilvik þegar skattrannsóknarstjóri skoðar tölvupósta við rannsóknir á skattalagabrotum. Er þá m.a. virt þau sérstöku réttindi sem lög um meðferð sakamála veita grunuðum mönnum á rannsóknarstigi mála.

Niðurstaða:

Líta ber á rannsókn skattrannsóknarstjóra ríkisins sem ígildi lögreglurannsóknar á sviði skattamála og því á 9. gr. reglna nr. 836/2006 um rafræna vöktun, sem sett er á grundvelli 5. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000, ekki við þegar hann skoðar tölvupósta við rannsóknir á skattalagabrotum.“

3.2.48. Markpóstur frá Sjálfstæðisflokknum – mál nr. 2010/497

Kveðinn var upp úrskurður um að Sjálfstæðisflokkurinn hefði brotið gegn reglum um markpóst með því að senda hann til einstaklinga sem voru með bannmerki í Þjóðskrá. Í úrskurði stjórnar Persónuverndar, dags. 7. desember 2010, segir m.a.:

II.

„Ákvörðun

Efnislegt gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nær til vinnslu persónuupplýsinga. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í athugasemdum við 2. tölul. 2. gr., er fylgdu frumvarpi því er varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu. Samkvæmt framansögðu var um að ræða vinnslu persónuupplýsinga þegar markpóstur var sendur til kvartanda til að kynna framboð H til borgarstjóra.

Í 28. gr. laga nr. 77/2000, með áorðnum breytingum, er fjallað um andmælarétt hins skráða gegn notkun á nafni sínu vegna starfs í þágu markaðssetningar. Í 2. mgr. ákvæðisins kemur m.a. fram að ábyrgðaraðilar sem starfa í beinni markaðssókn, og þeir sem nota skrár með nöfnum, heimilisföngum, netföngum, símanúmerum og þess háttar, eða miðla þeim til þriðja aðila í tengslum við slíka starfsemi, skuli hindra að markpóstur verði sendur eða hringt verði til einstaklinga sem hafa andmælt slíku. Rúm túlkun á hugtakinu markaðssetning er forsenda þess að ákvæði 28. gr. nái verndarmarkmiði sínu. Því er talið að undir hugtakið markaðssetning falli öll vinnsla við beina markaðssókn, þ.e. beina sókn að skilgreindum hópi einstaklinga í þeim tilgangi að hafa áhrif á þá, skoðanir þeirra eða hegðun. Oftast er það gert til að selja þeim vöru og þjónustu en með beinni markaðssókn er einnig átt við sókn sem fram fer til að afla fylgis við tiltekna menn og málefni. Útsending á kynningarefni um H, í þeim tilgangi að afla fylgis við Sjálfstæðisflokkinn í aðdraganda borgarstjórnarkosninganna í maí 2010, telst því hafa farið fram í þágu markaðssetningar í skilningi framangreinds ákvæðis.

Samkvæmt framangreindu braut Sjálfstæðisflokkurinn gegn ákvæði 2. mgr. 28. gr. laga nr. 77/2000 með því að senda, í aðdraganda borgarstjórnarkosninga vorið 2010, markpóst til kvartanda, B, þrátt fyrir að hún hefði fengið nafn sitt skráð á Bannskrá Þjóðskrá og þannig andmælt vinnslu persónuupplýsinga um sig í markaðssetningartilgangi.

Úrskurðarorð:

Sjálfstæðisflokknum var óheimilt að senda markpóst til B í aðdraganda borgarstjórnarkosninga vorið 2010.“

3.2.49. **Útbringingar á vegum Frjálsa fjárfestingarbankans – mál nr. 2010/687**

Úrskurðað var í máli manns sem kvartaði yfir því að Frjálsi fjárfestingarbankinn afhenti upplýsingar um hann til Finna ehf. – sem hefði síðan hringt í hann og boðið honum ráðgjöf og kynningu á greiðsluvandaúrræðum. Persónuvernd taldi ekki hafa verið um markaðssetningu að ræða og að vinnsla bankans hefði samrýmst lögum. Í úrskurði hennar, dags. 7. desember 2010, segir m.a.:

„I.

Grundvöllur máls

Málavextir og bréfaskipti

1.

Tildrög máls

Þann 17. ágúst 2010 barst Persónuvernd kvörtun K (hér eftir nefndur kvartandi) vegna Frjálsa fjárfestingarbankans. Kvartað var yfir að bankinn hefði miðlað upplýsingum um kvartanda til fyrirtækisins Finna ehf. vegna þess að hann hefði ekki greitt af lánum sínum. Í símtali starfsmanns Persónuverndar þann 25. ágúst 2010 við kvartanda kom m.a. fram að Finna ehf. hefði hringt í hann og eiginkonu hans um miðjan maí síðastliðinn og boðið ráðgjöf um lánstöðu þeirra og þau úrræði sem í boði væru. [...]

II.

Niðurstaða Persónuverndar

1.

Lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga, sem og um handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna.

Með hugtakinu „persónuupplýsingar“ er átt við sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Með hugtakinu „vinnsla“ er átt við sérhverja aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Í athugasemdum við 2. tölul. 2. gr. í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu. Öll vinnsla almennra persónuupplýsinga þarf að uppfylla eithvert af skilyrðum 1. mgr. 8. gr. laganna.

Samkvæmt framansögðu fellur undir úrskurðarvald Persónuverndar að leysa úr máli sem lýtur að því hvort gætt hafi verið laga nr. 77/2000 við vinnslu persónuupplýsinga Frjálsa fjárfestingarbankans, sem fram fór í tengslum við úthringingar vegna ráðgjafar og fræðslu um úrræði sem bankinn bauð í ljósi laga nr. 107/2009 um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins.

2.

Í 28. gr. laga nr. 77/2000, með áorðnum breytingum, er fjallað um andmælarétt hins skráða gegn notkun nafns síns í þágu markaðssetningar. Í 2. mgr. ákvæðisins kemur m.a. fram að ábyrgðaraðilar sem starfa í beinni markaðssókn, og þeir sem nota skrá með nöfnum, heimilisföngum, netföngum, símanúmerum og þess háttar, eða miðla þeim til þriðja aðila í tengslum við slíka starfsemi, skuli hindra að markpóstur verði sendur eða hringt verði til einstaklinga sem hafa andmælt slíku. Rúm túlkun á hugtakinu markaðssetning hefur verið talin forsenda þess að ákvæði 28. gr. nái verndarmarkmiði sínu. Ákvæðið á þó aðeins við ef um markaðssetningu er að ræða en á ekki við þegar send eru önnur skilaboð vegna viðskiptanna, s.s. til þess að ákveða greiðslufyrirkomulag eða leysa úr tilfallandi álítaefnum tengdum viðskiptunum. Í því tilviki sem hér um ræðir var um að ræða kynningu til viðskiptavinar á greiðsluvandaúrræðum sem m.a. höfðu verið ákveðin að virtum ákvæðum laga nr. 107/2009 um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins. Að mati Persónuverndar verður ekki litið svo á að um hafi verið að ræða markaðssetningu í skilningi ákvæða 28. gr. laga nr. 77/2000. Var bankanum því ekki skylt að gefa kvartanda áður sérstaklega kost á að andmæla eða líta sérstaklega til þess hvort hann hefði andmælt vinnslu persónuupplýsinga um sig í tengslum við slíka starfsemi, s.s. með færslu á bannskrá.

3.

Mál þetta lýtur að afhendingu tiltekinna persónuupplýsinga frá Frjálsa Fjárfestingarbankanum til Finna ehf. en kvartað er yfir að með því hafi átt sér stað óheimil vinnsla persónuupplýsinga. Hugtakið vinnsla er skilgreint í 2. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000, sem sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn. Í athugasemdum við 2. tölul. 2. gr., í því frumvarpi sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að til vinnslu telst hver sú aðferð sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, þ. á m. er átt við miðlun. Við mat á því hvort hér hafi átt sér stað miðlun í þessum skilningi ber að líta þess að Finna ehf. var vinnsluaðili fyrir Frjálsa Fjárfestingarbankann. Samkvæmt 13. gr. laga nr. 77/2000 er ábyrgðaraðila heimilt að semja við tiltekinn aðila um að annast, í heild eða að hluta, fyrir sig þá vinnslu persónuupplýsinga sem hann ber ábyrgð á. Liggur fyrir að slíkur samningur var gerður milli Frjálsa Fjárfestingarbankans og Finna ehf. Bankinn fól Finna ehf. að hringja fyrir sig í viðskiptavinum sína. Verkefninu var stýrt af bankanum, starfsmenn Finna ehf.

undirrituðu trúnaðaryfirlýsingar og við úthringingar tóku þeir fram að þeir hringdu fyrir Frjálsa fjárfestingarbankanum.

Með vísun til framangreinds, og í ljósi ákvæðis 7. töluliðar 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000, verður ekki talið að Frjálsi Fjárfestingarbankinn hafi, með því að afhenda persónuupplýsingar um kvartanda til Finna ehf., brotið gegn ákvæðum þeirra laga.

Úrskurðarorð:

Frjálsa fjárfestingarbankanum var heimilt að afhenda Finna ehf. upplýsingar um kvartanda svo það félag gæti hringt í hann í nafni bankans og kynnt honum tiltekin greiðsluvandaúrræði. Ekki var um að ræða vinnslu í þágu markaðssetningar.“

3.2.50. Synjun um leyfi til að nýta gagnagrunn um geðsjúka – mál nr. 2010/823

Persónuvernd svaraði umsókn nokkurra sérfræðinga um að mega nýta gagnagrunn sem hefur að geyma viðkvæmar persónuupplýsingar um geðsjúklinga sem fengu sína fyrstu geðgreiningu í sérfræðipjónustu á Íslandi á árunum 1966–1967. Að mati Persónuverndar voru ekki forsendur til að líta svo á að um lögmætan gagnagrunn væri að ræða. Því taldi hún sig ekki geta fallist á umsókn um leyfi til samkeyra hann við ýmsar miðlægar skrár sem hafa að geyma viðkvæmar persónuupplýsingar, þ. á m. skrár landlæknis. Í ákvörðun hennar, dags. 7. desember 2010, segir m.a.:

„I.

Upphaf máls og bréfaskipti

1.

Umsókn

Persónuvernd barst umsókn, dags. 21. september 2010, frá T, [yfirlækni ...], U, [forstöðumanni...], H, [rannsóknarsérfræðingi...], L, geðlækni, K, [rannsóknarsérfræðingi...] og E, [prófessor...]. Umsóknin tengist rannsókn sem heitir „Afdrif og dánarmein sjúklinga með geðraskanir: lýðgrunduð hóprannsókn með yfir 40 ára eftirfylgni“.

Framangreindir sérfræðingar æska þess að mega nýta gagnagrunn sem hefur að geyma viðkvæmar persónuupplýsingar. Í honum eru upplýsingar um geðsjúklinga sem fengu sína fyrstu geðgreiningu í sérfræðipjónustu á Íslandi á árunum 1966–1967, alls um 2388 einstaklinga, ásamt upplýsingum úr sjúkraskýrslum, viðtölum, gagnaskráum Tryggingastofnunar ríkisins, skattskýrslum og frá Hagstofu Íslands. Tilurð gagnagrunnsins má rekja til doktorsvinnu L, en hann varði doktorsritgerð sína frá læknadeild Háskóla Íslands árið 1977.

Framangreind umsókn tekur til þess að mega samkeyra þennan gagnagrunn við ýmsar miðlægar skrár – þ. á m. skrár landlæknir (vistunarskrá og KÍ krabbameinsskrána), dánarmeinaskrá Hagstofu Íslands og örorkulífeyrisþegaskrá Tryggingastofnunar ríkisins. [...]

II.

Niðurstaða

Mál þetta varðar umsókn um leyfi til að nýta gagnagrunn sem hefur að geyma viðkvæmar persónuupplýsingar sem að mestu var safnað fyrir gildistöku laga nr. 63/1981 um kerfisbundna skráningu á upplýsingum er varða einkamálefni. Verður ekki fullyrt að á þeim sem unnu gögnin í upphafi hafi þá hvílt nokkur skylda til að uppfylla sérstök lagaskilyrði eða afla opinbers leyfis til vinnslunnar með þeim hætti sem nú er skylt að gera.

Hins vegar er óumdeilt að allnokkur vinnsla átti sér stað eftir gildistöku laga nr. 63/1981. Var m.a. unnið með upplýsingar um geðklofasjúklinga sem sumir voru til meðhöndlunar hjá skrárhaldara en aðrir ekki. Mun upplýsingum um þá hafa verið safnað fram til ársins 1987 og upplýsingum um síðari sjúkdómsgreiningar, hjúskaparstétt, barnafjölda, menntun, vinnu og dánarmein þeirra bætt á skrána. Undir gildissvið laganna, sem tóku gildi hinn 1. janúar 1982, féll hvers konar kerfisbundin skráning á upplýsingum varðandi einkamálefni einstaklinga sem sanngjarnt væri og eðlilegt að færu leynt og samkvæmt 3. gr. þeirra var kerfisbundin skráning

slíkra upplýsinga því aðeins heimil að hún væri eðlilegur þáttur í starfi viðkomandi og tæki einungis til þeirra, er tengdust starfi hans og verksviði, svo sem viðskiptamanna, starfsmanna eða félagsmanna. Þar sem umræddir sjúklingar voru ekki allir til meðferðar hjá skrárhaldara verður ekki ráðið að þetta skilyrði hafi verið uppfyllt. Engu að síður hélt vinnslan áfram og í tíð núgildandi laga, þ.e. árið 2003, voru gögnin færð á tölvutækt form með aðkomu LSH. Með þeirri aðgerð var eðli gagnanna í raun gerbreytt. Hafa þau síðan verið varðveitt á heimili skrárhaldara. Vegna framangreinds þarf að meta hvort með umræddri vinnslu, þ.e. þeirri sem fram fór eftir 1. janúar 1982, hafi staðan breyst þannig að ekki verði talið að um lögmæt gögn sé að ræða.

Það er mat Persónuverndar að skýra verði lög nr. 77/2000 á þann veg að þau eigi við um vinnslu þótt hún hafi byrjað fyrir gildistöku þeirra laga enda hafi henni þá ekki verið endanlega lokið. Byggir þessi afstaða m.a. á því markmiði laganna „að stuðla að því að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs og að tryggja áreiðanleika og gæði slíkra upplýsinga“, sbr. 1. mgr. 1. gr. Þetta markmiðsákvæði ber með sér að lögunum er ætlað að vernda hagsmuni hinna skráðu og ber því, við ákvörðun þess hver skil þeirra og eldri laga skuli vera, að horfa til þess hvernig hagsmunum hins skráða verði best borgið.

Eins og áður segir hófst gerð þess gagnagrunns sem mál þetta varðar fyrir gildistöku laga nr. 77/2000 og var ekki endanlega lokið þegar löggin tóku gildi. Hvergi liggur fyrir að gerður hafi verið reki að því að afla samþykkis hinna skráðu eða reyna með öðrum hætti að tryggja lögmæti vinnslunnar. Að mati Persónuverndar eru því ekki forsendur til að þess að líta svo á að um lögmætan gagnagrunn sé að ræða. Er þegar af þeirri ástæðu ekki unnt að fallast á fyrirliggjandi umsókn um leyfi til að nýta hann, s.s. með því að samkeyra hann við ýmsar miðlægar skrár sem hafa að geyma viðkvæmar persónuupplýsingar.

Til frekari skýringar er tekið fram að stjórnvald, s.s. Persónuvernd, getur almennt ekki ákveðið að heimila gerð gagnagrunns með viðkvæmum persónuupplýsingum, þ.e. safns gagna þar sem slíkar upplýsingar eru varðveittar á persónugreinanlegu formi til frambúðar. Er þar m.a. litið til dóms Hæstaréttar frá 27. nóvember 2003 í máli nr. 151/2003.

Ákvörðunarorð:

Synjað er umsókn T, U, H, L, K, og E um leyfi til að samkeyra gagnagrunn L við miðlægar skrár landlæknis, dánarmeinaskrá Hagstofu Íslands og örorkulífeyrisþegaskrá Tryggingastofnunar ríkisins.“

3.2.51. Miðlun mynda úr eftirlitsmyndavélum Haga talin óheimil – mál nr. 2010/452

Úrskurðað var í máli um miðlun mynda af meintum búðapjófum. Aðilum er heimilt að verja hendur sínar með því að viðhafa almennt eftirlit í þágu öryggis og eignavörslu, s.s. með notkun eftirlitsmyndavéla. Þeir geta eftir því sem þörf krefur miðlað upplýsingum sem þannig fást um refsivert afhæfi, slys o.þ.h. til lögreglu. Uppljóstran sakamála og refsivarsla er á hendi lögreglu og það er ekki á valdi einstakra hlutafélaga að taka það hlutverk að sér. Miðlun myndanna var því talin hafa verið óheimil. Í úrskurði stjórnar Persónuverndar, dags. 7. desember 2010, segir m.a.:

„1.

Málavextir og bréfaskipti

1.

Þann 7. maí 2010 barst Persónuvernd kvörtun konu yfir notkun mynda af henni í verslun Zöru í Kringlunni. Athugun á því máli leiddi ekki í ljós að til væru myndir af henni þar og taldi Persónuvernd þá ekki vera efni til sérstakrar umfjöllunar um mál konunnar. Var það þá fellt niður. Við rannsókn þess máls hafði hins vegar komið í ljós að hjá Högum fór fram umtalsverð vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga, þ.e. mynda af fólki sem talið var hafa hnuplað úr verslunum, og að Hagar hefðu m.a. sent slíkar myndir til Zöru. Ákvað Persónuvernd þá að kanna það nánar. Er því um frumkvæðismál að ræða sem afmarkast við miðlun viðkvæmra persónuupplýsinga frá Högum til annarra aðila. Málið lýtur ekki að öðrum atriðum, s.s. því hvort vöktunin sjálf hafi

samrýmst lögum, eða hvort ákvæði laga nr. 77/2000 hafi að öðru leyti verið uppfyllt, þ. á m. ákvæði um tilkynningarskyldu eða öryggisráðstafanir. [...]

II.

Forsendur og niðurstaða

1.

Lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirka vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna. Vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. laganna.

Af framangreindu er ljóst að miðlun mynda af einstaklingum, þ.e. mynda sem teknar hafa verið við rafræna vöktun, og taldar eru bera með sér að viðkomandi hafi tekið vörur ófrjálsri hendi, er rafræn vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga. Hún fellur undir gildissvið laga nr. 77/2000.

2.

Í [...] svarbréfi lögmanns Haga, dags. 10. nóvember 2010, er að finna eftirfarandi yfirlýsingu: „Ábyrgðaraðili umræddrar vinnslu er félagið Hagar hf.“ Það að Hagar skuli teljast ábyrgðaraðili að umræddri vinnslu er einnig áréttað í ofangreindu svarbréfi Lögmannna Höfðabakka, dags. 25. nóvember 2010. Samkvæmt 4. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000 telst ábyrgðaraðili að vinnslu persónuupplýsinga vera sá sem ákveður tilgang vinnslunnar, þann útbúnað sem notaður er, aðferð við vinnsluna og aðra ráðstöfun upplýsinganna. Í athugasemdum er fylgdu frumvarpi því er varð að lögum nr. 77/2000 segir að átt sé við þann sem hefur ákvörðunarvald um vinnslu persónuupplýsinga og að jafnvel þótt slíkur aðili feli öðrum meðferð upplýsinganna beri hann ábyrgðina, svo fremi hann hafi áfram ákvörðunarvaldið. Með vísun til framangreinds lítur Persónuvernd svo á að Hagar hf. beri ábyrgð á þeirri vinnslu sem um ræðir í máli þessu en ekki aðrir aðilar, þ. á m. þau félag sem Hagar hf. miðluðu hinum viðkvæmu persónuupplýsingum til.

3.

Ljóst er að hverjum ábyrgðaraðila er, á grundvelli 7. töluliðar 1. mgr. og 2. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000, heimilt að verja hendur sínar með því að viðhafa almennt eftirlit í þágu öryggis og eignavörslu, s.s. með notkun eftirlitsmyndavéla, og getur eftir því sem þörf krefur miðlað til lögreglu upplýsingum um refsivert afhæfi, slys o.þ.h. Mál þetta lýtur hins vegar að miðlun slíkra upplýsinga frá Högum hf. til nokkurra annarra hlutafélaga, n.t.t. til Noron ehf. (sem rekur Zöru í Kringlunni og í Smáralind), DBH Íslands ehf. (sem rekur verslunina Debenhams í Smáralind) og Sólhafnar ehf. (sem rekur ýmsar tískuverslanir).

Kveðið er á um heimildir fyrir vinnslu persónuupplýsinga í 8. gr. laga nr. 77/2000 og þurfa skilyrði þeirrar greinar að vera uppfyllt svo að vinnsla sé heimil. Ef um viðkvæmar persónuupplýsingar er að ræða þurfa einnig að vera uppfyllt skilyrði 9. gr. laganna. Hugtakið viðkvæmar persónuupplýsingar er skilgreint í 8. tölul. 2. gr. laganna. Meðal þess sem telst til viðkvæmra upplýsinga eru upplýsingar um hvort maður hafi verið grunaður, kærður, ákærður eða dæmdur fyrir refsiverðan verknað. Myndefni, sem verður til í eftirlitsmyndavélum og sýnir meinta, refsiverða háttsemi, telst því til viðkvæmra persónuupplýsinga samkvæmt lögum nr. 77/2000. Af því leiðir að vinnsla þeirra upplýsinga þarf að samrýmast ákvæði 9. gr. laganna.

Af hálfu lögmanns Haga hefur m.a. verið vísað til 7. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000 sem heimildir fyrir dreifingu mynda til annarra félaga. Það ákvæði lýtur hins vegar aðeins að vinnslu sem fram fer í því skyni að afmarka, setja fram og verja fram og verja tiltekna kröfu vegna dómsmáls eða annarra slíkra laganauðsynja. Ekki liggur fyrir að umrædd vinnsla, þ.e. miðlun mynda af grunuðu fólki til nokkurra hlutafélaga, þ.e. til Noron ehf., DBH Íslands ehf. eða Sólhafnar ehf., hafi uppfyllt þetta skilyrði. Hefur enda ekkert komið fram um aðild þessara félaga að mála-

rekstri þar sem þeim kynni að hafa verið nauðsynlegt að nýta umræddar upplýsingar. Þá liggur ekki fyrir að önnur heimildarákvæði 1. mgr. 9. gr. hafi verið uppfyllt.

Samkvæmt 2. mgr. 9. gr. getur tiltekin vinnsla vegna rafrænnar vöktunar verið heimil enda þótt ekkert af ákvæðum 1. mgr. sé uppfyllt. Það er þó háð þeim skilyrðum sem þar greinir, þ. á m. því skilyrði að myndefni, sem til verður við vöktun verði ekki afhent öðrum eða unnið frekar nema með samþykki þess sem upptaka er af eða samkvæmt ákvörðun Persónuverndar. Heimilt er þó að afhenda lögreglu efni með upplýsingum um slys eða refsiverðan verknað, en þá skal þess gætt að eyða öllum öðrum eintökum af efninu. Að baki þessu ákvæði býr m.a. sú grunnregla íslensks réttar að uppljóstran sakamála og refsivarsla er á hendi lögreglu og það er t.d. ekki á valdi einstakra hlutafélaga að taka með einhverjum hætti að sér þetta hlutverk ríkisvaldsins. Ákvæði 2. mgr. 9. gr. laganna er og sett með tilliti til þeirra sjónarmiða sem liggja til grundvallar meginreglu 4. tölul. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000 um áreiðanleika vinnslu, en myndefni sem einn aðili telur veita tilefni til ályktunar um þjófnað eða lögbrot annars felur ekki ávallt í sér staðfestingu á að brot hafi í raun verið framið og getur við nánari rannsókn oft reynst óáreiðanlegt.

Samkvæmt framangreindu skortir Haga hf. heimild til að miðla til annarra félaga myndum af einstaklingum sem félagið telur bera með upplýsingar um meinta þjófnaði umræddra einstaklinga. Með vísun til 1. mgr. 40. gr. laga nr. 77/2000 leggur Persónuvernd fyrir félagið að láta af þeirri miðlun.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Högum hf. er óheimilt að miðla viðkvæmum persónuupplýsingum, þ.e. myndum af meintum þjófum, til annarra hlutafélaga, þ. á m. til Sólhafnar ehf., Noron ehf. og DBH ehf. Ber Högum hf. að láta af slíkri miðlun.“

3.2.52. Miðlun mynda úr eftirlitsmyndavélum Norvík hf. talin óheimil – mál nr. 2010/637

Hinn 16. desember 2010 kvað stjórn Persónuverndar upp úrskurð þess efnis að miðlun myndefnis úr eftirlitsmyndavélum með viðkvæmum persónuupplýsingum frá Norvík hf. til annarra félaga hefði verið óheimil. Í úrskurði Persónuverndar segir m.a.:

„I. Málavextir og bréfaskipti I.

Þann 30. apríl og 26. júní 2010 bárust Persónuvernd kvartanir einstaklinga yfir notkun mynda af þeim í Nóatúnsverslunum. Athugun Persónuverndar á málum þessara kvartenda leiddi ekki í ljós að unnið hefði verið með myndir af þeim. Voru því ekki talin efni til frekari umfjöllunar um þeirra mál. Við meðferð málanna hafði hins vegar komið í ljós að í umræddum verslunum var umtalsvert magn mynda af fólki sem talið var hafa tekið vörur ófrjálsri hendi. Í vettvangsheimsókn í Nóatúnsverslun að Hringbraut 121 reyndust allmargar myndir vera hengdar upp á vegg og í Nóatúni 18 var fjöldi mynda í harðspjaldamöppum. Myndirnar voru sagðar hafa komið frá Norvík hf. Af tilefni framangreinds var ákveðið að fjalla frekar um miðlun Norvíkur hf. á myndum af meintum þjófum. Er því um frumkvæðismál að ræða sem afmarkast við umrædda miðlun en lýtur ekki að öðrum atriðum, s.s. því hvort vöktunin og vinnslan sjálf hafi samrýmist lögum nr. 77/2000 eða hvort ákvæði þeirra hafi verið uppfyllt að öðru leyti. [...]

II. Forsendur og niðurstaða I.

Lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirka vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanleg-

ar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna. Vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. laganna.

Af framangreindu er ljóst að miðlun mynda af einstaklingum, þ.e. mynda sem teknar hafa verið við rafræna vöktun, og taldar eru bera með sér að viðkomandi hafi tekið vörur ófrjálsri hendi, er rafræn vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga. Hún fellur undir gildissvið laga nr. 77/2000.

2.

Í bréfi Norvíkur hf., dags. 15. október 2010, er að finna eftirfarandi yfirlýsingu: „Norvík hf. er því eitt ábyrgðaraðili, í skilningi 4. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000, allrar vinnslu upplýsinga úr og í tengslum við öryggismyndavélakerfi sem sett eru upp í verslunum umræddra dótturfélaga þess.“

Samkvæmt 4. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000 telst ábyrgðaraðili að vinnslu persónuupplýsinga vera sá sem ákveður tilgang vinnslunnar, þann útbúnað sem notaður er, aðferð við vinnsluna og aðra ráðstöfun upplýsinganna. Í athugasemdum er fylgdu frumvarpi því er varð að lögum nr. 77/2000 segir að átt sé við þann sem hefur ákvörðunarvald um vinnslu persónuupplýsinga og að jafnvel þótt slíkur aðili feli öðrum meðferð upplýsinganna beri hann ábyrgðina, svo fremi hann hafi áfram ákvörðunarvaldið. Með vísun til framangreinds lítur Persónuvernd svo á að Norvík hf. beri ábyrgð á þeirri vinnslu sem um ræðir í máli þessu en ekki aðrir aðilar, þ. á m. þau félög sem Norvík hf. miðlaði persónuupplýsingunum til, þ.e. Kaupás hf. og Byko ehf.

3.

Ljóst er að hverjum ábyrgðaraðila er heimilt að verja hendur sínar með því að viðhafa almennt eftirlit í þágu öryggis og eignavörslu, s.s. með notkun eftirlitsmyndavéla, og getur eftir því sem þörf krefur miðlað til lögreglu upplýsingum um refsivert afhæfi, slys o.þ.h. Mál þetta lýtur hins vegar að miðlun slíkra upplýsinga frá Norvík hf. til tveggja annarra hlutafélaga, n.t.t. til Kaupás hf. (sem rekur verslanir Krónunnar, Nóatúns, 11-11, og Kjarval) og Byko ehf. (sem rekur verslanir Byko, Elko, Intersport, og Húsgagnahallarinnar).

Kveðið er á um heimildir fyrir vinnslu persónuupplýsinga í 8. gr. laga nr. 77/2000 og þurfa skilyrði þeirrar greinar að vera uppfyllt svo að vinnsla sé heimil. Ef um viðkvæmar persónuupplýsingar er að ræða þurfa einnig að vera uppfyllt skilyrði 9. gr. laganna. Hugtakið viðkvæmar persónuupplýsingar er skilgreint í 8. tölul. 2. gr. laganna. Meðal þess sem telst til viðkvæmra upplýsinga eru upplýsingar um hvort maður hafi verið grunaður, kærður, ákærður eða dæmdur fyrir refsiverðan verknað. Myndefni, sem verður til í eftirlitsmyndavélum og sýnir meinta, refsiverða háttsemi, telst því til viðkvæmra persónuupplýsinga samkvæmt lögum nr. 77/2000.

Af framangreindu leiðir að miðlun umræddra mynda þarf að samrýmast ákvæði 9. gr. laganna. Ekki liggur fyrir að umrædd miðlun persónuupplýsinga hafi átt sér stoð í neinu af heimildarákvæðum 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000. Samkvæmt 2. mgr. 9. gr. getur vinnsla vegna rafrænnar vöktunar hins vegar verið heimil enda þótt ekkert af ákvæðum 1. mgr. sé uppfyllt. Það er þó háð þeim skilyrðum sem þar greinir, þ. á m. því skilyrði að myndefni, sem til verður við vöktun verði ekki afhent öðrum eða unnið frekar nema með samþykki þess sem upptaka er af eða samkvæmt ákvörðun Persónuverndar. Heimilt er þó að afhenda lögreglu efni með upplýsingum um slys eða refsiverðan verknað, en þá skal þess gætt að eyða öllum öðrum eintökum af efninu. Að baki þessu ákvæði býr m.a. sú grunnregla íslensks réttar að uppljóstran sakamála og refsivarsla er á hendi lögreglu og það er t.d. ekki á valdi einstakra hlutafélaga að taka með einhverjum hætti að sér þetta hlutverk ríkisvaldsins. Ákvæði 2. mgr. 9. gr. laganna er og sett með tilliti til þeirra sjónarmiða sem liggja til grundvallar meginreglu 4. tölul. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000 um áreiðanleika vinnslu, en myndefni sem einn aðili telur veita tilefni til ályktunar um þjófnað eða lögbrot annars felur ekki ávallt í sér staðfestingu á að brot hafi í raun verið framið og getur við nánari rannsókn oft reynt óáreiðanlegt.

Samkvæmt framangreindu skorti Norvík hf. heimild til að miðla til Kaupás hf. og Byko

ehf. myndum af einstaklingum sem félagið taldi bera með sér upplýsingar um meinta þjófnaði þeirra.

Úrskurðarorð:

Norvík hf. var óheimilt að miðla viðkvæmum persónuupplýsingum, þ.e. myndum af meintum þjófum, til annarra – þ.e. til Kaupáss hf. og Byko ehf.“

3.2.53. Óheimil miðlun skráar frá Umhverfisstofnun – mál nr. 2010/520

Persónuvernd taldi Umhverfisstofnun hafa verið óheimilt að afhenda persónuupplýsingar um veiðileyfishafa í þágu markaðssetningar, enda hefði hinum skráðu ekki verið veittur kostur á að andmæla því. Taldi Persónuvernd að jafna mætti veiðileyfishafaskrá stofnunarinnar við viðskiptamannaskrá. Í úrskurði stjórnar Persónuverndar, dags. 7. desember 2010, segir m.a.:

„I.

Grundvöllur máls

Málavextir og bréfaskipti

1.

Tildrög máls

Þann 8. júní 2010 barst Persónuvernd kvörtun frá E (hér eftir nefndur kvartandi) yfir miðlun persónuupplýsinga um sig frá Umhverfisstofnun til Ó sem fékk þær í þágu beinnar markaðssetningar. Nánar tiltekið var um að ræða miðlun lista með nöfnum, heimilisföngum og póstinúmerum 1265 einstaklinga sem fengu úthlutað hreindýraveiðileyfi á árinu 2010. Í kjölfarið fékk kvartandi bréf frá Ó sem seldi ýmsa þjónustu fyrir hreindýraveiðimenn. [...]

II.

Forsendur og niðurstaða

1.

Efnislegt gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, og þar með valdsvið Persónuverndar, nær til vinnslu persónuupplýsinga,

Í 1. mgr. 3. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga er gildissvið laganna, og um leið valdsvið Persónuverndar, afmarkað svo: „Lögin gilda um sérhverja raf-ræna vinnslu persónuupplýsinga. Lögin gilda einnig um handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá.“ „Persónuupplýsingar“ eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna. „Vinnsla“ er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í athugasemdum við 2. tölul. 2. gr. í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu. Af framangreindu er ljóst að mál þetta lýtur að vinnslu persónuupplýsinga í skilningi laga nr. 77/2000 og fellur því undir úrskurðarvald Persónuverndar að leysa úr því hvort vinnslan hafi samrýmst ákvæðum laga nr. 77/2000.

2.

Lög um persónuvernd gera ráð fyrir sérstökum og ríkum andmælarétti hins skráða gegn notkun persónuupplýsinga um hann í tengslum við markaðssetningarstarfsemi. Þessi réttur kemur fram í 28. gr. laganna og er ekki háður því að hinn skráði tilgreini sérstakar ástæður. Ákvæði 28. gr. er sett með hliðsjón af 14. gr. tilskipunar 95/46/EB og ber að skýra í því ljósi. Samkvæmt því ákvæði tilskipunarinnar á hinn skráði rétt til að vita af því ef persónuupplýsingar um hann eru fengnar þriðju aðilum, eða notaðar fyrir þeirra hönd, vegna beinnar markaðssetningar. Á hann rétt á að fá skýrt tilboð um að andmæla slíkri miðlun.

Um þá sem t.d. vinna markhópa og annast úrtaksgerð og límmiðaprentun samkvæmt samningi við Þjóðskrá fer að 2. mgr. 28. gr. um samkeyrslu við Bannskrá Þjóðskrár Íslands. Um

þá sem miðla félaga-, starfsmanna- eða viðskiptamannaskrá til nota í slíkum tilgangi gildir hins vegar ákvæði 5. mgr. 28. gr. Sú skrá sem mál þetta varðar, og Umhverfisstofnun afhenti í þágu markaðssetningar, hefur að geyma nöfn manna sem höfðu leitað til stofnunarinnar, óskað veiðileyfis og fengið slíkt leyfi frá henni. Við mat á því hvort um viðskiptamannaskrá hafi verið að ræða í skilningi 5. mgr. þarf m.a. að líta til 1. gr. laganna um markmið þeirra. Telja verður í ljósi þess ákvæðis að túlka verði ákvæði 5. mgr. rúmt til að verndarmarkmið þess náist. Að framangreindu virtu telur Persónuvernd að um hafi verið að ræða skrá er jafna megi til viðskiptamannaskrár í skilningi 5. mgr. 28. gr.


Samkvæmt 5. mgr. 28. gr. er ábyrgðaraðila heimilt að afhenda félaga-, starfsmanna- eða viðskiptamannaskrár til nota í tengslum við markaðssetningarstarfsemi ef skilyrði ákvæðisins eru uppfyllt. Þar á meðal eru þau skilyrði að hinum skráðu hafi, áður en afhending fór fram, verið gefinn kostur á að andmæla því, hverjum fyrir sitt leyti, að upplýsingar um viðkomandi birtist á hinni afhentu skrá. Einnig að kannað hafi verið hvort einhver hinna skráðu hafi komið andmælum á framfæri við Þjóðskrá Íslands og þá eytt upplýsingum um viðkomandi áður en hann lét skrána af hendi. Skyldan hvílir á ábyrgðaraðila. Það hugtak er skilgreint í 4. tölul. 2. gr. laganna sem sá aðili sem ákveður tilgang vinnslu persónuupplýsinga, þann búnað sem notaður er, aðferð við vinnsluna og aðra ráðstöfun upplýsinganna. Í ljósi þessa telst Umhverfisstofnun hafa verið sá aðili.

Þegar hinum skráðu er gefinn kostur á að andmæla því að upplýsingar um þá verði á afhentri skrá skal gera það með skýrum hætti. Er þá m.a. litið til þess að framangreindum tölulið var ætlað að lögtaka ákvæði b-liðar 1. mgr. 14. gr. framangreindrar tilskipunar um rétt hins skráða til að fá skýrt tilboð um að nýta rétt sinn til andmæla áður en persónuupplýsingar eru fengnar þriðja aðila vegna beinnar markaðssetningar. Ekki liggur fyrir að það hafi verið gert en bent er á að slíkt mætti t.d. gera þannig að þegar menn fylli út umsókn um veiðileyfi verði þeim um leið veitt færi á að koma slíkum andmælum á framfæri.

Með vísun til alls framangreinds er það niðurstaða Persónuverndar að Umhverfisstofnun hafi borið að gefa kvartanda kost á því að andmæla því að upplýsingum um hann yrði miðlað í þágu markaðssetningarstarfsemi. Þar sem það var ekki gert var umrædd miðlun stofnunarinnar óheimil.

Úrskurðarorð:

Umhverfisstofnun bar að gefa E kost á að andmæla því að hún miðlaði upplýsingum um hann til Ó í þágu markaðssetningar.“



4. Erlent samstarf

4.1. Samstarf norrænna persónuverndarstofnana

Fundur starfsmanna persónuverndarstofnana á Norðurlöndum var haldinn í Reykjavík 26.–28. maí 2010.

Fundur forstjóra persónuverndarstofnana á Norðurlöndunum er haldinn annað hvert ár, síðast árið 2009 og var því enginn fundur haldinn árið 2010.

Fundur norrænna tæknisérfræðinga í persónuverndarmálum var haldinn 15.–16. september í Kaupmannahöfn. Hann var ekki sóttur.

4.2. Samstarf evrópskra persónuverndarstofnana

21. fundur starfsmanna evrópskra persónuverndarstofnana var haldinn 18.–19. mars í Brussel í Belgíu. Hann var ekki sóttur. 22. fundur starfsmanna evrópskra persónuverndarstofnana var haldinn 20.–21. september í Manchester á Englandi. Hann sóttu Alma Tryggvadóttir og Vigdís Eva Líndal.

Vinnuhópur samkvæmt 29. gr. tilskipunar 95/46/EB hélt fimm fundi á árinu. Forstjóri sótti fundi sem haldnir voru 15.–16. febrúar og 11.–14. október. Fundir sem haldnir voru 10.–11. maí, 12.–14. júlí og 7.–8. desember voru ekki sóttir.

2. vorkundur forstjóra evrópskra persónuverndarstofnana var haldinn í Prag í Tékklandi 29.–30. apríl. Fundurinn var ekki sóttur.

Sameiginlega Schengen-eftirlitsstofnunin (JSA) hélt fimm fundi í Brussel á árinu. Þórður Sveinsson sótti fund sem haldinn var 22. júní, en fundir, sem haldnir voru 10. mars, 10. maí, 12. október og 7. desember, voru ekki sóttir.

Haldnir voru þrjú fundir í Brussel á vegum Evrópska persónuverndarfulltrúans (EDPS) um Eurodac-fingrafaragagnagrunninn. Fundirnir, sem haldnir voru 8. mars, 13. október og 8. desember, voru ekki sóttir.

Vinnuhópur um lögreglumál (WPPJ) hélt fjóra fundi í Brussel á árinu, þ.e. 9. mars, 23. júní, 11. október og 6. desember. Þórður Sveinsson sótti fundinn, sem haldinn var 23. júní, en hinir fundirnir voru ekki sóttir.

4.3. Alþjóðlegt samstarf

32. alþjóðaráðstefna forstjóra persónuverndarstofnana var haldin 27.–29. október í Jerúsalem í Ísrael. Ráðstefnan var ekki sótt.

4.4. Samstarf á vettvangi Evrópuráðsins

Ráðgefandi nefnd Evrópuráðsins um gagnavernd (T-PD) hélt sinn 26. fund í Strasbourg 1.–4. júní. Fundurinn var ekki sóttur.

4.5. Nánari umfjöllun um einstaka þætti erlends samstarfs sem tilgreint er hér að framan

4.5.1. Um fund starfsmanna norrænna persónuverndarstofnana

Vinnufundur löglærðra starfsmanna norrænna persónuverndarstofnana var haldinn í Reykjavík dagana 26.–28. maí. Fundinn sóttu f.h. Persónuverndar Þórunn Pálína Jónsdóttir, Þórður Sveinsson, Lárus Sigurður Lárusson og Vigdís Eva Líndal. Meðal annars var rætt um merkustu viðburði í hverju einstöku ríki frá því síðasti fundur löglærðra starfsmanna var haldinn 2009, birtingu persónuupplýsinga á netinu, meðhöndlun upplýsinga um látna vegna erfðarannsóknna, rafræna stjórnsýslu, tilskipun um varðveislu fjarskiptaupplýsinga og rafrænt eftirlit með starfsmönnum. Þá var rætt um nýtt álit 29. gr. hópsins um ábyrgðaraðila og vinnsluaðila.

4.5.2. Um fundi starfsmanna evrópskra persónuverndarstofnana

21. fundur starfsmanna evrópskra persónuverndarstofnana var haldinn 18.–19. mars í Brussel í Belgíu. Hann var ekki sóttur.

22. fundur starfsmanna evrópskra persónuverndarstofnana var haldinn 20.–21. september í Manchester á Englandi. Hann sóttu f. h. Persónuverndar Alma Tryggvadóttir og Vigdís Eva Líndal. Á fundinum var m.a. rætt um samskipti persónuverndarstofnana við kvartendur, meðhöndlun kvartana og skipulagslega uppbyggingu persónuverndarstofnana. Þá var fjallað um kvartanir sem lúta að upplýsingum um fjárhag, vanskil og lánshæfi einstaklinga, sem og framkvæmd úttekta. Loks var fjallað um það hvort evrópskar persónuverndarstofnanir byggju yfir þvingunarúrræðum í þeim tilgangi að tryggja eftirfylgni við persónuverndarlög, og hver þau væru.

4.5.3. Um starf vinnuhóps samkvæmt 29. gr. tilskipunar 95/46/EB

Hér er um að ræða ráðgefandi vinnuhóp sem starfar samkvæmt 29. gr. tilskipunar 95/46/EB um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálst flæði slíkra upplýsinga, en íslensk lögjöf verður að samrýmast þessari tilskipun.

Vinnuhópurinn, sem heldur fundi sína í Brussel, er skipaður fulltrúum eftirlitsyfirvalda í aðildarríkjum ESB, sem og áheyrnarfulltrúum frá öðrum þeim löndum sem fara að reglum tilskipunarinnar, þ. á m. Íslandi. Á árinu 2010 voru haldnir 5 fundir: 74. fundur var 15.–16. febrúar; 75. fundur var 10.–11. maí; 76. fundur var 12.–14. júlí; 77. fundur var 11.–14. október; og 78. fundur var 7.–8. desember. Forstjóri mætti á 74. og 77. fund. Ekki var mætt á 75., 76. og 78. fund.

Vinnuhópurinn tekur mál upp að frumkvæði formanns, eftirlitsyfirvalda í aðildarríkjum Evrópusambandsins eða framkvæmdastjórnar þess. Á fundunum eru samþykkt, með einföldum meirihluta atkvæða, álit og tilmæli um þau efni sem þar eru rædd. Þau eru send framkvæmdastjórninni, sem tekur síðan bindandi ákvarðanir, m.a. um til hvaða landa utan EES-svæðisins senda megi persónuupplýsingar, og ráðgjafarnefnd hennar um málefni tengd vinnslu persónuupplýsinga. Ákvæði um þá nefnd eru í 31. gr. tilskipunar 95/46/EB. Hún er skipuð fulltrúum aðildarríkja ESB og á fundi hennar sendir Ísland ekki áheyrnarfulltrúa.

Þau álit, sem vinnuhópurinn samþykkti á árinu 2010, má finna á vefslóðinni http://ec.europa.eu/justice/policies/privacy/workinggroup/wpdocs/2010_en.htm, en einnig má finna þar ýmis önnur skjöl. Á árinu samþykkti vinnuhópurinn eftirfarandi álit:

- Álit nr. 1/2010 um hugtökin „ábyrgðaraðili“ og „vinnsluaðili“ (e. Opinion 1/2010 on the concepts of “controller” and “processor”).
- Álit nr. 2/2010 um markaðssetningu samkvæmt hegðunarmynstri á netinu (e. Opinion 2/2010 on online behavioural advertising).
- Álit nr. 3/2010 um meginregluna um ábyrgð (e. Opinion 3/2010 on the principle of accountability).
- Álit nr. 4/2010 varðandi evrópskar siðareglur FEDMA um notkun persónuupplýsinga í beinni markaðssetningu (e. Opinion 4/2010 on the European code of conduct of FEDMA for the use of personal data in direct marketing).

- Álit nr. 5/2010 um mat á áhrifum örmerkjabúnaðar á einkalíf og vernd persónuupplýsinga (e. Opinion 5/2010 on the Industry Proposal for a Privacy and Data Protection Impact Assessment Framework for RFID Applications).
- Álit nr. 6/2010 um vernd persónuupplýsinga í Úrúgvæ (e. Opinion 6/2010 on the level of protection of personal data in the Eastern Republic of Uruguay).
- Álit nr. 7/2010 varðandi orðsendingu framkvæmdastjórnar ESB varðandi miðlun PNR-upplýsinga á heimsvísu til þriðju landa (e. Opinion 7/2010 on European Commission's Communication on the global approach to transfers of Passenger Name Record (PNR) data to third countries).
- Álit nr. 8/2010 um lagaskil (e. Opinion 8/2010 on applicable law).

4.5.4. Um vörfund forstjóra evrópskra persónuverndarstofnana

2. vörfundur forstjóra evrópskra persónuverndarstofnana var haldinn í Prag í Tékklandi 29.–30. apríl. Fundurinn var ekki sóttur af hálfu Persónuverndar.

4.5.5. Um starf Sameiginlegu Schengen-eftirlitsstofnunarinnar – JSA

Hér er um að ræða sjálfstæða stofnun sem starfar samkvæmt 115. gr. samnings frá 19. júní 1990 um framkvæmd Schengen-samkomulagsins frá 14. júní 1985 um afnám í áföngum á eftirliti á sameiginlegum landamærum. Stofnunin hefur aðsetur í Brussel. Persónuvernd tekur þátt í starfsemi stofnunarinnar í samræmi við 18. gr. laga nr. 16/2000 um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi þar sem kveðið er á um að hún hafi eftirlit með því upplýsingakerfi.

Upplýsingakerfum Schengen má skipta í þrjá meginhluta, þ.e. „Schengen Information System“ (SIS), „Supplementary Information Request at National Entry“ (SIRENE) og „Visa Inquiry Open Border Network“ (VISION). Þessi upplýsingakerfi eru notuð til að tryggja framgang Schengen-samkomulagsins, s.s. til að framfylgja megi banni við endurkomu útlendinga inn á Schengen-svæðið og til að tryggja að fara megi að beiðni um að handtaka eftirlýstan mann.

SIS er byggt upp í kringum miðlægan gagnagrunn, þ.e. „Central SIS“ (C.SIS) þar sem varðveittar eru upplýsingar um m.a. brottvísanir frá aðildarríkjum Schengen, en gagnagrunnurinn er staðsettur í Strassborg í Frakklandi. Í hverju Schengen-þáttökulandi eru svokölluð „National SIS“ (N.SIS) sem hafa að geyma afrit af C.SIS-gagnagrunninum. Aðilar í hverju landi leita í sínu N.SIS. Nýjar upplýsingar eru færðar inn í C.SIS og uppfærðar þaðan í öll N.SIS, þ.e. skráningarupplýsingar þáttökulands eru ekki færðar beint í N.SIS viðkomandi lands. Schengen-upplýsingakerfið er þannig uppbyggt að aðildarlöndin geta ekki skipst á upplýsingum beint hvert til annars heldur einungis með skeytasendingum til C.SIS sem fullgildir skráningar og varpar þeim síðan til gagnagrunna þáttökulandanna. Með reglubundnu millibili eru N.SIS þáttökulandanna borin saman við C.SIS til að tryggja samræmi í skráningu.

Nú er unnið að framtíðaruppfærslu með algerlega nýrri högun fyrir C.SIS, svonefndu SIS II. Núverandi útgáfa ræður ekki við fleiri en 18 aðildarlönd og á SIS II að bæta úr því. Litið er til stækkunar ESB til austurs í þessu sambandi og reiknað með að fleiri lönd eigi eftir að bætast við síðar.

Helstu verkefni JSA-stofnunarinnar eru þessi:

- Persónuverndarmál í tengslum við Schengen.
- Eftirlit með öryggis-, aðgangs- og persónuverndarþáttum í rekstri C.SIS í Strassborg.
- Ráðgefandi hlutverk varðandi öryggismál upplýsingakerfisins.
- Samstarf við persónuverndarstofnanir í þáttökulöndum samstarfsins.
- Að samræma innlenda lagaframkvæmd og lagatúlkun í málum er upp koma vegna Schengen-upplýsingakerfisins.

Sameiginlega Schengen-eftirlitsstofnunin hélt fimm fundi í Brussel á árinu. Þórður Sveinsson sótti fund sem haldinn var 22. júní, en fundir, sem haldnir voru 10. mars, 10. maí, 12. október og 7. desember, voru ekki sóttir.

4.5.6. Um Eurodac-fingrafaragagnagrunninn og starf EDPS í tengslum við hann

Meðal hlutverka EDPS (European Data Protection Supervisor), þ.e. Evrópska persónuverndarfulltrúans, er að hafa eftirlit með Eurodac-fingrafaragagnagrunninum, sbr. reglugerð nr. 2000/2725/EB, sbr. og reglugerð nr. 2002/407/EB. Tók stofnunin við þessu hlutverki af Sameigilegu Eurodac-eftirlitsnefndinni árið 2005.

Þau ríki, sem eru skuldbundin af framangreindum reglugerðum, eiga að skrá í umræddan gagnagrunn fingraför tiltekinna útlendinga, þ. á m. hælisleitenda, og eiga með rafrænum hætti að geta spurst fyrir um hvort fingraför útlendinga hafi verið skráð í hann. Hlutverk EDPS í þessu sambandi er að tryggja að ekki verði brotið gegn réttindum hinna skráðu við þessa vinnslu persónuupplýsinga og hafa eftirlit með lögmæti miðlunar upplýsinga úr gagnagrunninum til aðildarríkjana.

Reglugerðum nr. 2000/2725/EB og 2002/407/EB er ætlað að stuðla að því að framfylgja megi Dyflinnarsamningnum frá 15. júní 1990 sem fjallar um í hvaða aðildarríki samningsins eigi að taka umsókn útlendinga um hæli til meðferðar þegar vafi leikur á um hvar fjalla eigi um slíka umsókn. Tryggja á með samningnum að umsókn hljóti meðferð í einu aðildarríkjana þannig að umsækjandi verði ekki sendur frá einu ríki til annars en ábyrgð á meðferð umsóknar hans hvergi viðurkennd.

Samkvæmt samningi við Evrópusambandið frá 19. janúar 2001 ber Íslandi að fara eftir Dyflinnarsamningnum og Evrópulöggjöf um Eurodac og eru nú ákvæði þar að lútandi í 63. og 68. gr. reglugerðar um útlendinga nr. 53/2003 sem sett er af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu með stöð í lögum nr. 106/2002 um sama efni.

Peir útlendingar, sem taka á af fingraför, eru í fyrsta lagi hælisleitendur, sbr. II. kafla reglugerðar nr. 2000/2725/EB. Upplýsingum um þá á að eyða úr gagnagrunninum tíu árum eftir skráningu eða þegar hælisleitandi öðlast ríkisborgararétt í einhverju aðildarríkjana, sbr. 6. og 7. gr. Í öðru lagi á að taka fingraför af útlendingum sem reyna að komast ólöglega yfir ytri landamæri Schengen-svæðisins, sbr. III. kafla. Upplýsingum um þá á að eyða úr gagnagrunninum tveimur árum eftir skráningu eða þegar útlendingur fær dvalarleyfi, hefur yfirgefið landsvæði aðildarríkjana eða fengið ríkisborgararétt, sbr. 10. gr. Og í þriðja lagi á að taka fingraför af útlendingum sem dveljast ólöglega í einhverju aðildarríkjana, sbr. IV. kafla. Bera á fingraförin saman við fingraför hælisleitenda í gagnagrunninum og þegar því er lokið á að eyða þeim úr honum.

Um vernd upplýsinga í gagnagrunninum er fjallað í IV. kafla. Kemur þar m.a. fram að koma á í veg fyrir allan óleyfilegan aðgang að gagnagrunninum og aðra óleyfilega vinnslu, þ. á m. skráningu, sbr. 14. gr. Einnig kemur fram að skrá á allar aðgerðir í gagnagrunninum, en skráningin á að sýna tilganginn með notkun hans í hvert sinn, nákvæma tímasetningu aðgerða, hvaða upplýsingar hafa verið sendar í hann, hvaða upplýsingar hafa verið notaðar til að svara fyrirspurnum, hvaða stofnun hefur sent inn upplýsingar eða sótt þær og hvaða einstaklingur hefur verið ábyrgur, sbr. 16. gr. Þar sem einnig segir að einungis megi nota upplýsingar um ofangreind atriði til að vernda persónuupplýsingar og að þeim skuli eyða ári eftir skráningu.

Haldnir voru þrír fundir í Brussel á vegum EDPS um Eurodac-fingrafaragagnagrunninn. Fundirnir, sem haldnir voru 8. mars, 13. október og 8. desember, voru ekki sóttir.

4.5.7. Um starf vinnubóps um lögreglumál (Working Party on Police and Justice)

Vinnuhópur um lögreglumál (WPPJ) fjallar um meðferð persónuupplýsinga í samvinnu í dóms- og löggæslumálum. Hann á að fjalla um þau mál sem falla utan þeirra eftirlitsstofnana sem þegar eru til staðar, s.s. EDPS varðandi Eurodac-fingrafaragagnagrunninn og JSA, sbr. umfjöllun í köflum 4.5.5 og 4.5.6 hér frammar. Vinnuhópurinn hélt fjóra fundi á árinu, þ.e. 9. mars, 23. júní, 11. október og 6. desember. Þórður Sveinsson sótti fundinn, sem haldinn var 23. júní, en hinir fundirnir voru ekki sóttir.

4.5.8. Leiðbeiningar EDPS um vöktun með eftirlitsmyndavélum

Evrópski persónuverndarfulltrúinn (EDPS) hefur gefið út leiðbeiningar um vöktun með eftirlitsmyndavélum. Leiðbeiningarnar eru ætlaðar evrópskum persónuverndarstofnunum. Þá er þar


m.a. lögð áhersla á að persónuverndarsjónarmið séu höfð að leiðarljósi við hönnun tækninýjunga á þessu sviði.

4.5.9. Ályktun um varðveislutíma fjarskiptaupplýsinga innan ESB

Á áður nefndum fundi vinnuhóps samkvæmt 29. gr. tilskipunar 95/46/EB, sem haldinn var 12.–14. júlí, sbr. kafla 4.5.3, samþykktu evrópskar persónuverndarstofnanir skýrslu (Report 01/2010) um að í framkvæmd hafi ekki verið farið eftir tilskipun 2006/24/EB um varðveislu persónuupplýsinga í fjarskiptakerfum. Ályktunin grundvallast á niðurstöðum sameiginlegrar könnunar þessara stofnana. Þar segir að reglum um varðveisluskyldu á fjarskipta- og vefumferðarupplýsingum sé ekki réttilega framfylgt í ríkjum Evrópusambandsins. Meðal annars hafi komið í ljós að upplýsingar hafi verið varðveittar of lengi, of mikið hafi verið varðveitt af upplýsingum og þeim hafi verið miðlað of frjállega.

4.5.10. Dómur Evrópuþómsstólsins um sjálfstæði persónuverndarstofnana

Hinn 9. mars 2010 felldi Evrópuþómsstóllinn dóm í máli sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins höfðaði gegn Þýskalandi varðandi fyrirkomulag persónuverndarstofnana þar í landi. Í einstökum sambandsríkjum Þýskalands eru sérstakar persónuverndarstofnanir sem hafa með höndum eftirlit með vinnslu persónuupplýsinga á vegum einkaaðila og vinnslu sem tengist verkefnum á vegum hins opinbera sem fram fara á frjálsum markaði. Ákvarðanir þessara stofnana hafa getað sætt endurskoðun ráðherra eða sambærilegs stjórnvalds í viðkomandi sambandsríki Þýskalands. Samkvæmt 1. mgr. 28. gr. persónuverndartilskipunarinnar, nr. 95/46/EB, skulu persónuverndarstofnanir í aðildarríkjum ESB og EES starfa algerlega sjálfstætt. Var þetta fyrirkomulag í Þýskalandi talið brjóta gegn því ákvæði.



5. Lög og reglur

5.1. Lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga

Lögin, eins og þau voru í árslok 2010, þ.e. með áorðnum breytingum samkvæmt lögum nr. 90/2001, 30/2002, 81/2002, 46/2003, 72/2003, 50/2006, 77/2020 og 162/2010, eru birt hér fyrir neðan:

I. kafli.

Markmið, skilgreiningar og gildissvið.

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að stuðla að því að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs og að tryggja áreiðanleika og gæði slíkra upplýsinga og frjálst flæði þeirra á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins.

Sérstök stofnun, Persónuvernd, annast eftirlit með framkvæmd laga þessara og reglna sem settar verða samkvæmt þeim, sbr. nánar ákvæði 36. gr.

2. gr.

Skilgreiningar.

Merking orða og hugtaka í lögum þessum er sem hér segir:

1. *Persónuupplýsingar*: Sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi.
2. *Vinnsla*: Sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn.
3. *Skrá*: Sérhvert skipulagsbundið safn persónuupplýsinga þar sem finna má upplýsingar um einstaka menn.
4. *Ábyrgðaraðili*: Sá aðili sem ákveður tilgang vinnslu persónuupplýsinga, þann búnað sem notaður er, aðferð við vinnsluna og aðra ráðstöfun upplýsinganna.
5. *Vinnsluadili*: Sá sem vinnur persónuupplýsingar á vegum ábyrgðaraðila.
6. *Rafræn vöktun*: Vöktun sem er viðvarandi eða endurtekin reglulega og felur í sér eftirlit með einstaklingum með fjarstýrðum eða sjálfvirkum búnaði, og fer fram á almannafæri eða á svæði sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði. Hugtakið tekur til:
 - a. vöktunar sem leiðir, á að leiða eða getur leitt til vinnslu persónuupplýsinga, og
 - b. sjónvarpsvöktunar sem fer fram með notkun sjónvarpsmyndavéla, vefmyndavéla eða annars samsvarandi búnaðar, án þess að fram fari söfnun myndefnis eða aðrar aðgerðir sem jafngilda vinnslu persónuupplýsinga.¹⁾

7. *Samþykki*: Sérstök, ótvíræð yfirlýsing sem einstaklingur gefur af fúsum og frjálsum vilja um að hann sé samþykkur vinnslu tiltekinna upplýsinga um sig og að honum sé kunnugt um tilgang hennar, hvernig hún fari fram, hvernig persónuvernd verði tryggð, um að honum sé heimilt að afturkalla samþykki sitt o.s.frv.
8. *Viðkvæmar persónuupplýsingar*:
 - a. Upplýsingar um uppruna, litarhátt, kynþátt, stjórnmálaskoðanir, svo og trúar- eða aðrar lífsskoðanir.
 - b. Upplýsingar um hvort maður hafi verið grunaður, kærður, ákærður eða dæmdur fyrir refsiverðan verknað.
 - c. Upplýsingar um heilsuhagi, þar á meðal um erfðaeiginleika, lyfja-, áfengis- og vímuefnanotkun.
 - d. Upplýsingar um kynlíf manna og kynhegðan.
 - e. Upplýsingar um stéttarfélagsaðild.
9. *Sértæk ákvörðun*: Ákvörðun sem afmarkar rétt og/eða skyldur eins eða fleiri tilgreindra einstaklinga.
¹⁾Lög 46/2003, 1. gr.

3. gr.

Efnislegt gildissvið.

Lögin gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga. Lögin gilda einnig um handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá.

Ákvæði 16., 18.–21., 24., 26., 31. og 32. gr. laganna gilda ekki um vinnslu persónuupplýsinga sem varða almannaoðryggi, landvarnir, öryggi ríkisins og starfsemi ríkisins á sviði refsivörslu. Lögin gilda ekki um meðferð einstaklings á persónuupplýsingum sem eingöngu varða einkahagi hans eða eru einvörðungu ætlaðar til persónulegra nota.

4. gr.

[Rafræn vöktun.

Rafræn vöktun er ávallt háð því skilyrði að hún fari fram í málefnalegum tilgangi. Rafræn vöktun svæðis þar sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði er jafnframt háð því skilyrði að hennar sé sérstök þörf vegna eðlis þeirrar starfsemi sem þar fer fram.

Vinnsla persónuupplýsinga sem á sér stað í tengslum við rafræna vöktun skal uppfylla ákvæði laga þessara.

Um sjónvarpsvöktun fer, auk ákvæðis 1. mgr., samkvæmt ákvæðum 7., 24., 40. og 41. gr. laganna, svo og eftir því sem við á ákvæðum 31., 32. og 38. gr. laganna.]¹⁾

¹⁾L. 46/2003, 2. gr.

5. gr.

Tengsl við tjáningarfrelsi.

Að því marki sem það er nauðsynlegt til að samræma sjónarmið um rétt til einkalífs annars vegar og tjáningarfrelsis hins vegar má víkja frá ákvæðum laganna í þágu fjölmiðlunar, lista eða bókmennta.

Þegar persónuupplýsingar eru einvörðungu unnar í þágu fréttamennsku eða bókmenntalegrar eða listrænnar starfsemi gilda aðeins ákvæði 4. gr., 1. og 4. tölul. 7. gr., 11.–13. gr. og 24., 28., 42. og 43. gr. laganna.

6. gr.

Landfræðilegt gildissvið.

[Lögin gilda um vinnslu persónuupplýsinga á vegum ábyrgðaraðila sem hefur staðfestu hér á landi, enda fari vinnsla persónuupplýsinganna fram á Evrópska efnahagssvæðinu, [í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu]¹⁾ eða í landi eða á stöðum sem Persónuvernd auglýsir í Stjórnartíðindum.]²⁾

Lögin gilda einnig um vinnslu persónuupplýsinga þótt ábyrgðaraðili hafi hvorki staðfestu í ríki á Evrópska efnahagssvæðinu né í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu ef hann notar tæki og búnað sem er hér á landi.¹⁾

Lögin gilda einnig um vinnslu upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust lögaðila, sbr. 45. gr. laganna, enda þótt ábyrgðaraðili hafi ekki staðfestu hér á landi, ef hann notar tæki og búnað sem er hér á landi.

Ákvæði 2. og 3. mgr. gilda ekki ef umræddur tækjabúnaður er einungis notaður til að flytja persónuupplýsingar um Ísland.

Pegar svo hagar til sem greinir í 2. og 3. mgr. skal ábyrgðaraðili tilnefna fulltrúa sinn sem hefur staðfestu hér á landi og gilda þá ákvæði laganna varðandi ábyrgðaraðila um þann fulltrúa eftir því sem við á.³⁾

¹⁾L. 72/2003, 5. gr. ²⁾Augl. 228/2010. ³⁾L. 90/2001, 1. gr.

II. kafli.

Almennar reglur um vinnslu persónuupplýsinga.

7. gr.

[Meginreglur um gæði gagna og vinnslu.]¹⁾

Við meðferð persónuupplýsinga skal allra eftirfarandi þátta gætt:

að þær séu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og að öll meðferð þeirra sé í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga;

1. að þær séu fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi, en frekari vinnsla í sagnfræðilegum, tölfræðilegum eða vísindalegum tilgangi telst ekki ósamrýmanleg að því tilskildu að viðeigandi öryggis sé gætt;
2. að þær séu nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar;
3. að þær séu áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum, persónuupplýsingar sem eru óáreiðanlegar eða ófullkomnar, miðað við tilgang vinnslu þeirra, skal afmá eða leiðrétta;
4. að þær séu varðveittar í því formi að ekki sé unnt að bera kennsl á skráða aðila lengur en þörf krefur miðað við tilgang vinnslu.

Ábyrgðaraðili ber ábyrgð á því að vinnsla persónuupplýsinga uppfylli ávallt ákvæði 1. mgr.¹⁾

¹⁾L. 90/2001, 2. gr.

8. gr.

[Almennar reglur um heimildir fyrir vinnslu persónuupplýsinga.]

Vinnsla persónuupplýsinga er því aðeins heimil að einhverjir eftirfarandi þátta séu fyrir hendi:

1. hinn skráði hafi ótvírætt samþykkt vinnsluna eða veitt samþykki skv. 7. tölul. 2. gr.¹⁾
2. vinnslan sé nauðsynleg til að efna samning sem hinn skráði er aðili að eða til að gera ráðstafanir að beiðni hins skráða áður en samningur er gerður;
3. vinnslan sé nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila;
4. vinnslan sé nauðsynleg til að vernda brýna hagsmuni hins skráða;
5. vinnslan sé nauðsynleg vegna verks sem unnið er í þágu almannahagsmuna;
6. vinnslan sé nauðsynleg við beitingu opinbers valds sem ábyrgðaraðili, eða þriðji maður sem upplýsingum er miðlað til, fer með;
7. vinnslan sé nauðsynleg til að ábyrgðaraðili, eða þriðji maður eða aðilar sem upplýsingum er miðlað til, geti gætt lögmætra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða sem vernda ber samkvæmt lögum vegi þyngra.

...²⁾

Persónuvernd getur heimilað vinnslu persónuupplýsinga í öðrum tilvikum en greinir í 1. og 2. mgr. ef sýnt þykir að brýnir almannahagsmunir eða hagsmunir einstaklinga, þar með taldir hagsmunir hins skráða, krefjist þess. Skal þá ótvírætt að þörfin fyrir vinnsluna vegi þyngra en tillitid til þess að hún fari ekki fram. Getur Persónuvernd bundið slík leyfi þeim skilyrðum sem

hún metur nauðsynleg hverju sinni til að tryggja hagsmuni hins skráða.¹⁾

¹⁾L. 90/2001, 3. gr. ²⁾L. 46/2003, 3. gr.

9. gr.

[Sérstök skilyrði fyrir vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga.]¹⁾

[Vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga er óheimil nema uppfyllt sé eitthvert af skilyrðum 1. mgr. 8. gr. og enn fremur eitthvert af eftirfarandi skilyrðum:]¹⁾

1. hinn skráði samþykki vinnsluna;
2. sérstök heimild standi til vinnslunnar samkvæmt öðrum lögum;
3. ábyrgðaraðila beri skylda til vinnslunnar samkvæmt samningi aðila vinnumarkaðarins;
4. vinnslan sé nauðsynleg til að verja verulega hagsmuni hins skráða eða annars aðila sem ekki er sjálfur fær um að gefa samþykki sitt skv. 1. tölul.;
5. vinnslan sé framkvæmd af samtökum sem hafa stéttarfélagsleg markmið eða af öðrum samtökum sem ekki starfa í hagnaðarskyni, svo sem menningar-, líknar-, félagsmála- eða hugsjónasamtökum, enda sé vinnslan liður í lögmætri starfsemi samtakanna og taki aðeins til félagsmanna þeirra eða einstaklinga sem samkvæmt markmiðum samtakanna eru, eða hafa verið, í reglubundnum tengslum við þau; slíkum persónuupplýsingum má þó ekki miðla áfram án samþykkis hins skráða;
6. vinnslan taki einungis til upplýsinga sem hinn skráði hefur sjálfur gert opinberar;
7. vinnslan sé nauðsynleg til að krafa verði afmörkuð, sett fram eða varin vegna dómsmáls eða annarra slíkra laganaúðsynja;
8. vinnslan sé nauðsynleg vegna læknismeðferðar eða vegna venjubundinnar stjórnáslu á sviði heilbrigðisþjónustu, enda sé hún framkvæmd af starfsmanni heilbrigðisþjónustunnar sem bundinn er þagnarskyldu;
9. vinnslan sé nauðsynleg vegna tölfræði- eða vísindarannsóknna, enda sé persónuvernd tryggð með tilteknum ráðstöfunum eftir því sem við á.

[Þrátt fyrir að skilyrði 1. mgr. séu ekki uppfyllt er heimilt, í tengslum við framkvæmd rafænnar vöktunar, að safna efni sem verður til við vöktunina, svo sem hljóð- og myndefni, með viðkvæmum persónuupplýsingum ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

1. að vöktunin sé nauðsynleg og fari fram í öryggis- og eignavörsluskyni;
2. að það efni sem til verður við vöktunina verði ekki afhent öðrum eða unnið frekar nema með samþykki þess sem upptaka er af eða samkvæmt ákvörðun Persónuverndar; heimilt er þó að afhenda lögreglu efni með upplýsingum um slys eða refsiverðan verknað en þá skal þess gætt að eyða öllum öðrum eintökum af efninu;
3. að því efni sem safnast við vöktunina verði eytt þegar ekki er lengur málefnaleg ástæða til að varðveita það, nema sérstök heimild Persónuverndar skv. 3. mgr. standi til frekari varðveislu.]²⁾

Persónuvernd getur heimilað vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga í öðrum tilvikum en greinir í [1. og 2. mgr.]²⁾ telji hún brýna almannahagsmuni mæla með því. Persónuvernd bindur slíka heimild þeim skilyrðum sem hún telur nauðsynleg hverju sinni til að tryggja hagsmuni hinna skráðu.

Persónuvernd setur, að fenginni umsögn vísindasiðanefndar, reglur³⁾ um hvernig velja má og nálgast fólk til þátttöku í vísindarannsóknnum og hvaða fræðslu skuli veita því áður en samþykkis þess er óskað.

Persónuvernd leysir úr ágreiningi um hvort persónuupplýsingar skuli teljast viðkvæmar eða ekki.

¹⁾L. 90/2001, 4. gr. ²⁾L. 81/2002, 1. gr. ³⁾Rgl. 170/2001, sbr. rgl. 853/2010.

10. gr.

Notkun kennitölu.

Notkun kennitölu er heimil eigi hún sér málefnalegan tilgang og sé nauðsynleg til að tryggja örugga persónugreiningu. Persónuvernd getur bannað eða fyrirskipað notkun kennitölu.

11. gr.

[Áhættumat, öryggi og gæði persónuupplýsinga.

Ábyrgðaraðili skal gera viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir til að vernda persónuupplýsingar gegn ólöglegri eyðileggingu, gegn því að þær glattist eða breytist fyrir slysnis og gegn óleyfilegum aðgangi.

Beita skal ráðstöfunum sem tryggja nægilegt öryggi miðað við áhættu af vinnslunni og eðli þeirra gagna sem verja á, með hliðsjón af nýjustu tækni og kostnaði við framkvæmd þeirra.

Ábyrgðaraðili ber ábyrgð á því að áhættumat og öryggisráðstafanir við vinnslu persónuupplýsinga séu í samræmi við lög, reglur¹⁾ og fyrirmæli Persónuverndar um hvernig tryggja skuli öryggi upplýsinga, þ.m.t. þá staðla sem hún ákveður að skuli fylgt.

Ábyrgðaraðili ber ábyrgð á því að áhættumat sé endurskoðað reglulega og öryggisráðstafanir endurbættar að því marki sem þörf krefur til að uppfylla ákvæði þessarar greinar. Ábyrgðaraðili skal skrá með hvaða hætti hann mótar öryggisstefnu, gerir áhættumat og ákveður öryggisráðstafanir. Skal Persónuvernd hafa aðgang að upplýsingum um framangreind atriði hvenær sem hún óskar.²⁾

¹⁾Rgl. 299/2001. ²⁾L. 90/2001, 5. gr.

12. gr.

Innra eftirlit.

[Ábyrgðaraðili skal viðhafa innra eftirlit með vinnslu persónuupplýsinga til að ganga úr skugga um að unnið sé í samræmi við gildandi lög og reglur og þær öryggisráðstafanir sem ákveðnar hafa verið.

Innra eftirlit skal viðhaft með reglubundnum hætti. Tíðni eftirlitsins og umfang þess skal ákveðið með hliðsjón af áhættunni sem er samfara vinnslunni, eðli þeirra gagna sem unnið er með, þeirri tækni sem notuð er til að tryggja öryggi upplýsinganna og kostnaði af framkvæmd eftirlitsins. Það skal þó eigi fara fram sjaldnar en árlega.

Ábyrgðaraðili skal sjá til þess að gerð sé skýrsla um hverja aðgerð sem er liður í innra eftirliti. Í slíkri skýrslu skal lýsa niðurstöðu hvers þáttar eftirlitsins. Skýrslur um innra eftirlit skal varðveita tryggilega. Persónuvernd hefur rétt til að aðgangs að þeim hvenær sem er.

Persónuvernd getur sett frekari fyrirmæli¹⁾ um framkvæmd innra eftirlits og veitt undanþágu frá því að slíkt innra eftirlit skuli viðhaft eða takmarkað til hvaða þátta í vinnslunni það skuli taka.²⁾

¹⁾Rgl. 299/2001. ²⁾L. 90/2001, 6. gr.

13. gr.

[Trúnaðarskylda vinnsluaðila við meðferð persónuupplýsinga.

Ábyrgðaraðila er heimilt að semja við tiltekinn aðila um að annast, í heild eða að hluta, þá vinnslu persónuupplýsinga sem hann ber ábyrgð á samkvæmt ákvæðum laga þessara. Slíkt er þó háð því skilyrði að ábyrgðaraðili hafi áður sannreynt að umræddur vinnsluaðili geti framkvæmt viðeigandi öryggisráðstafanir og viðhaft innra eftirlit skv. 12. gr. laga þessara.

Samningur skv. 1. mgr. skal vera skriflegur og a.m.k. í tveimur eintökum. Þar skal m.a. koma fram að vinnsluaðila sé einungis heimilt að starfa í samræmi við fyrirmæli ábyrgðaraðila og að ákvæði laga þessara um skyldur ábyrgðaraðila gildi einnig um þá vinnslu sem vinnsluaðili annast. Ábyrgðaraðili og vinnsluaðili skulu hvor varðveita sitt eintak af samningnum.

Hverjum þeim er starfar í umboði ábyrgðaraðila eða vinnsluaðila, að vinnsluaðila sjálfum meðtöldum, og hefur aðgang að persónuupplýsingum, er aðeins heimilt að vinna með persónuupplýsingar í samræmi við fyrirmæli ábyrgðaraðila nema lög mæli fyrir á annan veg.

Hafi vinnsluaðili staðfestu í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu en ábyrgðaraðili, sbr. 1.

mgr. 6. gr., skal jafnframt mælt svo fyrir í samningi að lög og reglur þess ríkis þar sem vinnsluaðili hefur staðfestu gildi um öryggisráðstafanir við vinnslu persónuupplýsinga. Getur Persónuvernd t.d. í auglýsingu¹⁾ í Stjórnartíðindum áskilið að slíkur samningur innihaldi stöðluð ákvæði sem séu í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins. Sama á við þegar ábyrgðaraðili hefur staðfestu í ríki á Evrópska efnahagssvæðinu en vinnsluaðili ekki fari vinnslan fram í landi eða á stöðum sem upp eru taldir í auglýsingu sem Persónuvernd gefur út.]²⁾

[Ákvæði 4. mgr. gilda einnig þegar vinnsluaðili á staðfestu í öðru aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu en ábyrgðaraðili, sbr. 1. mgr. 6. gr., og þegar ábyrgðaraðili hefur staðfestu í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu en vinnsluaðili ekki.]⁴⁾

¹⁾Augl. 228/2010. ²⁾L. 90/2001, 7. gr ³⁾L. 72/2003, 6. gr.

14. gr.

Frestur til að fullnægja skyldum.

Ábyrgðaraðili skal afgreiða erindi samkvæmt ákvæðum 16., 18., 22., 25., 26., 27. og 28. gr. svo fljótt sem verða má og eigi síðar en innan eins mánaðar frá móttöku þess.

Ef sérstakar ástæður valda því að ómögulegt er fyrir ábyrgðaraðila að afgreiða erindi innan eins mánaðar er honum heimilt að gera það síðar. Þegar svo hagar til skal ábyrgðaraðili innan mánaðarfrestsins gefa hlutaðeigandi skriflegar skýringar á ástæðum tafarinnar og hvenær svars sé að vænta.

15. gr.

Greiðsla kostnaðar.

Verða skal við erindi samkvæmt ákvæðum 16., 18., 22., 25., 26., 27. og 28. gr. án þess að taka fyrir það sérstakt gjald. Þó má, ef um er að ræða mikinn kostnað, svo sem vegna ljósritunar skjala, taka greiðslu fyrir samkvæmt gjaldskrá sem ákveðin er af [ráðherra]¹⁾ með reglugerð.

¹⁾L. 162/2010, 164. gr.

III. kafli.

Upplýsingaréttur og upplýsingaskylda. Fræðslu- og viðvörunarskylda. Réttur til rökstuðnings.

16. gr.

Réttur til almennrar vitneskju um vinnslu persónuupplýsinga.

Ábyrgðaraðila er skylt að veita hverjum sem þess óskar almenna vitneskju um þá vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer á hans vegum.

Þeim sem þess óskar skal enn fremur, að því er varðar tiltekna tegund vinnslu, veitt vitneskja um eftirtalin atriði:

1. nafn og heimilisfang ábyrgðaraðila og eftir atvikum fulltrúa hans skv. 6. gr.;
2. hver ber daglega ábyrgð á því að fullnægt sé skyldum ábyrgðaraðila samkvæmt lögum þessum;
3. tilgang vinnslunnar;
4. skilgreiningu og aðra lýsingu á þeim tegundum persónuupplýsinga sem unnið er með;
5. hvaðan upplýsingar koma;
6. viðtakendur upplýsinga, þar á meðal um hvort ætlunin sé að flytja upplýsingar úr landi og þá til hverra.

Kröfu skv. 1. mgr. skal beint til ábyrgðaraðila, eða fulltrúa hans skv. 6. gr., og má krefjast skriflegrar greinargerðar um þau atriði sem óskað er vitneskju um.

17. gr.

Opinber skrá um veittar heimildir og mótteknar tilkynningar.

Persónuvernd skal halda skrá yfir alla vinnslu sem henni er tilkynnt um í samræmi við 31. gr. og þá vinnslu sem hún heimilur skv. 33. gr. Þar skulu að lágmarki koma fram þau atriði sem talin eru í 2. mgr. 16. gr.

Skráin skal vera aðgengileg almenningi með þeirri aðferð sem Persónuvernd ákveður.

18. gr.

Upplýsingaréttur hins skráða.

Hinn skráði á rétt á að fá frá ábyrgðaraðila vitneskju um:

1. hvaða upplýsingar um hann er eða hefur verið unnið með;
2. tilgang vinnslunnar;
3. hver fær, hefur fengið eða mun fá upplýsingar um hann;
4. hvaðan upplýsingarnar koma;
5. hvaða öryggisráðstafanir eru viðhafðar við vinnslu, enda skerði það ekki öryggi vinnslunnar.

Kröfu um vitneskju skv. 1. mgr. skal beina til ábyrgðaraðila eða fulltrúa hans skv. 6. gr. Veita skal vitneskju skriflega sé þess óskað.

19. gr.

Takmarkanir á upplýsingarétti hins skráða.

Réttur hins skráða til að fá vitneskju skv. 18. gr. nær ekki til upplýsinga sem einvörðungu eru notaðar til tölfræðivinnslu eða vísindarannsókna, enda geti vinnsla þeirra ekki haft bein áhrif á hagsmuni hans.

Ákvæði 18. gr. eiga ekki við ef réttur hins skráða samkvæmt því ákvæði þykir eiga að víkja að nokkru eða öllu fyrir hagsmunum annarra eða hans eigin. Skal þá m.a. tekið tillit til heilsu hins skráða og hagsmuna venslamanna hans. Þó má samkvæmt beiðni veita umboðsmanni hins skráða vitneskjuna, enda mæli engar sérstakar ástæður gegn því.

Réttur hins skráða til að fá vitneskju samkvæmt ákvæðum 18. gr. nær ekki til upplýsinga sem eru undanþegnar aðgangi samkvæmt upplýsinga- eða stjórnsýslulögum. Þegar um er að ræða gögn í vörslu annarra ábyrgðaraðila en stjórnvalda ná ákvæði 18. gr. ekki til vitneskju um efni vinnuskjala eða annarra sambærilegra gagna sem unnin eru af ábyrgðaraðila sjálfum eða aðilum á hans vegum, t.d. sérstökum ráðgjöfum eða sérfræðingum.

Þótt gögn séu undanþegin upplýsingarétti hins skráða skv. 3. mgr. getur hann óskað greinargerðar um efnislegt innihald þeirra, útdráttar eða annars konar samantektar nema hann geti kynnt sér staðreyndir málsins með öðrum hætti.

Dragi veiting vitneskju um tilteknar upplýsingar úr möguleikum á að leiða til lykta mál sem er til meðferðar má fresta veitingu upplýsinganna þar til lokið er undirbúningi málsmeðferðar.

Persónuvernd getur sett skilmála um beitingu upplýsingaréttar hins skráða í reglum sem ráðherra staðfestir.

20. gr.

Fræðsluskylda þegar persónuupplýsinga er aflað hjá binum skráða.

Þegar ábyrgðaraðili aflar persónuupplýsinga hjá hinum skráða sjálfum skal hann upplýsa hinn skráða um eftirtalin atriði:

1. nafn og heimilisfang ábyrgðaraðila og eftir atvikum fulltrúa hans skv. 6. gr.,
2. tilgang vinnslunnar,
3. aðrar upplýsingar, að því marki sem þær eru nauðsynlegar, með hliðsjón af þeim sérstöku aðstæðum sem ríkja við vinnslu upplýsinganna, svo að hinn skráði geti gætt hagsmuna sinna, svo sem upplýsingar um:
 - a. viðtakendur eða flokka viðtakenda upplýsinganna,
 - b. hvort honum sé skylt eða valfrjálst að veita umbeðnar upplýsingar og hvaða

- afleiðingar það kunni að hafa veiti hann þær ekki,
- c. ákvæði laganna um upplýsingarétt hins skráða, svo og rétt hins skráða til leiðréttingar og eyðingar rangra eða villandi persónuupplýsinga um hann.

Ákvæði 1. mgr. gilda ekki hafi hinn skráði þegar fengið vitneskju um þau atriði sem fram koma í 1.–3. tölul. 1. mgr.]¹⁾

¹⁾L. 81/2002, 2. gr.

21. gr.

[Skylda til að láta hinn skráða vita um vinnslu persónuupplýsinga þegar þeirra er aflað hjá öðrum en bonum sjálfum.

Þegar ábyrgðaraðili aflar persónuupplýsinga frá öðrum en hinum skráða skal hann samtímis láta hinn skráða vita af því og greina honum frá þeim atriðum sem talin eru í 3. mgr. Sé ætluð ábyrgðaraðila hins vegar að miðla upplýsingunum innan hæfilegra tímamarka frá öflun þeirra má hann þó fresta því þar til hann miðlar upplýsingunum í fyrsta sinn.

Þrátt fyrir 2. másl. 1. mgr. skal ábyrgðaraðili sem annast miðlun upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust láta hinn skráða vita 14 dögum áður en slíkum upplýsingum er miðlað í fyrsta sinn.

Í tilkynningu til hins skráða skal veita upplýsingar um:

1. nafn og heimilisfang ábyrgðaraðila og eftir atvikum fulltrúa hans skv. 6. gr.,
2. tilgang vinnslunnar,
3. aðrar upplýsingar, að því marki sem þær eru nauðsynlegar, með hliðsjón af þeim sérstöku aðstæðum sem ríkja við vinnslu upplýsinganna, svo að hinn skráði geti gætt hagsmuna sinna, svo sem upplýsingar um:
 - a. tegundir eða flokka þeirra upplýsinga sem unnið er með,
 - b. hvaðan upplýsingarnar koma,
 - c. viðtakendur eða flokka viðtakenda upplýsinganna,
 - d. ákvæði laganna um upplýsingarétt hins skráða, svo og rétt hins skráða til leiðréttingar og eyðingar rangra eða villandi persónuupplýsinga um hann.

Ákvæði 1. mgr. gilda ekki ef:

1. óframkvæmanlegt er að láta hinn skráða vita eða það leggur þyngri byrðar á ábyrgðaraðila en með sanngirni má krefjast,
2. ætla má að hinum skráða sé þegar kunnugt um vinnsluna,
3. lagaheimild stendur til skráningar eða miðlunar upplýsinganna eða
4. hagsmunir hins skráða af því að fá vitneskju um upplýsingarnar þykja eiga að víkja fyrir veigamiklum almannahagsmunum eða einkahagsmunum, þ.m.t. hagsmunum hans sjálfs.]¹⁾

¹⁾L. 81/2002, 3. gr.

22. gr.

Rökstuðningur sértækra ákvarðana sem byggjast á sjálfvirkri upplýsingavinnslu.

Ef fyrir liggur sértæk ákvörðun sem að öllu leyti er byggð á rafrænni vinnslu persónuupplýsinga getur sá sem ákvörðunin beinist að krafist rökstuðnings fyrir niðurstöðunni. Í rökstuðningi skal ábyrgðaraðili gera grein fyrir þeim reglum sem hin rafræna vinnsla byggist á og liggja ákvörðuninni til grundvallar.

23. gr.

Viðvaranir um notkun persónusníða.

Þegar persónusnið sem skilgreinir tiltekið háttarni, smekk, hæfileika eða þarfir er lagt til grundvallar:

1. við sértæka ákvörðun skv. 9. tölul. 2. gr. Eða
2. við að nálgast hinn skráða, velja úrtak, markhóp o.s.frv., getur Persónuvernd, þegar henni berst tilkynning um slíka vinnslu, ákveðið að ábyrgðaraðili geri hinum skráða

viðvart og greini frá því hver sé ábyrgðaraðili vinnslunnar, hvaða upplýsingar hann noti og hvaðan þær komi.

Við ákvörðun skv. 1. mgr. skal Persónuvernd m.a. líta til þess hvort viðvörðun er að hennar mati óframkvæmanleg eða leggi þyngri byrðar á ábyrgðaraðila en með sanngirni má krefjast.

24. gr.

Viðvaranir um rafræna vöktun.

Þegar rafræn vöktun fer fram á vinnustað eða á almannafæri skal með merki eða á annan áberandi hátt gera glögglega viðvart um þá vöktun og hver sé ábyrgðaraðili.

IV. kafli.

Leiðrétting, eyðing, lokun o.fl.

25. gr.

Leiðrétting og eyðing rangra og villandi persónuupplýsinga.

Ef skráðar hafa verið persónuupplýsingar sem eru rangar, villandi eða ófullkomnar, eða persónuupplýsingar hafa verið skráðar án tilskilinnar heimildar, skal ábyrgðaraðili sjá til þess að upplýsingarnar verði leiðréttar, þeim eytt eða við þær aukið ef umræddur annmarki getur haft áhrif á hagsmuni hins skráða. Hafi slíkum upplýsingum verið miðlað eða þær notaðar ber ábyrgðaraðila, eftir því sem honum er frekast unnt, að hindra að það hafi áhrif á hagsmuni hins skráða.

Ef eyðing eða breyting þeirra upplýsinga sem um ræðir í 1. mgr. er óheimil samkvæmt ákvæðum annarra laga getur Persónuvernd bannað notkun upplýsinganna.

26. gr.

Eyðing og bann við notkun persónuupplýsinga sem hvorki eru rangar né villandi.

Þegar ekki er lengur málefnaleg ástæða til að varðveita persónuupplýsingar skal ábyrgðaraðili eyða þeim. Málefnaleg ástæða til varðveislu upplýsinga getur m.a. byggst á fyrirmælum í lögum eða á því að ábyrgðaraðili vinni enn með upplýsingarnar í samræmi við upphaflegan tilgang með söfnun þeirra.

Ef ákvæði annarra laga standa því ekki í vegi getur skráður aðili engu síður krafist þess að upplýsingum um hann skv. 1. mgr. sé eytt eða notkun þeirra bönnuð ef slíkt telst réttlæt看legt út frá heildstæðu hagsmunamati. Við slíkt hagsmunamat skal taka tillit til hagsmuna annarra, almennra persónuverndarhagsmuna, almannahagsmuna og þeirra aðgerða sem þörf er á til að verða við kröfunni.

Persónuvernd getur, bæði í einstökum tilvikum eða með setningu almennra reglna, bannað notkun slíkra upplýsinga eða mælt fyrir um eyðingu þeirra.

27. gr.

Réttur til að fá ákvörðun sem byggist á handvirkri vinnslu upplýsinga.

Ef fyrir liggur sértæk ákvörðun í skilningi 9. tölul. 2. gr., sem að öllu leyti hefur byggst á sjálfvirkri vinnslu persónuupplýsinga, getur sá sem ákvörðun beinist að, eða mál varðar beinlínis með öðrum hætti, krafist þess að fá ákvörðunina handunna, enda sé um að ræða ákvörðun sem varðar persónulega hagi eða eiginleika hans og hefur verulega þýðingu fyrir hann.

Réttur skv. 1. mgr. er ekki til staðar ef beitt er viðhlítandi ráðstöfunum til að gæta persónuverndarhagsmuna viðkomandi og um er að ræða ákvörðun sem byggist á fyrirmælum laga eða tengist gerð eða efndum sammings.

28. gr.

[[Um andmælarétt hins skráða og um bannskrá [Þjóðskrár Íslands].¹⁾²⁾

Hinum skráða er heimilt að andmæla vinnslu upplýsinga um sjálfan sig ef hann hefur til þess lögmætar og knýjandi ástæður vegna sérstakra aðstæðna sinna nema kveðið sé á um annað í öðrum lögum. Eigi andmælin rétt á sér er ábyrgðaraðila óheimil frekari vinnsla umræddra upplýsinga.

[[Þjóðskrá Íslands]¹⁾ skal halda skrá yfir þá sem andmæla því að nöfn þeirra séu notuð í markaðssetningarstarfsemi. [Ráðherra]²⁾ setur, í samráði við Persónuvernd, nánari reglur⁴⁾ um gerð og notkun slíkrar skrár og hvaða upplýsingar skuli koma þar fram.²⁾ Ábyrgðaraðilar sem starfa í beinni markaðsókn og þeir sem nota skrá með nöfnum, heimilisföngum, netföngum, símanúmerum og þess háttar eða miðla þeim til þriðja aðila í tengslum við slíka starfsemi skulu, áður en slík skrá er notuð í slíkum tilgangi, bera hana saman við skrá [Þjóðskrár Íslands]¹⁾ til að koma í veg fyrir að markpóstur verði sendur eða hringt verði til einstaklinga sem hafa andmælt slíku. Persónuvernd getur heimilað undanþágu frá þessari skyldu í sérstökum tilvikum.

Öll notkun bannskrár skv. 2. mgr. er óheimil í öðrum tilgangi en þar er lýst.

Skylt er að nafn ábyrgðaraðila komi fram á áberandi stað á útsendum markpósti og hvert þeir sem andmæla því að fá slíkan markpóst og marksímtöl geti snúið sér. Viðtakandi markpósts á rétt á að fá vitneskju um hvaðan þær upplýsingar koma sem liggja úthringingu eða útsendingu til grundvallar. Þetta gildir ekki um markaðssetningu ábyrgðaraðila á eigin vöru og þjónustu sem notar eigin viðskiptamannaskrár, enda beri útsent efni með sér hvaðan það kemur. [Ef markpóstur er sendur með rafrænum hætti er skylt að fram komi á óvitræðan hátt um leið og hann er móttækinn að um slíkan póst sé að ræða.]⁵⁾

Ábyrgðaraðila er heimilt að afhenda féлага-, starfsmanna- eða viðskiptamannaskrár til nota í tengslum við markaðssetningarstarfsemi. Þetta á þó aðeins við ef:

1. ekki telst vera um afhendingu viðkvæmra persónuupplýsinga að ræða,
2. hinum skráðu hefur, áður en afhending fer fram, verið gefinn kostur á að andmæla því, hverjum fyrir sitt leyti, að upplýsingar um viðkomandi birtist á hinn afhentu skrá,
3. slíkt fer ekki gegn reglum eða samþykktum viðkomandi félags,
4. ábyrgðaraðili kannar hvort einhver hinna skráðu hefur komið andmælum á framfæri við [Þjóðskrá Íslands],¹⁾ sbr. 2. mgr., og eyðir upplýsingum um viðkomandi áður en hann lætur skrána af hendi.

Ákvæði 5. mgr. gildir ekki ef afhending féлага-, starfsmanna- eða viðskiptamannaskrár til nota við dreifingu markpósts byggist á samþykki hins skráða, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 8. gr.

[Ákvæði 1.–5. mgr. gilda, eftir því sem við á, einnig um markaðs-, neyslu- og skoðanakannanir. Persónuvernd er heimilt að undanþiggja vísindarannsóknir og hliðstæðar rannsóknir slíku um takmörkunum, enda þyki ljóst að slíkt geti skert til muna áreiðanleika niðurstöðu rannsóknarinnar.]⁶⁾

¹⁾L. 77/2010, 5. gr. ²⁾L. 50/2006, 23. gr. ³⁾L. 162/2010, 164. gr. ⁴⁾Rgl. 36/2005. ⁵⁾L. 30/2002, 23. gr. ⁶⁾90/2001, 8. gr.

V. kafli.

Flutningur persónuupplýsinga úr landi.

29. gr.

Flutningur persónuupplýsinga til ríkis sem veitir fullnægjandi persónuupplýsingavernd.

Heimill er flutningur persónuupplýsinga til annars ríkis ef lög þess veita persónuupplýsingum fullnægjandi vernd.

Ríki sem framfylgir tilskipun Evrópusambandsins 95/46/ESB um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálst flæði slíkra upplýsinga telst fullnægja skilyrðum 1. mgr. [Sama á við um lönd eða staði sem Persónuvernd auglýsir¹⁾ í Stjórnartíðindum að virtum ákvörðunum framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins.]²⁾

Við mat á því hvort ríki sem ekki framfylgir tilskipun 95/46/ESB fullnægi skilyrðum 1. mgr. skal m.a. líta til reglna viðkomandi ríkis um meðferð persónuupplýsinga, reglna um góða viðskiptahætti og þeirra öryggisráðstafana sem viðhafðar eru hjá viðtakanda. Þá skal taka mið af því hvort viðkomandi ríki hafi fullgilt samning Evrópuráðsins nr. 108 frá 28. janúar 1981, um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga.

¹⁾Rgl. 1100/2008, sbr. rgl. 424/2010. Augl. 228/2010. ²⁾L. 90/2001, 9. gr.

30. gr.

Flutningur persónuupplýsinga til ríkis sem ekki veitir fullnægjandi persónuupplýsingavernd.

Óheimill er flutningur persónuupplýsinga til ríkis sem ekki veitir fullnægjandi persónuupplýsingavernd nema:

1. hinn skráði hafi samþykkt flutninginn, eða
2. slíkt sé nauðsynlegt til efnda á þjóðréttarskuldbindingum eða vegna aðildar Íslands að alþjóðastofnun, eða
3. heimild standi til slíks flutnings í öðrum lögum, eða
4. afhendingin sé nauðsynleg til að gera eða efna samning milli hins skráða og ábyrgðaraðila, eða
5. flutningurinn sé nauðsynlegur til að gera eða efna samning í þágu hins skráða, eða
6. afhendingin sé nauðsynleg til að verja verulega hagsmuni hins skráða,
7. lef miðlun er nauðsynleg eða fyrirskipuð samkvæmt lögum vegna þess að brýnir almannahagsmunir krefjast þess eða til að unnt sé að stofna, hafa uppi eða verja réttarkröfur, eða
8. um sé að ræða upplýsingar sem almennur aðgangur er að].¹⁾

Persónuvernd getur heimilað flutning upplýsinga til ríkis er greinir í 1. mgr. telji hún sérstök rök mæla með því, jafnvel þótt skilyrðum ákvæðisins sé ekki fullnægt. Í slíku tilviki skal m.a. taka tillit til eðlis upplýsinganna, fyrirhugaðs tilgangs vinnslunnar og hve lengi hún varir. [Persónuvernd getur heimilað miðlun persónuupplýsinga til þriðju landa þótt þau hafi ekki verið talin veita friðhelgi borgaranna nægilega einkalífsværd. Slíkt er háð því að ábyrgðaraðili hafi, að mati stofnunarinnar, veitt nægilegar tryggingar fyrir slíku. Getur stofnunin t.d. áskilið að ábyrgðaraðili hafi gert við viðtökuaðila skriflegan samning sem hafi að geyma tiltekin stöðluð samningsákvæði í samræmi við ákvörðun sem Persónuvernd hefur auglýst í Stjórnartíðindum, að teknu tilliti til ákvarðana framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins, sbr. 2. mgr. 29. gr. laga þessara. Að öðru leyti getur Persónuvernd sett nánari fyrirmæli²⁾ um flutning persónuupplýsinga úr landi.]³⁾

¹⁾L. 90/2001, 10. gr. ²⁾Rgl. 712/2008, sbr. rgl. 927/2009 og rgl. 423/2010. Rgl. 1100/2008, sbr. rgl. 424/2010.

VI. kafli.

Tilkynningarskylda, leyfisskylda o.fl.

31. gr.

Tilkynningarskylda.

Sérhver ábyrgðaraðili sem beitir rafrænni tækni við vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 8. gr. og 1. mgr. 9. gr., skal á þar til gerðu formi tilkynna Persónuvernd um vinnsluna tímanlega áður en hún hefst. Tilkynna skal allar breytingar sem verða frá því sem greinir í upphaflegri tilkynningu. Tilkynningarskyldan á ekki við ef einungis er unnið með upplýsingar sem gerðar hafa verið og eru aðgengilegar almenningi.

Persónuvernd getur ákveðið¹⁾ að vissar tegundir vinnslu almennra upplýsinga skuli vera undanþegnar tilkynningarskyldu eða að um þær gildi einfaldari tilkynningarskylda. Persónuvernd getur jafnframt ákveðið¹⁾ að vissar tegundir vinnslu skuli vera leyfisskyldar. Um vinnslu sem undanþegin er tilkynningarskyldu getur Persónuvernd sett fyrirmæli, þar á meðal um þau atriði sem talin eru í 2. mgr. 35. gr. Persónuvernd getur einnig mælt fyrir um ráðstafanir til að draga úr óhagræði sem slík vinnsla persónuupplýsinga kann að hafa í för með sér fyrir hinn skráða.

¹⁾Rgl. 712/2008, sbr. rgl. 927/2009 og rgl. 423/2010.

32. gr.

Efni tilkynninga.

Í tilkynningu til Persónuverndar skv. 31. gr. skal tilgreina eftirfarandi atriði:

1. nafn og heimilisfang ábyrgðaraðila og eftir atvikum fulltrúa hans, sbr. 6. gr.;
2. hver ber daglega ábyrgð á að uppfylla skyldur ábyrgðaraðila;
3. tilgang vinnslunnar;
4. skilgreiningu og aðra lýsingu á þeim tegundum upplýsinga sem notaðar verða við vinnslu;
5. hvert upplýsingarnar eru sóttar;
6. þá heimild sem stendur til söfnunar upplýsinganna;
7. hverjum upplýsingarnar verða afhentar;
8. hvort ráðgert sé að flytja persónuupplýsingarnar úr landi;
9. hvort ráðgert sé að birta upplýsingarnar á netinu;
10. hvaða öryggisráðstafanir verða viðhafðar í vinnslunni;
11. hvort og hvenær persónuupplýsingum eða persónuauðkennum verði eytt;
12. hvernig uppfyllt séu fyrirmæli 20. og 21. gr.¹⁾

Persónuvernd getur sett nánari fyrirmæli²⁾ um form og efni tilkynninga og um framkvæmd tilkynningarskyldunnar að öðru leyti.

Ábyrgðaraðili skal sjá til þess að Persónuvernd hafi á hverjum tíma undir höndum réttar upplýsingar um vinnsluna. Þegar liðin eru þrjú ár frá því að tilkynning var send Persónuvernd skal senda henni nýja tilkynningu með uppfærðum upplýsingum nema henni hafi áður verið tilkynnt um breytta vinnslu. Persónuvernd getur mælt fyrir um ráðstafanir til að tryggja gæði og áreiðanleika tilkynninga og ákveðið mismunandi tilkynningarfrest eftir tegund og eðli vinnslu.³⁾

¹⁾L. 81/2002, 4. gr. ²⁾Rgl. 712/2008, sbr. rgl. 927/2009 og rgl. 423/2010. ³⁾Rgl. 1100/2008, sbr. rgl. 424/2010.

33. gr.

Leyfisskyld vinnsla.

Sé um að ræða vinnslu almennra eða viðkvæmra persónuupplýsinga sem getur falið í sér sérstaka hættu á að farið verði í bága við réttindi og frelsi skráðra aðila getur Persónuvernd ákveðið¹⁾ að vinnslan megi ekki hefjast fyrr en hún hefur verið athuguð af stofnuninni og samþykkt með útgáfu sérstakrar heimildar. Persónuvernd getur ákveðið²⁾ að slík leyfisskylda falli brott þegar settar hafa verið almennar reglur og öryggisstaðlar sem fylgja skuli við slíka vinnslu.

¹⁾Rgl. 712/2008, sbr. rgl. 927/2009 og rgl. 423/2010. ²⁾Rgl. 170/2001, sbr. rgl. 157/2003 og rgl. 853/2010. Rgl. 1100/2008, sbr. rgl. 424/2010.

34. gr.

Forsendur leyfisveitingar o.fl.

Ábyrgðaraðila má aðeins veita leyfi skv. 33. gr., eða einstakar aðrar heimildir samkvæmt lögum þessum, ef líklegt er að hann geti fullnægt skyldum sínum samkvæmt lögum eða fyrirmælum Persónuverndar.

Við afgreiðslu mála er tengjast vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga skal Persónuvernd, innan þeirra marka sem greinir í II. kafla laganna, meta hvort vinnslan geti valdið hinum skráða slíku óhagræði að ekki verði úr því bætt með forsvaranlegum hætti með skilyrðum sem sett eru skv. 35. gr. Ef slíkt óhagræði getur orðið skal Persónuvernd meta hvort hagsmunir sem mæla með vinnslunni vegi þyngra en hagsmunir hins skráða.

35. gr.

Skilmálar Persónuverndar um vinnslu persónuupplýsinga.

Þegar ábyrgðaraðila er veitt leyfi skv. 33. gr. skal Persónuvernd binda það skilyrðum, svo sem um dulkóðun persónuauðkenna og öðrum sem hún metur nauðsynleg hverju sinni, til að draga úr eða koma í veg fyrir hugsanlegt óhagræði hins skráða af vinnslunni. Sama gildir eftir því sem

við á þegar Persónuvernd berst tilkynning um vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga sem fellur undir 1. mgr. 9. gr.

Við mat á því hvaða skilyrði skal setja fyrir vinnslu skal Persónuvernd m.a. athuga:

1. hvort tryggt sé að hinn skráði geti nýtt réttindi sín samkvæmt lögunum, þar á meðal til að hætta þátttöku í verkefni, og eftir atvikum fá eytt skráðum persónuupplýsingum, til að fá fræðslu um réttindi sín og beitingu þeirra;
2. hvort persónuupplýsingar verði nægjanlega öruggar, áreiðanlegar og uppfærðar í samræmi við tilgang vinnslunnar skv. 7. gr.;
3. hvort með persónuupplýsingarnar verði farið af þeirri varúð sem reglur um þagnarskyldu og tilgangur vinnslunnar krefst;
4. hvort skipulagt hafi verið hvernig hinum skráða verði veittar upplýsingar og leiðbeiningar, innan þeirra marka sem sanngjarnt er að ætlast til miðað við umfang vinnslunnar og aðrar öryggisráðstafanir sem viðhafðar eru;
5. hvort stofnað hafi verið til öryggisráðstafana sem séu eðlilegar miðað við tilgang vinnslunnar.

Persónuvernd getur ákveðið að ábyrgðaraðili og vinnsluaðili, svo og starfsmenn á vegum þeirra, skuli undirrita yfirlýsingu um að þeir lofi að gæta þagmælsku um viðkvæmar persónuupplýsingar sem þeir fá vitneskju um við vinnslu þeirra. Ábyrgðaraðili eða fulltrúi hans skal votta rétta undirskrift starfsmanns og dagsetningu slíkrar yfirlýsingar og koma til Persónuverndar innan tilskilins frests. Brot á slíkri þagnarskyldu varðar refsingu skv. 136. gr. almennra hegningarlaga. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Persónuvernd getur afgreitt erindi er lýtur að vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga með skilyrði um að sérstakur tilsjónarmaður verði skipaður til að hafa eftirlit fyrir hönd Persónuverndar með því að vinnsla sé í samræmi við lög og að ábyrgðaraðili greiði allan kostnað sem af því hlýst.

VII. kafli.

Eftirlit og viðurlög.

36. gr.

Skipulag Persónuverndar og stjórnsjónsla.

Persónuvernd er sjálfstæð stofnun með sérstaka stjórn og heyrir stjórnararfslega undir [innanríkisráðherra].¹⁾

Persónuvernd er sjálfstæð í störfum sínum og verður ákvörðunum hennar samkvæmt lögum þessum ekki skotið til annarra stjórnvalda.

Ráðherra skipar fimm menn í stjórn Persónuverndar og jafnmarga til vara til fjögurra ára í senn. Formann og varaformann stjórnarinnar skipar ráðherra án tilnefningar og skulu þeir vera lögfræðingar og fullnægja hæfisskilyrðum héraðsdómara. Hæstiréttur tilnefnir einn stjórnarmann og Skýrslutæknifélag Íslands annan og skal hann vera sérfróður á sviði tölvu- og tæknimála. Varamenn skulu fullnægja sömu skilyrðum og aðalmenn.

Ráðherra ákveður laun stjórnarmanna.

Þegar stjórnarmenn eru ekki sammála ræður meiri hluti niðurstöðu máls. Ef atkvæði eru jöfn ræður atkvæði formanns.

Ráðherra skipar forstjóra Persónuverndar til fimm ára í senn að fenginni tillögu stjórnar.

Forstjóri situr fundi stjórnar með málfrelsi og tillögurétti.

Forstjóri Persónuverndar annast daglega stjórn og ræður annað starfsfólk Persónuverndar. Forstjóri ber ábyrgð á fjárreiðum og starfsmannahaldi Persónuverndar. Stjórn Persónuverndar ákveður að öðru leyti skiptingu starfa á milli stjórnar og starfsmanna hennar.

¹⁾L. 162/2010, 164. gr.

37. gr.

Verkefni Persónuverndar.

Persónuvernd annast eftirlit með framkvæmd laga þessara og reglna settra samkvæmt þeim.

Persónuvernd úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma um vinnslu persónuupplýsinga [á Íslandi, hvort sem íslensk lög eða lög annars ríkis gilda um vinnsluna].¹⁾

Persónuvernd getur fjallað um einstök mál að eigin frumkvæði eða samkvæmt erindi þess sem telur að ekki hafi verið unnið með persónuupplýsingar um hann í samræmi við lög þessi og reglur sem settar eru samkvæmt þeim eða einstökum fyrirmælum.

Verkefni Persónuverndar eru m.a. eftirfarandi:

1. að afgreiða leyfisumsóknir, taka við tilkynningum og mæla, eftir því sem þurfa þykir, fyrir um ráðstafanir að því er varðar tækni, öryggi og skipulag vinnslunnar þannig að hún verði í samræmi við ákvæði laganna,²⁾
2. að hafa eftirlit með því að farið sé að lögum og öðrum reglum um vinnslu persónuupplýsinga og að bætt sé úr annmörkum og mistökum,
3. að fylgjast með almennri þróun á sviði persónuupplýsingaverndar á innlendum og erlendum vettvangi og hafa yfirsýn yfir og kynna helstu álitæfni sem tengjast vinnslu persónuupplýsinga,
4. að skilgreina og afmarka hvar persónuvernd er hættu búin og veita ráð um leiðir til lausnar,
5. að leiðbeina þeim sem ráðgera að vinna með persónuupplýsingar, eða þróa kerfi fyrir slíka vinnslu, um persónuvernd, þar á meðal með því að aðstoða við gerð starfs- og siðareglna fyrir einstaka hópa og starfsstéttir,³⁾
6. að tjá sig, samkvæmt beiðni eða að eigin frumkvæði, um álitæfni varðandi meðferð persónuupplýsinga og veita umsagnir við setningu laga og annarra reglna sem þýðingu hafa fyrir persónuvernd,
7. að birta árlega skýrslu um starfsemi sína.

Persónuvernd getur ákveðið að ábyrgðaraðili skuli greiða þann kostnað sem hlýst af eftirliti með því að hann fullnægi skilyrðum laga þessara og reglna sem settar eru samkvæmt þeim eða einstökum fyrirmælum. Persónuvernd getur einnig ákveðið að ábyrgðaraðili greiði kostnað við úttekt á starfsemi við undirbúning útgáfu vinnsluleyfis og annarrar afgreiðslu.

Persónuvernd setur reglur⁴⁾ um rafræna vöktun og vinnslu efnis sem verður til við vöktunina, svo sem hljóð- og myndefnis, þar á meðal um öryggi, varðveislu og notkun þess. Þá getur hún gefið fyrirmæli um rétt þess sem myndaður hefur verið til að skoða myndir sem teknar hafa verið af honum. Persónuvernd setur jafnframt reglur og gefur fyrirmæli um eyðingu efnis sem til verður við framkvæmd rafrænnar vöktunar, ákveður varðveisluaðferð og varðveislutíma og heimilar afhendingu þess í öðrum tilvikum en þeim sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 9. gr.⁵⁾

¹⁾L. 90/2001, 11. gr. ²⁾Rgl. 340/2003. ³⁾Augl. 1001/2001. ⁴⁾Rgl. 837/2006, sbr. rgl. 394/2008. ⁵⁾L. 81/2002, 5. gr.

38. gr.

Aðgangur Persónuverndar að upplýsingum o.fl.

Persónuvernd getur krafði ábyrgðaraðila, vinnsluaðila og þá sem starfa á þeirra vegum um allar þær upplýsingar og skriflegar skýringar sem henni eru nauðsynlegar til þess að rækja hlutverk sitt, þar á meðal þær upplýsingar sem hún þarf til að geta metið hvort tiltekin starfsemi eða vinnsla falli undir ákvæði laganna. Einnig getur Persónuvernd kvatt ábyrgðaraðila, vinnsluaðila og þá sem starfa á þeirra vegum á sinn fund til að veita munnlegar upplýsingar og skýringar varðandi ákveðna vinnslu upplýsinga.

Persónuvernd hefur í eftirlitsstörfum sínum án dómsúrskurðar aðgang að húsnæði þar sem vinnsla persónuupplýsinga fer fram eða gögn eru varðveitt, þar á meðal stöðum þar sem varðveittar eru skrár, myndir, sbr. 4. gr., persónuupplýsingar sem lúta rafrænni vinnslu, og tæki til slíkrar vinnslu. Persónuvernd getur framkvæmt hverja þá prófun eða eftirlitsaðgerð sem hún

telur nauðsynlega og krafist nauðsynlegrar aðstoðar starfsfólks á slíkum vettvangi til að framkvæma prófun eða eftirlit. Persónuvernd getur óskað liðveislu lögreglu ef einhver leitast við að hindra hana í eftirlitsstörfum sínum.

Réttur Persónuverndar til að krefjast upplýsinga eða aðgangs að starfsstöðvum og tækjabúnaði verður ekki takmarkaður með vísun til reglna um þagnarskyldu.

39. gr.

Undanþágur frá þagnarskyldu.

Ákvæði um þagnarskyldu standa því ekki í vegi að Persónuvernd veiti persónuverndarstofnunum erlendis upplýsingar þegar slíkt er nauðsynlegt til að hún eða hin erlenda persónuverndarstofnun geti ákveðið eða framkvæmt aðgerðir til að tryggja persónuvernd.

40. gr.

Stöðvun vinnslu o.fl.

Persónuvernd getur mælt fyrir um stöðvun vinnslu persónuupplýsinga, þar á meðal söfnunar, skráningar eða miðlunar, mælt fyrir um að persónuupplýsingar verði afmáðar eða skráðar eytt, í heild eða að hluta, bannað frekari notkun upplýsinga eða lagt fyrir ábyrgðaraðila að viðhafa ráðstafanir sem tryggja lögmæti vinnslunnar. Við mat á því hvort og þá hvaða úrræðum skuli beitt skal Persónuvernd m.a. taka tillit til þeirra atriða sem greinir í 2. mgr. 35. gr.

Komi í ljós að fram fer vinnsla persónuupplýsinga sem brýtur í bága við ákvæði laga þessara eða reglur settar samkvæmt þeim er Persónuvernd heimilt að fela lögreglustjóra að stöðva til bráðabirgða starfsemi viðkomandi og innsigla starfsstöð hans þegar í stað. Sinni aðili ekki fyrir mælum Persónuverndar skv. 1. mgr. getur hún afturkallað leyfi sem hún hefur veitt samkvæmt ákvæðum laga þessara þar til úr hefur verið bætt að hennar mati.

41. gr.

Dagsektir.

Ef ekki er farið að fyrir mælum Persónuverndar skv. 10., 25., 26. eða 40. gr. getur hún ákveðið að leggja dagsektir á þann sem fyrir mælin beinast að þar til úr hefur verið bætt að mati Persónuverndar. Sektir geta numið allt að 100.000 kr. fyrir hvern dag sem líður eða byrjar að líða án þess að fyrir mælum Persónuverndar sé fylgt.

Ef ákvörðun Persónuverndar um dagsektir er skotið til dómstóla byrja dagsektir ekki að falla á fyrr en dómur er endanlegur. Dagsektir renna í ríkissjóð og má án undangengins dóms gera aðför til fullnustu þeirra.

42. gr.

Refsingar.

Brot á ákvæðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim varða fésektum eða fangelsi allt að þremur árum nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum. Sama refsing liggur við ef ekki er farið að fyrir mælum Persónuverndar.

Nú er brot framið í starfsemi lögaðila og má þá gera lögaðilanum fésekt skv. II. kafla A almennra hegningarlaga.

43. gr.

Bætur.

Hafi ábyrgðaraðili eða vinnsluadili unnið með persónuupplýsingar í andstöðu við ákvæði laga þessara, reglna eða fyrir mæla Persónuverndar skal ábyrgðaraðili bæta hinum skráða það fjárhagslega tjón sem hann hefur orðið fyrir af þeim völdum. Ábyrgðaraðila verður þó ekki gert að bæta tjón sem hann sannar að hvorki verður rakið til mistaka né vanrækslu af hans hálfu eða vinnsluadila.

VIII. kafli. Lagatengsl, gildistaka o.fl.

44. gr.

Tengsl við ákvæði annarra laga.

Lögin gilda um vinnslu og meðferð persónuupplýsinga sem fram fer samkvæmt öðrum lögum nema þau lög tilgreini annað sérstaklega.

Lög þessi takmarka ekki þann rétt til aðgangs að gögnum sem mælt er fyrir um í upplýsingalögum og stjórnsýslulögum.

45. gr.

Reglugerðir um einstaka flokka starfsemi.

Með reglugerð má mæla fyrir um meðferð persónuupplýsinga í tiltekinni starfsemi og hjá einstökum starfsstéttum.

Í reglugerð¹⁾ skal mælt fyrir um heimild til söfnunar og skráningar upplýsinga sem varða fjárhagsmálefni og lánstraust fyrirtækja, svo og annarra lögaðila, í því skyni að miðla til annarra upplýsingum um það efni. Heimild til slíkrar starfsemi skal bundin leyfi Persónuverndar og um hana gilda eftirfarandi ákvæði laganna: 11. gr. um öryggi og gæði upplýsinga, 12. gr. um innra eftirlit, 13. gr. um meðferð vinnsluáðila á upplýsingum, 18. gr. um upplýsingarétt hins skráða, 21. gr. um viðvörðunarskyldu þegar upplýsingum er safnað frá öðrum en hinum skráða, 25. gr. um leiðréttingu og eyðingu rangra og villandi upplýsinga, 26. gr. um eyðingu og bann við notkun upplýsinga sem hvorki eru rangar né villandi, 33. gr. um leyfisskylda vinnslu, 34. gr. um forsendur leyfisveitingar, 35. gr. um skilmála, 38. gr. um aðgang Persónuverndar að upplýsingum o.fl., 40. gr. um stöðvun vinnslu o.fl., 41. gr. um dagsektir, 42. gr. um refsingar og 43. gr. um bætur.

Að fenginni umsögn Persónuverndar skal ráðherra í reglugerð²⁾ mæla nánar fyrir um eftirlit Persónuverndar með rafrænni vinnslu persónuupplýsinga hjá lögreglu. Þar skal m.a. mælt fyrir um skyldu lögreglu til að tilkynna Persónuvernd um rafrænt unnar skrár sem hún heldur og efni slíkra tilkynninga. Þá skal mælt fyrir um í hvaða tilvikum og með hvaða hætti hinn skráði á rétt til aðgangs að persónuupplýsingum sem skráðar hafa verið um hann hjá lögreglu, svo og heimild lögreglu til miðlunar upplýsinga í öðrum tilvikum. Loks skal mælt fyrir um öryggi persónuupplýsinga og innra eftirlit lögreglu með því að vinnslu persónuupplýsinga sé hagað í samræmi við lög, svo og um tímalengd á varðveislu skráðra upplýsinga.

Þá skal í reglugerð kveða nánar á um starfsemi þeirra sem nota nafnalista, vinna nafnárítanir, þar á meðal við markaðssetningarstarfsemi, og við gerð markaðs- og skoðanakannana.

¹⁾Rg. 246/2001. ²⁾Rg. 322/2001, sbr. 926/2004, 362/2008 og 1137/2008.

46. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2001.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þegar er lög þessi hafa verið birt skal ráðherra skipa stjórn og auglýsa embætti forstjóra Persónuverndar laust til umsóknar. Eftir að forstjóri hefur verið skipaður ræður hann eftir þörfum annað starfsfólk til að annast undirbúning að gildistöku laganna og sinna stjórnsýslu skv. 2. mgr.

Þrátt fyrir 1. mgr. 46. gr. skal Persónuvernd þegar er stjórn hennar hefur verið skipuð taka að sér eftirlit með því að meðferð persónuupplýsinga í Schengen-upplýsingakerfinu á Íslandi sé í samræmi við lög nr. 16/2000, um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi.

Sérhver ábyrgðaraðili sem beitir rafrænni tækni við vinnslu persónuupplýsinga við gildistöku laganna skal á þar til gerðu eyðublaði tilkynna Persónuvernd um vinnsluna í samræmi við ákvæði 31. og 32. gr. innan sex mánaða frá gildistöku þeirra.

Leyfi sem tölvunefnd hefur gefið út skulu halda gildi, enda fari þau ekki í bága við lög þessi.

5.2. Um stjórnvaldsreglur

Á árinu 2010 var sett ný auglýsing um flutning persónuupplýsinga til annarra landa, nr. 228/2010, auk þess sem reglum nr. 712/2008, um tilkynningarskylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga, var breytt nr. 423/2010.

Þessar reglur eru birtar á eftir og á heimasíðu Persónuverndar (www.personuvernd.is) eins og þær voru í árslok 2010.

5.2.1. Auglýsing nr. 228/2010 um flutning persónuupplýsinga til annarra landa

Á árinu 2010 var birt ný auglýsing, nr. 228/2010, um flutning persónuupplýsinga til annarra landa. Hún leysti af hólmi eldri auglýsingu um sama efni, nr. 638/2005. Hún hljóðar svo:

1. gr.

Flutningur persónuupplýsinga úr landi. Fullnægjandi vernd.

Lög eftirtalinnna ríkja teljast veita persónuupplýsingum fullnægjandi vernd í skilningi 29. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og er því heimilt að flytja persónuupplýsingar til þeirra, að fullnægðum skilyrðum laganna:

- a. Aðildarríki EES og EFTA,
- b. Sviss,
- c. Kanada,
- d. Argentína,
- e. Guernsey,
- f. Mön,
- g. Jersey.

2. gr.

Öruggar hafnir.

Heimilt er að flytja persónuupplýsingar til aðila í Bandaríkjunum sem fara að reglum, útgefnum af viðskiptaráðuneyti Bandaríkjanna, um örugga höfn fyrir friðhelgi einkalífsins, sbr. ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2000/520/EB frá 26. júlí 2000 (Stjtið. EB L 215, 25.8.2000, bls. 7. (Ákvörðun nr. 108/00. (EES-viðbætur nr. 8/47, 15.2.2001). Gildistaka: 1.12.2000)).

3. gr.

Staðlaðir samningsskilmálar.

Við veitingu leyfis til flutnings persónuupplýsinga til lands, sem ekki veitir fullnægjandi persónuupplýsingavernd, sbr. 2. mgr. 30. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, getur Persónuvernd m.a. gert að skilyrði:

1. Að ábyrgðaraðili hér á landi geri skriflegan samning við erlendan viðtakanda í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB nr. 2001/497/EB frá 15. júní 2001 um föst samningsákvæði vegna flutnings persónuupplýsinga til þriðju landa samkvæmt tilskipun 95/46/EB frá (Stjtið. EB L 181, 4.7.2001, bls. 19), eins og hún var leiðrétt með Stjtið. EB L 253, 21.9.2001, bls. 34, og eins og henni var breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2004/915/EB frá 27. desember 2004 (Stjtið. EB L 385, 29.12.2004, bls. 74. (Ákvörðun nr. 9/2006. (EES-viðbætur 17/10, 30.3.2006). Gildistaka: 28.1.2006)).
2. Að ábyrgðaraðili hér á landi geri skriflegan samning við erlendan viðtakanda í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB nr. 2010/87/EB frá 5. febrúar 2010 um stöðluð samningsákvæði vegna flutnings persónuupplýsinga til vinnsluaðila með staðfestu í þriðju löndum samkvæmt tilskipun 95/46/EB.

4. gr.

Gildistaka o.fl.

Auglýsing þessi er gefin út með stoð í 1. mgr. 6. gr., 4. mgr. 13. gr. og 2. mgr. 29. gr. og 2. mgr. 30. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. lög nr. 90/2001.

Samhliða birtingu hennar fellur úr gildi fyrri auglýsing um sama efni nr. 638/2005, eins og henni var breytt með auglýsingu nr. 1041/2006 og 425/2009.

5.2.2. Breyting á reglum nr. 712/2008 um tilkynningar- og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga

Með reglum nr. 423/2010 gerði Persónuvernd nokkrar breytingar á reglum nr. 712/2008 um tilkynningar- og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga. Breytingarnar lúta einkum að vinnslu upplýsinga um látna menn í tengslum við framkvæmd vísindarannsókna þar sem unnið er með erfðaeefni þeirra (DNA). Hér að neðan eru reglurnar eins og þær voru eftir breytingarnar:

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um leyfisskyldu vegna vinnslu persónuupplýsinga, um tilkynningarskyldu vegna rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga og um undanþágur frá þeirri skyldu.

Reglur þessar taka ekki til vinnslu persónuupplýsinga sem varða almannaöryggi, landvarnir, öryggi ríkisins og starfsemi ríkisins á sviði refsivörslu, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 77/2000. Um tilkynningarskyldu lögreglu fer samkvæmt reglugerð nr. 322/2001 um meðferð persónuupplýsinga hjá lögreglu.

Reglurnar gilda ekki um meðferð einstaklings á persónuupplýsingum sem eingöngu varða einkahagi hans eða eru einvörðungu ætlaðar til persónulegra nota, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 77/2000.

Reglurnar gilda ekki um vinnslu persónuupplýsinga sem fer einvörðungu fram í þágu fréttamennsku.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í reglum þessum er merking hugtaka sem hér segir:

1. Persónuupplýsingar, sbr. 1. tl. 2. gr. laga nr. 77/2000: Sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekens einstaklings, látins eða lifandi.
2. Viðkvæmar persónuupplýsingar, sbr. 8. tl. 2. gr. laga nr. 77/2000:
 - a. Upplýsingar um uppruna, litarhátt, kynþátt, stjórnmalaskoðanir, svo og trúar- eða aðrar lífsskoðanir.
 - b. Upplýsingar um hvort maður hafi verið grunaður, kærður, ákærður eða dæmdur fyrir refsiverðan verknað.
 - c. Upplýsingar um heilsuhagi, þar á meðal um erfðaeiginleika, lyfja-, áfengis- og vímu-efnanotkun.
 - d. Upplýsingar um kynlíf manna og kynhegðan.
 - e. Upplýsingar um stéttarfélagsaðild.
3. Almennar persónuupplýsingar: Persónuupplýsingar sem ekki teljast viðkvæmar í skilningi 2. tl.
4. Dulkóðun: Umbreyting orða eða talna í leynilegan kóða sem dylur merkingu þeirra.
5. Miðlæg skrá: Skrá með upplýsingum um alla einstaklinga hér á landi sem uppfylla ákveðin viðmið, óháð búsetu.

6. Rafræn vöktun: Vöktun sem er viðvarandi eða endurtekin reglulega og felur í sér eftirlit með fólki með fjarstýrðum eða sjálfvirkum rafrænum búnaði og leiðir, á að leiða eða getur leitt til vinnslu persónuupplýsinga.

7. Upplýst samþykki: Sérstök, ótvíræð yfirlýsing sem einstaklingur gefur af fúsum og frjálsum vilja um að hann sé samþykkur vinnslu tiltekinna upplýsinga um sig og að honum sé kunnugt um tilgang hennar, hvernig hún fari fram, hvernig persónuvernd verði tryggð, um að honum sé heimilt að afturkalla samþykki sitt o.s.frv.

8. Vinnsla: Sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn. Til vinnslu teljast m.a. söfnun, skráning, kerfisbinding, geymsla, aðlögun eða breyting, heimt, leit, notkun, miðlun með framsendingu, dreifing eða aðrar aðferðir til að gera upplýsingarnar tiltækar, samantenging eða samkeyrsla, aðgangstakmörkun, afmáun eða eyðilegging.

9. Ábyrgðaraðili, sbr. 4. tl. 2. gr. laga nr. 77/2000: Aðili sem ákveður tilgang vinnslu persónuupplýsinga, þann búnað sem notaður er, aðferð við vinnsluna og aðra ráðstöfun upplýsinganna.

10. Vinnsluaðili, sbr. 5. tl. 2. gr. laga nr. 77/2000: Aðili sem vinnur persónuupplýsingar á vegum ábyrgðaraðila.

3. gr.

Ábyrgð ábyrgðaraðila.

Sé vinnsla persónuupplýsinga háð leyfi frá Persónuvernd, skv. ákvæðum laga eða reglna þessara, ber ábyrgðaraðili vinnslu ábyrgð á því að sækja um slíkt leyfi og haga vinnslunni ávallt í samræmi við útgefið leyfi. Sé vinnsla tilkynningarskyld, skv. ákvæðum laga eða reglna þessara, ber ábyrgðaraðili vinnslu ábyrgð á því að Persónuvernd berist tilkynning um hana og að vinnslu sé ávallt hagað í samræmi við innsenda tilkynningu.

Eftirlit Persónuverndar haggar í engu ábyrgð ábyrgðaraðila á vinnslu persónuupplýsinga. Þótt Persónuvernd geri ekki athugasemdir við innsenda tilkynningu hefur það ekki þýðingu fyrir mat á lögmæti vinnslunnar.

II.KAFLI

Leyfisskyld vinnsla persónuupplýsinga.

4.gr.

Leyfisskyld vinnsla persónuupplýsinga.

Eftirfarandi vinnsla persónuupplýsinga er háð skriflegri heimild Persónuverndar:

1. Samkeyrsla skráar sem hefur að geyma viðkvæmar persónuupplýsingar við aðra skrá, hvort sem sú hefur að geyma almennar eða viðkvæmar persónuupplýsingar. Slík samkeyrsla er þó ekki leyfisskyld:

- ef einvörðungu er samkeyrt við upplýsingar úr þjóðskrá um nafn, kennitölu, fyrirtækjanúmer, heimilisfang, aðsetur og póstnúmer, eða
- ef samkeyrðar eru skrár sama ábyrgðaraðila, þó að undanskildum miðlægum skráum sem innihalda viðkvæmar persónuupplýsingar.

2. Vinnsla persónuupplýsinga sem tengist framkvæmd vísindarannsóknar þar sem unnið er með erfðaefni manns nema aðeins sé unnið með hluta af erfðaefni þannig að það verði ekki rakið til tiltekins manns.

3. Vinnsla upplýsinga um refsiverðan verknáð manns og sakaferil, upplýsingar um lyfja-, áfengis- og vímuefnanotkun, kynlíf og kynhegðan, nema vinnslan sé nauðsynlegur og eðlilegur þáttur í starfsemi viðkomandi aðila.

4. Söfnun persónuupplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust einstaklinga í þeim tilgangi að miðla þeim til annarra.

5. Vinnsla upplýsinga um félagsleg vandamál manna eða önnur einkalífsatriði, s.s. hjónaskilnaði, samvistarslit, ættleiðingar og fóstursamninga, nema vinnslan sé nauðsynlegur og eðlilegur þáttur í starfsemi viðkomandi aðila.

6. Vinnsla persónuupplýsinga sem felur í sér að nafn manns er fært á skrá eftir fyrirfram ákveðnum viðmiðum og upplýsingunum miðlað til þriðja aðila í því skyni að neita manningnum um tiltekna fyrirgreiðslu eða þjónustu.

7. Miðlun viðkvæmra persónuupplýsinga í þágu vísindarannsóknar, enda standi ábyrgðaraðili þeirra upplýsinga sem miðlað er ekki að framkvæmd rannsóknarinnar.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er vinnsla persónuupplýsinga ekki háð heimild Persónuverndar byggi hún á upplýstu samþykki eða fyrir mælum laga. Þá þarf ekki leyfi til vinnslu persónuupplýsinga um látna menn í tengslum við framkvæmd vísindarannsókna þar sem unnið er með erfðaeefni þeirra (DNA), enda sé:

- Ekki um að ræða upplýsingar sem falla undir 2. tölul. 2. gr. reglna þessara.
- Vinnslu hagað í samræmi við reglur nr. 1100/2008.
- Ljóst að hinn skráði hafi hvergi með sannanlegum hætti andmælt vinnslu persónuupplýsinga um sig í þágu vísindarannsókna.¹⁾

Aðgangur að sjúkraskrár vegna vísindarannsókna er ávallt háður leyfi Persónuverndar, sbr. 15. gr. laga um réttindi sjúklinga nr. 74/1997.²⁾ [Hið sama gildir um aðgang að lífsýnum í lífsýnasöfnum í sama skyni, sbr. 3. mgr. 9. gr. laga um lífsýnasöfn nr. 110/2000.]³⁾

1) Reglur nr. 423/2010, 1. gr.

2) Reglur nr. 927/2009, 1. gr.

3) Reglur nr. 423/2010, 2. gr.

III. KAFLI

Tilkynningarskyld vinnsla persónuupplýsinga.

5.

Tilkynningarskyld vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga.

Rafræn vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga er tilkynningarskyld nema hún sé leyfisskyld samkvæmt ákvæði 4. gr. Þó er stjórn málaflökkum, trúfélögum, stéttarfélögum og öðrum samþærilegum aðilum sem starfa ekki í hagnaðarskyni ekki skylt að tilkynna vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga um félagsmenn sína, enda teljist vinnslan eðlilegur þáttur í lögmætri starfsemi þessara aðila.

6. gr.

Tilkynningarskyld vinnsla almennra persónuupplýsinga.

Rafræn vinnsla almennra persónuupplýsinga er tilkynningarskyld. Vinnsla er þó ekki tilkynningarskyld ef hún:

1. Er háð leyfi Persónuverndar samkvæmt ákvæði 4. gr.

2. Er nauðsynlegur, eðlilegur og venjubundinn þáttur í starfsemi viðkomandi aðila og taki einungis til þeirra er tengjast starfi hans eða verkefni, svo sem viðskiptamanna, starfsmanna eða félagsmanna.

3. Er ábyrgðaraðila nauðsynleg til efnda á lagaskyldum.

4. Er ábyrgðaraðila nauðsynleg til efnda á skyldum hans samkvæmt samningi við hinn skráða eða samkvæmt samningi aðila vinnumarkaðarins.

5. Lýtur að upplýsingum sem gerðar hafa verið og eru almenningi aðgengilegar, enda sé ekki um að ræða vinnslu sem felst í því að tengja upplýsingar saman og nota almennt aðgengilegar upplýsingar með öðrum persónuupplýsingum sem ekki hafa verið gerðar aðgengilegar.

Skylt er að tilkynna vinnslu persónuupplýsinga um hegðun og mat á árangri einstaklinga, s.s. frammistöðumat starfsmanna, vinnslu persónuupplýsinga sem fer fram í þeim tilgangi að fella einstaklinga inn í persónusnið eða kerfisbundna hljóðritun símtala.

7. gr.

Vinnsla sem fram fer með rafrænni vöktun.

Ábyrgðaraðila að vinnslu sem fram fer með rafrænni vöktun ber að senda Persónuvernd tilkynningu um hana. Það á þó ekki við sé vöktunin nauðsynleg, fari einungis fram í öryggis- og eignavörsluskyni, þeir sem eru vaktaðir, s.s. nemendur eða starfsmenn, hafi fengið fræðslu um vöktunina í samræmi við 20. gr. laga nr. 77/2000 og aðrir hafi fengið viðvaranir í samræmi við 24. gr. sömu laga. Að öðru leyti fer um úrvinnslu efnis, s.s. hljóð- eða myndefnis, sem til verður við rafræna vöktun samkvæmt 4., 5. og 6. gr. reglna þessara.

[Ekki er skylt að senda Persónuvernd tilkynningu um sjálfvirka og óhjákvæmilega vöktun sem fram fer á netþjónum á vinnustöðum og í skólum.]⁴⁾

⁴⁾ Reglur nr. 927/2009, 2. gr.

8. gr.

Hvenær má hefja vinnslu.

Ábyrgðaraðili skal senda Persónuvernd tilkynningu um vinnslu tímanlega áður en hún hefst. Honum er heimilt að hefja vinnslu um leið og tilkynning hefur verið send en skal stöðva hana berist honum tilmæli frá Persónuvernd þar að lútandi.

Heimilt er að hefja leyfisskylda vinnslu þegar skriflegt leyfi Persónuverndar er komið til ábyrgðaraðila.

9. gr.

Form og efni tilkynninga.

Tilkynningu til Persónuverndar skal koma á framfæri á þar til gerðu eyðublaði sem er að finna á heimasíðu Persónuverndar, eða á prentuðu eyðublaði sem liggur frammi á skrifstofu Persónuverndar.

Í samræmi við 32. gr. laga nr. 77/2000 skal í tilkynningu tilgreina eftirfarandi atriði:

1. nafn og heimilisfang ábyrgðaraðila og, eftir atvikum, fulltrúa hans sem hefur staðfestu hér á landi skv. 5. mgr. 6. gr. laga nr. 77/2000;
2. hver ber daglega ábyrgð á að uppfylla skyldur ábyrgðaraðila;
3. tilgang vinnslunnar;
4. skilgreiningu og aðra lýsingu á þeim tegundum upplýsinga sem notaðar verða við vinnslu;
5. hvert upplýsingarnar eru sóttar;
6. þá heimild sem stendur til söfnunar upplýsinganna;

7. hverjum upplýsingarnar verða afhentar;
8. hvort ráðgert sé að flytja persónuupplýsingarnar úr landi;
9. hvort ráðgert sé að birta upplýsingarnar á netinu;
10. hvaða öryggisráðstafanir verða viðhafðar í vinnslunni;
11. hvort og hvenær persónuupplýsingum eða persónuauðkennum verði eytt;
12. hvernig uppfyllt séu fyrir mæli 20. og 21. gr. laga nr. 77/2000 um fræðsluskyldu.

Þar skal og koma fram hvort um sé að ræða nýja tilkynningu eða tilkynningu um breytingu á vinnslu. Sé um að ræða tilkynningu um breytingu skal tilgreina númer eldri tilkynningar. Í tilkynningu skal og tilgreina kennitölu tilkynnanda. Verði vinnsla falin vinnsluaðila, í heild eða að hluta til, skal og tilgreina kennitölu hans og skyldur hans samkvæmt samningi hans og ábyrgðaraðila.

10. gr.

Breytingar á tilkynntri vinnslu.

Verði breytingar á tilkynntri vinnslu, s.s. ef unnið er með aðra tegund upplýsinga, upplýsingarnar afhentar öðrum eða gerðar tiltækar á annan hátt en tilgreint var í hinni upphaflegu tilkynningu, eða þær notaðar á annan hátt, t.d. með samtengingu, eða í öðrum tilgangi en þeim upphaflega, skal senda

Persónuvernd nýja tilkynningu þannig að stofnunin hafi á hverjum tíma réttar upplýsingar um vinnsluna.

IV. KAFLI

Um flutning persónuupplýsinga úr landi.

11. gr.

Leyfisskyldur flutningur persónuupplýsinga úr landi.

Flutningur persónuupplýsinga til ríkis sem telst veita fullnægjandi vernd samkvæmt lögum nr. 77/2000, er ekki tilkynningarskyldur.

Flutningur persónuupplýsinga til ríkis sem ekki telst veita persónuupplýsingum fullnægjandi vernd er háður skriflegri heimild Persónuverndar, enda hafi ábyrgðaraðili veitt nægilegar tryggingar fyrir vernd upplýsinganna. Þetta gildir ekki ef undanþáguákvæði í lögum nr. 77/2000 heimila slíkan flutning. Að öðru leyti fer um flutninginn eftir V. kafla þeirra laga.

V. KAFLI

Önnur ákvæði.

12. gr.

Eftirlit.

Persónuvernd fer með eftirlit með framkvæmd reglna þessara. Um heimildir Persónuverndar fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

13. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 2. mgr. 30. gr., 3. mgr. 31. gr., 2. mgr. 32. gr. og 33. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, öðlast þegar gildi.

Persónuvernd, 19. apríl 2010.

